FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

XX. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 11. NÓVEMBER 2017



# Maður tveggja heima

**Ólafur Jóhann Ólafsson** býr í tveimur ólíkum heimum og nærir hvor hinn. Ritstörfin styðja stjórnunarstarf hans hjá Time Warner. Ólafur Jóhann segir hita og hörku móta umræðuna í Bandaríkjunum í dag. → 24

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



## Þarf að forða stúlkum frá þvinguðum hjúskap

Eliza Reid heimsótti flóttamannabúðir í Jórdaníu. → 28



## Lúmskur og illvígur erfðasjúkdómur

Spennuvisnun (DM) virðist algengari hér en annars staðar. → 30



## Lygavefur læknis

Skurðlæknirinn Paolo Macchiarini í nærmynd. → 32

PLÚS 3 SÉRBLÖÐ
● FÓLK ● ATVINNA ● PARKET

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Í dag verður norðlæg eða breytileg átt, 3-10 m/s. Snjókoma með köflum og síðar él norðan til á landinu og einnig él síðdegis við vesturströndina en léttskýjað á Suðurlandi. **SJÁ SÍÐU 48**

# Þjálfari og formaður á töflufundi



**Framsóknarmenn hittust fyrir hádegi í gær í flokksherbergi sínu í Alþingishúsinu til að ræða horfurnar fram undan varðandi myndun ríkisstjórnar þeirra með Sjálfstæðismönnum og Vinstri grænum. Willum Þór Þórsson, sem nýverið hætti sem þjálfari karlaliðs KR í fótbolta og er nú kominn á þing að nýju, fór yfir málin og teiknaði stöðuna upp á töflu. Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður flokksins, fylgdist með af athygli.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Ársfangelsi fyrir brot gegn dóttur

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær karlmann í tólf mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn ungri dóttur sinni. Þá var honum gert að greiða dótturinni 800.000 krónur í skaðabætur.

Í dómnum segir að móðirin hafi sagt lögreglu að hún hafi séð ákærða fara með höndina í klof dótturinnar þar sem hún svaf á milli þeirra.

Þá hafi dóttirin sagt móður sinni frá því að faðirinn hafi horft á klám fyrir framan hana og fróað sér.

Í skýrslu dótturinnar sem tekin var í Barnahúsi kom fram að hún væri hrædd við ákærða „því hann nuddaði mjög oft klof hennar“, segir í dómnum.

Ákærði sagði við meðferð málsins að sakirnar sem á hann voru bornar væru upplognar. **– þea**




**Klippa á borða Eskifjarðarmegin við nýju göngin.** MYND/G. PÉTUR MATTHÍASSON

## Norðfjarðargöngin opnuð

**SAMGÖNGUR** „Íbúar hér eru himinlifandi yfir að fá þessi göng,“ segir Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri Fjarðabyggðar. Langþráður áfangi í samgöngusögu Austfirðinga næst í dag með opnun Norðfjarðarganga.

Göngin sem eru 7,9 kílómetra löng stytta leiðina milli Neskaupstaðar og Eskifjarðar um fjóra kílómetra og leysa af erfiðan fjallveg um Oddskarð.

Mikil hátíðarhöld verða hjá heimamönnum alla helgina. Í gær skipulögðu íþróttafélögin Austri og Þróttur hlaup um göngin og tók fjöldi fólks þátt; ýmist á fæti, á hjólum eða brettum að sögn Páls Björgvins sem sjálfur hljóp í gegn. **– gar**




# Baggalútsmenn öfluðu 124 milljóna fyrir jólin

Miðasala á sautján jólatónleika Baggalúts í fyrra skilaði 124 milljóna króna tekjum. Uppselt var á alla tónleikana. Félag Baggalútsmanna var rekið með 11 milljóna króna hagnaði. Engar arðgreiðslur en tónlistarmenn fengu 81 milljón.

**VERSLUN** Miðasölutekjur vegna sautján jólatónleika Baggalúts í fyrra námu 124 milljónum króna. Uppselt var á þá alla og einkahlutafélag sjö liðsmanna Baggalúts skilaði 10,8 milljóna hagnaði eftir síðustu jólavertíð.

Baggalútur hefur undanfarin ár staðið fyrir vinsælustu jólatónleikum landsins í Háskólabíói. Miðar á þá hafa selst upp á nokkrum klukkutímum en samkvæmt nýjum ársreikningi Baggalúts ehf. kostaði tónleikahaldið í fyrra um 104 milljónir króna.

Kostnaðurinn jókst um tólf milljónir milli ára en félagið, sem heldur einnig utan um vefsíðu og plötuútgáfu grínhópsins, skilaði methagnaði árið 2015 eða jákvæðri afkomu upp á 14,8 milljónir. Alls hefur það verið rekið með 42 milljóna hagnaði frá árinu 2012.

Heildartekjur Baggalúts í fyrra námu 127 milljónum og veltuna má því að mestu rekja til tónleikahaldsins í desember. Greiðslur til tónlistarmanna sem að því komu námu 81 milljón og þær því langstærsti kostnaðarliðurinn

Til samanburðar seldi Baggalútur jólatónleikamiða fyrir 42 milljónir árið 2013. Þá voru sjö ár síðan hópurinn hélt sína fyrstu jólatónleika. Þeir voru í Iðnó á Þorláksmessu.

Áður hefur komið fram að eigendur félagsins hafa aldrei greitt sér út arð og á árinu 2016 varð engin breyting þar á. Þeir áttu þá um 99 milljónir í handbæru fé og markaðsverðbréfum en eignir félagsins voru þá 58 milljónum hærri en skuldirnar og námu alls 112 milljónum.

Baggalútur er í eigu Braga Valdimars Skúlasonar, tónlistarmanns og framkvæmdastjóra félagsins, og sex annarra stofnenda vefsíðunnar baggalutur.is sem hópurinn opnaði árið 2001. Eiga þeir allir 14,3 prósent í fyrirtækinu.



**Fjölmargir tróðu upp á jólatónleikum Baggalúts í fyrra.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**42**

**milljóna króna hagnaður var af rekstri Baggalúts á árunum 2012 til 2016. Bragi Valdimar Skúlason, framkvæmdastjóri félagsins, hefur sagt að meðlimir hljómsveitarinnar séu eins og ein stór fjölskylda sem hittast nánast eingöngu á jólunum,**

Bragi Valdimar hefur áður sagt að eigendur félagsins vilji heldur greiða mönnum góð laun en arð út úr félaginu. Meðlimir sveitarinnar séu eins og stórfjölskylda sem hittist nánast eingöngu á jólunum og að félagið hafi svo að segja verið stofnað í þeim tilgangi að halda utan um jólavertíðina. Ekki náðist í Braga Valdimar við vinnslu fréttarinnar. **haraldur@frettabladid.is**

HÚSASMIÐJAN

blómaval

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Skoðaðu öll tilboðin
í Húsasmiðjublaðinu
á www.husa.is

# Jólafjör

**25% afsláttur**

FROST

## Samtengjanlegar LED útiseríur 50 ljósa

**2.990kr**

~~3.990kr~~

Blá, rauð, köld hvít, hlý hvít og marglit
14500290-293

*Helgar-tilboð*

JOTUN

## Lady litur mánaðarins

1352 **FORM**
Hlýr, þægilegur og passlega grár tónn sem tekur þægilega á móti þér.

LADY
Blöndum alla liti

**20% afsláttur**
af LADY Pure Color

**LADY Pure Color**
Okkar fallegasta málning
- Algjörlega mött
- Einstök litaupplifun
- Mjög góð þekja
- Slitsterk

0,75l

**2.956kr**
~~3.695kr~~

**Allir fá ís**
á laugardag
í skútuvogi
kl. 12-16

**Latibær**
skemmtir
laugardag
kl. 14:00

Sjáðu verðið!
FROST
**4.990kr**
Ljósahringur
LED, 26 cm, 100 LED, einnig til 43 cm, 200 LED. Einstaklega fallegt í glugga.
14500410

25% afsláttur
*Jólatilboð*
**1.490kr**
~~1.990kr~~
Jólastjarna
Stór og flott.

Sjáðu verðið!
FROST
**1.990kr**
40 LED inni- og útisería
14500340-342

40% afsláttur
*Jólatilboð*
**1.199kr**
~~1.990kr~~
Aðventuljós
7 ljósa, 4 litir.
14500400-403

**1.990kr**
Frostrós í glugga
Hvít, rauð eða marglit.
2703001/39-40

BLACK+DECKER
*Jólatilboð*
**10.995kr**
~~14.995kr~~
Borvél 10,8V
2 stk. 1.5Ah. Li-ion rafhlaða, Led ljós. Hersla 26Nm.
5245565
27% afsláttur

**Jóla-landið**
hefur glatt börn
og fullorðna
í áratugi

*Húsasmiðjan og Blómaval ... frábær saman*

blómaval HÚSASMIÐJAN

**TÖLUR VIKUNNAR** 05.11.2017 TIL 11.11.2017

**4**
tonn eða 20 vörubretti af jóladagatölum fyrir fullorðna fara til eigenda sinna um miðjan mánuðinn. Dagatölin voru næstum öll seld í forpöntun.




**160**
milljónir króna var skuld ferðamanna, hið minnsta, í hraðasektir í fyrra. Upphæðin er tvöfalt hærri en árið 2015.



**70**
þúsund skammtar af inflúensubóluefni hafa verið keyptir til landsins.





**2.631**
launagreiðandi var í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð í september. Launþegar í þessum greinum voru 12.800 og hafði þeim fjölgað um 1.600 samanborið við september 2016.

**456**
sænskar leikkonur stigu fram og sögðu frá kynferðisofbeldi í leikhúsheiminum í heimalandi sínu.






**1**
krónu greiddi Kvika og hópur fjárfesta fyrir Kortaþjónustuna (Korta). Samtímis lögðu kaupendur til 1.500 milljónir í nýtt hlutafé.

## Þrjú í fréttum
## Börn, skólp og dómaraslagur

**Bragi Guðbrandsson**
*forstjóri Barnaverndarstofu*



sagði heimildir til eftirlits þegar kæmi að hættulegasta hópi kynferðisbrotamanna engar. Það prinsipp væri ríkjandi á Alþingi að menn ættu að geta afplánað sinn dóm en ekki verið refsað til frambúðar. Bragi sagði önnur ríki í auknum mæli gera undantekningu á þessari meginreglu til þess að vernda börnin. Breyta þurfi lögum hér.

**Björt Ólafsdóttir**
*umhverfisráðherra*



sagði að ef úrgangslosun frá sjókvíum samsvaraði því að óhreinsað skólp Reykjavíkur rynni í sjó fram eins og kemur fram í tölum Landssambands fiskeldisstöðva, LF, væri úrgangslosunin mjög mikil. Framkvæmdastjóri LF, Kristján Davíðsson, sagði það ekki mikið miðað við það magn sem Færeyingar og Norðmenn framleiða.

**Benedikt Bogason**
*hæstaréttardómari*



höfðaði mál gegn Jóni Steinari Gunnlaugssyni, fv. hæstaréttardómara, vegna ummæla sem birtust í nýlegu riti hans um Hæstarétt, Með lognið í fangið – Um afglöp Hæstaréttar eftir hrun. Í riti sínu setur Jón Steinar fram alvarlegar ásakanir á hendur nafngreindum dómurum.

# Rúmur hálfur milljarður í leigu skólabygginga á tveimur árum

**Hafnarfjarðarbær greiðir um 260 milljónir króna árlega til FM húsa vegna leigu á skólabyggingum. Bærinn vill komast út úr þessum samningi. Haraldur Líndal Haraldsson bæjarstjóri segir viðræður þegar hafnar. Adda María Jóhannsdóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingar, segir að læra þurfi af málinu sem reynst hafi dýrt.**

**HAFNARFJÖRÐUR** Hafnarfjarðarbær greiddi FM húsum ehf. rúmlega 530 milljónir króna árin 2015 og 2016 vegna leigu á skólahúsnæði í eigu fyrirtækisins. Þetta kemur fram í bókhaldi Hafnarfjarðarbæjar sem sveitarfélagið gerði opinbert fyrr á þessu ári. Samningar standa yfir við nýja eigendur FM húsa um breytingar á samningi við Hafnarfjarðarbæ.

Hafnarfjarðarbær opinberaði bókhald sitt á þessu ári fyrir árin 2015 og 2016. Tveir stærstu birgjar sveitarfélagsins eru FM hús sem á fasteignina sem Áslandsskóli er í auk leikskólanna Tjarnaráss og Hörðuvalla. Á þessum tveimur árum greiddi sveitarfélagið samtals 533.391.450 krónur til fyrirtækisins á grunni samnings milli aðila frá árinu 2000.

Húsnæðismál Áslandsskóla hafa oft verið rædd í stjórnkerfi bæjarins. Á fundi bæjarráðs í upphafi árs var málið til umfjöllunar og áréttaði bæjarráð þá bókun sína frá því í desember 2016 þess efnis að bæjarstjóri leiti samninga við fyrirtækið um að Hafnarfjarðarbær leysi til sín þær fasteignir FM húsa sem bundnar eru leigu- og þjónustusamningum við bæinn. Náist ekki samningar þar um rennur samningur við FM hús út árið 2027.

Haraldur Líndal Haraldsson segir bæjarlögmann og sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs hafa setið fundi milli bæjarins og FM húsa til að ná samkomulagi um breytingar á samningnum. Sú vinna sé í gangi innan stjórnkerfisins.

Adda María Jóhannsdóttir, fulltrúi Samfylkingar í minnihluta Hafnarfjarðarbæjar, segir þennan samning afar óhagstæðan fyrir sveitarfélagið og þegar allt sé skoðað hafi bæjarsjóður greitt margfalt verð fyrir byggingu skólans.

„Þetta fyrirkomulag hefur reynst dýrt fyrir Hafnarfjörð og því mikilvægt að leysa til sín húsin og læra af þessu,“ segir Adda María.

Fasteignafélagið Reginn og VíS keyptu um helmingshlut í FM húsum í lok árs 2016. Þau kaup komu Hafnarfirði í opna skjöldu en með þeim kaupum eignaðist Reginn þrjár skólabyggingar í Hafnarfirði.

Rósa Guðbjartsdóttir, formaður bæjarráðs, vildi ekki ræða málefnið við Fréttablaðið þegar eftir því var leitað. **sveinn@frettabladid.is**




**Áslandsskóli auk leikskólanna Tjarnaráss og Hörðuvalla er í eigu félagsins FM húsa. Fréttablaðið/Anton Brink**



**Haraldur Líndal Haraldsson, bæjarstjóri. Hafnarfjarðar**



**Adda María Jóhannsdóttir bæjarfulltrúi**




VIÐURKENNT ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN

GERUM VIÐ FLESTAR TEGUNDIR BIFREIÐA

Sérþjálfaðir tæknimenn frá FCA (Fiat Chrysler Automobiles). Áratuga reynsla af þjónustu og almennum viðgerðum.

STUTTUR BIÐTÍMI

Tímapantanir í síma 534 4433

ALFA ROMEO · CHRYSLER · DODGE · FIAT · FIAT PROFESSIONAL · Jeep · RAM · MOPAR

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Íslensk-Bandaríska ehf - Verkstæði og varahlutaverslun - Smiðshöfða 5 - 110 Reykjavík - Sími 534 4433
thjonusta@isband.is - varahlutir@isband.is - www.isband.is - **OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00**

FRÁBÆR TILBOÐ ALLA HELGINA

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

TILBOÐ GILDA 11.11 - 13.11

ALLT AÐ 66% AFSLÁTTUR

# VIÐ OPNUM Í DAG

## KLUKKAN 09:00 Á BÍLDSHÖFÐA 20

## ÓTRÚLEG OPNUNARTILBOÐ




**150 FYRSTU**
VIÐSKIPTAVINIRNIR FÁ GJAFAPOKA AÐ VERÐMÆTI
**10.000 kr.**
EINUNGIS EINN POKI FYRIR HVERN EINSTAKLING 16 ÁRA OG ELDRI

**5 HEPPNIR**
SEM FÁ GJAFAPOKA FÁ EINNIG
**30.000 kr.**
GJAFABRÉF

# OPIÐ TIL 20:00

- *LÉTTAR VEITINGAR Í BOÐI **
- *BYLGJAN VERÐUR Í BEINNI ÚTSENDINGU*
- *GEFUM GOLD RÚM Í INSTAGRAM LEIK*
- *3 HEPPNIR FÁ KÖRFUNA SEM ÞEIR VERSLA GEFINS!*

*á meðan birgðir endast

- TILBOÐ GILDA EINUNGIS Í VERSLUN Á BÍLDSHÖFÐA 20 -




**Nicorette® Cooldrops munnsogstöflur** (innihalda nikótín) eru notaðar við tóbaksfíkn. Þær draga úr fráhvarfseinkennum vegna nikótíns og reykingaþörf hjá reykingafólki 18 ára og eldra. Munnsogstafla er látin leysast upp í munni. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

IS/NIC/L/K -2017-02-1

Rauði krossinn
Reykjavík - Kvennadeild

Jólabasar
Kvennadeildar Rauða krossins

**Basarinn verður haldinn laugardaginn 11. nóvember frá kl. 13-16 í húsi Rauða krossins, Efstaleiti 9, Reykjavík.**

Á boðstólum verða fallegar handunnar prjónavörur, munir sem tengjast jólunum og heimabakaðar gómsætar tertur.

Allir hjartanlega velkomnir og hvattir til að taka með sér gesti.

**Nánari upplýsingar á www.raudikrossinn.is/reykjavik**

**Allur ágóði af sölunni rennur til Vinjar.**

**Vin er athvarf fyrir fólk með geðraskanir, rekið af Rauða krossinum í Reykjavík sem fræðslu- og batasetur. Markmiðið er að rjúfa félagslega einangrun, draga úr endurinnlögnum á geðdeildir, efla þekkingu okkar og annarra á málefnum geðsjúkra og skapa umhverfi þar sem gagnkvæm virðing og traust ríkir og tekið er tillit til hvers og eins.**

**Auglýsing**
**Sérfróðir meðdómsmenn**

Á grundvelli 2. mgr. 39. gr. laga um dómstóla nr. 50/2016, auglýsir dómstólasýslan eftir umsóknum vegna tilnefninga sérfróðra meðdómsmanna. Þeir umsækjendur sem tilnefndir verða fara á sérstakan lista sem nýttur verður við kvaðningu sérfróðra meðdómsmanna.

Umsóknir skulu sendar rafrænt á netfangið serfrodir.meddomsmenn@domstolar.is og innihalda ferilskrá, staðfestingu hæsta námsstigs á viðkomandi sérfræðisviði og sakavottorð. Dómstólasýslan mun varðveita allar umsóknir og tilnefna meðdómsmenn eftir þörfum á hverjum tíma.

Sérfróðir meðdómsmenn eru kallaðir til í málum þar sem sérkunnáttu er þörf til þess að leysa úr máli. Hlutverk sérfróðra meðdómsmanna er meðal annars að yfirfara og gagnrýna þau sérfræðigögn sem fyrir liggja í málum. Meðal annars er þörf á bygginga- og húsasmíðameisturum, tæknifræðingum, verkfræðingum, skipulagsfræðingum, efnafræðingum, endurskoðendum, læknum af hinum ýmsu sérfræðisviðum og sálfræðingum.

**Almennar hæfniskröfur koma fram í 3. mgr. 39. gr. laga um dómstóla nr. 50/2016 og eru m.a.:**
- Að viðkomandi sé svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gengt störfum sérfróðs meðdómanda.
- Íslenskur ríkisborgararéttur og lögræði.
- Að viðkomandi hafi náð 25 ára aldri.
- Að viðkomandi hafi forræði á búi sínu.
- Að viðkomandi hafi hvorki gerst sekur um refsivert athæfi sem má telja svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta.

**Aðrar kröfur:**
- Haldbær þekking og starfsreynsla á viðkomandi sérfræðisviði.
- Lágmarksþekking á réttarfari og meðferð dómsmála.

Launakjör munu fara eftir reglum dómstólasýslunnar. Nánari upplýsingar veitir Ólöf Finnsdóttir, framkvæmdastjóri, olof@domstolar.is.

# Bjarni þarf fimm eða sex ráðherraembætti

**Það skýrist um helgina hvort Sjálfstæðismenn, Framsóknarflokkur og Vinstri græn hefja formlegar viðræður um stjórnarmyndun. Margir eru um hituna í þingliði Sjálfstæðismanna. Forsætið kostar Katrínu fleiri ráðuneyti til Bjarna.**

**STJÓRNMÁL** Línurnar skýrast í dag eða á morgun um hvort farið verði í formlegar viðræður um myndun ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks, Vinstri grænna og Framsóknarflokks. Viðmælendum Fréttablaðsins úr þingliði flokkanna þykir ekki ólíklegt að náist saman um málefni verði farið í formlegar viðræður en róðurinn er sagður þyngstur innan Vinstri grænna. Skiptar skoðanir eru hins vegar um hvort stjórn þessara flokka geti orðið langlíf.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær, verður Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherraefni stjórnarinnar, verði hún að veruleika. Í skiptum fyrir forsætið fer Sjálfstæðisflokkurinn fram á 5 til 6 ráðherraembætti. Skipting ráðuneyta gæti þá verið sú að Vinstri græn fái tvö ráðuneyti auk forsætisráðuneytisins, Framsóknarmenn fái tvö til þrjú og Sjálfstæðismenn fimm til sex ráðuneyti.

Margir eru um hituna hjá Sjálfstæðismönnum og ljóst að færri komast í ríkisstjórn en vilja.

Ekki þarf að deila um að formaðurinn sjálfur verði oddviti flokksins í stjórninni, líklega með fjármálaráðuneytið. Hvorki verður hróflað við Guðlaugi Þór Þórðarsyni né Kristjáni Þór Júlíussyni. Báðir eru þeir 1. þingmenn sinna kjördæma. Flokkurinn hélt öllum sínum þingmönnum í kjördæmi Guðlaugs en flokkurinn tapaði einum þingmanni í Norðausturkjördæmi. Kristján er hins vegar með mestu ráðherrareynsluna í þingliðinu og viðmælendum blaðsins ber saman um að við honum verði ekki hróflað.

En nú vandast málin. Páll Magnússon og Haraldur Benediktsson eru báðir 1. þingmenn sinna kjördæma. Samkvæmt viðmælendum Fréttablaðsins væru þeir báðir ráðherrar ef þeir væru af öðru kyni og líklegt þykir að þeir muni aftur þurfa að víkja fyrir konum.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir er vonarstjarna flokksforystunnar og helsta varaformannsefni flokksins. Hún er 5. þingmaður Norðvesturkjördæmis og var í öðru sæti á lista flokksins á eftir Haraldi Benediktssyni. Þegar fráfarandi stjórn var mynduð bauð Haraldur sjálfur fram þann kost að hún yrði gerð að ráðherra í hans stað. Sjálfur varð hann formaður valdamestu nefndar þingsins; fjárlaganefndar. Sumir kalla það ekki vond skipti.

Enn er eftir að nefna Jón Gunnarsson samgönguráðherra, Áslaugu Örnu Sigurbjörnsdóttur, ritara flokksins og sitjandi varaformann, og Sigríði Andersen dómsmálaráðherra.

Áslaug Arna þykir enn of ung og óreynd til að setjast í ráðherrastól. Ótækt þykir hins vegar að hafa aðeins eina konu í ráðherraliði flokksins og samkvæmt heimildum blaðsins er langlíklegast að Sigríður Andersen verði í ráðherraliði flokksins, enda er hún kona sem er 1. þingmaður síns kjördæmis. Jón Gunnarsson gæti því þurft að víkja úr ríkisstjórn, verði ráðherrar flokksins aðeins fimm. **aðalheidur@frettabladid.is**



### Ráðherraefni Sjálfstæðisflokksins

**Bjarni Benediktsson**
- Fjármálaráðherra 2013-2016.
- Forsætisráðherra frá 2016.
- 1. þingmaður SV.

**Kristján Þór Júlíusson**
- Heilbrigðisráðherra 2013 - 2016.
- Mennta- og menningarmálaráðherra frá 2016.
- 1. Þingmaður NA

**Guðlaugur Þór Þórðarson**
- Heilbrigðisráðherra 2007 - 2009.
- Utanríkisráðherra frá 2016.
- 1. þingmaður RvkN.

**Sigríður Andersen**
- Dómsmálaráðherra frá 2016.
- 1. þingmaður RvkS.

**Páll Magnússon**
- Formaður atvinnuveganefndar 2016-2017.
- 1. þingmaður S.

**Haraldur Benediktsson**
- Formaður fjárlaganefndar 2016-2017.
- 1. þingmaður NV.

**Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir**
- Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra frá 2016
- 5. þingmaður NV

**Jón Gunnarsson**
- Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
- 5. þingmaður SV.

# Forsætisráðherra Líbanon sagður fangi Sádi-Araba

**SÁDI-ARABÍA** Líbanska ríkisstjórnin telur að Saad al-Hariri, fráfarandi forsætisráðherra Líbanons sem tilkynnti um afsögn sína um síðustu helgi, sé haldið gegn vilja sínum í Sádi-Arabíu. Þetta hefur CNN eftir heimildarmönnum sínum innan ríkisstjórnarinnar.

Vitnaði bandaríski miðillinn í gær í ónefndan heimildarmann sem sagði al-Hariri ekki fá að tjá sig frjálslega í samskiptum sínum við ríkisstjórnina, sem alla jafna er hliðholl Sádi-Arabíu. Jafnframt vissi ríkisstjórn Líbanons ekkert hvað væri á seyði.

Fjölmargir miðlar greindu frá því í vikunni, og höfðu eftir nafnlausum heimildarmönnum, að al-Hariri hefði ekki sagt af sér af fúsum og frjálsum vilja. Sádi-Arabar hefðu neytt hann til þess vegna meints árangursleysis í baráttunni við Hezbollah-samtökin. Er hin meinta afsagnarþvingun sögð liður í eins konar köldu stríði Sádi-Arabíu og Írans en Hezbollah eru á bandi Írana.



**Saad al-Hariri, fráfarandi forsætisráðherra Líbanons.** NORDICPHOTOS/AFP

CNN hélt því fram að ummæli hins nafnlausa heimildarmannsins væru líkleg til þess að valda titringi innan sádiarabísku ríkisstjórnarinnar. Ráðamenn þar í landi neita því að hafa þvingað al-Hariri til að segja af sér og að halda honum þar í landi gegn vilja sínum.

Al-Hariri er með tvöfalt ríkisfang. Auk þess að vera líbanskur ríkisborgari er hann einnig með sádiarabískt ríkisfang. Hann á hús í Riyadh, höfuðborg Sádi-Arabíu, þar sem talið er að hann dvelji um þessar mundir. – **þea**

# RISA TAX FREE DAGAR

F&F
20% afsláttur

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT* AF
**SNYRTIVÖRUM, BÓKUM, FATNAÐI, BÚSÁHÖLDUM, JÓLASKRAUTI, LEIKFÖNGUM OG RAFTÆKJUM**
9.-12. NÓVEMBER

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Sjálfstæðismenn segja starfskjaranefnd hjá OR vera peningasóun

**STJÓRNSÝSLA** „Miðað við þau verkefni sem stjórnarformaður og stjórn þurfa að sinna þá yrði ekki mikil viðbót að skoða laun þessara tveggja ágætu manna,“ segir borgarfulltrúinn Kjartan Magnússon sem á síðasta stjórnarfundi Orkuveitu Reykjavíkur ítrekaði þá skoðun sína að starfskjaranefnd fyrirtækisins væri óþörf og sóun á fjármunum.

Þessi þriggja manna starfskjaranefnd, sem Kjartan á sjálfur sæti í núna, hefur fyrst og fremst það verkefni að fjalla um kjör forstjóra og innri endurskoðanda OR.

Nýverið fól stjórn OR starfskjaranefnd sjálfri að skoða þörf OR á að hafa starfskjaranefnd og skoða aðra valkosti, nokkuð sem Kjartan viðurkennir að sé vissulega sérstakt.

Niðurstaða meirihluta nefndarinnar var að halda óbreyttu fyrirkomulagi. Starfskjaranefndin lifði því af og samþykkti stjórn OR tillögu nefndarinnar á síðasta stjórnarfundi. Við það tilefni bókuðu Kjartan og Marta Guðjónsdóttir þá skoðun sína að ekki væri þörf á sérstakri nefnd til að fjalla um kjör tveggja manna, með þeim kostnaði sem slíku fylgdi.


Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og stjórnarmaður í OR.

„Nefndin hefur verið starfrækt frá 2013. Við höfum bókað nokkrum sinnum að við teljum starfskjaranefnd óþarfa og þetta er ekki mikið verkefni sem hún hefur með höndum, segir Kjartan.

Í dag fá nefndarmenn 44.762 krónur fyrir hvern fund og formaðurinn tvöfalda þá upphæð. Kostnaður við hvern fund þessarar þriggja manna nefndar er því 179 þúsund krónur.

„Það er svo sem ekkert mikill kostnaður en ég tel að það væri skýrara að hafa þetta eins og þetta var,“ segir Kjartan. Hann bendir á að nefndin fundi minnst einu sinni á ári og síðan eftir tilefni. Því sé um að ræða óþarfa kostnað við verk sem færi betur á að fela stjórnarformanni og stjórn. **– smj**

## Segja upp fólki vegna færri hælisleitenda

**SVÍÞJÓÐ** Sænska útlendingastofnunin þarf að fækka starfsmönnum sem sjá um málefni hælisleitenda úr 2.000 í 770 á næsta ári. Þeim sem sækja um hæli í Svíþjóð hefur fækkað og fjárframlög til stofnunarinnar verða lækkuð á næsta ári um 700 milljónir sænskra króna.

Samningar þeirra sem ráðnir voru tímabundið verða ekki framlengdir. Augljós hætta þykir á að hluta starfsfólks verði sagt upp. **– ibs**

**62%**

**færri annast mál hælisleitenda í Svíþjóð á næsta ári.**

## Aðskilji eftirlit frá leiðsögninni í barnavernd

**STJÓRNSÝSLA** „Starfsmenn barnaverndarnefnda og fagdeild félagsráðgjafa í barnavernd hafa um nokkurt skeið haft áhyggjur af því hvort þessir tveir þættir fari saman, þ.e. að vera leiðbeinandi og hafa eftirlit,“ segir í yfirlýsingu sem fagdeildin sendi fjölmiðlum í gær.

Upplifun starfsmanna barnaverndarnefnda sé sú að Barnaverndarstofa hiki við leiðbeiningar til starfsmanna þar sem eftirlitshlutverk stofnunarinnar vegi þyngra. Mikilvægt sé að eftirlit sé á einni hendi og leiðbeiningar á annarri hendi til að efla faglegt starf.

„Mikilvægt er í svo viðkvæmum málum að starfsmenn barnaverndarnefnda hafi aðgang að sérfræðingum sem treysti sér að leiðbeina út frá gildandi lögum hverju sinni.“ **– jhh**

# Ríkið tapar stórfé á slugsum er koma sér undan sektardómum

**Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra afskrifar um 76 milljónir króna í ár vegna sekta sem ekki eru greiddar af brotamönnum. Tæplega tvö þúsund manns boðið að afplána fangelsisvist sem vararefsingu en vegna skorts á rými í fangelsum komast þeir ekki að og á endanum fyrnast dómarnir og þeir sleppa án refsingar.**


Fangelsi á Hólmsheiði fjölgaði ekki fangelsisplássum því öðrum úrræðum var lokað á sama tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**FANGELSI** Ríkissjóður verður árlega að afskrifa sektir einstaklinga sem velja frekar að sæta vararefsingu dómstóla – sem er afplánun í fangelsi. Þessir einstaklingar fara aftast í forgangsröðun fangelsismálastofnunar og því fyrnast dómar þeirra. Sleppa þeir því við bæði við sektargreiðslu og afplánun í fangelsi.

Erna Jónmundsdóttir, deildarstjóri innheimtu hjá Sýslumanninum á Norðurlandi vestra, sem innheimtir allar sektir vegna sakamála hér á landi, segir að þau afskrifi sektargreiðslur upp á 76 milljónir króna í ár af ýmsum ástæðum. Um 12 þúsund sektir eru lagðar á hér á landi vegna þessa, allt frá umferðarlagabrotum til fíkniefna- og vopnalagabrota. Um átján hundruð sektargreiðendur hafa fengið birta ákvörðun um afplánun vararefsingar þar sem þeir hafa ekki greitt sekt á tilskildum tíma.

„Boðunarlisti fangelsismálastofnunar er langur og plássleysið hamlar því að lögregla geti sótt fólk til afplánunar. Í langflestum tilvikum þegar viðkomandi fær boð um afplánun eða lögregla sækir einstaklinga til afplánunar er sektin greidd. Því væri hægt að innheimta sektir hraðar ef pláss væri fyrir hendi,“ segir Erna.

Páll Winkel fangelsismálastjóri segir að tvennt verði að hafa í huga er þessi mál eru rædd.

„Í mínum huga mættu yfirvöld hafa betra aðgengi að upplýsingum um fjárhagslega getu fólks. Flestir greiða um leið og þeir þurfa að sæta vararefsingu sem gefur til kynna að fjármagn sé fyrir hendi til að greiða sektina.“



> Flestir greiða um leið og þeir þurfa að sæta vararefsingu sem gefur til kynna að fjármagn sé fyrir hendi til að greiða sektina.
>
> Páll Winkel

Miðað við fyrirliggjandi fjárlagafrumvarp verður síður en svo breyting á þessu þar sem ekki á að auka fjárveitingu til málaflokksins. Að sögn Páls verður því nýja fangelsið á Hólmsheiði ekki rekið á fullum afköstum vegna skorts á rekstrarfé.

„Einnig verður að hafa í huga að vararefsing er vararefsing. Stór hluti afplánar vararefsingu oft í samfélagsþjónustu og þeir sem eftir standa þurfa með réttu að bíða eftir plássi. Þetta eru sömu pláss og við erum að forgangsraða inn í mun alvarlegri óskilorðsbundnari brotum. Á meðan sá boðunarlisti telur um 600 manns mun þessi hópur áfram þurfa að bíða sem ákveður að greiða ekki sektir sínar,“ segir fangelsismálastjóri. **sveinn@frettabladid.is**

**76**

**milljónir króna voru afskrifaðar árið 2017**


VAXTALAUS AFBORGUN

Vaxtalaus afborgun af
ÖLLUM ÚRUM
OG SKARTGRIPUM

Raðgreiðslulán með Netgíró, Pei
eða kreditkorti í allt að 12 mánuði.

Vaxtalausir dagar standa til og með 19. nóvember.

Gildir ekki með öðrum tilboðum

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR

Laugavegi 15 og Kringlunni – sími 511 1900 – www.michelsen.is




**Einnig fylgja 40.000 Vildarpunktar Icelandair með Corolla meðan tilboðið gildir**

## LENGI BÝR AÐ FYRSTU GERÐ

Corolla býðst nú á sérstöku tilboði, fáguð gæðasmíð með 50 ára sigurgöngu í baksýnisspeglinum, endurhönnuð til að veita afþreyingu í öruggum og liprum akstri. Corolla er gerð til að láta góðu stundirnar endast en þetta sérstaka tilboð gildir aðeins í takmarkaðan tíma. Jafnframt fylgja fjórfaldir Vildarpunktar með Corolla.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ
FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

ICELANDAIR

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Ólíkur boðskapur þeirra Xi og Trumps

**Leiðtogafundur Samvinnustofnunar Asíu- og Kyrrahafsríkja hófst í gær. Forsetar Bandaríkjanna og Kína tóku báðir til máls. Trump boðaði stefnu sína sem einkennist af því að setja hagsmuni Bandaríkjanna í fyrsta sæti. Xi var málsvari fjölhliða fríverslunarsamninga.**



Þótt þeir hafi ekki fundað í einrúmi á leiðtogafundinum hittust Trump og Pútín og tókust í hendur. NORDICPHOTOS/AFP

**VÍETNAM** Leiðtogafundur APEC, Samvinnustofnunar Asíu- og Kyrrahafsríkja, var settur í Víetnam í gær. Á meðal þeirra sem tóku til máls á fundinum voru þeir Xi Jinping, forseti Kína, og Donald Trump Bandaríkjaforseti. Útskýrðu þessir tveir valdamestu menn heims stefnur sínar í milliríkjaviðskiptum og var töluverður munur á málflutningi þeirra félaga.

Til stóð að Trump myndi funda með Vladimír Pútín, forseta Rússlands, í Víetnam. Bandaríkjamenn ákváðu hins vegar að hætta við fundinn. Aðspurður um ástæðu þess sagði Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands: „Af hverju spyrðu mig um það? Við heyrðum að Trump forseti vildi funda með Pútín forseta. Ég veit ekki hvað þessir skriffinnar hans eru að segja núna.“

Trump tók til máls á leiðtogafundinum á undan Xi og var kjarni boðskapar hans einfaldur: „Bandaríkin í fyrsta sæti.“ Sagði Bandaríkjaforseti að hann myndi ekki leyfa viðskiptahalla Bandaríkjanna gagnvart Asíuríkjum að viðgangast. Hann áfelldist jafnframt ekki Kína eða önnur Asíuríki fyrir að notfæra sér aðgerðaleysi fyrrverandi Bandaríkjaforseta í þessum málum. „Ef ráðamenn viðkomandi ríkja komast upp með það eru þeir bara að vinna vinnuna sína,“ sagði Trump og bætti við:

„Ég vildi að fyrri ríkisstjórnir landsins míns hefðu séð hvað var í gangi og að þær hefðu gert eitthvað í þessu. Það gerðu þær ekki en ég mun taka á málinu. Frá og með þessum degi verður samkeppnisstaðan jöfn,“ sagði forsetinn. Sagðist hann alltaf mundu setja Bandaríkin í fyrsta sæti. „Rétt eins og ég býst við því að allir í þessum sal setji ríki sín í fyrsta sæti.“

Auðkýfingurinn var jafnframt harðorður í garð Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Sagði hann að stofnunin virkaði einfaldlega ekki ef aðildarríki virtu ekki reglurverk hennar. Þá gagnrýndi hann viðstadda fyrir að hafa ekki afnumið tolla til jafns við Bandaríkin. „Svona vinnubrögð koma niður á mörgum í Bandaríkjunum,“ sagði forsetinn og bætti því við að fríverslun hefði kostað Bandaríkin milljónir starfa.

> **Ég vildi að fyrri ríkisstjórnir landsins míns hefðu séð hvað var í gangi og að þær hefðu gert eitthvað í þessu. Það gerðu þær ekki en ég mun taka á málinu.**
>
> Donald Trump, forseti Bandaríkjanna

Bandaríkjaforseti sagðist tilbúinn til þess að gera tvíhliða fríverslunarsamning við hvaða Asíu- eða Kyrrahafsríki sem væri tilbúið til þess að viðhalda sanngjörnum viðskiptaháttum. Það þyrfti þó alltaf að grundvallast á gagnkvæmri virðingu og hagnaði beggja ríkja. Fjölhliða fríverslunarsamningar væru hins vegar ekki inni í myndinni.

Eitt af fyrstu verkum Trumps þegar hann tók við embætti Bandaríkjaforseta var að draga ríkið út úr fjölhliða fríverslunarsamningi tólf Asíu- og Kyrrahafsríkja, TPP. Andstæðingar Trumps gagnrýndu hann fyrir ákvörðunina og sögðu að samningurinn hefði fært samningsaðila nær Bandaríkjunum og fjær Kína. Forsetinn hélt því aftur á móti fram að samningurinn myndi leiða til þess að fjöldi Bandaríkjamanna missti atvinnu sína.

Xi var ekki á sama máli og hinn bandaríski kollegi hans. Hann tók til máls örfáum mínútum eftir að Trump hafði lokið máli sínu og reyndi að styðja þá ímynd sem hann vill skapa Kína sem nýtt stórveldi á sviði fríverslunar.

> **Við ættum að styðja gerð fjölhliða viðskiptasamninga og opna í auknum mæli fyrir milliríkjaviðskipti á svæðinu til þess að minna þróuð aðildarríki geti hagnast meira á milliríkjaviðskiptum og fjárfestingum.**
>
> Xi Jinping, forseti Kína



Kínverjinn sagði hnattvæðingu vera sögulega þróun sem ekki yrði snúið við en að endurhugsa þyrfti hugmyndafræðina að baki fríverslun svo verslunin yrði opnari, jafnari og hagkvæmari fyrir alla aðila. Þá varði hann jafnframt fjölhliða viðskiptasamninga og sagði þá vel til þess fallna að hjálpa fátækari ríkjum.

„Við ættum að styðja gerð fjölhliða viðskiptasamninga og opna í auknum mæli fyrir milliríkjaviðskipti á svæðinu til þess að minna þróuð aðildarríki geti hagnast meira á milliríkjaviðskiptum og fjárfestingum,“ sagði Xi.

Bandaríkjaforseti var staddur í Víetnam vegna tólf daga og fimm ríkja Asíureisu sinnar. Áður hafði hann komið við í Japan, Suður-Kóreu og Kína en næst liggur leiðin til Filippseyja. Á meðan Trump var staddur í Kína var tilkynnt um gerð viðskiptasamninga sem BBC segir virði 250 milljarða Bandaríkjadala. Mikill halli er á viðskiptum Bandaríkjanna við Kína. Í fyrra fluttu Bandaríkin inn kínverskar vörur fyrir 462,6 milljarða dala en bandarískar vörur til Kína fyrir 115,6 milljarða dala.

**thorgnyr@frettabladid.is**


Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar stendur fyrir gagnrýnni og hressilegri fundarröð um þróun og mótun borgarinnar

## Framtíðarborgin Reykjavík

**Þriðjudagurinn 14. nóvember 2017 kl. 20 á Kjarvalsstöðum**



Hjálmar Sveinsson



Anna María Bogadóttir



Anna Dröfn Ágústsdóttir



Ingvar Jón Bates Gíslason

Framtíðarborgin er alltaf á teikniborðinu. Allir taka þátt í því að skapa borg með hegðun sinni, verkum, viðhorfum og valdi. En hvernig borg viljum við búa í og hvernig viljum við skila henni af okkur til komandi kynslóða? Hvernig verður Reykjavík framtíðar? Er framtíðin autt blað? Er framtíð Reykjavíkurborgar fyrirsjáanleg eða er hún óvissan ein?

Fram koma á fundinum: **Hjálmar Sveinsson**, formaður umhverfis- og skipulagsráðs, **Anna María Bogadóttir,** arkitekt og menningarfrumkvöðull, **Anna Dröfn Ágústsdóttir**, sagnfræðingur og fagstjóri fræða í Listaháskóla Íslands og **Ingvar Jón Bates Gíslason**, arkitekt og fræðimaður. Þau verða hvert með sitt sjónarhorn á framtíðina.

Fundurinn er í kaffihúsinu á Kjarvalsstöðum þriðjudaginn 14. nóvember 2017 kl. 20.

**Allir velkomnir. Heitt á könnunni.**

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA




Hin ákærðu eru sögð hafa baulað á Grace Mugabe og sagst hata allt sem hún stæði fyrir. Þau eru sögð grafa undan valdi forseta. NORDICPHOTOS/AFP

# Ákærð fyrir að baula á forsetafrúna í Simbabve

**SIMBABVE** Fjögur voru í gær ákærð fyrir að baula á Grace Mugabe, forsetafrú Simbabve. Atvikið átti sér stað þegar hún flutti ræðu á fundi ZANU-PF, flokks Roberts Mugabe, forseta og eiginmanns hennar.

Í frétt simbabveska blaðsins The Herald segir að hin ákærðu hafi verið handtekin eftir fundinn á laugardag í borginni Bulawayo. Er þeim gefið að sök að hafa reynt að grafa undan valdi forsetans en fjölmiðlar höfðu ekki greint frá því í gær hvort hin ákærðu játuðu sekt.

Talið er að fjórmenningarnir séu stuðningsmenn Emmerson Mnangagwa, fyrrverandi varaforseta sem sækist eftir því að taka við forsetaembættinu þegar Mugabe, nú 93 ára, lætur af störfum. Mnangagwa þessi var rekinn fyrr í vikunni og var ástæðan sögð ótrygglyndi. Hann er nú flúinn til Suður-Afríku.

Hart er barist um að verða eftirmaður Mugabes og er forsetafrúin ein þeirra sem sækjast eftir stólnum. Greindi BBC frá því í gær að hún hafi raunar verið einn helsti hvatamaður þess að Mnangagwa yrði rekinn. Hefur hún meðal annars sagt að Mnangagwa væri „naðra sem þyrfti að slá í höfuðið“.

Nú þegar Mnangagwa hefur verið rekinn þykir Grace Mugabe einna líklegust til að verða næsti forseti Afríkuríkisins. **– þea**




# Settu smá lúxus í laugardagsrúntinn.

Við bjóðum þér á Mercedes-Benz sýningu í salnum okkar á Krókhálsi milli kl. 12–16 á laugardaginn.
Þar getur þú skoðað glæsilega bíla og kynnst töfrum Mercedes-Benz í reynsluakstri.
Við hlökkum til að sjá þig.

Keyrðu

**ASKJA** · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi



**Það getur verið skemmtilegt að skafa bílinn í frostinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Veturinn sýnir sitt rétta andlit

Íbúar höfuðborgarsvæðisins létu fyrstu almennilegu snjókomuna ekki á sig fá í gær. Ljósmyndarar Fréttablaðsins ferðuðust um borgina og fylgdust með.



**Ökumenn á Njarðargötu fóru varlega í hálkunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Hvítur snjórinn sem lá yfir öllu var eflaust í margra augum vel þegin tilbreyting frá haustlitunum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



**Miðborg Reykjavíkur skartaði sínu fínasta í gær þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Snjóinn er hægt að nýta í að renna sér. Það gerðu fjölmargir í Plútóbrekku á Seltjarnarnesi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Við Álfhólsskóla fóru þessir ungu drengir í snjókast.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



**Það er fljótlegt og stórskemmtilegt að skella sér út í brekku og renna sér í snjónum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


## Til sölu

Flugvélin TF-EHA Ercoupe C 415

Vélin er öll nýyfirfarin og í góðu standi
Flugvélin er núna í Flugsafninu á Akureyri

Frekari upplýsingar hjá Helga Stefánssyni s: 696 5878
eða Arngrími Jóhannssyni s: 895 7704



BOSS
HUGO BOSS
SAND
POLO
RALPH LAUREN
Stenströms
ARMANI
COLLEZIONI
eterna
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
FINUCCI
bugatti
TINO COSMA
BELLINI
collezione
MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898
BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54
bláu húsin (við faxafen)








## CLEVELAND

Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljós-grátt slitsterkt áklæði. Stærð: 308 × 140/203 × 81 cm

**134.993 kr.** ~~179.990 kr.~~

## EASY

Tungusófi. Tunga getur verið bæði vinstra og hægra megin. Dökk- eða ljós-grátt áklæði. Stærð: 232 x 145 x 85 cm

**127.493 kr.** ~~169.990 kr.~~





## ELLY

Þriggja sæta sófi. Dökkblátt eða Bordeaux-rautt sléttflauel. Stærð: 183 x 82 x 85 cm

**67.493 kr.** ~~89.990 kr.~~

## KAMMA

Þriggja sæta sófi með viðarfótum. Ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 201 x 84 x :105 cm

**104.993 kr.** ~~139.990 kr.~~





## DENVER

Tveggja og þriggja sæta sófar. Með dökkbrúnu slitsterku PU-áklæði.

2ja sæta: 168 x 98 x 88 cm
**97.493 kr.** ~~129.990 kr.~~

3ja sæta: 218 x 98 x 88 cm
**127.493 kr.** ~~169.990 kr.~~

## TANGO

2ja sæta sófi. Slitsterkt ppelsínugult eða dökkgrátt áklæði. St.: 150 x 90 x 96 cm.

**74.993 kr.** ~~99.990 kr.~~

## BRENNER

2,5 og 3ja sæta sófi.
Svart Savoy/split leðri.

2,5 sæta, stærð: 165 x 97 x 82 cm
**217.493 kr.** ~~289.990 kr.~~

3ja sæta, stærð: 230 x 97 x 82 cm
**277.493 kr.** ~~369.990 kr.~~









## LARAMIE

Tveggja og þriggja sæta sófar og stóll.
Mjög endingargott brúnt microfiber áklæði.

3ja sæta, stærð: 220 x 95 x 95 cm
**142.493 kr.** ~~189.990 kr.~~

2ja sæta, stærð: 170 x 95 x 95 cm
**134.993 kr.** ~~179.990 kr.~~

Stóll
**112.493 kr.** ~~149.990 kr.~~




## BRENNER

2,5 og 3ja sæta sófi.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.

2,5 sæta, stærð: 165 x 97 x 82 cm
**119.993 kr.** ~~159.990 kr.~~

3ja sæta, stærð: 230 x 97 x 82 cm
**149.993 kr.** ~~199.990 kr.~~






## DEVON

Horntungusvefnsófi.
Einn með öllu! Geymsla undir tungu og í armi.
Stærð: 241 x 225 x 82 cm

**172.493 kr.**
~~229.990 kr.~~



Þú finnur Sófaveislu-blaðið á husgagnahollin.is

HÚSGAGNA
HÖLLIN

# Úldnar leifar



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Þjónkun almannavalds við sérhagsmuni í okkar heimshluta er hvergi augljósari en í Bandaríkjunum. Þar er lífi fólks teflt í tvísýnu á hverjum degi í nafni úreltrar byssumenningar, úldnum leifum frá tímum villta vestursins.

Blóðbaðið í Las Vegas fyrir fáum vikum útheimti fleiri mannslíf en önnur níðingsverk byssumanna. Aftur felldi byssuhrotti tugi kirkjugesta sem áttu sér einskis ills von í Texas fyrir fáum dögum. Byssuógnin er alltaf handan við hornið þegar hrottar komast yfir afkastamikil manndrápstól, sem gerð eru fyrir hermenn á vígvelli. Byssueign almennings í Bandaríkjunum er næstum tífalt heimsmeðaltalið.

Kirkjum, kvikmyndahúsum, hljómleikasölum og skólum er breytt í blóðvelli eins og hendi sé veifað.

Óprúttnir þrýstihópar með fúlgur fjár á borð við samtök byssueigenda – National Rifle Association – virðast hafa stjórnmálamennina í vasanum. Þeir ausa fé í áróður og beita slagorðum eins og „byssur drepa ekki fólk, fólk drepur fólk“. Og sitjandi forseti tekur undir. Engu er líkara en hagsmunir byssusalanna vegi þyngra en harmurinn sem hrottarnir kalla yfir fjölda fólks með manndrápstólunum.

Sérhagsmunaöfl ráða miklu í Bandaríkjunum. Eftir að fangelsi voru einkavædd fyrir rúmum aldarþriðjungi hefur fjöldi fanga margfaldast. Bandaríkjamenn eru fimm prósent mannkyns, en 25 af hundraði dæmdra refsifanga í heiminum sitja í bandarískum fangelsum – fimmfalt meðaltal heimsbyggðarinnar. Langflestir afplána dóma fyrir fíkniefnamisferli, sem myndu í mesta lagi sæta sektum í Vestur-Evrópu.

Þessi mynd blasir við þó að bandarísk stjórnvöld hafi í marga áratugi verið í yfirlýstu stríði gegn eiturlyfjum. Þau hafa ekki haft erindi sem erfiði. Eiturlyfin streyma um allt. Óprúttnir talsmenn einkarekinna tukthúsa eru, líkt og vopnasalar, óþreytandi að berjast fyrir eigin hagsmunum með hörmulegum afleiðingum.

Oft hefur verið sýnt fram á þræði milli annarlegra sérhagsmuna og stjórnvalda. Vont er til þess að hugsa, að einkarekin fangelsi hafi ógæfu fjölda veiklundaðra samborgara sinna að féþúfu – einkum fólks sem ekki er hvítt á hörund. Tekjur fangelsanna aukast eftir því sem fleiri eru bak við rimlana.

Margt er vel gert í Bandaríkjunum. Velsældin blasir víða við og sköpunarkrafturinn er mikill. En að sumu leyti eru Bandaríkin frumstætt ríki. Þar má finna mörg víti til varnaðar fyrir þá sem vilja byggja siðað samfélag. Alltof greiðar leiðir milli æðstu stjórnvalda og annarlegra hagsmuna er svartur blettur mitt í velsældinni. Baktjaldamakkið rænir stóra hópa lífshamingjunni og kostar fjölda fólks lífið. Þetta er látið viðgangast áratug eftir áratug – afleiðingarnar stinga í augun.

Viðskipti og stjórnmál eru eitruð blanda og eyðileggja hvort annað. Bandarísk stjórnmál eru alltof lituð af þjónkun við sérhagsmuni sem smyrja vélar stjórnmálanna. Enda komast skrítnir fuglar til æðstu metorða í Bandaríkjunum.

Í samanburðinum getum við prísað okkur sæl með okkar stjórnmálamenn þó að þar sé auðvitað misjafn sauður í mörgu fé.

**Baktjaldamakkið rænir stóra hópa lífshamingjunni og kostar fjölda fólks lífið. Þetta er látið viðgangast áratug eftir áratug – afleiðingarnar stinga í augun.**

**Ert þú með heimilislækni?**

Ný heilsugæslustöð Urðarhvarfi 14, Kópavogi

**Skráning stendur yfir, opin öllum, óháð búsetu. verið velkomin !**

Sími 510 6500, www.hv.is

HEILSUVERND
því hver dagur er dýrmætur
HEILSUGÆSLA

Urðarhvarf 14 | 203 Kópavogur | s: 510 6500 | www.hv.is

Gunnar




## Mín skoðun
## Guðmundur Steingrímsson



# Varðandi Robert Marshall

Einkenni á fallegu og góðu samfélagi finnst mér vera þetta: Allar manneskjur geta verið þær sjálfar, notið hæfileika sinna, dugnaðar og ástríðu. Fólk getur fundið sér sinn farveg og átt innihaldsríkt líf á sínum forsendum. Allar manneskjur eiga að fá tækifæri, helst fullt af tækifærum, til að gera það sem þær eru bestar í. Það er frábært samfélag.

Af fjölmörgum ástæðum er þetta ekki auðvelt markmið. Margt getur gert það að verkum að manneskja nýtur sín ekki. Það breytir hins vegar ekki því, að hið pólitíska markmið á alltaf að vera þetta: Að búa til svona samfélag. Pólitíkusar verða að toga samfélagið sem mest í þessa átt.

### Hommahatarinn

Sumir vinna gegn þessu. Hommahatarinn Robert Marshall er óvinur hins opna, fjölbreytta og fallega samfélags. Robert Gerald Marshall, kallaður Bob, er yfirlýstur hommahatari og hefur byggt sína setu á fylkisþinginu í Virginíu á hommahatri um langt árabil. Hann var í fréttum í vikunni vegna þess að hann tapaði blessunarlega fyrir transkonunni Danicu Roem í kosningum til þingsins. Roem varð þannig fyrsta yfirlýsta transkonan til þess að hljóta kosningu til þings í Bandaríkjunum. Og af hverju er það mikilvægt? Jú, vegna þess að hin ömurlega pólitík Roberts Marshall vinnur gegn þessu markmiði sem á að vera markmið allrar pólitíkur: Að búa til samfélag þar sem fólk getur verið það sjálft og notið sín, óhindrað. Sigur Roem er stórt skref í áttina að svoleiðis samfélagi. Önnur merkileg skref voru til dæmis þau að blökkukona varð borgarstjóri í fyrsta skipti. Og síki. Það er raunar ótrúlegt að svona hlutir skuli vera að gerast í fyrsta skipti þar vestur frá, en svona er baráttan komin skammt á veg. Á sama tíma hafa skref verið stigin afturábak hér á landi: Konum fækkaði á Alþingi. Það er skandall. Og innflytjendum.

### Hin eilífa barátta

Þetta eru öflin sem eigast við, á Íslandi og út um allan heim: Fjölbreytni gegn einsleitni. Frelsi gegn bælingu. Frjálslyndi gegn múrum og þöggunum. Robert Marshall er víða og hans hatursáróður gegn fólki sem er öðruvísi en hann sjálfur. Til eru merkar úttektir á því hvernig stjórnmálasaga nútímans fjallar fyrst og fremst um baráttu þessara tveggja afla: Hins opna og víðsýna samfélags gegn hinu bælda og lokaða. Lýðræði gegn einræði. Um þau gildi var síðari heimsstyrjöldin háð. Haturs- og einræðisöfl voru þar höfð undir af lýðræðis- og frjálslyndisöflum. Enn í dag er þetta höfuðás stjórnmálanna, sem flest hverfist um. Hann birtist í stórum og smáum deilumálum. Í Bandaríkjunum er allt á fullu í þeim efnum. Myndin af Juli Briskman að gefa bílalest Donalds Trump fingurinn í byrjun vikunnar mun fara í sögubækurnar. Fátt er jafnáhrifamikið og andóf hins frjálsa anda gegn yfirgangi og hrottaskap. Stundum þarf að gefa mönnum eins og Trump og Robert Marshall fingurinn.

### Játning í lokin

Ég hef einstaklega gaman af því, í hrollköldu tíðindaleysi skammdegisins, að birta þessa grein af tvennum orsökum: 1) Til að tala um samfélagið eins og það birtist mér og 2) til að nýta það dauðafæri mér til skemmtunar sem skapaðist við það að hommahatarinn Robert Marshall skuli vera nafni vinar míns Róberts Marshall. Ég hef hlegið að því alla vikuna. Það segir jú ákveðna jákvæða hluti um nærumhverfi mitt, að tilhugsunin um Róbert Marshall sem yfirlýstan hommahatara skuli vera sprenghlægileg fásinna. Ég vil nota þetta einstaka tækifæri til að segja að lokum, í nafni hugsjónarinnar um sigur umburðarlyndis og hinna frjálslyndu gilda, af heilum hug og öllu hjarta: Þegi þú Robert Marshall.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálssson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*




FORD EDGE VIGNALE AWD

# FRUMSÝNING Í DAG

BÍLDSHÖFÐA 6 KL. 12-16

Vignale er ný lúxusútfærsla af hinum vinsæla Ford Edge jeppa, hlaðinn lúxusbúnaði. Óviðjafnanlegt handverk, einstakt val á efnum og hljóðlátt farþegarými tekur á móti þér í nýjum Ford Edge Vignale.

Frá: 7.990.000 kr.

*Komdu og prófaðu Vignale frá Ford*

Ford

UNUN AÐ AKA

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is

## Valsmenn vinna bara í framlengingu í Domino´s deildinni




**Fyrsti heimasigur Valsmanna** Nýliðar Valsmanna fögnuðu sínum fyrsta sigri á heimavelli í gærkvöldi þegar þeir unnu Stjörnumenn eftir framlengdan leik á Hlíðarenda. Báðir sigrar Valsmanna í Domino´s deildinni í vetur hafa komið eftir framlengingu en þeir unnu einnig framlengdan leik á móti Hetti á Egilsstöðum á dögunum. Hér er Bandaríkjamaðurinn Urald King í baráttu við Tómas Þórð Hilmarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Tveggja nátta vítaferð FH-inga

**FH ferðast 5.400 kílómetra frá Íslandi til Rússlands og aftur til baka til að framkvæma eina vítakastkeppni. Liðið lendir aftur á Íslandi á sunnudagskvöldið. Sigurvegarinn mætir liði frá Slóvakíu í 3. umferðinni.**

**HANDBOLTI** Karlalið FH í handbolta lagði af stað um kaffileytið í gær í helgarferðina til St. Pétursborgar þar sem það mætir heimamönnum í vítakastkeppni á sunnudaginn. Ferðlagið er í heildina 5.400 kílómetrar en á sunnudaginn kemst loksins á hreint hvort liðið kemst í 3. umferð EHF-bikarsins og verður þá tveimur leikjum frá sæti í riðlakeppninni.

FH hafði betur í einvígi liðanna með fleiri mörkum skoruðum á útivelli eftir framlengingu í seinni leiknum ytra en eins og flestir vita voru gerð mistök þar sem leikurinn átti að fara beint í vítakastkeppni. Hafnfirðingarnir þurfa því að ferðast alla þessa leið til þess eins að spila vítakeppnina en sigurvegarinn mætir TATRAN Presov frá Slóvakíu í næstu umferð.

### Þurfa ekki að spá í greiðslur

„Þetta er 21 manns hópur sem fer,“ segir Ásgeir Jónsson, formaður handknattleiksdeildar FH. „Það fara fimmtán leikmenn, þjálfarateymið, sjúkraþjálfari, liðsstjóri, ég og framkvæmdastjórinn.“

Þar sem eftirlitsmaður evrópska handknattleikssambandsins, EHF, gerði mistökin í seinni leiknum er það EHF sem borgar brúsann. Búið er að ganga frá öllu þannig að Ásgeir og hans menn þurfa ekki að taka nótu fyrir öllu og innheimta skuldirnar frá sambandinu sem er staðsett í Austurríki.

„Þetta fór allt í gegnum HSÍ. VITA-ferðir sáu um flug og hótel og sendu svo reikning á HSÍ sem EHF er búið að borga. Hótelið í St. Pétursborg sér svo um að greiða fyrir okkur gistinguna og uppihaldið og það rukkar svo EHF. Það er gott að búið sé bara að ganga frá þessu öllu saman þannig að við getum einbeitt okkur að vítakeppninni,“ segir Ásgeir.

### Ferðalag FH-inga

**FÖSTUDAGUR**

- Flug til London um kaffileytið
- Gist í London

**LAUGARDAGUR**

- Vaknað eldsnemma og flogið til St. Pétursborgar
- Æft í St. Pétursborg um kvöldið
- Gist í St. Pétursborg

**SUNNUDAGUR**

- Vaknað eldsnemma í morgunmat
- Farið út í keppnishöll en vítakeppnin hefst kl. 12.00 að staðartíma
- Beint út á flugvöll og flogið til Stokkhólms
- Sex tíma bið á flugvellinum í Stokkhólmi
- Lent í Keflavík um miðnætti á sunnudagskvöldið

> **Við förum þarna út til þess að vinna vítakastkeppnina og koma okkur aftur í 3. umferðina.**
>
> Ásgeir Jónsson

### Gaman að komast aftur áfram

FH-ingar voru eðlilega mjög sárir þegar EHF tilkynnti að liðið var ekki komið áfram í 3. umferðina en um glæsilegan sigur var að ræða hjá íslenska liðinu. Þetta er þó eitthvað sem menn eru komnir yfir þó svekkelsið hafi verið mikið.

„Við vorum ekki beint reiðir, þetta var bara mikið áfall. Svo tækluðu menn þetta bara og nú horfum við björtum augum á þetta. Við förum þarna út til að vinna vítakastkeppnina og koma okkur aftur í þriðju umferðina. Það verður bara gaman að komast aftur þangað,“ segir Ásgeir léttur.

St. Pétursborg er í fjórða sæti rússnesku úrvalsdeildarinnar en FH er á toppnum í Olís-deildinni hér heima. Liðið er búið að spila hreint stórkostlega og vinna flesta tíu marka sigra af öllum í deildinni. Það tók Val í toppslag auðveldlega fyrir landsleikjafríið og hélt áfram að spila frábærlega í síðustu umferð þegar ÍR-ingar fengu skell í Kaplakrika. FH er búið að vinna átta fyrstu leiki deildarinnar.

### Fínasta ferðalag

Ferðalag FH-inga er ekki svo slæmt þótt helgarferð til St. Pétursborgar sé ekki það sem læknirinn fyrirskipaði á þessum tíma, sérstaklega þegar að liðið er búið að komast einu sinni áður fram hjá rússneska birninum.

Hafnarfjarðarliðið gisti í London í nótt, aðfaranótt laugardags, og flaug eldsnemma í morgun til St. Pétursborgar þar sem það dvelur svo og æfir í dag.

FH-ingar vakna svo snemma á morgun, sunnudag, og fara í vítakastkeppnina í hádeginu að írússneskum tíma eða klukkan níu á sunnudagsmorgun að íslenskum tíma. Vítakeppnin verður í beinni útsendingu á Facebook-síðu EHF og má finna hana á Vísi.

Þegar vítakeppninni er lokið fara FH-ingar beint út á flugvöll og fljúga til Stokkhólms þar sem þeir bíða svo í sex klukkustundir áður en flogið verður heim. FH-liðið lendir svo á Íslandi á miðnætti á sunnudagskvöldið. tomas@365.is

## Nýjast

**Domino's-deild karla**

### Valur - Stjarnan 110-104

**Stigahæstir: Valur:** Austin Magnús Bracey 34, Urald King 32 (9 frák.), Sigurður Dagur Sturluson 10, Benedikt Blöndal 9 (10 stoðs.) Illugi Steingrímsson 8, Birgir Björn Pétursson 8. **Stjarnan:** Róbert Sigurðsson 29 (10 frák., 8 stoðs.), Collin Anthony Pryor 23, Tómas Þórður Hilmarsson 16, Hlynur Elías Bæringsson 13 (12 frák.). **Staðan** var 99-99 eftir venjulegan leiktíma eftir að Valsmenn unnu síðustu mínútuna 9-2. Stjarnan hefur nú tapað fimm leikjum í röð í deild og bikar.

### Grindavík - KR 94-84

**Stigahæstir: Grindavík:** Rashad Whack 28/7 fráköst/6 stoðsendingar, Ólafur Ólafsson 20, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 14/14 fráköst, Dagur Kár Jónsson 12/5 fráköst/6 stoðsendingar, Jóhann Árni Ólafsson 7/4 fráköst/5 stoðsendingar, Ingvi Þór Guðmundsson 6 - **KR:** Kristófer Acox 23/10 fráköst, Jalen Jenkins 20/17 fráköst, Brynjar Þór Björnsson 16, Björn Kristjánsson 12, Darri Hilmarsson 8/4 fráköst/6 stoðsendingar

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| ÍR | 10 | | |
| Tindastóll | 10 | Haukar | 6 |
| Keflavík | 8 | Valur | 4 |
| Grindavík | 8 | Stjarnan | 4 |
| KR | 8 | Þór Ak. | 4 |
| Njarðvík | 8 | Þór Þorl. | 2 |

**Coca-Cola-bikar karla**

### ÍH - Akureyri 21-42

**Umspil um HM-sæti - Fyrri leikur**

### Svíþjóð - Ítalía 1-0

1-0 Jakob Johansson (61.). Galopið einvígið en seinni leikurinn er í Mílanó á mánudag.

**GETA UNNIÐ ÞRIÐJA EVRÓPULEIKINN Í RÖÐ Í HÖLLINNI** Íslenska kvennalandsliðið í körfubolta hefur leik í undankeppni EM 2019 í dag þegar Svartfellingar koma í heimsókn í Laugardalshöllina. Íslensku stelpurnar hafa unnið tvo síðustu leiki sína í undankeppni EM í Laugardalshöllinni, 24. febrúar 2016 á móti Ungverjalandi (87-77) og 23. nóvember 2016 á móti Portúgal (65-54).




## Um helgina

**Stöð 2 Sport**

| | | |
|---|---|---|
| L08.00 | Nedbank Challenge | Golfst. |
| L12.55 | F1: Brasilía - æfing | Sport |
| L15.50 | F1: Brasilía - tímataka | Sport |
| L18.00 | OHL Classic | Golfstöðin |
| L19.35 | Danmörk - Írland | Sport |
| S03.00 | Box: Jacobs vs. Arias | Sport |
| S08.00 | Nedbank Challenge | Golfst. |
| S15.30 | F1: Brasilía | Sport |
| S16.50 | Sviss - N-Írland | Sport4 |
| S18.00 | Bills - Saints | Sport3 |
| S19.15 | Fjölnir - UMFA | Sport2 |
| S19.35 | Grikkland - Króatía | Sport4 |
| S20.30 | Celtics - Raptors | Sport |
| S21.20 | Falcons - Cowboys | Sport3 |

**Olís-deild karla**

| | | |
|---|---|---|
| S17.00 | ÍR - Stjarnan | Austurberg |
| S18.30 | Valur - Fram | Valshöll |
| S19.30 | Fjölnir - UMFA | Dalhús |
| S19.30 | Víkingur - Haukar | Víkin |

**Coca-Cola-bikar kvenna:**

| | | |
|---|---|---|
| S16.00 | Valur - Stjarnan | Valshöllin |
| S16.00 | Fylkir - ÍBV | Fylkishöll |
| S17.30 | Fjölnir - Grótta | Dalhús |

RENAULT
Passion for life

# Renault **Clio**

# ÍSLANDSMEISTARINN Í SPARAKSTRI




## KOMDU OG REYNSLUAKTU RENAULT CLIO Í NÝRRI OG SPENNANDI ÚTFÆRSLU

### DÍSIL, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,4 L/100 KM*

Það er kominn nýr Renault Clio með vandaðri innréttingu og nýju, spennandi útliti. Komdu og reynsluaktu Íslandsmeistaranum í sparakstri 2017 í nýrri spennandi útgáfu og þú kemst að raun um að þú kemst víðar og tankar sjaldnar á nýjum Renault Clio.

E F

**„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT"**

**VERÐ FRÁ: 2.150.000 KR.**

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

ENNEMM / SÍA / NM84838

| GE bílar | Bílasalan Bílás | Bílasala Akureyrar | Bílaverkstæði Austurlands | IB ehf. | BL söluumboð |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi | Vestmannaeyjum |
| www.gebilar.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is | 481 1313 |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 | 862 2516 |

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L


GERÐU KRÖFUR
HARÐPARKETVEISLA
ALLAN NÓVEMBER


Egill Árnason™
Suðurlandsbraut 20
108 Reykjavík
Sími: 595 0500
www.egillarnason.is
Opnunartímar: mán - fös kl. 9–18 og lau kl. 11–15

FRÉTTABLAÐIÐ HELGIN



Derek Mundell og Jónína segja vatnslitamálara finna fyrir sterkri tengingu sín á milli, skilningi og gagnkvæmum áhuga á viðfangsefnum hver annars. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ástríðufullir vatnslitamálarar

Tenging land og lita nefnist stórsýning sem opnuð verður í Norræna húsinu í dag með mikilli viðhöfn. Allir eru velkomnir. Sýningin er ávöxtur samvinnu Konunglega vatnslitafélagsins í Wales og Norræna vatnslitafélagsins.

Það er ekki oft sem haldnar eru vatnslitasýningar hér á landi, hvað þá svona veglegar," segir Jónína Magnúsdóttir um viðamikla sýningu vatnslitamálara sem opnuð verður í Norræna húsinu í dag klukkan þrjú. Myndirnar eru 95 sem þar ber fyrir augu og þær eru eftir 72 listamenn frá Wales og öllum Norðurlöndunum, þar á meðal Íslandi. Jónína segir þær endurspegla mikla fjölbreytni í formi, stíl og tækni. Skiptingin er þannig að þriðjungur verka er frá Wales, þriðjungur frá Íslandi og þriðjungur frá hinum Norðurlöndunum.

Jónína, sem notar listamannsnafnið Ninný, er í stjórn Norræna vatnslitafélagsins, sem stendur að viðburðinum ásamt Konunglega vatnslitafélaginu í Wales. „Það eru tvö ár síðan ég var beðin að skipuleggja þessa sýningu og það er búið að vera stórt verkefni en skemmtilegt. Fékk hann Derek Mundell í lið með mér og hefði aldrei getað þetta án hans," segir Jónína sem á von á mörgum erlendum gestum, varla þó Karli Bretaprins þrátt fyrir að hann sé verndari hins velska félags.

Sýningin verður opnuð á efri hæð Norræna hússins klukkan 15 stundvíslega með ávörpum forseta félaganna og léttum veitingum. Svo verður haldið niður í stóra salinn þar sem myndunum er fallega fyrir komið á veggjum og flekum. Klukkan 16 ætlar þekkt tónlistarkona frá Wales, Eira Lynn Jone, að spila á hörpu í salnum á efri hæðinni út frá sínum hughrifum frá listaverkunum og myndir af þeim munu rúlla á tjaldi á bak við hana. Jónína er ekki í vafa um að það verði einstakt og spennandi. „Svo getur fólk farið niður í sýningarsalinn aftur og notið listarinnar þar," segir hún og tekur fram að allir séu velkomnir.

Sýningin Tenging landa og lita stendur til 10. desember og aðgangur er ókeypis. - gun

## Um helgina



Hildur Kristín Stefánsdóttir söngkona

### SLAKAR Í BOTN

Ég er enn þá að ná mér niður eftir Airwaves törnina þannig að ég ætla bara að reyna að slaka í botn. Kíkja í brunch með vinkonu, fara í afmæli og svo kannski horfa á aðra seríuna af Stranger Things – alla.



Heimir Eyvindarson hljómborðsleikari

### SPILAR Á SVEITABALLI

Ég ætla að spila á hrikalega skemmtilegu sveitaballi á SPOT í Kópavogi á laugardagskvöldið, ásamt vinum mínum í hljómsveitinni Á móti sól.

### LESIÐ

Dóri mælir með bókinni Aftur og aftur eftir Halldór Armand. „Hún er búin að éta upp heilann í mér. Ég held að allir Íslendingar séu með einhverjar pælingar um hvað samfélagsmiðlar eru að gera þeim og bókin er ógeðslega góð að lesa fyrir fólk sem hefur áhyggjur af samfélagsmiðla-, farsíma- og tölvunotkun."






Dóri DNA, skáld

### DANSAR REGNDANSINN

Ég ætla að reyna að jafna mig á því að það sé byrjað að snjóa og að tími myrkurs og sorgar og erfiðra morgna sé runninn upp. Ég ætla að setja börnin mín í snjógalla og fara eitthvað út. Síðan dansa ég regndansinn á sunnudaginn og bið fyrir blautri úrkomu. Síðan bara Stranger Things sería 2, elda eitthvað gott og „what the fuck".

### BÚÐU TIL SNJÓKARL

Þessa helgina er upplagt að búa til fyrsta snjókarl ársins. Leyfðu gamla pípuhattinum, treflinum og kústinum að njóta sín eftir langa bið. Láttu svo ímyndunaraflið taka völdin og finndu frumlegt snjókarlanef í grænmetisskúffunni þetta árið.

# Á myndina vantar Kjartan Óla Eiríksson 1970–2015

Um 200 Íslendingar látast árlega úr ótímabærum hjarta- og æðaáföllum. Um 12 þúsund manns á aldrinum 50–70 ára glíma við afleiðingar slíkra áfalla og lifa við skert lífsgæði vegna þeirra. Með markvissri leit er hægt að finna þessa einstaklinga áður en það er um seinan og koma í veg fyrir áföllin.

Við söfnum fyrir fyrirbyggjandi leit og innleiðingu á öllum heilsugæslum landsins.

## Finnum fólk í lífshættu

Útrýmum ótímabærum hjarta- og æðaáföllum

**907 1502** 2.000 KR. | **907 1505** 5.000 KR. | **907 1508** 8.000 KR.

HJARTAVERND

Pipar\TBWA \ SÍA

HREYFING HEILSULIND
Apótekarinn
ÞG-VERK
BLUE LAGOON ICELAND




# Halda höfði á tímum Trumps

**Ólafur Jóhann Ólafsson** segir ritstörfin styðja stjórnunarstörfin hjá Time Warner. Hann er leiðandi í samruna AT&T og Time Warner sem verður einn sá allra stærsti á heimsvísu undanfarin ár, ef hann verður samþykktur. Það er slagur fram undan sem að hans mati er nauðsyn að vinna til að geta keppt við risa á markaði. Að auki er pólitískur hiti í samfélaginu eftir kjör Donalds Trump í embætti forseta Bandaríkjanna.



Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Það er ekkert kaffi til, ég gleymdi að kaupa það," segir Ólafur Jóhann Ólafsson rithöfundur afsakandi og snýst í kringum blaðamann og ljósmyndara í eldhúsi heimilis síns í miðborginni. „Það er svona sumarbústaðastemning hér, þetta er okkar annað heimili. Við fjölskyldan dveljum hér oftast bara um jól og sumur," segir Ólafur Jóhann.

Heimilið hefur auðvitað allt annað yfirbragð en látlaus sumarbústaður. Þetta er hlýlegt heimili, teikningar eftir barn á vegg í eldhúsinu, litrík listaverk eftir Kristján Davíðsson og önnur fínlegri eftir Hörð Ágústsson í stofunni. Eldhúsið er þannig búið að það er alveg á hreinu að í því eru eldaðar máltíðir af metnaði. Ólafur Jóhann er staddur á Íslandi til að kynna nýja bók sína, Sakramentið. Það gerir hann ekki oft þótt hann hafi gefið út fjölda skáldsagna á Íslandi síðustu áratugi.

## Sonurinn fluttur til Íslands

Ólafur Jóhann hefur síðustu áratugi búið í New York, á Manhattan rétt við Central Park með eiginkonu sinni Önnu Ólafsdóttur. Þau eiga þrjú börn, Ólaf Jóhann 24 ára, Árna Jóhann 22 ára og Sóleyju 13 ára. Þau tala öll reiprennandi íslensku.

„Heimilið er eini staðurinn þar sem þau tala íslensku. Þegar þau reyndu annað þá þóttumst við Anna ekki skilja þau. Ef þú gefur þig í þessu þá er þetta búið. Við erum gallhörð í að leggja rækt við íslenskuna," segir Ólafur. Yngri sonur hans er nýfluttur til Íslands og býr í næsta húsi. „Hann fékk atvinnutilboð vestra eftir að námi lauk. Hann afþakkaði þau og flutti til Íslands. Taugin er sterk. Honum líkar vel að vera hér," segir Ólafur Jóhann frá á meðan hann sýnir ýmsa muni á heimilinu sem tengjast lífi hans.

Á efri hæðinni er vinnustofa og andi föður hans, Ólafs Jóhanns Sigurðssonar rithöfundar, alltumlykjandi. Pípurnar hans eru á skrifborðinu. Mynd af Ólafi Jóhanni litlum, líklega um fimm ára gömlum með ansi skringilega klippingu, grípur augað. „Ég klippti mig sjálfur," segir hann og hlær. Hann var greinilega ekki endilega til friðs þegar hann var lítill.

En svo sannarlega er hann til friðs á fullorðinsárum.

*„Það eru engar beinagrindur í skápnum hjá Ólafi Jóhanni." „Hann er virkilega góður drengur." „Hreinn og beinn fjölskyldumaður." „Mjög rólegur, æsir sig aldrei. Aldrei nokkurn tímann." „Eldklár. Klikkar aldrei, er alltaf til staðar."*

Þetta eru lýsingar samferðamanna, sonar og vina sem blaðamaður heyrði í um skapgerð Ólafs Jóhanns að honum óspurðum.

## Kynferðisofbeldi kveikjan-

Sögusvið nýrrar skáldsögu Ólafs Jóhanns, Sakramentið, tengist uppvexti hans því hann er alinn upp á Suðurgötu í Reykjavík og gekk í Öldugötuskóla. Hann var vanur að leika sér á túninu skammt frá Landakotsskóla og þótt honum hafi ekki beinlínis staðið stuggur af starfsmönnum skólans segist hann hafa haft á þeim fyrirvara.

Kveikjan að skáldsögunni er gróft kynferðislegt ofbeldi sem ungir nemendur skólans voru beittir af presti og skólastjóra Landakotsskóla. Séra A. George og Margréti Müller, þýskri kennslukonu við skólann.

„Við sem vorum í Öldugötuskóla vorum sum ódælir villingar. Við fórum þaðan í Melaskóla í ellefu og tólf ára bekk og svo í Hagaskóla. Þegar við fórum yfir í Melaskóla vorum við sett til hliðar. Það var ekkert verið að blanda okkur saman við aðra nemendur því við þóttum ekki eins prúð. Ég sjálfur var mjög fyrirferðarmikill strákur. Mamma þurfti oft að hitta skólastjórann Í Öldugötuskóla vegna mín. Þetta voru miklar andstæður, ólætin í sumum Öldugötuskólakrökkunum og svo ríkti þögnin í Landakotsskóla þar sem var nánast heragi," segir Ólafur Jóhann.

Hann segir skrýtið að hugsa til þess ofbeldis og illu meðferðar sem nokkur börn í skólanum þurftu að þola á meðan hann lék sér frjáls og glaður. Þegar málið hafi komið upp í fjölmiðlum hafi hann hugleitt hversu alvarlegar afleiðingar ofbeldis geta verið. Nokkru seinna hafi svo kviknað hugmynd að skáldsögu með tengingu í þetta mál.

**Líðum ekki ofbeldi** „Ég las um málið í fjölmiðlum og fór inn á spjallsíður fólks sem hafði orðið fyrir barðinu á þeim. Ég talaði líka við fólk sem var í skólanum á þessum tíma og við blaðamenn og fleiri sem komu að málinu með ýmsum hætti. Upphaf bókarinnar má rekja til frásagnar þolanda á spjallsíðu. Hugmyndin náði mér algjörlega. Þessi saga. Ég fékk þessa sögupersónu í kollinn, franska nunnu sem hefur tengingu við Ísland og byrjaði að skrifa strax. Hún var komin í hausinn á mér og krafðist útrásar," segir Ólafur Jóhann frá. „Leikarar kvarta stundum yfir því að þurfa að búa sig undir hlutverk með því að létta sig um mörg kíló eða setja sig á einhvern hátt í spor persóna sinna. Við rithöfundar göngum stundum með sögupersónur okkar í kollinum í mörg ár."

Ólafur Jóhann segist hugsa um hversu erfitt þolendur hafa átt með að segja frá ofbeldi. Tímarnir eru að breytast. „Það er eins og flóðgátt hafi opnast. Alls staðar í heiminum. Allur kvikmyndaheimurinn er upp í loft vegna þess við líðum ekki ofbeldi gegn konum og börnum. Við samþykkjum ekki lengur þessa þögn og afleiðingar ofbeldis á okkar nánustu og samfélagið allt. Áður fyrr var öllu haldið niðri. Núna er klippt á samninga við dólga sem hafa komist upp með misgjörðir árum saman í kvikmyndaiðnaði og annars staðar. Þá sprengdi ríkisstjórnina í sumar mál sem varðaði ofbeldi gegn stúlkum. Þetta snertir mig, ofbeldi gegn konum og börnum, allt ofbeldi. Auðvitað er núna allt breytt í Landakotsskóla þar sem Ingibjörg Jóhannsdóttir og kennarar vinna afar gott starf og eiga ekki skilið að fortíðin trufli það."

**AUGLÝSINGAR ÞEIRRA OG ÍMYNDARHERFERÐIR ERU SAKLEYSISLEGAR. – VIÐ GERUM EKKERT ILLT AF OKKUR, VIÐ ERUM NÚ BARA FÓLK SEM FANN EITTHVAÐ UPP Í BÍLSKÚRNUM HJÁ FRÆNKU!**

## Lífið í New York

Ólafur Jóhann hefur árum saman skrifað á morgnana og haldið svo til vinnu hjá Time Warner. Hann er afkastamikill en síðasta bók hans kom út fyrir tveimur árum. Hann lýsir dæmigerðum degi.

„Ég byrja morgnana alltaf á því að skrifa. Ég sest upp á kontór hjá mér heima og skrifa í tvo til þrjá tíma. Ég er búinn rétt fyrir tíuleytið og held þá á skrifstofuna og þar tekur við hefðbundinn vinnudagur. Ég byrja á samtölum við samstarfsfólk mitt og við fólk utan fyrirtækisins eftir þörfum. Þegar ég hef sinnt því mikilvægasta þá hreyfi ég mig aðeins, fer jafnvel í fótbolta, rétt hjá skrifstofunni.

Kem þá aftur endurnærður eins og klukkan sé níu að morgni. Seinni hluta dagsins er það vesturströndin sem yfirstjórnin er í samskiptum við. Þá er allt farið í gang þar. Ég er svo kominn heim um sjö leytið ef ég þarf ekki að fara út á kvöldin. Sem ég geri sem minnst af."

Það að Ólafur Jóhann sæki ekki í að taka þátt í samkvæmislífi fer saman við það sem sonur hans, Árni, sem er fluttur til Íslands hefur sagt blaðamanni. „Hann hefur róandi áhrif. Við erum mikið saman, fjölskyldan. Spilum saman fótbolta og eldum líka saman," sagði Árni um föður sinn. Þau séu samhent fjölskylda.

„Ég er líklega „introvert" að eðlisfari þótt ég geti alveg tekið þátt í félagslífi. Fer nokkuð létt með það. Ég hef bara ekki ríka þörf fyrir það. Lífið er ekki bara vinna og mér finnst gott að koma heim til fjölskyldunnar."

Ólafur Jóhann segir fjölskylduna líklega enn samhentari vegna flutningsins til New York. „Við búum þarna úti og ættingjar okkar hér heima. Ég held að fjölskyldur í þessari stöðu þurfi að vera samhentar, við þurfum að reiða okkur hvert á annað. En það er rétt sem Árni segir, það er aldrei rifist á heimilinu. Ég segi stundum að það sé vegna þess að ég sé svo undirgefinn. Lífið er gott þannig. Við förum í göngur, stundum útivist. Við nýtum vel Central Park, förum út í sveit um helgar. Við ➡

„Það er eins og flóðgátt hafi opnast. Alls staðar í heiminum. Allur kvikmyndaheimurinn er upp í loft vegna þess að við líðum ekki ofbeldi gegn konum og börnum," segir Ólafur Jóhann. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



ÞÍN LEIÐ, ÞÍN SAGA!
VILDARVERÐ:
3.199.-
Verð:
4.899.-
FRÁBÆRT VERÐ!
ÞITT EIGIÐ
ÆVINTÝRI
ÆVAR ÞÓR BENEDIKTSSON
ÚTGÁFUHÓF
Í DAG
KL 14:00
Í VERSLUN OKKAR Í
KRINGLUNNI
Þitt eigið ævintýri
HEE, Morgunblaðið (Um Þína eigin þjóðsögu)
„Ég mæli hiklaust með henni í jólapakkann."
- HSK, DV (Um Þína eigin hrollvekju)
Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9
Flu
Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is
Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverðs er til og með 12. nóvember eða meðan birgðir endast.
Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

eldum mikið saman, förum saman út að borða, í leikhús, á málverkasýningar, íþróttaleiki. Ég hef mjög gaman af eldamennsku og Anna segir að fjölskyldan hafi matarást á mér,“ segir Ólafur Jóhann.

**Umburðarlyndi og samkennd**

*Er hann jafn mikill rólyndismaður á vinnustaðnum sem aðstoðarforstjóri Time Warner og á heimili sínu? Hvernig stjórnandi er hann?* „Ég legg upp úr því sem stjórnandi að stjórna eins og ég myndi sjálfur vilja láta stjórna mér. Ég vil að fólk gangi að því vísu að ég sé eins á mánudegi og þriðjudegi. Það eru ekki mikil skapbrigði í mér. Fólk verður líka að geta treyst á að ég styðji það þegar á reynir. Þá er gott að hafa umburðarlyndi til að bera og skilning fyrir því að fólk geri mistök og sé ekki fullkomið,“ segir Ólafur Jóhann sem brýnir fyrir nýjum stjórnendum að tileinka sér slíkt umburðarlyndi. „Ég vil að starfsfólk okkar viti nákvæmlega við hverju er búist af því og það geti treysti því að það sé ekkert rugl eða lausung í gangi heldur fái það frið til að sinna sinni vinnu. Ég er heldur ekki að horfa yfir öxlina á fólki og er frekar umhugað um að það viti að það geti leitað til mín við lausn vandamála.“

Hann segist leggja mikið upp úr því að koma fram við fólk sem jafningja. „Það er enginn merkilegri en annar þótt hann sé með fínan titil. Það þýðir bara að sú manneskja ber annars konar ábyrgð. Ég trúi því heldur ekki að fólki líði vel eða sinni starfi sínu eins vel og hægt er sé það með svipuna á bakinu. Nærvera stjórnenda skiptir máli, framkoma í stóru sem smáu. Því það þarf að annast allt starfsfólk og koma fram við það sem jafningja. Maður þarf að geta sett sig í spor þess.“

**Að segja sögur**

Ferill Ólafs Jóhanns í viðskiptalífi er ævintýri líkastur. Hann lauk BA-prófi í eðlisfræði frá Brandeis-háskóla í Bandaríkjunum og starfaði eftir það lengi hjá Sony. Þar vann hann til dæmis að markaðssetningu fyrstu PlayStation-tölvunnar. Frá árinu 1999 hefur hann verið aðstoðarforstjóri Time Warner sem er stærsta fjölmiðlunar- og afþreyingarfyrirtæki í heimi.

*Hvað er það sem heillar svo mjög við þennan heim?*

„Ég hef gaman af honum og þeirri sköpun sem á sér stað. Ég hef alltaf verið áhugamaður um efni af öllu tagi, bækur, tónlist, bíó, íþróttaefni, fréttir, sjónvarpsþætti af ýmsu tagi. Þótt það séu breytingar og sviptingar í þessum geira þá snúast fjölmiðlar að miklu leyti um að segja sögur. Þörf fólks fyrir sögur hverfur aldrei. Jafnvel fréttir, þótt þær séu frásagnir af raunverulegum atburðum, þá segja þær sögu. Það er hins vegar dreifingin á efninu sem hefur breyst mikið síðustu ár.“



**„Þetta eru kapítalísk fyrirtæki sem græða mest á því að vita sem mest um sem flesta. Við göngum öll kaupum og sölum. Þetta hefur haft mikil áhrif á okkar bransa.“** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Samruninn krefjandi**

Hans helsta starfssvið er stefnumótun fyrirtækisins á heimsvísu og því er hann leiðandi í fyrirhuguðum samruna fyrirtækisins við fjarskiptarisann AT&T.

AT&T keypti Time Warner fyrir 85 milljarða Bandaríkjadala eða um tíu þúsund milljarða íslenskra króna á síðasta ári en samkeppnisyfirvöld ytra taka sinn tíma til að samþykkja samruna af þessu tagi. Samruninn verður, ef hann verður samþykktur, einn sá allra stærsti á heimsvísu undanfarin ár.

„Við þurfum að fá betri upplýsingar um viðskiptavini okkar svo að við getum sniðið efni og auglýsingar að þeim.“

Ólafur Jóhann segir einokunarstöðu Facebook og Google og tilkomu snjallsímans mikla áhrifaþætti hvað varðar samrunann.

„Tækniþróun í þessum geira hefur alltaf stækkað markaðinn. Þannig er það núna líka. Fleiri manneskjur hafa aðgang að efni. Margt er að breytast núna vegna tilkomu snjallsímans sem fólk er með endalaust á sér og er inngönguleið margra að efni. Þá er það uppgangur Facebook og Google sem hefur breytt mjög miklu á afar skömmum tíma. Þeir eru einokunaraðilar á markaði. Sumar þessara breytinga sem hafa orðið vegna mikils uppgangs þeirra eru ekki allar jákvæðar og eru að koma í ljós núna. Til dæmis í tengslum við síðustu forsetakosningar í Bandaríkjunum. Í heimi fjölmiðlunar hafa alltaf verið fjögur til fimm stór fyrirtæki á hverju sviði og svo mörg minni sem skiptu markaðinum á milli sín. Nú erum við með Facebook og Google sem eru í algjörri einokunarstöðu á sínum sviðum. Það er engin samkeppni við Google. Sama á við um Facebook. Þeir eru með hreina yfirburðarstöðu,“ segir Ólafur Jóhann.

**ÞETTA ERU NAUÐSYNLEG TÍMAMÓT Í LJÓSI ÞESS VIÐSKIPTAUMHVERFIS SEM VIÐ BÚUM VIÐ Í DAG. ÞETTA ER KREFJANDI VERKEFNI.**

**Kapítalískir risar**

„Þessi fyrirtæki eru þannig sett saman að það er tvennt sem ræður hugsuninni. Að fá sem flesta notendur og svo að vita sem flest um þá. Þessar upplýsingar eru seldar auglýsendum og öðrum. Ég er ekkert að gagnrýna þetta fyrirkomulag per se, þetta er bara þeirra viðskiptamódel. En það er eins og sumir hafi ekki áttað sig á þessu. Auglýsingar þeirra og ímyndarherferðir eru sakleysislegar. – Við gerum ekkert illt af okkur, við erum nú bara fólk sem fann eitthvað upp í bílskúrnum hjá frænku!“ Ólafur Jóhann brosir við. Fólk þekkir þessar auglýsingar en slagorð Google hefur til dæmis lengi verið: Don't be evil.

„Þetta eru kapítalísk fyrirtæki sem græða mest á því að vita sem mest um sem flesta. Við göngum öll kaupum og sölum. Þetta hefur haft mikil áhrif á okkar bransa. Á síðasta ári voru auglýsingatekjur í stafrænum heimi í fyrsta skipti jafn miklar og auglýsingatekjur í sjónvarpi. Netflix og Amazon dreifa beint til áskrifenda. Meðan við dreifum í gegnum kapal- og símafyrirtæki og gervihnetti. Við erum með takmarkaðar upplýsingar um okkar viðskiptavini. Það þarf að breytast sem fyrst til að við getum keppt á þessum markaði. Við verðum að fá meiri upplýsingar til að geta sinnt viðskiptavinum okkar betur, þá erum við betur í stakk búin til að keppa við risana á markaði, Facebook og Google.“

**Betri tengsl við fólk**

*Hefur þú fylgst með þróun mála hér á landi en nú stendur yfir samruni Vodafone, Stöðvar 2 og Vísis?* „Já, og það er greinilega svipuð hugsun sem fylgir þeirri ákvörðun. Að ná betur til viðskiptavina. Svo getur fólk deilt um hvort þessi þróun er of langt gengin. Hvort það er búið að safna of miklum upplýsingum um fólk til notkunar. Á meðan reglugerðir styðja þessa þróun þá verða þeir sem keppa á þessum markaði að sníða þjónustuna að henni. Hvort sem það eru auglýsingar eða framboð á efni.“

*En hvað finnst honum sjálfum persónulega? Er þetta góð þróun?*

„Þetta hefur gerst mjög hratt og maður verður að aðskilja hvað hentar manni sjálfum og hvað hentar öðrum.

Ef ég færi að stýra því hvaða bíómyndir væru gerðar þá myndum við fljótt fara á hausinn. Það er margt mjög jákvætt við þessa þróun. Það er til dæmis mikill uppgangur í gerð sjónvarpsefnis og hann heldur áfram.

Það er ekkert langt síðan að leikstjórar og leikarar í kvikmyndum vildu helst ekki koma nálægt framleiðslu sjónvarpsefnis, það er gjörbreytt. Sjónvarpsefni er vandaðra en áður, efni sem er mikið lagt í. Það einkennir framleiðsluna einnig víðari skírskotun. Þótt tiltekið efni höfði ekki til allra, þá er það ekki endilega það mikilvægasta. Bara að það höfði sterkt til ákveðins hóps. Það skiptir máli að ná betri tengslum við áhorfendur. Það er eftirsóknarvert.“

**Hver verður þrællinn?**

„Snjallsímarnir!“ Ólafur Jóhann dæsir. „Nú er síminn alltaf við höndina og menn geta deilt um það hvor sé þræll hvors. Eigandinn eða síminn. Þegar við erum þrælar símans er ekki öfugt fylgir því ákveðin taugaveiklun. En snjallsímarnir eru komnir til að vera og halda áfram að þróast hratt. En það er spurning hvort að við höfum lært nógu vel að nota þá. Hvor verður þrællinn? Síminn eða við?

Það er ekki langt síðan því var velt upp í samfélagsumræðunni hvort það væri einhver þörf fyrir atvinnublaðamenn, ég held að fólk þurfi bara að skoða hvað gerðist í síðustu forsetakosningum í Bandaríkjunum til að gera upp hug sinn.

Í þeim var búið til efni og kannað hverjir gætu verið ginnkeyptir fyrir því. Síðan voru seldar auglýsingar í kringum það. Þetta var gert til að hafa áhrif og til að græða peninga.“

**Hiti og harka í pólitíkinni**

*Talandi um falsfréttir. Hvernig er að vera í Bandaríkjunum á tímum Trumps? Hefur hann ekki áhrif á starfsemi fyrirtækisins?*

„Það er rétt að forsetinn hefur kallað CNN „Fake news“. Við verðum bara að halda höfði og reka fyrirtækið eftir sem áður á nákvæmlega sömu forsendum. CNN er hlutlaus fréttamiðill og við höldum þeim dampi. Ég vonaði að Trump myndi stækka upp í hlutverkið eftir að hann var kosinn. Ég er ekki flokkspólitískur en þessi gildi sem maður er vanur að treysta á í Bandaríkjunum, sum þeirra hafa verið látin róa. Þá er einnig miklu meiri harka í pólitík en ég man eftir í Bandaríkjunum og það hefur að sjálfsögðu áhrif á allt samfélagið. Það er hiti og harka sem mótar alla umræðu.“

Hvað sem verður, hvernig sem hlutir þróast í sviptingum í viðskiptum og stjórnmálum eru ritstörfin fastur punktur. „Ég hef mikla ánægju af því að skrifa. Tíminn líður hratt meðan ég sit við skrifborðið, gufar upp. Þetta er ástríða sem ég held að fari aldrei.

Ég er í raun í tveimur heimum á margs konar hátt. Íslandi og erlendis. Í viðskiptum og skáldskap. Ég gæti líklega ekki valið á milli. Bítlarnir eða Rolling Stones? Af hverju að velja ef eitt styður annað? Þessi kokteill virðist virka fyrir mig. Það sem maður eyðir miklum tíma í, það verður það sem manni þykir vænt um.“







## GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Í nóvember bjóðum við **vetrardekk, vetrarmottu í skottið, dráttarbeisli og 12 skipta vetrarþvottakort** með öllum nýjum Hyundai Tucson og Santa Fe.

Gríptu tækifærið! Komdu í reynsluakstur og tryggðu þér nýjan Hyundai sportjeppa kláran í vetrarfærðina.

**Opið í dag frá 12–16**

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai Santa Fe - dísilvél 2,2 lítrar, 200 hestöfl, eldsneytisnotkun 8,9 l/100 km*. Hyundai Tucson - dísilvél 2,0 lítrar, 136 hestöfl, eldsneytisnotkun 6,1 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,6 l/100 km*.
**Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð.** *Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

# Gefur ferilinn ekki upp á bátinn

**Eliza Reid** ætlar ekki að gefa feril sinn alfarið upp á bátinn þótt hún sé orðin forsetafrú. „Árið er 2017!“ segir hún. Hún fór nýverið og heimsótti flóttamannabúðir í Jórdaníu fyrir hönd UN Women þar sem dvelja 80 þúsund flóttamenn, mest konur og börn.



Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Eliza Reid er á leið í hundrað ára afmæli ömmu sinnar. Hún býr að sterkum kvenfyrirmyndum í fjölskyldu sinni og er umhugað um jafnrétti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eliza Reid forsetafrú er á leið í hundrað ára afmæli ömmu sinnar í Ottawa í Kanada. Börnin fara með enda er það ekki á hverjum degi sem amma verður hundrað ára. Guðni situr hins vegar að sjálfsögðu eftir heima að glíma við stjórnarmyndun.

Hún fer reglulega í heimsókn til skyldmenna sinna í Kanada og segir frá því að það sé stutt síðan amma hennar flutti á elliheimili. „Það var bara núna í september. Hún er alveg hreint mögnuð,“ segir Eliza og býður upp á kaffi í bókhlöðunni á Bessastöðum.

## Sterkar kvenfyrirmyndir

Eliza er alin upp á bóndabæ í Ashton sem er um fjörutíu kílómetra suðvestur af Ottawa. Faðir hennar kennir enskar bókmenntir og móðir hennar er menntuð í sálfræði og samfélagsfræði.

Þau hafa stundað áhugabúskap um árabil og á æskuheimili Elizu eru reyndar íslenskar kindur og hænur meðal annarra dýra. Eliza á tvo yngri bræður. Annar er rithöfundur og bók eftir hann mun koma út í íslenskri þýðingu eftir áramót. Hinn er verkfræðingur.

Hún býr að sterkum kvenfyrirmyndum í fjölskyldu sinni. „Móður- og föðursystur mínar eru bæði ógiftar og óhefðbundnar. Amma vann sem hjúkrunarkona í seinni heimsstyrjöldinni, var meðal annars send til Ítalíu þegar hart var barist þar. Ég er alin upp við ákveðin gildi, það var til dæmis aldrei sagt við mig: „Þegar þú giftist …“ Ég var ekki með hugann við það að giftast. Hugsaði meira um námið og ferilinn fram undan en að hitta einhvern sem ég myndi eyða ævinni með,“ segir Eliza.

## Norðurljós og fuglalíf

En svo gerðist það. Eliza hitti Guðna þar sem þau stunduðu bæði nám við Oxford á Englandi. „Ég er með BA-gráðu í alþjóðasamskiptum frá háskólanum í Toronto. Ég flutti 22 ára til Bretlands til að fara í meistaranám við Oxford-háskóla í nútímasögu. Þar hitti ég Guðna og það varð ekki aftur snúið.“

Þau fluttu til Íslands árið 2003. „Og nú er ég allt í einu margra barna móðir,“ segir hún og hlær og segir að yngri Eliza hefði líklega ekki gert sér það í hugarlund.

Börn Guðna og Elizu eru fjögur, Duncan Tindur (f. 2007), Donald Gunnar (f. 2009), Sæþór Peter (f. 2011) og Edda Margrét (f. 2013). Að auki á Guðni dótturina Rut (f. 1994) með fyrri eiginkonu sinni, Elínu Haraldsdóttur.



Umfangið kom Elizu á óvart, áttatíu þúsund dvelja á svæði sem er ekki stærra en Álftanes. MYND/UN WOMEN





ÉG GET EKKI STARFAÐ SEM LAUNÞEGI HJÁ EINKAFYRIRTÆKJUM. LESIÐ YFIR ÁRSSKÝRSLUR OG FLEIRA.

„Börnin hafa aðlagast vel í nýjum skóla og eignast nýja vini. Það er margt gott við að búa hér. Fuglalífið er einstakt og norðurljósin lýsa upp himininn. Kyrrðin hér er mikil en þó ekki langt að fara í mannlífið,“ segir Eliza.

## Þurfti að endurskoða ýmislegt

Eliza vann töluvert við ritstörf eftir að hún flutti til Íslands. Hún skrifaði greinar fyrir Iceland Review og Grapevine og ritstýrði um tíma flugtímariti Icelandair.

Þá stofnaði hún Iceland Writers Retreat, alþjóðlega vinnusmiðju fyrir rithöfunda. Verkefni sem henni þykir vænt um og hefur ekki sagt skilið við.

„Þótt ég sé forsetafrú þá hef ég ekki alveg sagt skilið við fyrri störf. Árið er 2017 og þó að maðurinn minn hafi fengið nýtt starf þá gef ég ekki allt upp á bátinn.“

Hún er verndari nokkurra samtaka og hefur haft nóg fyrir stafni síðan fjölskyldan fluttist búferlum af Seltjarnarnesi á Álftanesið. „Ég þurfti auðvitað að endurskoða ýmislegt. Sumum verkefnum gat ég ekki haldið áfram að sinna. Ég get ekki starfað sem launþegi hjá einkafyrirtækjum. Lesið yfir ársskýrslur og fleira. En ég vildi halda áfram að vinna við Iceland Writers Retreat. Það verkefni er hugarfóstur mitt. Það byggir á bókmenntaarfleifð Íslands og mér finnst það eiga vel við að kynna verkefnið á erlendum vettvangi,“ segir hún.

## 80 þúsund á svæði á stærð við Álftanes

Eliza fór í haust með UN Women á Íslandi og heimsótti Zaatari-flóttamannabúðirnar í Jórdaníu. „Við heimsóttum griðastaði sem UN Women hafa verið að byggja upp í flóttamannabúðunum. Mikilvægt starf sem þarf að vernda og efla í ljósi stöðu kvenna á flótta,“ segir Eliza.

„Þetta eru ótrúlega fjölmennar búðir á fremur litlu landsvæði. Áttatíu þúsund Sýrlendingar sem flúið hafa stríð í heimalandinu búa á svæði sem ekki er stærra en Álftanesið. Og fólksstraumurinn er slíkur að búðirnar eru orðnar fjórða fjölmennasta borg í Jórdaníu,“ segir Eliza.

Hún segir fjölmargar mikilvægar ástæður að baki því að UN Women leggja áherslu á griðastaði í búðunum. Ein af hverjum þremur konum í búðunum hafi verið gift á barnsaldri og njóti þannig minni tækifæra. Þá séu mjög margar kvennanna fyrirvinna fjölskyldu sinnar eftir missi maka og atvinnutækifærin því miður fá í Zaatari-búðunum.

„Konur og börn eru langstærstur hluti íbúa í búðunum. Þær hafa orðið fyrir áföllum og missi og glíma við afleiðingar þess. Þetta ➡

eru ekkjur, einstæðar mæður með mörg börn. Mjög margar hafa orðið fyrir ofbeldi,“ segir Eliza. „Og ýmsar hættur steðja að, svo sem barnahjónabönd sem fjölgar í flóttamannabúðum. UN Women starfrækja griðastaði í búðunum þar sem konur og stúlkur eru öruggar. Þær geta sett börnin í gæslu, fengið menntun og hjálp. Mestu máli skiptir fræðsla um hversu skaðlegt það er að gifta ungar stúlkur eða jafnvel börn eldri mönnum.“

**Getum gert betur**

„Ég tók viðtal við unga stúlku sem á sér stóra drauma. Hún stundar nám í ensku og hana dreymir um að verða túlkur. Þarna eru ungar konur sem eru að læra á tölvur, saumaskap og margt fleira. Þarna geta konur líka hist og átt stundir saman. Talað saman. Kvennasamstaðan skiptir mjög miklu máli. Það þarf að fjölga úrræðum á þessum griðastöðum og styrkja þá. Það var ein af ástæðum þess að ég slóst í för með UN Women þangað, “ segir Eliza en samtökin segja hundruð kvenna á biðlista eftir þjónustu griðastaðanna.

„Þetta er í fyrsta skipti sem ég heimsæki flóttamannabúðir. Það sem kom mér mest á óvart var umfangið. Þarna fæðast 80 börn á viku. Þarna eru skólar, vinnustaðir og aðalgata þar sem er hægt að kaupa ýmislegt. En þetta eru gámar staðsettir í eyðimörk. Þarna er ekki gott aðgengi að vatni og rafmagni. Fólk hélt að það væri að koma til nokkurra vikna dvalar en er svo búið að vera þarna í fimm ár. Ég komst fljótt að því að auðvitað vilja þau öll fara heim. Þau eru sárafá sem fara til Evrópu úr búðunum. Íbúar í búðunum taka ekki einu sinni eftir því þegar fjölskyldur hverfa úr hópnum.“

**ÍBÚAR Í BÚÐUNUM TAKA EKKI EINU SINNI EFTIR ÞVÍ ÞEGAR FJÖLSKYLDUR HVERFA ÚR HÓPNUM.**

**Fólk taki afstöðu**

Eliza hefur brennandi áhuga á jafnréttismálum og skýra sýn í þeim efnum. „Ég hef alltaf talið það mikilvægt að konur fái jafngóð tækifæri í þessu lífi og karlar.

Við erum öll þegnar í þessari veröld, karlar og konur, og tækifærin eiga að vera jöfn. Ég reyni að kenna börnum mínum um jafnréttismál og vona að ég hafi náð einhverjum árangri. Strákarnir mínir taka t.d. eftir því þegar þeir fá nýtt legódót að í því eru langoftast legókarlar en sjaldan konur og það særir réttlætiskenndina.

Um daginn þegar við vorum að borða kvöldmat voru elstu strákarnir mínir að karpa um hvor þeirra væri betri femínisti. Þá varð ég mjög stolt,“ segir Eliza. „Uppeldið hefur skilað einhverju. Mér finnst líka nauðsynlegt að fólk viti að það hefur rödd og allar raddir skipta máli. Ef fólk er óánægt á það að taka afstöðu, láta í sér heyra, skrifa fyrirtækjum eða stofnunum. Segja skoðun sína á opinberum vettvangi. Ég reyni líka að vera rödd í mínu starfi, enda er ég meira í sviðsljósinu núna.“

**Karlmenn með í liði**

Konum fækkaði umtalsvert á þingi í nýafstöðnum kosningum. Hvað finnst henni um það og hver er leiðin fram á við? „Þetta er afturför. Það er alveg ljóst. En ég held að það sé mjög mikilvægt að hafa karlmenn með okkur konum í liði. Við getum ekki ýtt þeim út á jaðarinn, þeir þurfa að taka þátt í að koma á jafnrétti. Við erum mjög framarlega á heimsvísu hvað varðar jafnréttismál en getum alltaf gert betur.“

## Zaatari-búðirnar

1 af hverjum 3 konum í Zaatari-búðunum hefur verið **gift á barnsaldri.**

1 af hverjum 5 konum í búðunum er **fyrirvinna fjölskyldu sinnar**. Atvinnutækifæri fyrir konur í Zaatari eru sárafá.

Þú getur sent sms- **KONUR í 1900** (1.490 kr.) og veitt þeim atvinnu og öruggt skjól.

**Sterkar raddir með hreim**

Hún segist sannfærð um að stjórnarmyndun fari vel. „Guðni er sérfræðingur í sögu stjórnmála á Íslandi og þekkir þetta vel. Hann hefur góða yfirsýn og rólega lund. Tekur bara eitt skref í einu. Þetta er í öruggum höndum frá mínum sjónarhóli séð. Við þurfum að læra að vinna saman, finna það sem sameinar frekar en það sem sundrar. Það er nefnilega mjög margt sem sameinar.“ segir Eliza. „Það er allajafna gott fólk sem tekur þátt í íslenskum stjórnmálum. Fólk sem leggur sitt af mörkum til að bæta samfélagið okkar.“

Henni eru að sjálfsögðu málefni innflytjenda afar hugleikin. „Það eru forréttindi að fá að vera í þessu hlutverki. Ég get valið mér verkefni og hef tækifæri til að vekja athygli á brýnum málum með því að ræða um þau. Taka þátt í málefnastarfi. Ég geri það sem kona og auðvitað líka sem innflytjandi. Ég tala með hreim og ber orð fram rangt. Ég er ekki með sama orðaforða og aðrir Íslendingar sem eru fæddir hér og uppaldir. En það er mikilvægt að við sem tölum með hreim og beygjum stundum vitlaust og svona, höfum samt sterka rödd. Við þurfum að hvetja innflytjendur til að læra tungumálið,“ segir Eliza.

**Sátt við lífið**

Helsta áhugamál Elizu eru bókmenntir. Hún hefur haft nóg að lesa upp á síðkastið því hún er í valnefnd fyrir kanadísk bókmenntaverðlaun, BC National Award for Canadian Non-Fiction. Og sjálfri finnst henni gaman að skrifa. Ætlar hún að skrifa bók á Bessastöðum? „Ég hef aldrei skrifað bók og get heldur ekki sagt að ég gangi með bók í maganum. Jú, mér finnst gaman að skrifa en er nú samt ekki að skrifa skáldsögu. Ég geri það ekki nema ég fái góða hugmynd. Kannski gerist það á morgun? Hver veit? En ég er hins vegar mjög sátt við líf mitt hér.“



# Leitar að fólki með sjaldgæfa stökkbreytingu

Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@365.is



**Sonur manns sem glímir við ólæknandi erfðasjúkdóm hyggur á stofnun sjúklingafélags til að finna þeim sem einnig bera stökkbreytinguna samastað. Fjölkerfasjúkdómurinn DM er óvenju algengur hér á landi.**

Erfðasjúkdómarnir skipta þúsundum, og þeir eru jafn fjölbreyttir og þeir eru margir. Nú á dögum, á tímum meiriháttar framfara í erfðavísindum, skýtur það skökku við að manneskja geti borið alvarlega stökkbreytingu í erfðamengi sínu án þess að vera meðvituð um það. Við erum ennþá að læra á þennan grunnkóða okkar, og við eigum enn langt í land.

Einn af þessum sjaldgæfu og lúmsku sjúkdómum ber fræðiheitið Myotonic Dystrophy. Oftast kallaður DM en á íslenskri tungu hefur hann hlotið heitið spennuvisnun. Hann er algengasti vöðvavisnunarsjúkdómurinn í fullorðnum, en um leið er hann svo miklu meira en það.

DM er í raun fjölkerfasjúkdómur. Einkennin eru afar fjölbreytt, allt frá vöðvaherpingi, vöðvarýrnun, kraftleysi og hjartagalla, til skýmyndunar á augasteini og vitsmunaskerðingar. Sértækari einkenni eru innkirtlavandamál á borð við vanstarfsemi heiladinguls og rýrnun á eistum ásamt skalla, heyrnarleysi og kyngingarvandamálum.

Það eru hinar margvíslegu birtingarmyndir DM sem gera hann svona erfiðan í greiningu. Þeir sem þjást af þessum einkennum eru oft og tíðum ranglega greindir. Því hefur reynst erfitt að henda reiður á algengi hans. Vísindamenn, hér á landi og víðar, hafa þó freistað þess að gera það.

### DM á Íslandi

Árið 2005 birti hópur vísindamanna rannsókn sem varpaði ljósi á algengi sjúkdómsins hér á landi. Niðurstöður þessarar rannsóknar sýndu fram á algengi sem er mun hærra en gengur og gerist annars staðar, eða 28,2 af hverjum 100 þúsund. Alls fann hópurinn 130 einstaklinga sem voru með erfðagallann, þar af voru 82 á lífi. Innbyrðis skyldleiki sjúklinganna leiddi í ljós að sjúkdómurinn finnst í tíu íslenskum fjölskyldum. Hugsanlega má rekja stökkbreytinguna til sameiginlegs forföður í níu af þessum tíu fjölskyldum.

„Sjúkdómurinn virðist vera algengari hér á landi heldur en almennt var talið erlendis,“ segir Jón Jóhannes Jónsson. Hann var einn af höfundum rannsóknarinnar sem birt var árið 2005. Í dag er hann yfirlæknir erfða- og sameindalæknisfræðideildar Landspítala. „Síðan þá höfum við greint enn fleiri einstaklinga. Þannig að algengi sjúkdómsins virðist vera meira en við greindum fyrir tólf árum.“

Engin lækning er til fyrir DM. Aðeins er hægt að meðhöndla og milda einkennin, og auðvelda þeim lífið sem greinast með sjúkdóminn.

„Sjálfur sjúkdómsgangurinn er mjög hægur. Sjúklingurinn gerir sér ekki alltaf grein fyrir hvað hann er kominn með mörg einkenni,“ segir Jón Jóhannes. „Það er dæmigert fyrir þennan sjúkdóm að vera vangreindur.“

Mikil og brýn þörf er á sérhæfðu eftirliti með þeim sem greinast með DM. Stundum er þörf á sérhæfðu inngripi. Því fyrr sem hægt er að bregðast við, því betra. Auk þess þurfa þessir einstaklingar að stunda reglulega hreyfingu. Það er hins vegar meiriháttar verkefni að finna þá.

„Þetta er það sjaldgæfur sjúkdómur að læknar og heilbrigðisstarfsfólk þekkja hann ekki vel. Þú þarft að vera á varðbergi til að greina hann.“

### Væntingaerfðir

Margvíslegar flóknar spurningar vakna þegar rýnt er í hvernig DM erfist milli kynslóða. Sjúkdómurinn myndast vegna ríkjandi galla í arfbera, eða foreldri, og einkenni sjúkdómsins koma fyrr fram hjá næstu kynslóð. Þetta fyrirbæri kallast væntingaerfðir og það undirstrikar mikilvægi þess að greina sjúkdóminn sem fyrst.

DM á rætur að rekja til endurtekningar í geninu DMPK (gen eru sameindatexti okkar, uppskrift að því hvernig búa á til verkfæri líkamans). Endurtekning í DMPK er eðlileg en þegar DM-stökkbreytingin á sér stað verður þessi endurtekning aukin. Þegar genið færist milli kynslóða, frá foreldri til barns, myndast óstöðugleiki í geninu og endurtekningarnar verða fleiri. Svona gengur þetta, koll af kolli, innan fjölskyldunnar. Því fleiri endurtekningar, því fleiri einkenni.

Þannig fæðast sum börn með DM-sjúkdóminn. Þessi börn eru kraftlítil. Öndunarbilun dregur sum þeirra til dauða. Þau sem þrauka fá framsækin vöðvaeinkenni eins og í hefðbundinni gerð DM. Rúmlega helmingur þessara barna býr við vitsmunaskerðingu.

### Leitin hefst

Einn af þeim sem nú halda í leiðangur í leit að einstaklingum með DM er Haukur Svansson, 23 ára gamall sálfræðinemi við Háskóla Íslands. Haukur er ekki með DM, en faðir hans ber stökkbreytinguna.

„Það eru 50 prósent líkur á að barnið fái DM ef foreldri er með sjúkdóminn. Pabbi minn er með hann en ekki ég og ekki bræður mínir heldur,“ segir Haukur. „En pabbi á átta systkini. Af þeim hafa tvö dáið úr sjúkdóminum. Eitt systkini er einkennalaust.“

Haukur tók höndum saman við Jón Jóhannes og nú stendur til að stofna sjúklingafélag fyrir einstaklinga með DM.

„Ég hef lengi viljað gera eitthvað fyrir þennan hóp. Það sorglega er að það var reynt á sínum tíma og þá í samstarfi við pabba. Eitt af því sorglega við þennan sjúkdóm er svokallað apathy (ísl. sinnuleysi). Þetta lýsir sér þannig að fólk gerir lítið úr veikindum sínum, þó svo að það geri sér grein fyrir alvarleika sjúkdómsins. Þetta er ekki fólk sem vaknar og ætlar að sigra heiminn.“

### Eftirlit og aðstoð

Haukur er þannig ákveðinn frumkvöðull í fjölskyldunni. Hann rifjar upp hvernig talað var um þessi miklu veikindi í bernsku hans, áður en hann vissi að hann var ekki með sjúkdóminn. Þá var þetta kallað vöðvavisnunarsjúkdómur. „Núna vitum við betur. Núna veit ég að þetta er ekki bara vöðvahrörnunarsjúkdómur,“ segir Haukur og heldur áfram: „Þessi hópur er ekki að fara að gera þetta. Það vantar aðstandendur sem koma að þessu og akkúrat núna vita aðstandendur þessa hóps lítið um sjúkdóminn.“

Haukur sér fyrir sér að stofnsetja eins konar miðstöð fyrir fólk sem vill fræðast um DM. Það er hægara sagt en gert að kynna sér sjúkdóminn, enda lítið af efni til um hann á íslensku. Í gegnum sjúklingafélagið verði veittar upplýsingar og aðstoð.

Í framhaldinu, með tíð og tíma, verði síðan hægt að veita sérhæft eftirlit þar sem sjúklingar koma árlega í blóðþrýstingsmælingu og skoðun á kæfisvefni o.fl. „Við höfum 150 sjúklinga, þó svo að það sé ekki staðfest. Það bráðvantar teymi til að sjá um þennan hóp.“

„Það er nefnilega svo margt hægt að gera eftir að þú færð þessa greiningu, í staðinn fyrir að veslast upp með ólæknandi sjúkdóm,“ segir Haukur. „Í dag er þetta þannig að þú ert greindur með sjúkdóm og sendur út í kerfið. Þar bíður þú þangað til þú deyrð. Það er margt hægt að gera, það er hægt að tefja þetta og það er hægt að leyfa þessum einstaklingum að lifa góðu lífi.“

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan hugmyndin að sjúklingafélaginu kviknaði. En Haukur hefur nú stofnað félagið og heldur kynningarfund 18. nóvember að Ásvöllum 1 í Hafnarfirði.




> SJÚKDÓMURINN VIRÐIST VERA ALGENGARI HÉR Á LANDI HELDUR EN ALMENNT VAR TALIÐ ERLENDIS
>
> Haukur Svansson





FJARÐARKAUP OG GÓA KYNNA MEÐ STOLTI
Við komum með jólin til þín!
Jólagestir
Björgvins
2017
Síðustu forvöð!
EKKI ER HÆGT AÐ BÆTA VIÐ FLEIRI TÓNLEIKUM
10. DESEMBER KL 17:00 - UPPSELT
10. DESEMBER KL 21:00 - UPPSELT
11. DESEMBER KL 21:00 - UPPSELT
NÝIR AUKATÓNLEIKAR
12. DESEMBER KL 20:00
Sérstakur gestur Stefán Karl
Sérstakur gestur Sturla Atlas
ÖLL MET SLEGIN Í HÖRPU
UPPSELT Á ÞRENNA TÓNLEIKA
SALA HAFIN Á NÝJA AUKATÓNLEIKA 12. DESEMBER KL. 20:00
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON · GISSUR PÁLL · JÓHANNA GUÐRÚN · JÚNÍUS MEYVANT · KATRÍN HALLDÓRA SIGURÐARDÓTTIR
PÁLL ÓSKAR · RAGGA GÍSLA · SVALA SÉRSTAKIR GESTIR STEFÁN KARL · STURLA ATLAS OG JÓLASTJARNAN 2017
Stofnað 1968
FK
FJARÐARKAUP
www.jolagestir.is
Jolagestir
Miðasala fer fram á Harpa.is/jolagestir og í síma 528 5050
Nánar á www.sena.is/jolagestir
sena LIVE!




Macchiarini öðlaðist frægð árið 2008 þegar hann græddi plastbarka, þakinn stofnfrumum í Andemariam Beyene. Hann reyndist svikahrappur. MYND/EPA.

# Blekkingameistarinn Paolo Macchiarini

Ferill ítalska skurðlæknisins Paolos Macchiarini innan og utan vinnustaða hans er ævintýrum líkastur. Plastbarkamisferli hans batt enda á það ævintýri.

Jóhann Óli Eiðsson
johannoli@frettabladid.is



Það hefur komið betur og betur ljós á undanförnum árum að ítalski skurðlæknirinn Paolo Macchiarini er svikahrappur. Macchiarini öðlaðist frægð árið 2008 þegar hann græddi nábarka í spænska konu. Hann varð heimsfrægur þremur árum síðar þegar hann græddi plastbarka, þakinn stofnfrumum, í Erítreumanninn Andemariam Beyene. Sá hafði verið við nám hér á landi og var vísað á Paolo af íslenskum læknum.

Mál Macchiarinis hafa verið í umræðunni í liðinni viku eftir að rannsóknarnefnd Háskóla Íslands og Landspítalans birti skýrslu í upphafi vikunnar um þátt íslenskra lækna og fræðimanna í aðgerðinni, meðferðinni eftir hana og vísindagrein um hana í læknatímaritinu The Lancet. Í skýrslunni er meðal annars dregin sú ályktun að íslenskir læknar hafi ekki sýnt af sér nægilega aðgæslu í samskiptum við hann en einnig er sagt að Macchiarini hafi hreint út sagt reynt að notfæra sér kollega sína.

Með hverri skýrslu sem gerð er um mál plastbarkaaðgerða Macchiarinis kemur í ljós nýr skandall. Hann hefur orðið uppvís að því að sniðganga siðanefndir, blekkja háskólastofnanir og samlækna sína. Blekkingarnar ná ekki aðeins til starfsframa hans heldur teygja þær sig einnig inn í einkalíf hans.

Macchiarini fæddist í Basel í Sviss árið 1958. Hann sótti sér gráður sem læknir og síðar skurðlæknir í læknadeild háskólans í Pisa. Á ferilskrá hans má finna störf við háskóla og háskólasjúkrahús í Hannover, Barcelona, London og Franche-Comté. Fjölmargir þessara skóla hafa hins vegar dregið í land með Macchiarini eftir að mál hans komust í hámæli.

Í skýrslum sænskra rannsakenda var meðal annars fjallað sérstaklega um ráðningu Macchiarinis til Karolinska. Var þar sagt að aldrei hefði átt að ráða hann þangað. Frá sjúkrahúsum sem hann hafði áður unnið á höfðu borist upplýsingar um hæfni hans sem skurðlæknir. Engum duldist að hann var einn sá allra færasti í heiminum þegar að því kom að meðhöndla hnífinn en hins vegar ætti hann til að vera skeytingarlaus gagnvart ráðleggingum samlækna um hvers konar aðgerð eða meðferð væri rétt að framkvæma. Í skýrslunum kemur einnig fram að þegar Macchiarini var ráðinn til Karolinska árið 2010 höfðu stjórnendur Karolinska háskólans umtalsvert meiri áhuga á að fá hann til starfa heldur en Karolinska sjúkrahúsið.

Þetta kemur til að mynda skýrt fram í samskiptum Tómasar Guðbjartssonar við Macchiarini. Upphaflega stóð til að vísa Beyene til Karolinska til rannsókna og til að kanna hvers konar aðgerð væri möguleg. Var sérstakur laserskurður nefndur sérstaklega í því samhengi af hálfu Tómasar. Þær tillögur lét Macchiarini sem vind um eyrun þjóta og virtist strax verða ákveðinn í að græða eitthvað í sjúklinginn. Fékk hann Tómas meðal annars til þess að breyta texta í tilvísun sinni að því er virðist gagngert í þeim tilgangi að koma plastbarkanum fyrir. Sagði hann að breytingin væri til þess að koma málinu í gegn hjá siðanefnd en engin slík umsókn var send af stað. Sjálfur segir Tómas að Macchiarini hafi blekkt sig með þessu athæfi sínu.



Macchiarini öðlaðist frægð með því að græða nábarka í sjúklinga. Þessi mynd er úr slíkri aðgerð sem gerð var í Flórens árið 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Slíkar sögur eru alls ekkert einsdæmi. Árið 2016 birtist í bandaríska tímaritinu Vanity Fair viðtal við fyrrverandi unnustu Macchiarinis. Sú heitir Benita Alexander en hún starfaði sem framleiðandi hjá NBC sjónvarpsstöðinni. Árið 2009, eftir nábarkaígræðsluna, vann stöðin að þætti um Macchiarini og störf hans. Við gerð þáttanna felldu þau hugi saman og áttu í sambandi. Í viðtalinu lýsir Benita Alexander rómantískum ferðum um heiminn auk heimsókna til Stokkhólms. Þau voru í fjarsambandi, Benita í New York en Paolo í Svíþjóð, í um sex ár. Á jóladag árið 2013 bað skurðlæknirinn Benitu sem svaraði játandi.

Brúðkaupið skyldi fara fram á sumarmánuðum ársins 2015. Allt stefndi í að þetta yrði brúðkaup fullt af fyrirmennum. Enginn annar en páfinn átti að gefa þau saman en Macchiarini tjáði henni að hann væri persónulegur læknir páfans. Ekki nóg með að hann sæi um sjálfa vígsluna heldur átti athöfnin og veislan að fara fram í Gandolfokastala, persónulegum sumarhíbýlum páfans. Á gestalistanum yrðu fleiri sem tengdust lækninum vinaböndum. Vladimír Pútín og Barack Obama voru báðir væntanlegir sem og Hillary Clinton og Nicolas Sarkozy.

„Þetta var rómaður og farsæll skurðlæknir sem við höfðum elt um veröldina í tengslum við heimildarmyndina. Sú hugsun, að hann væri að ljúga þessu öllu saman, var í raun súrrealísk. Sagan var of fáránleg til að geta verið lygi,“ sagði Alexander meðal annars við Vanity Fair. Trúlofuninni var slitið þegar vinur hennar benti henni á að samkvæmt dagskrá páfans væri hann bókaður í ferð um Suður-Ameríku á sjálfan brúðkaupsdaginn. Að auki kom í ljós að Paolo Macchiarini var kvæntur og átti tvö börn með eiginkonu sinni.

Í umfjöllun Vanity Fair er einnig sagt frá því hvernig Macchiarini falsaði stöður á ferilskrá sinni. Þær falsanir urðu meðal annars til þess að hann komst að hjá öðrum sjúkrahúsum og menntastofnunum síðar meir. Þær stofnanir leyfðu fullyrðingunum að standa í einhverja stund þar sem það þótti skaða orðspor þeirra að hafa fallið fyrir blekkingum læknisins.

Eftir að upp komst um plastbarkamisferlið var Macchiarini rekinn með skömm frá Karolinska. Hann var kærður fyrir manndráp af gáleysi en það mál fellt niður. Þá hefur hann einnig hlotið kærur fyrir brot á lyfjalögum og að hafa fengið sjúklinga til að breyta sjúkrasögu sinni í því skyni að fá að skera þá upp. Akademískur og klínískur ferill mannsins, sem eitt sinn þótti líklegur til að hljóta Nóbelinn í læknisfræði, er búinn.

## Atburðarásin

**HAUST 2010**
Macchiarini ráðinn sem gestaprófessor hjá Karolinska Institutet (KI) og stefnir að því að vinna að stofnfrumurannsóknum. Samhliða starfi sínu er hann skurðlæknir á Karolinska sjúkrahúsinu (KS).

**2011-2012**
Gerir þrjár aðgerðir á sjúkrahúsinu þar sem hann græðir plastbarka hjúpaðan stofnfrumum í sjúklinga. Aðgerðirnar eru gerðar á þeim grundvelli að þær séu neyðarúrræði og sjúklingarnir eigi enga lífsvon án þeirra. Einn þeirra, og sá fyrsti, er Andemariam Beyene. Aðgerðin á honum var gerð í júní 2011.

**2012**
Einn sjúklinganna deyr aðeins mánuðum eftir að aðgerðin var gerð. Andemariam Beyene lést síðan um 30 mánuðum eftir aðgerð sína. Síðasti sjúklingurinn er á lífi en glímir við margvísleg vandamál vegna hennar.

**2013**
Samningur KS við Macchiarini er ekki framlengdur.

**JÚNÍ 2014**
Belgískur læknir sendir inn tilkynningu vegna mögulegs vísindamisferlis Macchiarinis. Sett er á fót rannsóknarnefnd sem hreinsar hann af öllum ásökunum.

**JÚNÍ-ÁGÚST 2014**
Tvær tilkyningar um vísindalegt misferli eru sendar KS. Talið er að niðurstöðum aðgerðanna hafi verið lýst með ósönnum hætti í vísindagreindum.

**NÓVEMBER 2014**
KI skipar Bengt Gerdin, prófessor emiritus við Uppsalaháskóla, til að rannsaka málið.

**APRÍL 2015**
Macchiarini birtir andsvar við þeim ásökunum sem hafðar eru uppi gegn honum.

**MAÍ 2015**
Gerdin skilar skýrslu og niðurstöður staðfesta að um vísindalegt misferli hafi verið að ræða.

**ÁGÚST 2015**
KI sendir frá sér yfirlýsingu um að stofnunin sýkni Macchiarini af ásökunum um vísindalegt misferli. Hins vegar hafi rannsóknir hans ekki náð að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til rannsókna við stofnunina.

**NÓVEMBER 2015**
Macchiarini framlengir samning sinn við KI.

**JANÚAR 2016**
Vanity Fair birtir grein þar sem sagt er frá því að Macchiarini hafi falsað ferilskrá sína. KI rannsakar málið.

**JANÚAR 2016**
Heimildarmynd í þremur hlutum sem fjallar um störf Macchiarini er sýnd á SVT. Myndin leiðir í ljós áður óþekkta hluti sem varpa skugga á sögu læknisins. Afsagnir fylgja hjá ýmsum stjórnendum KI.

**MARS 2016**
Samningi KI við Macchiarini sagt upp og hann leystur frá störfum.

**ÁGÚST 2016**
Kjell Asplund birtir skýrslu sína Fallet Macchiarini. Þar segir að aðgerðirnar hafi falið í sér tilraunir en ekki meðferð. KI og KS hafi sýnt af sér gáleysi. Skýrslan leiðir einnig í ljós að flestar reglur voru hunsaðar í aðdraganda aðgerðanna af hálfu Macchiarini.





VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Pítsa er ekki það sama og pítsa



Flatbakan er án efa drottning skyndibitans, uppruni hennar er rakinn til ítölsku borgarinnar Napolí. Gott hráefni er frumforsenda góðrar pítsu segja pítsugerðarmenn. Pítsan hefur aldrei verið vinsælli og ekkert lát á því.

Ásta Hrafnhildur Garðarsdóttir
astahrafnhildur@frettabladid.is

Heimildir herma að nafnið pizza hafi fyrst komið fram á 17. öld. Frægasta pítsan er án efa Margarita sem pítsugerðarmaðurinn Raffaele Esposito setti saman fyrir Margaritu frá Savoy, eiginkonu Umberto konungs Ítala, á þeim tíma. Samsetning pítsunnar er með skírskotun í fánaliti þjóðarinnar, grænt basil, rauð tómatsósa og hvítur mozzarellaostur. Þessi grunnsamsetning pítsunnar er helsta einkenni hennar enn í dag.

Haukur Már Gíslason, sem nýverið opnaði pítsustaðinn Flatey á Grandagarði í samstarfi við félaga sína, segir að Margarítan sé metnaðarfyllsta form pítsunnar, „hennar á njóta með lokuð augun og finna hvert bragð fyrir sig“.

Á veitingastaðnum Flatey er haldið sterkt í upprunalegu hefðina frá Napolí. „Ég er með þráhyggju fyrir þessari gerð af pítsu. Kynntist Napolípítsunni í Bandaríkjunum fyrir einhverjum árum síðan og kolféll fyrir henni.“ Mikill metnaður er hjá þeim pítsubændum í Flatey og flytja þeir inn allt hráefni sjálfir.

„Við notum einvörðungu ítalska tómata sem við flytjum inn beint frá bónda, þeir eru lítið beiskir og henta vel til sósugerðar. Hveitið okkar er lífrænt og líka frá Ítalíu og mozzarella-osturinn okkar er einstakur.“

## Pítsugerð er list

Haukur Már fór í pílagrímsför til Napolí til að finna hina einu réttu pítsu, hann lét ekki sitja við orðin tóm og borðaði fimm pítsur á dag í tvær vikur. Svo virðist sem hann hafi dottið niður á réttu samsetninguna því ekkert lát er á vinsældum staðarins þrátt fyrir að það sé skammt liðið frá opnun. Athygli vekur að bökunartíminn á pítsunum er ekki nema ein mínúta. „Við hitum ofninn í 500 gráður og það styttir eldunartímann umtalsvert, og það segir sitt um vinsældirnar að biðtíminn er skammur, það hentar mörgum vel.“ En eru pítsur hollur matur? „Við teljum að okkar pítsur séu það, við erum með súrdeig sem gerjast í sólarhring og við það brotnar sterkjan og glútenið niður og þar af leiðandi fer deigið betur í maga.“

Blaðamanni lék forvitni á að vita hvaðan nafn staðarins kemur, Flatey, og hvort það sé tenging við eyjuna fögru á Breiðafirði. „Það eru ýmsar tengingar bæði við eyjuna og annað en í rauninni er þetta þannig til komið að pítsurnar okkar eru ekki flatar, það er upphleyptur kantur í kring og því eru þær ei flatar – Flatey.“



Bökunartíminn á pítsunum er ekki nema ein mínúta. „Við hitum ofninn í 500 gráður og það styttir eldunartímann umtalsvert.“



> MARGARÍTAN ER METNAÐARFYLLSTA FORM PÍTSUNNAR, HENNAR Á NJÓTA MEÐ LOKUÐ AUGUN OG FINNA HVERT BRAGÐ FYRIR SIG.

Pítsan er án ef langvinsælasti skyndiréttur þjóðarinnar og margir fastheldnir á álegg og tegundir. „Íslendingar eru vanari bandarísku útgáfunni af pítsu og hrúga öllu saman þannig að hún verður meira eins og heitur brauðréttur.“

Kæmi til greina að vera með jólapítsu –„ ef að við færum út í slíkt þá myndi ég væntanlega vera með grænt pestó, pepperoni-jólatré og nota mikið af parmesan, það er aldrei að vita nema við gerum eitthvað slíkt,“ segir Haukur Már pítsugerðarmaður.

## Ananaslausar pítsur á Álftanesi

Álftaneskaffi er fjölskyldurekið kaffi- og veitingahús sem er í eigu hjónanna Skúla Guðbjarnarsonar og eiginkonu hans, Sigrúnar Jóhannsdóttur. Þau hjón hafa verið með fyrirtækið í rekstri í tvö ár núna í nóvember. Þau leggja áherslu á matreiðslu frá grunni og úrvals hráefni og bjóða upp á súpur, heimabökuð brauð og forláta pítsur sem hafa slegið í gegn á Álftanesi og víðar.

„Galdurinn er í sósunni, við notum íslenskt sjávarsalt, blóðberg og plómutómata. Hveitið er ítalskt og við erum eingöngu með súrdeigspítsur, þær eru miklu hollari og fara vel í maga.“

Álftanes er ef til ekki fyrsti viðkomustaður í huga margra þegar panta á fjölskyldupítsuna, en vinalegt viðmót starfsfólksins og bragðgæði matarins hafa spurst út. „Við höfum ekki mikið auglýst en hér er allt vitlaust að gera, mikil traffík. Við viljum gera góðan mat og senda gesti okkar heim sadda og sátta. Markmiðið er að gleðja með mat.“

Matseðillinn er óhefðbundinn og margt sett á pítsurnar sem ekki sést á öðrum matseðlum.

„Það er töluverður aldursmunur á því hvað fólk pantar sér, börnin eru auðvitað meira í pepperoni. Vinsælasta pítsan okkar er avókadópítsa, með rauðlauk, sveppum, kirsuberjatómötum, vorlauk, sterku mæjó og lime-pipar. Það kom okkur á óvart hversu vinsæl hún er, skákar hefðbundnu áleggi.“

Forseti Íslands býr í næsta nágrenni við Álftaneskaffi og er reglulegur gestur þar líkt og fleiri íbúar á svæðinu. „ Það er ekkert leyndarmál að Guðni Th. kemur hingað og sækir sér pítsu fyrir fjölskylduna á Bessastöðum. Það var nokkuð skondið atvik um daginn, hér voru nokkrir að panta pítsur og þá gengur Guðni hérna inn. Þegar viðskiptavinirnir urðu Guðna varir þá létu þeir taka ananasinn af pítsunum sem þeir voru að panta. Við hlógum svolítið að þessu.“



Skúli á Álftaneskaffi hugar að jólapítsu ársins.

Aðventan nálgast óðfluga með tilheyrandi jólastússi og að mörgu er að hyggja fyrir jólahaldið og margir fara að huga að því hvað eigi að vera í matinn á jólum. En er pítsa við hæfi?

„Hví ekki, góð pítsa er frábær matur, ég er einmitt að huga að því hvað gæti verið viðeigandi á jólapítsu og er með nokkur hráefni í huga. Við kappkostum að vera frumleg og í mínum huga er ekkert sem ekki passar á góða pítsu,“ segir Skúli og hendist af stað í jólapítsugerð.



Galdurinn er í sósunni, við notum íslenskt sjávarsalt, blóðberg og plómutómata.



### Leitin að jólapítsunni – tillögur að áleggi

**Tillaga 1:** Piparostur, fíkjur, gouda-ostur, klettasalat.
**Tillaga 2:** Rauðar karamellukartöflur, lamb, sveppasósa, rauð ber og granateplakjarnar.
**Tillaga 3:** Kalkúnn, sveppir, sellerí, pekanhnetur og trönuberjasulta.

# Parket

LAUGARDAGUR 11. NÓVEMBER 2017

**Kynningar:** Múrbúðin, Álfaborg, Bauhaus



# Falinn gimsteinn í gólfefnum

Múrbúðin býður úrval af hágæðaparketi frá þýskum og austurrískum framleiðendum á einstöku Múrbúðarverði. →2

**Framhald af forsíðu** ➪

Við erum náttúrlega bara með meira úrval en margan grunar af mjög góðu parketi á frábæru verði,“ segir Svavar Þórisson, verslunarstjóri Múrbúðarinnar, aðspurður hvernig standi á því að Múrbúðin sé farin að færa út kvíarnar. Múrbúðin hefur hingað til verið þekktust fyrir að mæta múrþörfum en þar er sannarlega hægt að finna meira en bara það sem snýr að múrverki þó Múrbúðarverðið sé alltaf í fullu gildi. Eitt af því sem Múrbúðin býður er mikið úrval af hágæðaparketi frá þýskum og austurrískum framleiðendum. „Við erum með harðparket frá 8 mm og upp í 12 mm sem kostar frá 1.390 krónum fermetrinn. Ódýrasta harðparketið er með styrkleika AC4, sem er mjög sterkt efni, en ef við förum svo upp í AC5 styrkleika, þá er á mjög góðu verði eða 4.490 krónur fermetrinn,“ segir Svavar. „Það er alltaf að verða algengara að fólk taki vínylparketið og setji það á álagspunkta í íbúðinni því það er ennþá sterkara og endingarbetra.“ Hann bendir á að það sé hægt að finna viðarparket og vínyl sem passa saman. „Þú færð aldrei nákvæmlega 100 prósent sama lúkkið í vínyl og viði en þú getur farið ansi nálægt því. Við erum með þrjá gráa tóna í vínylparketinu og eitt grátóna harðviðarparketið okkar er nánast eins og vínyllinn. Það er hægt að leika sér svolítið með það, til dæmis setja vínylinn á forstofuna þar sem er meiri bleyta og svo framvegis,“ segir Svavar og bætir við að vínylparketið sé gríðarlega vatnsþétt og mjög hljóðdempandi. „Einn maður sem ég þekki setti vínyl á sturtuna hjá sér. Við vorum að ræða þetta fram og til

MÚRBÚÐIN

sem er hæsti styrkleikinn í harðparketinu þá fer fermetraverðið upp í 2.990 krónur.“ Harðparketið er til í yfir þrjátíu tegundum og mismunandi litir og stærðir. „Við erum með mikið úrval af þessum vinsælu gráu tónum og svo líka út í eikarlitina. Fólk er langmest að taka í þessum gráu tónum, ljósgráir tónar og út í dökkgrátt, það virðist vera rosalega vinsælt.“

En skyldi fólk velja mismunandi parket á herbergi eftir því hvernig herbergið er notað, til dæmis ljóst á barnaherbergi, dökkt á stofu og svo framvegis? Svavar segir svo ekki vera. „Fólk er frekar að taka sama litinn á alla íbúðina og þá kemur það sér vel að við erum með hátt hörkugildi þannig að rispuþolið er hátt á parketinu. Við förum ekki neðar en AC4 í styrk, sem þýðir að endingin er betri sem kemur sér vel fyrir þá sem ætla sér líkast til ekki að leggja parket oft á ævinni.“

Í Múrbúðinni er ekki bara hægt að fá parketið heldur líka það sem þarf til að leggja það og ganga frá. „Við erum með lista frá sömu framleiðendum sem tóna við öll gólfefnin en fólki finnst oft gaman að leika sér með listana, hvítir listar eru mikið teknir núna og það er allt leyfilegt í þeim efnum. Undirlagið er svo frá 170 krónum fermetrinn.“ Þá má ekki gleyma vínylparketinu sem nýtur sívaxandi vinsælda. „Vínylparketið okkar er 5 mm og baka og hann ákvað að prófa, það er ýmislegt hægt.“

Svavar vill ítreka að Múrbúðin selur svo miklu meira en bara múrvörur. „Þú getur labbað hér inn og fengið nánast allt sem þú þarft til að gera íbúðina þína upp. Við erum með mjög flott þýsk upphengd klósett og allt inn á baðherbergið, t.d. flísar, mjög góða málningu frá Svíþjóð, alls kyns hreinsiefni og smávöru til heimilisins. Við erum erum að sækja mjög í okkur veðrið í gólfefnunum og við erum fyllilega samkeppnishæfir, bæði hvað varðar gæði og verð. Og okkur finnst alltaf gaman hvað fólk verður hissa þegar það sér verðin hjá okkur. Við erum að breikka skírskotunina hjá okkur og móttökurnar hafa verið frábærar.“ En þrátt fyrir allt þetta breytist sumt ekki. „Um leið og þú labbar inn í Múrbúðina reiknast á þig afsláttur. Við erum ekki að lækka verð í tímabilum, við erum bara með lágt og gott verð. Og það er ýmislegt til. Við erum til dæmis með plastkassa í miklu úrvali og á ótrúlegu verði, eitt af því sem fólk veit kannski ekki um okkur. Svo við viljum bara hvetja fólk til að bæta okkur í hringinn hjá sér, við tökum mjög vel á móti öllum og það fer enginn út héðan án þess að einhver bjóði góðan daginn og í flestum tilvikum komum við fólki á óvart bæði í verðum og gæðum.“



Svavar Þórisson sýnir fjölbreytta möguleika gæðaparketsins frá Múrbúðinni. MYND/EYÞÓR




Grátóna parket nýtur vinsælda þessa dagana og það fæst bæði í harðviði og vínyl í Múrbúðinni.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Veffang: Visir.is


VÍNYLPARKET
– frábær lausn fyrir heimili, sumarhús, skóla ofl.
• Viðhaldsfrítt
• Níðsterkt
• Þolir vatn og þunga trafík
• Margir litir
Vínylparket fæst smellt, niðurlímt eða lauslagt og í mörgum tilfellum er hægt að leggja það yfir önnur gólfefni.
vinyl golfefni
VÍNYL PARKET
Flugumýri 34 • 270 Mosfellsbæ
Sími 896 9604 • vinylparket.is
Designflooring



# Allt á gólfið á einum stað

**Álfaborg er sérhæfð gólfefnavöruverslun sem býður allt á gólfið á einum stað. Í versluninni er að finna fjölbreytt úrval af parketi frá Tarkett.**

„Harðparketið hefur sótt mjög á síðustu árin í vinsældum því gæði og úrval hafa aukist verulega,“ segir Skafti.




Viðarparket, harðparket og vínylparket í úrvali frá gólfefnaframleiðandanum Tarkett.




Skafti Stefánsson hjá Álfaborg í Skútuvogi 4 býður mikið úrval gólfefna. MYND/EYÞÓR

Við bjóðum allar gerðir af parketi frá gólfefnaframleiðandanum Tarkett. Þar má nefna viðarparket, lakkað með silkimattri og mattri áferð, og eins bjóðum við upp á viðarplanka með olíu/vaxyfirborði. Allt er þetta til í úrvali lita,“ segir Skafti Stefánsson hjá Álfaborg.

„Við eigum ávallt mikið til á lager og sérpöntum einnig fyrir viðskiptavini. Það tekur yfirleitt um það bil 3 vikur að fá sérpantanir til landsins, í hvaða magni sem er. Ef fólk hefur áhuga á að fara af stað í framkvæmdir fyrir hátíðarnar og vill sérpöntun má auðveldlega ná því fyrir jól,“ segir hann.

### Harðparket í miklum gæðum

„Frá þessum sama framleiðanda erum við einnig með hágæða harðparket í nokkrum mismunandi gerðum, til dæmis í löngum og breiðum borðum bæði í 8 og 9 millimetra þykkt og allt upp í 12 mm þykkt. Harðparketið er minifasað og undirstrikar þannig útlit plankans. Af harðparketinu eigum við mikið til á lager og í mörgum litum,“ segir Skafti. Harðparketið sé vinsælt inn á íslensk heimili, hótel og gistiheimili. „Harðparketið hefur sótt mjög á síðustu árin í vinsældum því gæði og úrval hafa aukist verulega. Það líkist náttúrulegu parketi í útliti og áferð og er á afar hagstæðu verði.“

### Vínylparket þolir raka

„Við bjóðum einnig upp á vínylparket frá Tarkett sem við eigum á lager í nokkrum litum. Kosturinn við vínylparketið er sá að það er ekki viðkvæmt fyrir raka eða bleytu líkt og viðarparket og harðparket en ávallt ætti að hafa sérstakan vara þegar leggja á parket á steypt gólf, sérstaklega í nýbyggingum,“ segir Skafti.

Hjá Álfaborg fást öll þau fylgiefni sem þarf til að koma parketinu á gólfið, undirlag og listar.

„Við eigum sérstaklega vandað undirlag með mikilli hljóðeinangrun og einnig sérstakt undirlag fyrir gólfhita með meiri varmaleiðni,“ útskýrir Skafti. Hann segir alla eiga að geta fundið draumagólfefnið á góðu verði í Álfaborg.

„Við höfum ávallt kappkostað að bjóða góð verð og búum einnig að sérfróðu starfsfólki með áratuga reynslu sem viðskiptavinir geta leitað ráða hjá.“

# Allir vilja snerta vegginn

**Ester Inga Óskarsdóttir á sér rómantísk heimkynni undir tindrandi stjörnuhimni og norðurljósadýrð í Kjósinni. Hún lagði parket á einn vegg í sjónvarpsholinu sem skapar huggulega stemningu.**

**Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**
thordisg@365.is



Parketveggurinn er eitt af því fyrsta sem fangar athygli gesta þegar þeir koma í heimsókn og allir vilja snerta hann og skoða betur. Þetta þykir óhemju vel lukkað og stenst tímans tönn, því sjö árum síðar er veggurinn síst orðinn leiðigjarn. Við erum alltaf jafn ánægð með hann,“ segir Ester sem fékk þá flugu í höfuðið að parketleggja vegg í sumarhúsi sínu í Kjósinni, þar sem fjölskyldan hefur búið síðan 2010.

„Þá stækkuðum við sumarhúsið og ákváðum að hafa einn vegg með allt öðru útliti en aðra veggi hússins sem allir eru hvítmálaðir. Árið 2012 hafði ég hvergi séð parket notað sem vegglausn en þá voru góð ráð dýr því á gólfi sumarhússins var fokdýrt, hvíttað eikarparket sem ég tímdi ekki alveg að setja upp á vegg,“ segir Ester sem fór á stúfana í leit að svipað útlítandi parketi en kolféll fyrir þrílitu plastparketi úr Bauhaus.

„Parketið er dökkbrúnt, millibrúnt og grátt, sem kemur svona ljómandi vel út og tónar einkar vel við gráa litinn í hvíttaða gólfparketinu. Þá passar vel að hafa dökkan vegg með náttúrulegu yfirbragði á bak við hvíta sjónvarpsinnréttinguna.“



Ester Inga Óskarsdóttir er fagurkeri sem unir lífi sínu vel í sveit.

### Parket á fleiri veggi

Það er notaleg stemning í sjónvarpsholinu hjá Ester.

„Kostirnir við parket á vegg eru margir. Í fyrsta lagi gefur það heimilinu fylltan og hlýlegan blæ, auk þess sem sér aldrei á því. Eftir sjö ára líftíma lítur veggurinn nákvæmlega eins út. Þá gefur sjónvarpsskjánum dýpt að hafa dökka mýkt á bak við sig, og hægt að nota hvaða parket sem er til veggskrauts þar sem ekki er gengið á því,“ segir Ester, sem hefur síðan lagt parket á veggi gestabaðherbergisins og segir parketlögnina einfalda.

„Parket á vegg er lagt eins og á gólf nema hvað við skrúfuðum litlar skrúfur í kverkarnar til að veggfesta það. Síðan fer næsta plata ofan á og felur skrúfurnar.“

Ester hélt lengi úti lífsstílssíðunni Allt sem gerir hús að heimili og heldur enn úti sama þema, undir sama nafni, á Facebook og Instagram. Þar má sjá gnótt mynda af heimili hennar í Kjósinni.

„Það vilja ekki allir búa í bænum, en vilja þó hafa um skamman veg að fara til borgarinnar. Æ fleiri kjósa þennan lífsstíl og algengara en margur heldur hvað margir hafa fært búsetu sína í heilsársbústaði í nærsveitum borgarinnar,“ segir Ester á stórri og fagurri lóð sinni í Eilífsdal, þar sem fjölskyldur búa árið um kring í tíu sumarbústöðum í 120 sumarhúsa landi.

„Lífið í dalnum er dásamlegt, samfélagið er skemmtilegt og við þekkjumst öll vel. Við erum sannarlega í sveit þótt það sé skottúr í borgina. Yngsta barnið er enn á grunnskólaaldri og með skólasókn í Klébergsskóla, þangað sem er fimmtán mínútna akstur. Maður lærir líka að skipuleggja sig betur og lætur duga að fara í búðina einu sinni í viku,“ segir Ester sem græddi líka enn fleiri samverustundir með stórfjölskyldunni eftir að hún flutti úr Hafnarfirðinum.

„Þar bjuggum við í göngufæri við alla fjölskylduna en þrátt fyrir það koma nú miklu fleiri í heimsókn til okkar og stoppa líka mun lengur. Það er því miklu meira líf í sveit en borg.“



Dökkur parketveggurinn kemur einstaklega vel út við hvíta sjónvarpsinnréttinguna og gefur sjónvarpsskjánum dýpt. MYNDIR/ÚR EINKASAFNI

# Fólk
## Helgin

LAUGARDAGUR 11. NÓVEMBER 2017



„Ég er ekki með varaplan ef ég verð leiður á tónlistinni,“ segir tónlistarmaðurinn Arnar Guðjónsson sem hefur mörg járn í eldinum þessa dagana. MYND/ERNIR



**Linda Björk Hilmarsdóttir hefur unnið við að koma fólki í gott form í þrjátíu ár og er hvergi nærri hætt. Hún segir fólk meðvitaðra um heilsuna nú en áður.** →4

# Tónlistin alltaf stór hluti af mér

Forsprakki hljómsveitarinnar Leaves, Arnar Guðjónsson, hefur ekki setið auðum höndum undanfarin ár á meðan sveitin er í pásu. Hann hefur sent frá sér tvær plötur á síðustu tveimur árum og fyrsta sólóplatan er í vinnslu. Helginni verður eytt í faðmi fjölskyldunnar. →2


FYRIR ÞARMAFLÓRUNA!




Það eru ekki allir mjólkursýrugerlar eins.

Probi Mage LP299V® *(Lactobacillus plantarum 299v)* er söluhæsti mjólkursýrugerillinn í Svíþjóð og hefur fengið frábærar móttökur á Íslandi! 1 hylki á dag.

Finndu muninn með **Probi Mage LP299V®**.

**Fæst í velflestum apótekum og heilsuverslunum um land allt.**

abel heilsuvörur

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Tónlistarmaðurinn Arnar Guðjónsson, löngum kenndur við rokksveitina Leaves, fór í fyrsta gítartímann tíu ára gamall og vissi um leið hvert hugur hans stefndi. Hann hefur starfað við tónlist stærstan hluta fullorðinsára sinna, lengstum sem gítarleikari og söngvari Leaves.

Síðasta plata sveitarinnar kom út árið 2013 og hefur Arnar einbeitt sér að öðrum og spennandi verkefnum undanfarin ár. Á síðasta ári gaf hann út plötuna Grey Mist of Wuhan sem er eins konar óður til kínversku iðnaðarborgarinnar Wuhan. Einnig hefur hann hafið samstarfsverkefni með Hrafni Thoroddsen úr Ensími undir heitinu Warmland og gefið út þrjú lög. Fyrsta sólóplata hans er líka í vinnslu þannig að enginn skortur er á verkefnum þessa dagana. Auk lagasmíða rekur hann eigið hljóðver, Aeronaut Studios, þar sem hann hefur starfað með fjölmörgum innlendum og erlendum tónlistarmönnum undanfarin ár.

## Sameiginlegur þráður

Nýjasta afurð hans er hins vegar plata með tónlist úr heimildarmyndinni L'homme qui voulait plonger sur Mars (Maðurinn sem vildi kafa á Mars). Leikstjóri myndarinnar, Thierry Robert, og Arnar eiga sameiginlegan vin á Íslandi og þegar Thierry var að leita að tónlist fyrir mynd á síðasta ári benti sameiginlegi vinurinn honum á Arnar. „Thierry hlustaði á Grey Mist of Wuhan og tónlistin smellpassaði þar inn. Hann notaði hana því sem hljóðmynd (e. soundtrack) heimildarmyndarinnar. Fljótlega eftir að því verkefni lauk vildi Thierry fá mig til að gera tónlistina við næstu mynd og hana gerði ég alveg frá grunni.“

Arnar segir að Thierry hafi viljað hafa tónlistina stóra og dramatíska, ekki ósvipaða og í stórri Hollywood-mynd. „Þótt tónlistin úr myndinni sé ólík Grey Mist of Wuhan þá er þarna einhver þráður sem tengir plöturnar tvær en ég beiti svipaðri aðferðafræði þegar ég bý tónlistina til. Myndin flakkar á milli þess að vera nokkuð hefðbundin heimildarmynd yfir í að vera mjög draumkennd og því fær tónlistin að spila stóra rullu og vera oft í forgrunni.“

## Small allt saman

Platan Grey Mist of Wuhan varð einhvern veginn til í höndunum á honum segir Arnar. „Ég var að túra með Bang Gang og seinna Leaves í Kína og þessi borg, Wuhan, sat einhvern veginn í mér. Mér fannst hún drungaleg og grá iðnaðarborg, sveipuð einhverri dulúð sem varð svo kveikjan að þessu verkefni sem átti að vera smá hvíld frá poppinu. Platan var seinna tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem plata ársins í opnum flokki.“

Samstarfsverkefnið Warmland varð til fyrr á þessu ári en þeir Hrafn hafa leigt stúdíórými saman í nokkur ár. „Ég var byrjaður að vinna nokkur lög þar sem ég trommaði sjálfur, spilaði á bassa og notaði hljóðgervla. Lagið Lyda fæddist og nafnið Warmland var tilbúið. Þá hóaði Hrafn í mig á fund og langaði að leyfa mér að heyra nokkrar hugmyndir sem hann var með. Þetta small bara allt saman og við tókum ákvörðun um að sameina krafta okkar undir nafninu Warmland.“ Sveitin spilaði á fyrstu tónleikum sínum á Iceland Airwaves hátíðinni í síðustu viku við mjög góðar undirtektir. Þeir félagar vinna nú hörðum höndum að plötu í fullri lengd sem á að koma út á næsta ári.



Það eru bara svo mikil forréttindi að fá að ferðast um heiminn og gera það sem manni finnst skemmtilegast. Ég hef túrað og unnið með fjölmörgum listamönnum og lært mikið á því að fylgjast með hvernig þeir vinna og hugsa.

MYND/SAGA SIGURÐARDÓTTIR

## Óvæntur frami

Frami Leaves var skjótur og óvæntur á sínum tíma. Eftir að söngkonan Emilíana Torrini tók demóupptökur þeirra á fund í Bandaríkjunum fór boltinn að rúlla og eins og Arnar hefur sagt áður í viðtölum, „við vorum rétta bandið á réttum tíma“. Sveitin skrifaði undir samning við nýlega stofnað útgáfufyrirtæki, Dreamworks, og fyrsta plata þeirra, Breathe, kom út árið 2003. Hún komst m.a. í 71. sæti á breska breiðskífulistanum auk þess að vera valin ein af bestu plötum ársins hjá breska tónlistartímaritinu Q Magazine. Næstu árin einkenndust af fleiri plötum og fjölmörgum tónleikaferðalögum um allan heim þar sem Leaves hitaði m.a. upp fyrir heimsfrægar sveitir á borð við Stereophonics, Doves og Supergrass.

Þegar Arnar lítur til baka segir hann að upp úr standi allir þeir vinir sem hann hefur eignast á þessum tíma. „Það eru bara svo mikil forréttindi að fá að ferðast um heiminn og gera það sem manni finnst skemmtilegast. Ég hef túrað og unnið með fjölmörgum listamönnum og lært mikið á því að fylgjast með hvernig þeir vinna og hugsa. Það getur nefnilega verið hættulegt að loka sig inni einn í sínum pælingum. Mér finnst ég líka ótrúlega heppinn að fá svona marga flotta listamenn og listakonur inn í stúdíóið mitt. Það hefur hjálpað mér að þróast og vaxa sem tónlistarmaður.“



Hrafn Thoroddsen (t.v.) og Arnar Guðjónsson mynda dúettinn Warmland. Fyrsta plata þeirra kemur út á næsta ári. MYND/JEANEEN LUND

Af hljómleikaferðum um heiminn segir hann að ferðirnar til Kína séu sérstaklega eftirminnilegar. „Menningin er svo ólík og það er svo stutt síðan landið var alveg lokað. Það var frábært að spila fyrir Kínverjana, þeir voru mjög þakklátir og skemmtilegir áhorfendur. Svo fóru allir í röð eftir tónleikana til að fá eiginhandaráritun.“

## Fjölskyldan mikilvæg

Eftir að hafa starfað við tónlist svo lengi segist Arnar lítið hafa hugsað út í annan starfsvettvang. „Ég er ekki með neitt varaplan ef ég verð leiður á tónlistinni. Enda get ég alveg séð mig sem áttræðan að semja einhverja framúrstefnutónlist. Tónlistin á vafalaust eftir að verða stór hluti af mér út ævina þótt maður viti aldrei hvaða tækifæri bjóðast í framtíðinni.“

Aðspurður hvort það freisti hans stundum að starfa erlendis segir hann vissulega oft erfitt að vinna á svona litlum markaði. „Hugurinn hefur oft leitað út og ég ætla ekki að útloka það að flytja einhvern tíma og freista gæfunnar annars staðar. En það eru bara svo mikil lífsgæði hér á Íslandi. Hér er fjölskyldan og vinir og hér er gott að búa þótt verðlagið sé orðið fáránlega hátt.“

Þrátt fyrir mikið annríki reynir Arnar að vinna eins lítið og hann getur um helgar. „Mér finnst mikilvægt að eyða tíma með konunni minni og tveimur börnum. Mitt helsta áhugamál fyrir utan tónlistina er fótboltinn. Reyndar horfi ég ekki á enska boltann og á ekkert uppáhaldsfélag. Ég spila þó fótbolta 2-3 sinnum í viku og ætla að gera það þangað til líkaminn segir stopp. Annars fer helgin líklega í það að undirbúa afmæli barnanna sem verður haldið á sunnudaginn. Svo er dóttir mín með tónleika í Salnum ásamt Stúlknakór Reykjavíkur á laugardagskvöldið.“

ENZYMEDICA®

Ein öflugustu meltingarensím á markaðnum í dag

- Áttu við meltingarvandamál að stríða?
- Ensím eru nauðsynleg fyrir meltingu og öll efnaskipti líkamans.
- Betri melting, meiri orka!
- Söluhæsta meltingarvaran í Bandaríkjunum.
- 100% vegan hylki. Án fylliefna, bindiefna eða annarra flæðiefna.



Ekki lengur útblásin eftir máltíðir!

„Ég hef haft psoriasis gigt í meira en 20 ár og hef tekið töluvert af lyfjum þess vegna. Fyrir nokkrum árum fór ég að eiga við magavandamál sem eru líklegast tilkomin vegna lyfjanotkunar en fyrir utan magaónot og uppþembu var ég alltaf þreytt og orkulaus. Ég hef prófað svo margt gegnum tíðina en fundið lítinn mun, þar til ég kynntist Enzymedica ensímunum. Þvílíkur munur og það besta er að ég fann muninn strax. Ég er ekki lengur útblásin eftir máltíðir, hægðir urðu fljótt reglulegar, orkan margfaldaðist og ég er ekki að kljást við magavandamál lengur“.




Útsölustaðir: Fæst í flestum apótekum, heilsuverslunum og Fjarðarkaupum.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Svitakófin hurfu, svefninn betri og orkan hefur aukist

Femarelle vörurnar eru náttúruleg lausn fyrir konur sem finna fyrir einkennum breytingaskeiðs. Þær slá á einkenni tíðahvarfa og styrkja beinin.

Breytingaskeiðið er eitthvað sem engin kona sleppur við. Einkennin geta verið afar mismunandi og þó svo að sumar konur sleppi nokkuð vel og finni lítið fyrir breytingunum eru fjölmargar sem þjást á einhvern hátt.

### Hvað er breytingaskeið?

Breytingaskeiðið hefst þegar eggjastokkar konunnar draga úr framleiðslu á kvenhormónum og að lokum hætta. Þetta hefst oftast þegar konur eru á bilinu 45-52 ára en þó eru mörg dæmi þess að þetta ferli byrji fyrr og jafnvel síðar. Á þessu skeiði kemst ójafnvægi á hormónana sem getur lýst sér á margvíslegan máta en þetta eru einkenni eins og:

- Fyrirtíðaspenna
- Óreglulegar blæðingar
- Hitakóf og nætursviti
- Svefntruflanir
- Skapsveiflur
- Þurr húð og minni teygjanleiki
- Minni orka, þreyta og slen
- Pirringur
- Aukinn hjartsláttur
- Höfuðverkur
- Minni kynlöngun
- Kvíði og sorgartilfinning

**Staðfest virkni**

### Lífsstíll og náttúrulegar lausnir

„Til að lágmarka eða draga úr einkennum breytingaskeiðsins er gott að fara í smá sjálfskoðun og athuga hvort það er ekki eitthvað sem hægt er að gera án mikils tilkostnaðar en eins og alltaf þá skiptir lífsstíll okkar gríðarlega miklu máli. Að borða hreina fæðu, hreyfa sig reglulega (helst alla daga), sofa vel, rækta sálina og sambönd við fjölskyldu, vini og kunningja getur skipt sköpum og í öllum tilvikum þá eru meiri lífsgæði fólgin í heilbrigðum lífsstíl. Fjölmargar náttúrulegar lausnir eru svo til sem geta slegið enn frekar á einkennin og er þá frekar einstaklingsbundið hvað virkar og hvað ekki. Því verða allir að prófa sig svolítið áfram og gefa sér nokkrar vikur til að finna út hvort viðkomandi lausn hentar eða ekki, sama hvað prófað er,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsuráðgjafi hjá Artasan.

### Femarelle virkar

Halldóra Ósk Sveinsdóttir hefur fundið fyrir einkennum breytingaskeiðsins í þó nokkur ár og hafa þau farið stigvaxandi með hækkandi aldri. Í byrjun þessa árs voru einkennin þó orðin þannig að ekki var lengur við unað. Hún hefur þetta að segja um Femarelle:

„Þegar að því kom að ég vildi gera eitthvað í málunum, hugnaðist mér ekki að fara á hormónalyf svo ég frestaði alltaf að panta mér tíma hjá lækni. Einhvers staðar rakst ég á umfjöllun um náttúrulyfið Femarelle og góðar reynslusögur af því. Ég ákvað að kaupa mér einn pakka og prufa, það gæti varla skaðað nokkuð. Eftir 7 til 10 daga inntöku samviskusamlega kvölds og morgna, fór ég að finna mun. Líkamsofninn minn var farinn að kveikja á yfirhita í tíma og ótíma en það hætti alveg. Ég vaknaði 4-6 sinnum á nóttu vegna svita og almenns pirrings en sef núna mjög vel sem skilar sér í meiri orku og úthaldi. Fótapirringur sem hefur hrjáð mig í mjög mörg ár hefur einnig minnkað til mikilla muna. Þetta allt þakka ég Femarelle Recharge töflunum því ef ég á það ekki til þá láta einkennin aftur á sér kræla. Þess vegna get ég sagt með góðri samvisku að Femarelle virkar.“

### Femarelle sem fyrsta meðferð

Prófessor Andrea Genazzani, forseti Evrópuráðs í kvensjúkdómafræðum mælir með Femarelle sem fyrstu meðferð við einkennum breytingaskeiðs en það hefur færst gríðarlega í aukana að konum sé bent á náttúrulegar leiðir frekar en taka inn hormóna. Það sem gerir Femarelle sérstakt er efnasamband, unnið úr óerfðabreyttu soja, sem kallast DT56a og viðurkenndar rannsóknir sýna að það örvar estrógennema í staðbundnum vef, slær á einkenni tíðahvarfa og styrkir bein, án þess að hafa nokkur neikvæð áhrif á vef í móðurlífi eða brjóstum. Virkni Femarelle hefur verið staðfest með fjölda rannsókna.



Hrönn Hjálmarsdóttir.



Halldóra Ósk Sveinsdóttir hefur fundið fyrir einkennum breytingaskeiðsins í þó nokkur ár og hafa þau farið stigvaxandi með hækkandi aldri.



Femarelle Rejuvenate

**Femarelle Rejuvenate 40+**

- Minnkar skapsveiflur
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur teygjanleika húðar
- Viðheldur heilbrigðu hári



Femarelle Recharge

**Femarelle Recharge 50+**

- Slær hratt á einkennin (hitakóf og nætursviti minnkar)
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur kynhvöt
- Hefur engin áhrif á vefi í brjóstum eða legi



Femarelle Unstoppable

**Femarelle Unstoppable 60+**

- Inniheldur kalsíum og $D_3$ -vítamín sem eru nauðsynleg til að styrkja bein
- Stuðlar að heilbrigðri slímhúð legganga
- Eykur liðleika
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku sem stuðlar að andlegu jafnvægi


## Bio-Kult góðgerlar styrkja meltinguna!

Hágæða góðgerlar, heilbrigð bakteríuflóra.



**Bio-Kult Candéa**

Góðgerlar sem styrkja meltinguna og vinna gegn fjölgun Candida sveppsins í meltingarvegi.



**Bio-Kult Original**

Öflug blanda góðgerla sem byggir upp þarmaflóruna og styrkir varnir líkamans.



**Bio-Kult Pro-Cyan**

Styrkir þvagrásina og virkar sem öflug vörn gegn þvagrásarvandræðum.



**Bio-Kult Infantis**

Góðgerlar fyrir börn á öllum aldri. Eflir þarmaflóruna, án allra aukaefna og er bragðlaust.

Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

# Heilsurækt til góðra verka

Linda Björk Hilmarsdóttir hefur unnið við að koma fólki í gott form í þrjátíu ár og er hvergi nærri hætt. Hún segir fólk meðvitaðra um heilsuna nú en áður og æfingar fjölbreyttari.



Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



„Þegar ég byrjaði að vinna í Hress á sínum tíma voru reykingar leyfðar í starfsmannaaðstöðunni. Núna hvarflar ekki að neinum að reykja," segir Linda Björk. MYND/STEFÁN

Linda Björk Hilmarsdóttir er gjarnan kennd við heilsuræktarstöðina Hress í Hafnarfirði, en hún hefur rekið stöðina í tuttugu og fimm ár og kennir fjórum sinnum í viku. „Ég kenni það sem kallast Warm-fit og eru æfingar sem mér finnst virka mjög vel og láta mér líða vel. Þetta er sambland af æfingum til að styrkja og liðka líkamann og æfa um leið jafnvægið. Svo er endað á slökun með köldum ilmkjarnabakstri," segir Linda Björk brosandi.

### Reykt á kaffistofunni

Frá því að hún hóf að starfa innan heilsuræktargeirans hefur margt breyst. „Þegar ég byrjaði að vinna í Hress á sínum tíma voru t.d. reykingar leyfðar í starfsmannaaðstöðunni. Þjálfararnir reyktu að vísu ekki en afgreiðslufólkið fékk sér gjarnan smók. Það var ekki opnað fyrr en klukkan níu á morgnana og það var lokað í einn mánuð á sumrin. Núna hvarflar ekki að nokkrum manni að reykja, hvað þá inni á líkamsræktarstöð. Vinsælustu tímarnir hjá okkur eru eldsnemma á morgnana en við opnum klukkan fimm og höfum opið til tíu á kvöldin. Fólk er í miklu fjölbreyttari þjálfun en áður, það hjólar og er í jóga, eða lyftir og fer út að hlaupa. Mér finnst fólk almennt miklu meðvitaðra um heilsuna en áður," segir Linda Björk og bætir við að það sé ánægjulegt hversu margir viðskiptavinir hafi haldið tryggð við stöðina síðustu þrjátíu árin.

> Í ár söfnuðum við hátt á þriðju milljón fyrir Steinvöru Þorleifsdóttur og dætur hennar tvær. Eiginmaður hennar lést úr sjaldgæfu krabbameini í fyrra og hún sjálf greindist með ólæknandi krabbamein fyrr á þessu ári.
>
> Linda Björk Hilmarsdóttir

„Margir hafa verið með okkur allan þennan tíma, enda eru þeir í hörkuformi," segir hún og hlær. „Við teljum okkur líka vera vinalega og persónulega stöð og húsvörðurinn er einn mikilvægasti starfsmaðurinn því hann sér um að halda öllu vel við. Við förum vel með og nýtum alla hluti vel."

### Hressleikar hápunktur ársins

Einn hápunktur í starfsemi Hress eru svokallaðir Hressleikar en þeir voru haldnir í tíunda sinn nú á dögunum. Markmiðið með þeim er að safna fé og styrkja fjölskyldu í Hafnarfirði sem gengur í gegnum erfiðleika.

„Kveikjan að Hressleikunum var sú að okkur langaði til að gera eitthvað jákvætt og skemmtilegt þegar nýbúið var að blessa Ísland. Allir voru svo daprir og leiðir og í raun í sjokki, bæði viðskiptavinir og starfsfólk Hress, sem ákvað að tala ekki um kreppuna að fyrra bragði. Okkur langaði jafnframt að takast á við einhverja áskorun og í kjölfarið voru fyrstu Hressleikarnir haldnir. Þeir tókust svo vel að árið eftir var ákveðið að endurtaka leikinn og safna um leið peningum fyrir fjölskyldu í okkar heimabæ, Hafnarfirði," upplýsir Linda Björk. „Við lítum á þessa söfnun sem skyndihjálp fyrir viðkomandi þegar verst lætur. Við fáum ábendingar um hvern ætti að styrkja og höfum alltaf hitt á dásamlegt fólk. Í ár söfnuðum við hátt á þriðju milljón fyrir Steinvöru Þorleifsdóttur og dætur hennar tvær, Kristínu Jónu og Þórhildi. Eiginmaður hennar, Kristjón Jónsson, lést úr sjaldgæfu krabbameini í fyrra og hún sjálf greindist með ólæknandi krabbamein fyrr á þessu ári," segir Linda Björk og bendir á að enn sé hægt að leggja inn á reikning Hressleikanna til styrktar fjölskyldunni.

„Allir þjálfarar og annað starfsfólk gefur vinnuna sína þennan dag, en Hressleikarnir krefjast heilmikils undirbúnings og skipulagningar. Um þrjú hundruð manns skrá sig til leiks og skráningargjaldið rennur óskipt í söfnunina, auk þess sem fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu leggja sitt af mörkum. Fyrir það erum við mjög þakklát. Við höfum fengið ótrúlega góð viðbrögð við Hressleikunum og erum þegar farin að skipuleggja leikana á næsta ári," segir Linda Björk.

> Okkur langaði að takast á við einhverja áskorun og í kjölfarið voru fyrstu Hressleikarnir haldnir.

Styrktarsjóður Hressleikanna: Reikningur: 0135-05-71304. Kennitala: 540497-2149.



Fiesta de Mexico hentar frábærlega á allt grænmeti.
Arabískar nætur er sjö kryddablandan ættuð frá Líbanon í grænmetisrétti
Reykt paprika bítur aðeins en er góð í marga grænmetisrétti.
Eðalsteik og grillblandan er góð fyrir tofusteikina.
Fiskikrydd er gott í grænmetis-súpur- og rétti.
Lamb Islandia er frábært á alla kartöflurétti og á kjúklingabaunarétti.

Krydd fyrir VEGAN matreiðslu

Benda skal á að öll stök krydd henta í VEGAN matreiðslu s.s. origano, basilikum, steinselja og fleiri.
Töfrakryddið og Ítalskt panini henta ekki í VEGAN matreiðslu því þau innihalda ostaduft.

Kryddin frá okkur eru ómissandi í eldhúsið hjá ykkur




## Sölusýning á húsbílum í Reykjanesbæ um helgina

Sunlight | Dethleffs | McRent | LMC

**Laugardagur – opið frá 12-16**

**Sunnudagur – opið frá 12-16**

P. KARLSSON EHF.

P. Karlsson ehf | Smiðjuvöllum 5a, 230 Reykjanesbæ | 517 5200 | www.pkarlsson.is

# Flott veisla á feðradaginn

Feðradagurinn er á morgun. Er þá ekki upplagt að bjóða feðrum upp á góðan kvöldverð? Það væri til dæmis hægt að elda góða nautasteik með chilli-sósu og baka súkkulaðiköku í eftirrétt.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Feðradagurinn hefur verið haldinn hátíðlegur á Íslandi frá árinu 2006. Dagurinn er alltaf annar sunnudagur í nóvember. Mæðradagurinn er mun eldri en honum var fyrst fagnað hér á landi árið 1934. Sá dagur er annar sunnudagur í maí. Það er alltaf hægt að gera sér dagamun og feðradagurinn er ekki verri en hver annar hvað það varðar. Hér kemur uppskrift að góðri nautasteik og súkkulaðiköku í eftirrétt.

## Nautasteik með chilli-sósu

Þennan rétt er mjög auðvelt að útbúa en uppskriftin miðast við fjóra.

**4 góðir nautakjötsbitar, um það bil 200 g á mann**
**Ólífuolía**
**Salt og pipar**
**Smjör til steikingar**
**Sýrður rjómi**
**4 msk. sweet chilisauce**
**400 g kirsuberjatómatar**
**Blandað salat**
**½ rauðlaukur**

Byrjið á að berja létt á kjötbitana. Penslið kjötið með ólífuolíu og kryddið með salti og pipar. Steikið á heitri pönnu með smjöri og smávegis olíu. Lokið kjötinu fyrst á báðum hliðum en lækkið þá hitann og steikið áfram í um það bil fjórar mínútur á hvorri hlið, eftir þykkt bitanna. Best er að hafa kjöthitamæli við höndina en meðalsteikt er kjötið 55°C.
Tómatarnir eru settir í eldfast form og bakaðir við 230°C í 10 mínútur.
Hrærið saman sýrðan rjóma og sweet chilli-sósu.
Skolið salatið og skerið laukinn smátt. Blandið saman. Salatið sett á disk með bökuðum tómötum.
Kjötið er látið hvíla í 10 mínútur eftir eldun.
Með kjötinu er gott að hafa gratíneraðar kartöflur.

## Gratíneraðar kartöflur

**12 kartöflur**
**1 laukur**
**1 msk. smjör**
**Salt og pipar**
**4 dl rjómi**
**1 dl rifinn ostur**

Skrælið kartöflur og lauk og skerið í sneiðar. Leggið kartöflusneiðarnar í eldfast mót og bragðbætið með salti og pipar. Laukurinn fer yfir þær en síðan rjómi og rifinn ostur. Bakið í 200°C heitum ofni í 45-50 mínútur.



Hvað er betra en nautasteik á dimmu vetrarkvöldi.






Gratíneraðar kartöflur.



Guðdómleg súkkulaðikaka sem allir elska.

## Heit súkkulaðikaka

Þessi súkkulaðikaka er borin fram heit. Þegar skorið er í hana er súkkulaðið mjúkt og rennandi. Uppáhaldskaka margra. Stundum eru kökurnar frystar áður en þær fara í ofninn til að auðveldara sé að fá súkkulaðið mjúkt. Þessi uppskrift gefur sex kökur.

**100 g smjör**
**100 g dökkt súkkulaði, 70%**
**4 egg**
**1 dl sykur**
**1 dl hveiti**
1 pakki brómber, jarðarber eða hindber til skrauts ásamt flórsykri.

Bræðið smjörið og skerið súkkulaði í bita. Setjið súkkulaðið út í brædda smjörið og látið bráðna. Hrærið saman. Þeytið egg og sykur þar til blandan verður létt og ljós. Bætið þá hveitinu varlega saman við og síðan súkkulaðiblöndunni.
Smyrjið sex lítil málmform að innan með smjöri. Fyllið formin upp að ¾. Setjið þau í frysti í tvo tíma eða lengur. Hitið ofninn í 180°C og bakið kökurnar í um það bil 15 mínútur. Tíminn getur verið misjafn eftir ofnum. Það gæti verið sniðugt að prufubaka eina köku áður til að meta hvort þetta sé rétti tíminn.
Takið kökurnar varlega úr forminum og setjið á disk. Dreifið flórsykri yfir og skreytið með berjum. Gott er að hafa vanilluís með kökunum.

BORGUN

## Forstjóri

*Borgun er leiðandi fjármálafyrirtæki í þróun og hagnýtingu lausna á sviði rafrænnar greiðslumiðlunar.*

*Borgun hefur sérhæft sig í öruggri greiðslumiðlun í 35 ár og hefur vottun samkvæmt ISO/IEC 27001 staðli um upplýsingaöryggi.*

*Borgun býður viðskiptavinum sínum færsluhirðingu vegna MasterCard, Maestro, Visa, Visa Electron, UnionPay, JCB, Diners, Discover og American Express.*

*Hjá Borgun starfa um 150 manns á Íslandi, auk starfsmanna hjá hlutdeildarfélögum í Mið-Evrópu.*

*Borgun leggur áherslu á lipra og persónulega þjónustu og vinnur eftir gildunum: **Vilji**, **Virði** og **Vissa**. Sjá nánar á www.borgun.is*

Borgun óskar eftir að ráða til starfa forstjóra. Leitað er að öflugum einstaklingi í krefjandi stjórnunar- og leiðtogastarf þar sem reynir á samskiptahæfni, frumkvæði, fjármálaþekkingu og tæknilega innsýn í starfsemi sem er í sífelldri þróun.

**Starfssvið:**

- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri
- Eftirfylgni með stefnu og ákvörðunum stjórnar
- Víðtæk samskipti við erlenda samstarfsaðila vegna vaxtar erlendis
- Samskipti við banka og kortafyrirtæki
- Greining og uppbygging nýrra markaða
- Þátttaka í samningagerð á Íslandi og erlendis
- Forsvar gagnvart fjölmiðlum, eftirlitsaðilum og öðrum hagaðilum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunar-, rekstrar- og markaðsreynsla
- Reynsla úr fjármálaumhverfi
- Reynsla af erlendri fjármálastarfsemi er kostur
- Góð þekking á upplýsingatækni
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Skipuleg vinnubrögð og frumkvæði í starfi
- Rík ábyrgðartilfinning og faglegur metnaður
- Góð færni í að tjá sig í ræðu og riti
- Gott vald á enskri tungu

**Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér mat FME á hæfi framkvæmdastjóra eftirlitsskyldra aðila.**

*Nánari upplýsingar veita Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) og Bylgja Björk Pálsdóttir (bylgja@intellecta.is) í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember 2017. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið er með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.*

***Intellecta, Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

# Sérfræðingur á Burðarneti

Hefur þú brennandi áhuga á að starfa í frábæru teymi sérfræðinga í einu stærsta fjarskiptaneti landsins? Við erum að leita að kraftmiklum og metnaðargjörnum liðsmanni sem vill takast á við krefjandi verkefni á sviði flutningstækni.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember nk.**
**Nánar á vodafone.is/storf**

Framtíðin er spennandi.

**Ertu til?**

Jafnlaunaúttekt PwC 2017

vodafone

Rio Tinto



# Leitar þú nýrra tækifæra

**Sérfræðingur í búnaði og rekstri**
Við leitum eftir einstaklingi í hóp Búnaðar og reksturs í steypuskála. Um er að ræða spennandi og krefjandi starf í lifandi umhverfi.

**Starfssvið:**
- Hefur umsjón með áreiðanleika búnaðar í steypuskála
- Bestun á frammistöðu búnaðar
- Skipulag og yfirferð ástandsvöktunar
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi steypuskála innan samsteypunnar
- Tryggja að vörur uppfylli kröfur viðskiptavina
- Samskipti við viðhaldssvið og verktaka

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Vélfræðingur eða vél/rafmagns-tæknifræðingur eða menntun sem nýtist í starfi
- Þekking á gæðastýringum, tölfræði og hæfni til greiningarvinnu
- Reynsla af viðhaldi búnaðar og áreiðanleikafræðum
- Góð tölvukunnátta og þekking á upplýsingatækni
- Góðir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Þekking á straumlínustjórnun er kostur, svo sem Lean og Six Sigma
- Sterk öryggisvitund
- Stundvísi, frumkvæði og nákvæmni

Nánari upplýsingar veitir Óskar Arnórsson í síma 560 7000. Áhugasamir eru beðnir um að fylla út atvinnuumsókn og skila kynningarbréfi á www.riotinto.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 24. nóvember 2017.**

Rio Tinto á Íslandi er þekkingarfyrirtæki sem rekur álverið ISAL í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf og fjölbreytt verkefni þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, gott upplýsingaflæði og umhverfi sem hvetur til góðrar frammistöðu. Framtíð okkar byggist á framúrskarandi starfsfólki sem skapar öruggan og eftirsóttan vinnustað. Áhersla ISAL á öryggis-, umhverfis- og heilbrigðismál er forsenda framúrskarandi árangurs. Við leggjum okkur fram um að starfa í sátt við umhverfi og samfélag. Gildi ISAL eru ábyrgð, samvinna, heilindi og virðing.

Rio Tinto
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður
Sími 560 7000
**www.riotinto.is**

# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

**www.capacent.is**

VÉLFANG – VERKIN TALA

# Viðgerðarmaður á vélaverkstæði óskast

Við óskum eftir að ráða starfsmann á verkstæði í fullt starf. Reynsla af vélaviðgerðum er æskileg og menntun augljós kostur. Mikilvægt er að viðkomandi sé jákvæður, með ríka þjónustulund og eigi gott með samskipti við viðskiptavini.

***Allar upplýsingar veitir Guðmundur í síma 894 0617, en allar umsóknir skal senda á netfangið thjonusta@velfang.is***

FRUM - www.frum.is

*Vélfang ehf. er sölu- og þjónustuaðili á sviði vinnu- og landbúnaðarvéla. Helstu vörumerki eru **JCB**, **CLAAS** og **FENDT**. Vélfang ehf. var valið Framúrskarandi fyrirtæki 2015. Hjá Vélfangi starfar hópur fólks sem hefur það að markmiði að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu og nú vantar einn í liðið.*

JCB CLAAS FENDT

---

VAKA

## Vaka hf leitar að starfsfólki

Vaka hf er eitt elsta fyrirtækið í bílabransanum á Íslandi og er með fjölbreytta þjónustu við bíleigendur.
Í dag starfar fyrirtækið á hinum hinum ýmsu sviðum s.s. bíla- og tækjaflutningar, dekkjaverkstæði, varahutasala, dekkjahótel og móttaka förgunarbifreiða.

**Vegna aukina umsvifa, vantar okkur í Vöku hf duglega starfsmenn í allar deildir.**

**Hæfniskröfur:**

- Stundvísi og snyrtimennska
- Góð mannleg samskipti
- Þjónustulund
- Öguð vinnubrögð
- Íslensku kunnátta
- Vinnuvélaréttindi og/ eða meirapróf kostur

Áhugasamir sendi inn umsókn á starf@vakahf.is

- Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar

---




# VILTU LÁTA LJÓS ÞITT SKÍNA?

Við leggjum áherslu á gott starfsumhverfi með spennandi verkefnum þar sem okkar starfsfólk hefur áhrif, nýtur stuðnings og góðrar þjálfunar í starfi og hefur tækifæri til þróunar.

## *Sérfræðingur í stjórnstöð*

Við leitum að sérfræðingi með brennandi áhuga á rafvæddri framtíð til að bætast í öflugan hóp starfsmanna á kerfisstjórnunarsviði Landsnets á Gylfaflöt.

Stjórnstöðin er miðstöð fyrir stýringu og samhæfingu raforkukerfisins. Við bjóðum fjölbreytt starf, samskipti við viðskiptavini og þátttöku í þróunar- og nýsköpunarverkefnum sem stuðla að bættu afhendingaröryggi. Í stjórnstöðinni starfar reyndur hópur sérfræðinga sem leggur áherslu á framúrskarandi þjónustu, öfluga teymisvinnu og stöðugar umbætur. Starfið er unnið í dagvinnu og á vöktum.

***Starfssvið***

- Stýring og vöktun raforkukerfisins
- Aðgerðastjórnun og áætlanagerð um rekstur flutningskerfisins
- Þátttaka í úrbótaverkefnum og straumlínulögun ferla
- Þátttaka í nýsköpunarverkefnum og snjallnetsþróun

***Menntunar- og hæfniskröfur***

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. verkfræði, tæknifræði eða menntun á sviði raungreina
- Mjög góð greiningarhæfni og færni til að setja fram upplýsingar á skýran hátt
- Samskiptahæfni og drifkraftur til að gera betur
- Útsjónarsemi og geta til að starfa undir álagi

**Umsóknarfrestur er til og með 17. nóvember 2017.**

Nánari upplýsingar veita **Ragnar Guðmannsson,** forstöðumaður stjórnstöðvar, og **Ólafur Kári Júlíusson**, mannauðssérfræðingur, sími: 563-9300, netfang: **mannaudur@landsnet.is**

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Landsnets, www.landsnet.is. Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Við flytjum raforku á Íslandi og stýrum uppbyggingu flutningskerfisins. Við sjáum fyrir okkur rafvædda framtíð sem er í takt við samfélagið og höfum sett okkur það markmið að tryggja örugga afhendingu á raforku til framtíðar og að ná sátt um þær leiðir sem farnar verða. Við viljum taka tillit til þarfa samfélagsins á hverjum tíma og sýnum ábyrgð í umgengni við náttúruna.

Hjá Landsneti berum við umhyggju hvert fyrir öðru, sköpum góðan vinnustað með spennandi verkefnum, með gildin okkar – samvinnu, ábyrgð og virðingu að leiðarljósi.

**Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is**

---

Rio Tinto

# Sérfræðingur í framleiðsluskipulagningu

Rio Tinto á Íslandi hf. óskar eftir að ráða sérfræðing í hóp framleiðsluskipulags í steypuskála. Í teyminu starfa fjórir sérfræðingar sem sinna fjölbreyttum og krefjandi verkefnum. Leitað er eftir traustum og ábyrgum einstaklingi til þess að verða hluti af teyminu.

Umsóknarfrestur
**20. nóvember**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/3271**

Starfssvið

- Móttaka framleiðslupantana.
- Skipulag og eftirfylgni við framleiðslu.
- Tryggja afhendingar vöru til viðskiptavina.
- Birgðatalningar, birgðastjórnun og aðfangastýring.
- Kostnaðargreining og hagkvæmniútreikningar.
- Stöðugar umbætur framleiðsluferla.
- Samskipti við söluskrifstofu Rio Tinto.

Menntunar- og hæfniskröfur

- B.Sc. í verkfræði, viðskiptafræði, vörustjórnun eða sambærilegt.
- Þekking og reynsla af framleiðslustjórnun og birgðastjórnun æskileg.
- Þekking á bókhaldi og áætlanagerð kostur.
- Þekking á straumlínustjórnun t.d. Lean og Six Sigma kostur.
- Mjög góð tölvukunnátta og þekking á upplýsingatækni.
- Samskiptahæfni, frumkvæði og ögun í vinnubrögðum.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.

RioTinto

Rio Tinto á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar.

Við setjum umhverfis-, öryggis-, og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

## Scrum Master - hugbúnaðarþróun

Traust hugbúnaðarfyrirtæki í útflutningi eigin lausna óskar eftir að ráða Scrum Master.

Gott tækifæri fyrir árangursdrifinn einstakling sem langar að starfa við útflutning á hugviti og lausnum fyrir alþjóðleg stórfyrirtæki.

**Sjá nánar á www.intellecta.is**

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

## NAV sérfræðingar - einstakt tækifæri

Við leitum að Microsoft Dynamics NAV sérfræðingum fyrir öflugt og leiðandi fyrirtæki í umfangsmikilli starfsemi.

- Viðskiptagreiningar / verkefnastjórnun
- Hugbúnaðarþróun

**Sjá nánar á www.intellecta.is**

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

*Samkeppniseftirlitið er í miklum samskiptum við atvinnufyrirtæki, tekur við kvörtunum og ábendingum og er í samtali við fyrirtæki um samkeppnisaðstæður. Þá reiðir Samkeppniseftirlitið sig á upplýsingagjöf frá fyrirtækjum og er þess vegna í samskiptum við fjölda fyrirtækja á þeim mörkuðum sem rannsóknir lúta að. Stofnunin hefur eftirlit með samkeppnislögum og hefur það að markmiði að efla virka samkeppni í viðskiptum og vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri.*

*Hjá Samkeppniseftirlitinu starfar hópur sérfræðinga. Það er markmið Samkeppniseftirlitsins að hjá því starfi úrvalsfólk með mikla þekkingu og reynslu á ýmsum sviðum.*

*Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á* ***www.samkeppni.is***

## Hefur þú ánægju af samskiptum við fólk og áhuga á bættri samkeppni?

### Samkeppniseftirlitið leitar að aðstoðarmanni sérfræðinga

Samkeppniseftirlitið leitar að öflugum starfsmanni. Starfið felur í sér mikil samskipti við aðra starfsmenn Samkeppniseftirlitsins og við starfsmenn fyrirtækja vegna rannsókna. Í starfinu reynir mikið á yfirsýn, öguð vinnubrögð og nákvæmni í meðferð talna ásamt því að geta haldið mörgum boltum á lofti í einu. Um nýtt starf er að ræða og gefst því viðkomandi tækifæri til að móta það að hluta.

**Helstu viðfangsefni**

- Aðstoð við sérfræðinga við málsmeðferð einstakra mála sem stofnunin hefur til meðferðar
- Umsjón með upplýsingaöflun
- Þátttaka í fjölbreyttum verkefnum sem tengjast meðferð mála
- Upplýsingagjöf á heimasíðu og samfélagsmiðlum

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Mjög gott vald á rituðu máli, bæði á íslensku og ensku
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Frumkvæði við úrlausn viðfangsefna
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta

Samkeppniseftirlitið áskilur sér rétt til þess að ráða starfsfólk á grundvelli auglýsingarinnar næstu sex mánuði eftir birtingu hennar.

*Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 511-1225 og Hilmar Þórðarson, sviðsstjóri rekstrarsviðs Samkeppniseftirlitsins (hilmar@samkeppni.is) í síma 585-0707. Umsóknarfrestur er til og með 27. nóvember 2017. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni.*
***Intellecta, Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



**Deloitte.**



**What impact will you make?**
**deloitte.is**

# Viltu hafa áhrif?

**Vegna mikilla umsvifa leitar Deloitte að öflugum og metnaðarfullum sérfræðingum í samhentan hóp starfsmanna Deloitte. Við leitum að einstaklingum sem vilja hafa áhrif og hafa brennandi áhuga á að skara fram úr og veita framúrskarandi þjónustu.**

**Í boði eru fjölbreytt og krefjandi störf í alþjóðlegu umhverfi.**

## IFRS Sérfræðingur

Deloitte óskar eftir metnaðarfullum sérfræðingi á sviði reikningsskila með áherslu á alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) sem mun vinna að greiningum á reikningshaldslegum álitaefnum og veita sérfræðiráðgjöf í þessum efnum.

**Helstu verkefni eru**

- Greining á reikningshaldslegum álitaefnum
- Sérfræðiráðgjöf til ytri og innri aðila
- Mat á áhrifum nýrra reikningsskilareglna
- Aðstoð við innra starf og þjálfun
- Samskipti við erlenda sérfræðinga

## Ráðgjafi við stefnumótun og hönnun tölvukerfa („Architecture“)

Deloitte leitar að metnaðarfullum sérfræðingi til að hjálpa viðskiptavinum við mótun viðskiptastefnu og tæknistefnu í stafrænum heimi þar sem viðskiptamódel og tækifæri fyrirtækja hafa gjörbreyst á skömmum tíma.

**Helstu verkefni eru**

- Greining á núverandi stöðu fyrirtækja með tilliti til styrkleika og veikleika þeirra
- Stefnumótun sem unnin er með viðskiptavinum Deloitte og byggir á skilgreindum módelum Deloitte
- Stafræn stefnumótun og hönnun nýrra viðskipamódela sem byggja á stafrænni (Digital) tækni fyrir viðskiptavini

## Sérfræðingur á fjármálasviði (e. Controller)

Fjármálasvið Deloitte leitar að nýútskrifuðum og metnaðarfullum einstaklingi, sem hefur mikinn áhuga á reikningshaldi og fjármálum fyrirtækja, sem mun vinna náið með fjármálastjóra Deloitte.

**Helstu verkefni eru**

- Árangursmælingar og fjárhagslegar greiningar
- Stjórnendaskýrslur
- Fjárhagsleg upplýsingagjöf
- Aðstoð við áætlanagerð
- Aðstoð við hagræðingu ferla í fjármáladeild
- Aðstoð við framkvæmd ýmissa verkefna á fjármálasviði í tengslum við mánaðaruppgjör
- Yfirumsjón yfir innheimtu

## Bókari – Akureyri

Deloitte á Akureyri leitar að öflugum og drífandi einstaklingi í spennandi og krefjandi starf bókara. Unnið er í öflugu teymi sem að hluta til eða alfarið ber ábyrgð á öllu reikningshaldi fyrir einn eða fleiri viðskiptavini Deloitte.

**Helstu verkefni eru**

- Umsjón með fjárhagsbókhaldi, launavinnslu og skýrslugerð til stjórnanda.
- Vinna að tilfallandi verkefnum fyrir viðskiptavini

## Bókari – Reykjavík

Deloitte leitar að öflugum og drífandi einstaklingi í spennandi og krefjandi starf bókara. Unnið er í öflugu teymi sem að hluta til eða alfarið ber ábyrgð á öllu reikningshaldi fyrir einn eða fleiri viðskiptavini Deloitte.

**Helstu verkefni eru**

- Umsjón með fjárhagsbókhaldi, launavinnslu og skýrslugerð til stjórnanda.
- Vinna að tilfallandi verkefnum fyrir viðskiptavini

## Viðskiptafræðingur – Akureyri

Deloitte á Akureyri óskar eftir að ráða öflugan viðskiptafræðing. Viðkomandi mun meðal annars vinna við krefjandi og áhugaverð verkefni á sviði reikningshalds og endurskoðunar.

**Helstu verkefni eru**

- Krefjandi og áhugaverð verkefni á sviði reikningshalds og endurskoðunar
- Vinna að tilfallandi verkefnum fyrir viðskiptavini

## Viðskiptafræðingur – Hveragerði

Deloitte í Hveragerði óskar eftir að ráða öflugan viðskiptafræðing. Viðkomandi mun meðal annars vinna við krefjandi og áhugaverð verkefni á sviði reikningshalds og endurskoðunar.

**Helstu verkefni eru**

- Krefjandi og áhugaverð verkefni á sviði reikningshalds og endurskoðunar
- Vinna að tilfallandi verkefnum fyrir viðskiptavini

## Forritari „Robotics“ – Reykjavík

Deloitte leitar að forritara til að taka þátt í spennandi verkefnum á sviði ferla-sjálfvirkni („Robotics“).

**Helstu verkefni eru**

- Ferlagreining og ferlahönnun
- Forritun í UIPath „Robotics“ umhverfi
- Sjálfvirkni ferla með „Robotics“ tækni í m.a. fjárhagskerfum, launavinnslu og skýrslugerð.

## Verkefnastjóri - „Project Manager“

Deloitte leitar að starfsmanni til að stýra verkefnum sem Deloitte er að vinna fyrir viðskiptavini og geta teymi verið sett saman af starfsmönnum Deloitte frá mörgum löndum.

**Helstu verkefni eru**

- Verkefnastjórnun verkefna á sviði stefnumótunar sem Deloitte vinnur fyrir viðskiptavini.
- Verkefnastjórnun verkefna á sviði innleiðingar upplýsingakerfa.
- Verkefnastjórnun „Robotics“ verkefna sem Deloitte vinnur fyrir viðskiptavini

## Nánari upplýsingar

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst. Tekið er á móti umsóknum í gegnum heimasíðu Deloitte, **www.deloitte.is**, fyrir 26. nóvember 2017. Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.

Nánari upplýsingar veitir Harpa Þorláksdóttir mannauðsstjóri, **harpa@deloitte.is**.

# Vilt þú fara alveg í kerfi?

**Rekstur upplýsingakerfa í Microsoft umhverfi**

Nova leitar að öflugum liðsfélögum í rekstur upplýsingakerfa í Microsoft umhverfi. Við leitum annars vegar að þaulvönum reynslubolta í faginu, og hins vegar að metnaðarfullum starfsmanni með ögn minni reynslu, en óslökkvandi þorsta í að læra meira. Þetta eru störf sem krefjast þess að geta unnið sjálfstætt og undir álagi.

Þekking og reynsla af rekstri kerfa í sýndarumhverfi (VMware) er nauðsynleg. Víðtæk reynsla af rekstri gagnagrunna (dba) er kostur.

Nova er skemmtilegur og sveigjanlegur vinnustaður þar sem mikið er lagt upp úr sjálfstæðum vinnubrögðum og góðum starfsanda. Við hlaupum hratt og leggjum gríðarlega áherslu á sterka liðsheild.

Áhugasamir sæki um á **nova.is** fyrir **19. nóvember.**

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2017

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA






# Forstöðumaður Fyrirtækjamiðstöðvar

Í Fyrirtækjamiðstöð Landsbankans starfa tæplega 50 manns sem sérhæfðir eru í þjónustu við meðalstór og smærri fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Innan Fyrirtækjamiðstöðvar eru m.a. deildir viðskiptastjóra, fyrirtækjaþjónusta og þjónustuver fyrirtækja. Flest starfsfólk er í daglegum samskiptum við viðskiptavini þar sem kappkostað er að tryggja fyrirtækjum í viðskiptum bestu þjónustu sem völ er á.

## Helstu verkefni

- Mótun á starfsemi Fyrirtækjamiðstöðvar í samræmi við stefnu og markmið bankans
- Daglegur rekstur og stjórnun
- Gæta að hagkvæmni í rekstri og leita leiða til að auka tekjur og arðsemi
- Að leiða vinnu við öflun nýrra viðskiptasambanda
- Ábyrgð á gæðum útlánasafns

## Hæfni og menntun

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af rekstri og/eða útlánamálum fyrirtækja
- Haldgóð þekking á fyrirtækjamarkaði
- Leiðtogahæfni og geta til að virkja starfsmenn til að ná settum markmiðum
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veita Árni Þór Þorbjörnsson, framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs, í síma 410 7450 og Bergþóra Sigurðardóttir, starfsþróunarstjóri, í síma 410 7907.
Umsókn merkt *Forstöðumaður Fyrirtækjamiðstöðvar* fyllist út á vef bankans, landsbankinn.is.
Umsóknarfrestur er til og með 26. nóvember nk.

Jafnlaunaúttekt PwC





# Vefdeild Landsbankans

Vefdeild er hluti af Upplýsingatæknisviði Landsbankans og ber ábyrgð á vef- og margmiðlunarmálum í samvinnu við hagsmunaaðila innan bankans. Í deildinni starfar kraftmikill hópur einstaklinga með sérhæfingu á ólíkum sviðum. Meðal þeirra vefsvæða sem deildin sér um eru netbankar Landsbankans, landsbankinn.is og innri vefur bankans.

## Vefhönnuður

### Helstu verkefni

» Hönnun veflausna og vöruþróun

» Þróun og viðhald netbanka og vefsvæða bankans

### Hæfni og menntun

» Grafísk hönnun eða sambærileg menntun

» Reynsla af vefhönnun

## Vefforritari

### Helstu verkefni

» Útfærsla veflausna og vöruþróun

» Þróun og viðhald netbanka og vefsvæða bankans

### Hæfni og menntun

» Háskólamenntun í tölvunarfræði eða sambærileg menntun

» Reynsla og þekking á JavaScript, ASP.NET og vefforritun

» Þekking og áhugi á React, REST og JSON er kostur

Bæði störfin krefjast skipulagshæfni og agaðra vinnubragða. Mikil áhersla er lögð á frumkvæði, fagmennsku og færni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar veita Snæbjörn Konráðsson, forstöðumaður Vefdeildar, snaebjornk@landsbankinn.is og Berglind Ingvarsdóttir, mannauðsráðgjafi, berglindi@landsbankinn.is.
Umsókn merkt *Vefhönnuður* eða *Vefforritari* fyllist út á vef bankans, landsbankinn.is.
Umsóknarfrestur er til og með 24. nóvember næstkomandi.

Jafnlaunaúttekt PwC



Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

# KERFISSTJÓRI

▶ Leitum að öflugum starfsmanni í kerfisumsjón og þjónustu.

Upplýsingatæknisvið sér um rekstur og þróun tölvukerfa, ásamt því að þjónusta starfsfólk og eftirlitsskylda aðila við notkun kerfanna. Samstarf er við bæði innlendar og erlendar eftirlitsstofnanir um ýmis verkefni. Við leitum að tæknilega sinnuðum einstaklingi með góða þekkingu og reynslu af kerfisrekstri, ríka þjónustulund og góða öryggisvitund. Í boði er fjölbreytt og krefjandi starf í skemmtilegu umhverfi.

## Helstu verkefni

- Uppfærsla og rekstur upplýsingatæknikerfa
- Uppsetning og viðhald tölvubúnaðar
- Umsjón með eldvegg, vefsíum og öðrum öryggisbúnaði
- Þjónusta við notendur tölvukerfa
- Annað sem til getur fallið á upplýsingatæknisviði

## Menntunar- og hæfnikröfur

- Viðeigandi menntun í kerfisrekstri eða tölvunarfræðum
- Reynsla af rekstri tölvukerfa
- Þekking á umsýslu sýndarumhverfis (t.d. VMware)
- Þekking og reynsla af stjórnun eldveggja og öðrum vörnum netkerfa
- Þekking og reynsla af Microsoft lausnum, s.s. Exchange, Skype og SCCM kostur
- Þekking á Veeam eða sambærilegum afritunarlausnum kostur
- Þekking á uppsetningu og stillingu gagnagrunna kostur
- Frumkvæði, þjónustulund og skipulögð vinnubrögð

Umsjón með ráðningu hafa Bjarni Þór Gíslason upplýsingatæknistjóri (bjarnithor@fme.is) og Árni Ragnar Stefánsson mannauðsstjóri (arni@fme.is).

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is eða á www.starfatorg.is.

Umsóknarfrestur er til og með 27. nóvember nk. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

---

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita

# Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita

## Óskar eftir að ráða starfsmann í fullt starf.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita er byggðasamlag sveitarfélaganna Grímsnes- og Grafningshrepps, Bláskógabyggðar, Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Flóahrepps og Ásahrepps sem hefur það hlutverk að annast lögbundin verkefni byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa auk verkefna sem varða umhverfis- og tæknimál. Verkefni byggðasamlagsins í umhverfis- og tæknimálum eru margvísleg en þar á meðal er unnið að vatns-, hita-, og fráveitumálum, gatnagerð, viðhaldi og nýbyggingum húsa, sorpmálum, vinnslu úrgangs og fleira sem til fellur. Starfsaðstaða er á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi.

**Starfssvið :**

- Verkefnastjórnun og verkeftirlit vegna nýframkvæmda og viðhaldsmála á sviði umhverfis- og gatnakerfa.
- Ábyrgð á að framkvæmd verkefna sé í samræmi við lög og reglugerðir.
- Samskipti við opinbera aðila, hönnuði og verktaka.
- Vinna við fráveitumál.
- Vinna við landupplýsingagrunn.
- Vinna við GPS landmælingar.
- Vinna við umhverfismál.
- Áætlanagerð og forgangsröðun verkefna.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Byggingafræðingur, -tæknifræðingur eða -verkfræðingur eða aðra sambærilega menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla og þekking á fráveitum og gatnagerð.
- Reynsla og þekking á umhverfismálum.
- Reynsla og þekking á verkefnastjórnun.
- Reynsla og þekking á opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni.
- Þekking og reynsla af notkun Windows-Office og CAD-hugbúnaðar .

Frekari upplýsingar um starfið veitir Eyþór Sigurðsson í síma 480 5500 á skrifstofutíma.

Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilskrá sem og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi á hæfni viðkomandi í starfið. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Umsóknarfrestur er til og með 4. desember 2017 á netfangið tsv@utu.is**

---

ráðum
ráðningarstofa

Ertu að leita að starfi?

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

---

MIÐSTÖÐ MELTINGARLÆKNINGA

# Hjúkrunarfræðingur

Miðstöð meltingarlækninga, Læknastöðinni Glæsibæ, óskar eftir að ráða hjúkrunarfræðing til starfa. Starfshlutfall allt að 80%

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið laeknastodin@laeknastodin.is **fyrir 15. nóvember nk.**

Nánari upplýsingar veitir Kristín Ólafsdóttir deildarstjóri á **kristin@laeknastodin.is**

**Læknastöðin · Álfheimar 74 · 104 Reykjavík · sími: 5356800 · fax: 5356805**

---

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

# Embætti landlæknis auglýst laust til umsóknar

Velferðarráðuneytið auglýsir embætti landlæknis laust til umsóknar. Um embættið fer samkvæmt lögum nr. 41/2007, um landlækni og lýðheilsu.

Heilbrigðisráðherra skipar landlækni til fimm ára í senn að fengnu mati nefndar skv. 9. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007. Embættið heyrir undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra. Umsækjendur skulu hafa sérfræðimenntun í læknisfræði, þekkingu á sviði lýðheilsu og víðtæka reynslu eða menntun á sviði stjórnunar. Leitað er að einstaklingi með samskipta- og leiðtogahæfileika og góða þekkingu og reynslu af rekstri og stefnumótun. Mikilvægt er að viðkomandi hafi reynslu af stjórnunarstörfum á sviði heilbrigðisþjónustu.

Landlæknir ber ábyrgð á því að embættið starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Hann ber jafnframt ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma embættisins sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

**Hlutverk landlæknis er meðal annars að:**

- veita ráðherra og öðrum stjórnvöldum, fagfólki og almenningi ráðgjöf og fræðslu um málefni á verksviði embættisins,
- annast forvarna- og heilsueflingarverkefni,
- efla lýðheilsustarf í samvinnu við aðra sem að þeim málum starfa og styðja við menntun á sviði lýðheilsu,
- vinna að gæðaþróun,
- hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsmönnum,
- hafa eftirlit með lyfjaávísunum og fylgjast með og stuðla að skynsamlegri lyfjanotkun landsmanna,
- veita starfsleyfi til einstaklinga sem uppfylla skilyrði laga og reglugerða til notkunar starfsheita löggiltra heilbrigðisstétta,
- stuðla að því að menntun heilbrigðisstarfsmanna sé í samræmi við kröfur heilbrigðisþjónustunnar á hverjum tíma,
- sinna kvörtunum almennings vegna heilbrigðisþjónustu,
- bera ábyrgð á framkvæmd sóttvarna, sbr. sóttvarnalög,
- safna og vinna upplýsingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu,
- meta reglulega árangur af lýðheilsustarfi og bera hann saman við sett markmið,
- stuðla að rannsóknum á starfssviðum embættisins,
- sinna öðrum verkefnum sem honum eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.

Skipað verður í embættið frá 1. apríl 2018. Um kjör landlæknis fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs þar til ný ákvörðun hefur verið tekin um laun og starfskjör skv. 39. gr. a. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum.

Ráðuneytið hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um embættið.

Upplýsingar um starfið veita Anna Lilja Gunnarsdóttir ráðuneytisstjóri (postur@vel.is) og Áslaug Einarsdóttir settur skrifstofustjóri (aslaug.einarsdottir@vel.is) í síma 545 8100.

**Umsóknarfrestur er til 20. desember 2017.** Með umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá, starfsheiti og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hvernig viðkomandi uppfylli hæfniskröfur fyrir starfið. Umsóknir skulu sendar til velferðarráðuneytisins, Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík eða á netfangið postur@vel.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

*Velferðarráðuneytinu, 10. nóvember 2017.*

# ER FRAMTÍÐ ÞÍN HJÁ OKKUR?




# INNOVA leitar að öflugu fólki

**Innova er framleiðsluhugbúnaður Marel sem þjónar matvælavinnslum í fiski, kjöti og kjúklingi. Hugbúnaðurinn er notaður við framleiðslueftirlit og stýringu og þjónar lykilhlutverki í matvælavinnslu í heiminum í dag. Innova er í örum vexti og starfa nú um 160 manns við þróun, sölu og þjónustu á hugbúnaðinum um allan heim.**

## VIÐSKIPTAÞRÓUNARSTJÓRI

*Product Management & Business Development*

**Starfsmaðurinn mun bera ábyrgð á framtíðarsýn, stefnu, áætlanagerð og daglegum rekstri ásamt því að stuðla að skilvirkni teymisins hjá Innova.**

**Starfssvið:**

- Leiða vöru- og viðskiptaþróun Innova framleiðsluhugbúnaðarins
- Áætlunargerð og samþætting stefnu Innova við stefnu Marel
- Þróun viðskiptamarkmiða og þátttaka í stefnumörkun Innova
- Leiða og samhæfa vöruþróun Innova við aðrar deildir Marel
- Leiða innri samskipti og samskipti við ytri samstarfsaðila og viðskiptavini

**Hæfniskröfur:**

- MBA eða MSc gráða í viðskiptum eða tengdum fögum
- Tölvunarfræði eða tæknilegur bakgrunnur er kostur
- Reynsla í að leiða vöruþróunarteymi, semja um flókin hugbúnaðarverkefni og verðleggja fyrirtækjahugbúnað
- Minnst fimm ára reynsla í viðskiptastjórnun á hugbúnaðarsviði í alþjóðlegu umhverfi
- Sjálfstæð vinnubrögð, færni í samskiptum og hæfni til að vinna í alþjóðlegu umhverfi
- Mjög góð enskukunnátta, í skrifuðu og mæltu máli

## HUGBÚNAÐARRÁÐGJAFI

**Starfið felst í þjónustu, ráðgjöf, uppsetningu og innleiðingu á Innova hugbúnaðarkerfinu og verkferlum hjá viðskiptavinum. Starfið krefst ferðalaga erlendis og mikilla samskipta við viðskiptavini.**

**Starfssvið:**

- Þjónusta og ráðgjöf við viðskiptavini
- Greining, ráðgjöf og hönnun á framleiðslu og viðskiptaferlum
- Innleiðing kerfishugbúnaðar til að styðja við ferla
- Uppsetning og kennsla á Innova

**Hæfniskröfur:**

- Menntun á sviði rekstrarfræði, iðnaðarverkfræði, tölvunarfræði, kerfisfræði eða sambærilegu
- Reynsla af uppsetningu og innleiðingu á hugbúnaðarkerfum og verkferlum ásamt reynslu af verkefnastjórnun og viðskiptatengslum.
- Færni í Microsoft SQL gagnagrunnum og netkerfum er kostur
- Sjálfstæð vinnubrögð, færni í samskiptum og hæfni til að vinna í alþjóðlegu umhverfi
- Mjög góð enskukunnátta, í skrifuðu og mæltu máli

## ÞJÓNUSTUSÉRFRÆÐINGUR

**Starfið felst í þjónustu við notendur Innova hugbúnaðarkerfisins hjá viðskiptavinum Marel á Íslandi.**

**Starfssvið:**

- Þjónusta við viðskiptavini Marel á Íslandi á grundvelli þjónustusamninga
- Uppsetning og kennsla á Innova
- Uppfærslur á hugbúnaði og viðbætur við kerfi

**Hæfniskröfur:**

- Menntun á sviði rekstrarfræði, iðnaðarverkfræði, tölvunarfræði, kerfisfræði eða sambærilegu
- Reynsla af þjónustu og uppsetningu á hugbúnaðarkerfum
- Færni í Microsoft SQL gagnagrunnum og netkerfum
- Sjálfstæð vinnubrögð, færni í samskiptum og hæfni til að vinna í teymi

## FORRITARI

**Verkefnin snúa sérstaklega að forritun á nýjum viðskiptalausnum tengdum IoT, viðskiptagreind og birtingu upplýsinga sem styrkja hugbúnaðarframboð fyrirtækisins.**

**Starfssvið:**

- Greining, hönnun, forritun og prófun hugbúnaðar
- Þarfagreining og hönnun lausna í samvinnu við viðskiptavini
- Prófun nýrra lausna hjá viðskiptavinum
- Skjölun og þjálfun

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun í tölvunarfræði, kerfisfræði eða verkfræði
- Reynsla af hugbúnaðargerð með C#, MS SQL Server og Visual Studio
- Reynsla af stjórnun viðskiptaferla og IoT er kostur
- Þekking á Scrum/Agile aðferðafræði
- Skapandi hugsun og færni í teymisvinnu
- Færni í samskiptum og hæfni til að vinna í alþjóðlegu umhverfi
- Mjög góð enskukunnátta, í skrifuðu og mæltu máli

**Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember. Sótt er um rafrænt á heimasíðu Marel, www.marel.is/störf.**
Nánari upplýsingar um störfin og umsóknarform er að finna á **marel.is/störf**.

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki með um 5100 starfsmenn, þar af um 600 á Íslandi. Fyrirtækið er brautryðjandi á heimsvísu í þróun og framleiðslu tækja og hugbúnaðar fyrir matvælaiðnað. Við leggjum ríka áherslu á nýsköpun og framþróun í öllu okkar starfi. Þess vegna viljum við ráða til okkur öflugt fólk, konur og karla, sem hafa áhuga á að mæta nýjum og spennandi áskorunum á hverjum degi. Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, glæsilegt mötuneyti, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

marel

**Reykjavíkurborg**
Skrifstofa borgarstjórnar

# Verkefnastjóri í Ráðhúsi Reykjavíkur

**Auglýst er til umsóknar starf verkefnastjóra á skrifstofu borgarstjórnar í Ráðhúsi Reykjavíkur.**
Skrifstofa borgarstjórnar fer með umsýslu fyrir borgarstjórn, borgarráð, forsætisnefnd og ýmsar aðrar nefndir auk þess sem hún heldur utan um þjónustu við borgarfulltrúa og aðra kjörna fulltrúa í nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar. Skrifstofan annast þar að auki gerð umsagna vegna rekstrarleyfa veitinga- og gististaða og framkvæmd almennra kosninga í Reykjavík.

**Meðal helstu verkefna eru:**
- Þjónusta við kjörna fulltrúa og umsýsla fyrir formann borgarráðs.
- Móttaka erinda og undirbúningur fyrir fundi borgarráðs og borgarstjórnar.
- Skjalastjórnun, frágangur skjala og umsjón málaskrár.
- Þjónusta við viðskiptavini skrifstofunnar m.a. vegna meðferðar rekstrarleyfisumsókna veitinga- og gististaða.
- Aðstoð við undirbúning og framkvæmd almennra kosninga í Reykjavík.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólagráða sem nýtist í starfi og/eða haldbær reynsla af sambærilegu starfi.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg.
- Þekking á verkefnum sveitarfélaga er æskileg.
- Mjög gott vald á íslenskri tungu.
- Góð tölvukunnátta.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og frumkvæði.
- Samstarfshæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Starfshlutfall er 100%.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags við Reykjavíkurborg.

Nánari upplýsingar veitir Helga Björk Laxdal, skrifstofustjóri borgarstjórnar, í gegnum netfangið helga.laxdal@reykjavik.is.

**Umsóknarfrestur er til 27. nóv nk.**
Umsóknum ásamt fylgiskjölum skal skilað á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/laus-storf.

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

# Bifvélavirki óskast

Tékkland bifreiðaskoðun óskar eftir bifvélavirkja til að annast almenna bifreiðaskoðun á höfuðborgarsvæðinu.

Hæfniskröfur:
- Faglærður bifvélavirki
- Rík þjónustulund
- Finnst gaman að vera í vinnunni

Nánari upplýsingar veitir Birgir Hákonarson í síma 665-9900

Umsókn með upplýsingum um menntun og reynslu skal skila á netfangið birgir@tekkland.is fyrir 24. nóvember 2017

**TÉKKLAND**
*Bifreiðaskoðun*

*Borgartúni / Holtagörðum / Reykjavíkurvegi / Akureyri / Sími 414 9900*

# VILT ÞÚ VERÐA **HLUTI** AF GÓÐU **FERÐALAGI**?

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Nú vantar okkur fleiri til að vera hluti af góðu ferðalagi með okkur.

## SKJALASTJÓRI

Skjalastjóri leiðir þróun og umsjón með skjalavörslu félagsins. Hann ber ábyrgð á skjalastefnu og verklagi við skjalastjórnun og sér um daglega móttöku, skráningu og miðlun skjala. Skjalastjóri mun hafa umsjón með að innleiða og framfylgja vörslureglum Þjóðskjalasafns Íslands.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Reynsla af skjalastjórnun
- Háskólapróf í bókasafns- og upplýsingafræði eða annað próf sem nýtist í starfi
- Reynsla af innleiðingu skjalastýringarkerfis er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta er skilyrði. Þekking á OneSystems er kostur
- Góð tungumálakunnátta í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Færni og lipurð í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Guðrún Þorsteinsdóttir mannauðsráðgjafi, **gudrun.thorsteinsdottir@isavia.is**.

Isavia hlaut gullmerki PwC fyrir launajafnrétti í jafnlaunaúttekt PwC 2015 og 2016. Við erum stolt af þeirri niðurstöðu og er hún í takt við jafnréttisáætlun félagsins sem hefur það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunun eigi sér stað.


**Hringur** er flugumferðarstjóri í flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík. Hann er hluti af góðu ferðalagi.

HVÍTA HÚSIÐ — SÍA 2017

STARFSSTÖÐ: **REYKJAVÍK**

UMSÓKNARFRESTUR: **26. NÓVEMBER**

UMSÓKNIR: **ISAVIA.IS/ATVINNA**

isavia




# Kraftur, eldmóður og hellingur af hæfileikum

Hjá Veitum er frábær starfsandi, mikil ánægja með stjórnendur og allur aðbúnaður fyrsta flokks. Við leggjum mikla áherslu á jafnvægi vinnu og einkalífs, sí- og endurmenntun og möguleika til að vaxa í starfi.

Við rekum stærsta veitukerfi landsins og starfsmenn okkar gegna mikilvægu hlutverki við að halda viðskiptavinum okkar í sambandi – alla daga.

## Fagstjóri hitaveitu

Framtíðarsýn og þróun er mikilvægur þáttur í góðum rekstri veitukerfa. Fagstjórar okkar gegna þar lykilhlutverki. Meðal fjölbreyttra verkefna er mótun framtíðarsýnar, gerð hermilíkans kerfisins og ábyrgð á hönnunarforsendum veitnanna.

Ef þú elskar að sökkva þér ofan í verkefni, hefur reynslu af hönnun veitukerfa, býrð yfir frumkvæði og skipulagshæfileikum viljum við heyra í þér. Þú þarft próf í verk- eða tæknifræði og þekking á hermun er kostur.

**Við tökum á móti umsóknum á www.veitur.is** þar sem nánari upplýsingar um starfið er að finna. Frekari aðstoð veitir Sólrún Kristjánsdóttir starfsmannastjóri í netfanginu starf@veitur.is.

Við tökum jafnréttið alvarlega og viljum hafa fjölbreyttan hóp starfsmanna. **Því hvetjum við jafnt konur sem karla til að sækja um.**

**Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember.**

Jafnlaunaúttekt PwC 2017

JAFNRÉTTISRÁÐ

**Kynntu þér vinnustaðinn Veitur á veitur.is og á Facebook**

VEITUR

# Varaslökkviliðsstjóri óskast

**Brunavarnir Skagafjarðar óska eftir að ráða varaslökkviliðsstjóra. Starfið er laust frá og með 1. desember 2017. Í starfinu felst m.a. umsjón og þjálfun slökkviliðsins, daglegt eldvarnareftirlit, úttektir og yfirferð uppdrátta. Varaslökkviliðsstjóri telst til vakthafandi liðsheildar og sinnir útköllum þegar þörf er á. Allar nánari upplýsingar sem og menntunar- og hæfniskröfur má finna á heimasíðu sveitarfélagsins www.skagafjordur.is.**

**Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember 2017.**
Sótt er um starfið í íbúagátt eða á heimasíðu sveitarfélagsins.
Svavar Atli Birgisson, slökkviliðsstjóri, svarar fyrirspurnum í síma 453-5425 eða með tölvupósti svavaratli@skagafjordur.is.

www.skagafjordur.is

Skagafjörður

# Vélstjóri

FISK Seafood ehf óskar eftir vélstjóra
á Drangey Sk 2
Umsækjandi þarf að hafa VF-II réttindi
Óskað er eftir reynslumiklum vélstjóra.

**Upplýsingar gefur Jón Ingi
í síma 825 4417
Einnig er hægt að senda
umsókn á netfangið
joningi@fisk.is**

FISK SEAFOOD

# Kraftmikill söluráðgjafi



**Við hjá HEKLU leitum að kraftmiklum og hæfileikaríkum einstaklingi til starfa. Starfsmaður verður hluti af sterku söluteymi og fær tækifæri að taka þátt í mótun og þróun þjónustu til viðskiptavina HEKLU hf.**

**Starfsvið:**
- Sala á vara- og aukahlutum í þjónustuveri og verslun.
- Kynning á nýjungum til samstarfsaðila.
- Almenn verslunarstörf.

**Hæfniskröfur**
- Reynsla og menntun sem nýtist í starfi.
- Framúrskarandi söluhæfileikar.
- Skipulagshæfni, frumkvæði og metnaður.
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Geta til að vinna sjálfstætt.

Umsóknarfrestur er til og með 17. nóvember nk. Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Dröfn Ámundadóttir, mannauðsstjóri í síma 590 5000 eða gegnum tölvupóstfangið sigridur@hekla.is – Um fullt starf er að ræða.

**Umsóknir berist gegnum heimasíðu HEKLU hf. http://www.hekla.is/storf**

Yfir 150 manns starfa hjá HEKLU hf. en félagið er leiðandi fyrirtæki í innflutningi, sölu og þjónustu við nýjar og notaðar bifreiðar.

Félagið er með umboð fyrir Volkswagen, Audi, Skoda og Mitsubishi og annast þjónustu við þessar tegundir.

Höfuðstöðvar HEKLU eru við Laugaveg 170-174 í Reykjavík.

HEKLA

DISTICA

www.distica.is

# INNKAUPAFULLTRÚI

DISTICA ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA METNAÐARFULLAN EINSTAKLING SEM VILL TILHEYRA ÖFLUGUM HÓPI STARFSMANNA INNKAUPADEILDAR OG SINNA MEÐ ÞEIM KREFJANDI VERKEFNUM.

## HELSTU VERKEFNI
- Umsjón með innkaupum
- Vöktun á birgðastöðu og veltuhraða
- Samskipti við innlenda og erlenda birgja
- Ráðgjöf og samskipti við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi verkefni

## MENNTUN OG HÆFI
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af innkaupum að lágmarki 3–5 ár
- Reynsla af notkun Navision, AGR eða sambærilegum kerfum
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Greiningarhæfni, nákvæmni og samviskusemi

Aðeins er tekið við umsóknum um starfið í gegnum ráðningarvef á heimasíðu Distica: www.distica.is.

Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember nk.

*Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum verður svarað.*

Upplýsingar um starfið veita:
- HJÖRDÍS ÓSK ÓSKARSDÓTTIR
  DEILDARSTJÓRI INNKAUPADEILDAR
  ☎ 665 7510
- VILBORG GUNNARSDÓTTIR
  MANNAUÐSSTJÓRI
  ☎ 824 7136

Distica sérhæfir sig í dreifingu á lyfjum, heilsuvörum, neytendavörum og vörum fyrir heilbrigðisþjónustu og rannsóknarstofur. Fyrirtækið er með um 70% markaðshlutdeild í lyfjadreifingu á Íslandi. Nánar á www.distica.is.

GILDI DISTICA ERU ÁREIÐANLEIKI, HREINSKIPTNI OG FRAMSÆKNI

KELDUR

# Dýralæknir með áherslu á bakteríufræði

Laust er til umsóknar starf dýralæknis á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

Dýralæknir sem ráðinn verður í starfið mun starfa á sýkladeild og vinna að verkefnum Keldna varðandi greiningar á dýrasjúkdómum, uppbyggingu og þróun grunn- og þjónustuverkefna, viðbragðsáætlunum vegna smitsjúkdóma og verkefnum þeim tengdum. Tilraunastöðin starfar m.a. sem innlend tilvísunarrannsóknastofa fyrir Campylobacter og sýklalyfjanæmi og tekur starfið á deildinni mið af því.

**Starfssvið**
- Yfirumsjón með daglegri starfsemi sýkladeildar Tilraunastöðvarinnar, þ.m.t.
  - bakteríurannsóknir
  - rannsóknir á sýklalyfjanæmi
  - framleiðsla á bóluefni gegn sauðfjársjúkdómum af völdum baktería
- Rannsóknir og þjónusta í þágu heilbrigðiseftirlits, sjúkdómsgreininga og sjúkdómsvarna fyrir búfé og önnur dýr, í samstarfi við Matvælastofnun og starfandi dýralækna
- Þróun og endurbætur á greiningaraðferðum
- Ráðgjöf innan fræðasviða Tilraunastöðvarinnar
- Innlend- og alþjóðleg samvinna
- Leiðbeining nema í námsverkefnum

**Gerðar eru eftirfarandi menntunar- og hæfniskröfur:**
- Embættispróf í dýralækningum
- Þekking og reynsla á sviði sjúkdómsgreininga og bakteríufræða
- Æskilegt er að umsækjandi hafi unnið við rannsóknaverkefni og komið að stjórnun þeirra
- Samstarfshæfni, frumkvæði og klínísk reynsla eru ákjósanlegir kostir

Nánari upplýsingar veita Vala Friðriksdóttir deildarstjóri bakteríu- sníkjudýra- og meinafræðideildar Tilraunastöðvar HÍ í meinafræði að Keldum ( sími 585-5100, netfang: valaf@hi.is) og Sigurður Ingvarsson forstöðumaður Tilraunastöðvarinnar (sími 585-5100, netfang: siguring@hi.is).

Umsóknir skulu sendast framkvæmdastjóra Keldna (netfang keldurstarf@hi.is) fyrir 30.11.2017. Með umsókn skal fylgja ítarleg ferilsskrá ásamt upplýsingum um umsagnaraðila.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum stéttarfélaga opinberra starfsmanna við fjármálaráðuneytið.

Við ráðningu í störf við Tilraunastöðina er tekið mið af jafnréttisstefnu Keldna.

*Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er háskólastofnun með margþætta starfsemi. Stofnunin sinnir grunn- og þjónusturannsóknum á sviði dýrasjúkdóma. Tilraunastöðin sinnir einnig þjónustu vegna heilbrigðiseftirlits í dýrum og eftirlits með búvöruframleiðslu. Upplýsingar um starfsemi Keldna er að finna á www.keldur.is.*










www.skra.is
www.island.is

# Sérfræðingur við mat og skráningu fasteigna

Þjóðskrá Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa við skráningar og mat fasteigna á Fasteignaskrársviði.

Við leitum að snjöllum starfsmanni í teymi sem vinnur að skráningu og skoðun fasteigna, útreikningi á fasteigna- og brunabótamati og yfirferð eignaskiptayfirlýsinga. Hópurinn er í daglegum samskiptum við fasteignaeigendur og sveitarfélög og leggur mikla áherslu á lipra og ábyrga þjónustu.

**Reynsla og hæfni**

- Menntun á sviði byggingarmála, fasteignasölu eða sambærilegt sem nýtist í starfi
- Reynsla af matsstörfum eða fasteignasölu er kostur
- Reynsla af útreikningi byggingarkostnaðar er kostur
- Réttindi í gerð eignaskiptayfirlýsinga er kostur
- Góðir skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð kunnátta í íslensku

**Umsóknarfrestur er til og með 27. nóvember 2017.**

Umsóknum skulu fylgja starfsferilskrár og kynningarbréf. Umsóknir óskast sendar á netfangið starfsumsoknir@skra.is.

Athygli er vakin á því, að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Nánari upplýsingar veitir Guðjón Steinsson, deildarstjóri fasteignaskráningardeildar í gegnum netfangið gs@skra.is.**

Hlutverk Þjóðskrár Íslands er að greiða götu fólks og fyrirtækja í samfélaginu og gæta upplýsinga um réttindi þeirra og eignir. Við sinnum því með því að safna, varðveita og miðla upplýsingum um fólk, mannvirki og landeignir. Innan starfssviðs Þjóðskrár er rekstur fasteignaskrár og þjóðskrár, útgefið fasteignamat og brunabótamat, rekstur island.is og umsjón með útgáfu vegabréfa.

Við leggjum ríka áherslu á jákvæð samskipti og góða samvinnu sem er undirstaða góðrar þjónustu. Við teljum eftirsóknarvert að fá til liðs við okkur þá sem vilja starfa í anda gilda okkar um virðingu, sköpunargleði og áreiðanleika.

Við höfum metnað til leggja áherslu á fjölskylduvænt starfsumhverfi með sveigjanleika fyrir starfsmenn. Þjóðskrá Íslands tekur nú þátt í tilraunarverkefni um styttingu vinnuvikunnar.

*Við kunnum vel að meta frumkvæði, nákvæmni og hraða í vinnubrögðum.*
*Við nýtum aðferðir straumlínustjórnunar til að verða betri í dag enn í gær.*

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
REGISTERS ICELAND

# Lausar stöður hjá Fjársýslu ríkisins

Hugsar þú í lausnum?

Dreymir þig um samstarf & teymisvinnu?

Stingur þú þér á bólakaf í bakvinnslu?

Leynist ráðgjafi innra með þér?

Fylgir þolinmæðin þér í hvert fótmál?

Ertu um borð í tæknihraðlestinni?

Gæti verið að greiningarhæfni sé millinafnið þitt?

Eru mannleg samskipti sérsvið þitt?

Er nákvæmni þér í blóð borin?

Langar þig að koma í liðið okkar?

## Sérfræðingur á fjárreiðusviði

### Um sviðið

Fjárreiðusvið sér m.a. um rekstur og þróun Tekjubókhaldskerfis ríkisins (TBR) og þjónustu við innheimtumenn ríkissjóðs, álagningaraðila og aðra notendur kerfa sem eru í umsjón sviðsins

### Helstu verkefni og ábyrgð

Þróun og umsjón með rekstri ásamt, þjónustu við notendur innheimtukerfa (TBR og Orri)
Uppgjör og afstemmingar
Þátttaka í gerð leiðbeininga og kennsla

### Hæfnikröfur

Háskólamenntun á sviði viðskiptafræða eða góð reynsla af ofantöldum verkefnum
Góð þekking á upplýsingatæknimálum er æskileg
Þekking á TBR er kostur
Góð kunnátta á Excel
Skipulagshæfni
Sjálfstæði í vinnubrögðum
Frumkvæði, metnaður til að ná árangri og tileinka sér nýjungar
Mjög góð samstarfs- og samskiptahæfni

## Sérfræðingur á bókhaldssviði

### Um sviðið

Bókhaldssvið hefur yfirumsjón með bókhaldi fyrir ríkissjóð, ráðuneyti og þær ríkisstofnanir sem eru í bókhaldsþjónustu hjá FJS

### Helstu verkefni og ábyrgð

Umsjón og eftirlit með bókhaldi tiltekinna stofnana og fjárlagaliða
Afstemmingar og uppgjör á bókhaldi
Þátttaka í gerð leiðbeininga og kennsla

### Hæfnikröfur

Háskólamenntun á sviði viðskiptafræða
Góð reynsla af bókhaldsvinnu
Þekking á Orra er kostur
Góð kunnátta á Excel
Skipulagshæfni
Sjálfstæði í vinnubrögðum
Frumkvæði, metnaður til að ná árangri og tileinka sér nýjungar
Mjög góð samstarfs- og samskiptahæfni

## Starfsmaður á bókhaldssviði

### Um sviðið

Bókhaldssvið hefur yfirumsjón með bókhaldi fyrir ríkissjóð, ráðuneyti og þær ríkisstofnanir sem eru í bókhaldsþjónustu hjá FJS

### Helstu verkefni og ábyrgð

Skráning og skönnun ógreiddra reikninga
Vinna með rafræna reikninga
Eftirlit með stöðu reikninga

### Hæfnikröfur

Stúdentspróf og/eða góða reynsla af skrifstofustörfum
Skipulagshæfni
Sjálfstæði í vinnubrögðum
Frumkvæði, metnaður til að ná árangri og tileinka sér nýjungar
Mjög góð samstarfs- og samskiptahæfni

Starfshlutfall allra starfanna er 100%
Umsóknarfrestur er til og með 27.11.2017
Sótt er rafrænt um störfin á www.starfatorg.is
Nánari upplýsingar veitir Pétur Ó. Einarsson mannauðsstjóri - petur.einarsson@fjs.is - sími 545-7500
Laun skv. gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélög hafa gert

fjs

www.fjs.is

Fjársýslan er þjónustu- og þekkingarstofnun á sviði opinberra fjármála. Stofnunin veitir fjármálatengda þjónustu til ríkissjóðs og ríkisaðila og annast umsýslu fjármuna. Þá hefur hún yfirumsjón með bókhaldi og uppgjörum ríkissjóðs og tryggir tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins.





# TVÖ SPENNANDI OG SKEMMTILEG STÖRF

## Sölumaður hreinlætistækja

### Menntun og reynsla

- Þekking á hreinlætistækjum er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af sölumennsku er æskileg en ekki nauðsynleg.
- Stundvísi og áreiðanleiki.
- Æskilegt er að viðkomandi hafi náð 25 ára aldri.

## Sölumaður lagnaefnis

### Menntun og reynsla

- Þekking á pípulagnaefni er æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af sölumennsku er æskileg en ekki nauðsynleg.
- Stundvísi og áreiðanleiki.
- Æskilegt er að viðkomandi hafi náð 25 ára aldri.

Umsóknarfrestur er til 19. nóvember n.k. - um er að ræða framtíðarstarf.
Nánari upplýsingar gefur sölustjóri Tengis - Arnar Árnason í síma 414 1000.
Vinsamlegast sendið umsóknir á netfangið, **atvinna@tengi.is.**

**Gæði, þjónusta, ábyrgð - það er Tengi**

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • www.tengi.is
Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • tengi@tengi.is

TENGI

---

**Snæfellsbær**

## Hjúkrunarfræðingur óskast við Dvalar- og hjúkrunarheimilið Jaðar í Ólafsvík

Dvalar - og hjúkrunarheimilið Jaðar í Ólafsvík auglýsir eftir hjúkrunarfræðingi til starfa í 80-100% stöðugildi.

Á Jaðri eru 12 hjúkrunarrými og 5 dvalarrými.
Heimilið var nýlega stækkað og allt tekið í gegn.
Þar er vinnuaðstaða með því besta sem gerist.

Nánari upplýsingar veitir Inga Jóhanna Kristinsdóttir, forstöðumaður, í síma 857-6605

Skriflegum umsóknum er tilgreini menntun, fyrri störf og 2 umsagnaraðila ber að skila til forstöðumanns Jaðars fyrir **20. nóvember 2017** á netfangið jadar@snb.is ellegar á póstfangið Hjarðartún 3a, 355 Ólafsvík

Ólafsvík er einn af þremur þéttbýliskjörnum sem mynda sveitarfélagið Snæfellsbæ.

Snæfellsbær er ungt sveitarfélag sem vefur sig utan um Snæfellsjökul: Staðarsveit, Búðir, Breiðuvík, Arnarstapi, Hellnar, Hellissandur, Rif, Ólafsvík og Fróðárhreppur. Í góðu veðri er Ólafsvík í tveggja tíma akstursfjarlægð frá Reykjavík – og veðrið er að sjálfsögðu alltaf gott undir Jökli!

Hér býr gott fólk sem er alltaf tilbúið til að bjóða nýja Snæfellsbæinga velkomna.

Í Snæfellsbæ er sérstaklega fallegt umhverfi þar sem Snæfellsjökul ber hæst, enda býður bæjarfélagið upp á alla flóru landsins þegar kemur að landslagi, fugla- og dýralífi.

Útivist og íþróttir er hægt að stunda hvenær sem er ársins, skíði og snjóbretti, gönguferðir, golf, hestamennsku, sund og margt fleira. Nýtt glæsilegt íþróttahús er í Ólafsvík.

Öflugt tónlistarlíf er í sveitarfélaginu og félagastarfsemi með miklum blóma.

*Forstöðumaður*

---

# Smellpassar þú í hópinn?

## BM VALLÁ LEITAR AÐ ÖFLUGUM STARFSMÖNNUM Í HÚSEININGADEILD FYRIRTÆKISINS, SMELLINN

### Starfsmaður í hönnunardeild

**Starfssvið**

- Þátttaka í burðaþolshönnun einingahúsa
- Undirbúningur einingateikninga til framleiðslu og til skipulagsyfirvalda
- Verkefnastjórnun einingaverkefna með viðskiptavinum og hönnuðum þeirra
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur**

- Menntun í byggingafræði, verkfræði, tæknifræði eða öðru sambærilegu
- Reynsla af vinnu í Autocad og Revit nauðsynleg
- Önnur almenn tölvukunnátta
- Lipurð í samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

### Verkefnastjóri uppsetninga húseininga

**Starfssvið**

- Undirbúningsvinna og stjórnun uppsetningarverkefna fyrirtækisins
- Verkstjórn og eftirlit með uppsetningu eininga
- Eftirfylgni öryggisstefnu fyrirtækisins á verkstöðum
- Skráning atvika í verkefna- og gæðakerfi fyrirtækisins
- Náið samstarf við framleiðslu- og söludeild fyrirtækisins
- Önnur tilfallandi verkefni innan fyrirtækisins

**Hæfniskröfur**

- Húsasmíðameistarapróf/önnur iðnaðar- eða tæknimenntun.
- Reynsla af störfum í byggingariðnaði
- Lipurð í samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Almenn tölvukunnátta

**Umsóknir sendist fyrir 20. nóvember 2017 á netfangið radning@bmvalla.is.**
Bæði störfin eru með starfsstöð í Reykjavík. Nánari upplýsingar um ofangreind störf veitir framkvæmdastjóri Smellinn húseininga hjá BM Vallá í síma 617 5460

BM Vallá er rótgróið og leiðandi fyrirtæki í byggingariðnaði. Hjá okkur starfar öflugur hópur starfsfólks við fjölbreytta framleiðslu og þjónustu. Við bjóðum upp á fyrsta flokks starfsaðstöðu með aðgang að mötuneyti. Fyrirtækið starfar eftir 0 slysa stefnu þar sem öryggismál starfsmanna eru í forgangi og gæðakerfi okkar er rekið samkvæmt ISO 9001 staðlinum.

BM·VALLÁ Smellinn

**bmvalla.is**

---

**Reykjavíkurborg**
Borgarsögusafn Reykjavíkur

## Verkefnastjóri á Borgarsögusafni

**Borgarsögusafn Reykjavíkur auglýsir eftir verkefnisstjóra í tímabundið starf til tveggja ára.**

**Ábyrgð og verksvið:**
Verkefnastjóri sér um gerð húsa- og byggðakannana í hverfahlutum borgarinnar ásamt varðveislumati sem er hluti af vinnu við deiliskipulag og hverfisskipulag. Veitir umsagnir til skipulagsfulltrúa vegna deiliskipulags og breytinga á húsum. Veitir einstaklingum og framkvæmdaaðilum ráðgjöf um viðhald og viðgerðir á gömlum húsum í Húsverndarstofu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í arkitektúr eða skipulagsfræðum með áherslu á eldri hús.
- Þekking á byggingartækni og lagaumhverfi byggingar- og skipulagsmála.
- Reynsla á fagsviðinu er kostur.
- Metnaður, skipulagshæfni og frumkvæði í starfi.
- Færni í mannlegum samskiptum og sveigjanleiki.
- Gott vald á upplýsingatækni og -miðlun.
- Mjög gott vald á íslensku og ensku, jafnt töluðu sem rituðu máli.

**Um Borgarsögusafn:**
Borgarsögusafn Reykjavíkur samanstendur af Árbæjarsafni, Sjóminjasafni, Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Viðey og Landnámssýningunni í Aðalstræti. Borgarsögusafn Reykjavíkur sinnir m.a. minjavörslu í Reykjavík í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012 og heldur skrár yfir fornleifar, hús og mannvirki í Reykjavík.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags. Umsóknafrestur er til og með 26. nóvember. Umsækjendur sæki um á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/laus-storf. Sérstök athygli er vakin á markmiðum starfsmanna- og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem er að finna á www.reykjavik.is

**Nánari upplýsingar veitir:**
María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna á tölvupósti maria.karen.sigurdardottir@reykjavik.is og í síma 411-6300.

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

VÉLFANG – VERKIN TALA

# Viðgerðarmaður á vélaverkstæði óskast

Við óskum eftir að ráða starfsmann á verkstæði í fullt starf. Reynsla af vélaviðgerðum er æskileg og menntun augljós kostur. Mikilvægt er að viðkomandi sé jákvæður, með ríka þjónustulund og eigi gott með samskipti við viðskiptavini.

***Allar upplýsingar veitir Guðmundur í síma 894 0617, en allar umsóknir skal senda á netfangið thjonusta@velfang.is***

*Vélfang ehf. er sölu- og þjónustuaðili á sviði vinnu- og landbúnaðarvéla. Helstu vörumerki eru **JCB**, **CLAAS** og **FENDT**. Vélfang ehf. var valið Framúrskarandi fyrirtæki 2015. Hjá Vélfangi starfar hópur fólks sem hefur það að markmiði að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu og nú vantar einn í liðið.*

JCB CLAAS FENDT

FRUM - www.frum.is

SALURINN

# AUGLÝSIR EFTIR FJÖLHÆFUM STARFSMANNI

Um er að ræða fjölbreytt starf á fámennum vinnustað. Starfið felst í hefðbundnum skrifstofustörfum fyrri hluta dags og viðveru í miðasölu seinni hluta dags. Starfsmaðurinn vinnur að kynningar- og markaðsmálum í samstarfi við forstöðumann og sér jafnframt um innkaup og umsjón með veitingum.

**Ráðningartími og starfshlutfall**
Viðkomandi þarf að geta hafið störf 15. desember 2017. Starfshlutafall er 100%

**Menntunar og hæfniskröfur**

- Góð almenn tölvukunnátta.
- Góð íslensku og ensku kunnátta.
- Háskólamenntun er kostur.
- Sjálfstæði, ögun og skipulag í vinnubrögðum.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Þekking á tónlistarsenu landsins er kostur.

**Launakjör**
Starfskjör samkvæmt VR-samningum.

Umsóknarfrestur er til og með **15. nóvember 2017.**
Upplýsingar gefur Aino Freyja, forstöðumaður, í síma 44 17 502 á milli kl. 10–12 virka daga.
Einnig má senda fyrirspurn á aino@salurinn.is.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is

# VERKSTJÓRI

## Á SVIÐI BYGGINGA-FRAMKVÆMDA



Reir ehf. fasteignafélag í umfangsmiklum byggingarframkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu leitar að **kraftmiklum og úrræðagóðum verkstjóra með góða samskiptafærni** til að stýra framkvæmdum á verkstað. Starfið felst í verkstjórn vegna byggingaframkvæmda, skipulag starfsmanna í byggingarflokki og utanumhald um verk hverju sinni.

**Reynsla af byggingarstörfum er skilyrði.**

Umsóknir sendist á netfangið **arni@reir.is**
Nánari upplýsingar veitir Árni Guðlaugsson **(arni@reir.is / gsm 788-7599)**
Umsóknarfrestur er til 21. nóvember en unnið er úr umsóknum jafnóðum og þær berast.
Reir býður upp á öruggt vinnuumhverfi og samkeppnishæf laun.

REIR

REIR ehf, LAUGAVEGUR 7, 101 REYKJAVÍK

ÍSLANDS HÓTEL · Grand Hótel Reykjavík · Hótel Reykjavík Centrum · Fosshótel

# REKSTRARSTJÓRI FASTEIGNA

**Íslandshótel leitar að rekstrarstjóra fasteigna félagsins í Reykjavík. Starfið felur í sér umsjón með almennu viðhaldi og rekstri á 6 hótelum í Reykjavík: Grand Hótel Reykjavík, Hótel Reykjavík Centrum, Fosshótel Reykjavík, Fosshótel Baron, Fosshótel Lind og Fosshótel Rauðará.**

Þessar fasteignir eru rúmlega 50.000 fermetrar að flatarmáli og hótelherbergin telja um 1.100. Fyrirhugaðar eru umfangsmiklar stækkanir og endurbætur á fasteignunum á næstu árum.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Verkstjórn og eftirlit með uppbyggingu og endurbótum fasteigna
- Gerð kostnaða- og viðhaldsáætlana, stýring framkvæmda og eftirlit
- Samskipti við verktaka og samningagerð
- Umsjón með reglubundnu viðhaldi fasteigna

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði bygginga- tækni- eða verkfræði
- Meistararéttindi á byggingarsviði æskileg
- Þekking og/eða reynsla af byggingarframkvæmdum
- Sjálfstæði, frumkvæði og samstarfsvilji
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur

**Umsóknir ásamt ítarlegri ferilskrá óskast sendar á netfangið elisabet.einarsdottir@islandshotel.is
Umsóknarfrestur er til 27. nóvember 2017.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.**

islandshotel.is



Áformuð stækkun Grand Hótel Reykjavík

ráðum ráðningarstofa | Er verið að leita að þér?
**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

Vinnumálastofnun

# Þjónusturáðgjafi

VINNUMÁLA STOFNUN

**Vinnumálastofnun** leitar að þjónusturáðgjöfum til starfa á þjónustuskrifstofu VMST á höfuðborgarsvæðinu til að veita þeim sem til stofnunarinnar leita fyrstu ráðgjöf og þjónustu. Stofnunin er að efla og styrkja framlínuráðgjöf sína og munu nýir þjónusturáðgjafar taka þátt í að móta starfið. Leitað er eftir einstaklingum sem eiga auðvelt með að tileinka sér gildi Vinnumálastofnunar: **Fyrirmyndarþjónusta; Virðing; Áreiðanleiki.**

**Helstu verkefni:**

- Fagleg og persónuleg ráðgjöf til þjónustuþega um réttindi, skyldur og þjónustuleiðir í samræmi við lög og reglur og þarfir hvers og eins.
- Að veita fyrirmyndarþjónustu til þjónustuleitenda í móttöku á þjónustuskrifstofu, í gegnum síma, netspjall og tölvupóst.
- Aðstoð við fyrstu skref í atvinnuleitinni, umsóknir, óskastörf og ferilskrá.
- Meðhöndlun og úrvinnsla umsókna.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi s.s. á sviði félagsvísinda og lögfræði.
- Metnaður fyrir því að veita fyrirmyndarþjónustu.
- Samskipta- og skipulagshæfni.
- Vilji til að læra og takast á við nýja hluti.
- Mjög góð íslenskukunnátta bæði munnleg og skrifleg.
- Mjög góð enskukunnátta bæði munnleg og skrifleg.

Laun eru samkvæmt stofnanasamningi Vinnumálastofnunar og viðkomandi stéttarfélags.

Sækja skal um starfið á Starfatorgi: **www.starfatorg.is**. Starfið er með númerið 201711/1740

Nánari upplýsingar um starfið veita Íris Guðmundadóttir forstöðumaður (iris.gudmundsdottir@vmst.is) og Vilmar Pétursson mannauðsstjóri (vilmar.petursson@vmst.is) í síma 515-4800 eða með fyrirspurn í tölvupósti.

**Umsóknarfrestur er til og með 29. nóvember 2017.**

Kría hönnunarstofa | www.kria.is

Fyrirmyndarþjónusta | Virðing | Áreiðanleiki

**Vinnumálastofnun** Kringlunni 1, 103 Reykjavík Sími 515 480 **www.vmst.is**

# Lausar stöður aðstoðardeildarstjóra



**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Hjúkrun aldraðra
- Ákveða, skipuleggja og veita hjúkrunarmeðferð
- Er nánasti samstarfsmaður deildarstjóra og vinnur að skipulagningu á starfsemi deildar í samráði við hann
- Fylgjast með nýjungum í faginu
- Ábyrgð á rekstri og mönnun deildar í fjarveru hjúkrunardeildarstjóra
- Er leiðandi í klínísku starfi og framþróun hjúkrunar og umbóta á deildinni
- Vinnur náið með hjúkrunardeildarstjóra að mótun liðsheildar
- Sérstök ábyrgð á tilteknum verkefnum sem honum eru falin

**Menntunar- og hæfnikröfur:**
- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Jákvætt viðmót og framúrskarandi samskiptahæfni
- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og faglegur metnaður til að ná árangri
- Leiðtogahæfni
- Þekking á verkefnastjórnun og umbótastarfi
- Góð íslenskukunnátta

Um er að ræða tvö störf. Störfin eru laus nú þegar eða eftir nánara samkomulagi.

Starfshlutfall og starfsfyrirkomulag er eftir samkomulagi..

Nánari upplýsingar veitir Guðný H. Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar í síma 522-5600.
**Umsóknarfrestur er til**
**3. desember** n.k.og skila skal umsóknum á gudny@skjol.is
Umsóknum skal fylgja náms- og starfsferilskrá ásamt afritum af prófskírteinum.

SKJÓL
VIRÐING – VELLÍÐAN – VIRKNI



Veðurstofa Íslands

# Samskiptastjóri

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða í nýtt starf samskiptastjóra. Samkiptastjóri ber m.a. ábyrgð á að setja upp og innleiða samskiptastefnu stofnunarinnar, framfylgja henni með faglegumvinnubrögðum og nútíma tækni. Starfið heyrir undir ***Skrifstofu forstjóra*** og mun viðkomandi sitja í framkvæmdaráði stofnunarinnar.

**Meginhlutverk**

- Ábyrgð á verkefnum og verkferlum tengdum samskiptum við ytri og innri aðila þar með talið verkferlum og leiðbeiningum er tengjast samskiptum í atburðum
- Ábyrgð á upplýsingamiðlun stofnunarinnar þ.m.t. hvaða miðlar eru notaðir, samnýting þeirra, hagnýting nýrrar tækni og hvernig best er að ná til einstakra markhópa
- Heldur utan um formleg innlend og alþjóðleg tengslanet stofununarinnar auk þess að halda utan um samskipti við innlenda og erlenda samstarfs- og hagsmunaaðila
- Heldur utan um samskipti við fjölmiðla og skipulagningu viðburða á vegum stofnunarinnar
- Fylgist með þróun á sviði samskiptastjórnunar og sinnir faglegri ráðgjöf við stjórnendur og starfsmenn

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi: s.s. fjölmiðla-, samskipta-, markaðs- og eða upplýsingafræði
- Framhaldsmenntun æskileg
- Haldgóð reynsla af fjölmiðlun, samskiptastjórnun, upplýsinga- og eða markaðs- og kynningarmálum
- Afburða hæfni til að miðla upplýsingum í gegnum mismunandi samskiptamiðla
- Afburða hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður og hæfni til að leiða verkefni og hópa
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Skipulög vinnubrögð

Laun taka mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veita **Inga S. Arnardóttir**, **inga@hagvangur.is** og **Gyða Kristjánsdóttir**, **gyda@hagvangur.is**, hjá Hagvangi.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Hagvangs, **www.hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 27. nóvember nk.**

*Gildi Veðurstofunnar eru **þekking**, **áreiðanleiki**, **framsækni** og **samvinna**. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.*

*Veðurstofa Íslands nýtur mikils traust í samfélaginu. Mikilvægt er að viðhalda því trausti sem verður m.a. gert með því að vinna eftir framsækinni samskiptastefnu.*

*Veðurstofa Íslands er opinber stofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Hjá stofnuninni starfa um 135 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðasvið. Auk þess starfa um 110 manns við athugana- og eftirlitsstörf víðsvegar um landið. Hlutverk stofnunarinnar er öflun, varðveisla og úrvinnsla gagna, sem og miðlun upplýsinga á helstu eðlisþáttum jarðarinnar, þ.e. **lofti, vatni, jörð, snjó, jöklum og hafi**. Starfsemin fer fram á fjórum sviðum: **Eftirlits- og spásviði, Fjármála- og rekstrarsviði, Athugana- og tæknisviði og Úrvinnslu- og rannsóknasviði**. Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar **www.vedur.is***



HAGVANGUR

# LAUS STÖRF
## FYRIR RÉTTA EINSTAKLINGA

**Málefni fatlaðs fólks**
- » Framtíðarstarf - Smárahvammur
- » Starfsmaður - Hæfingarstöðin Bæjarhrauni
- » Þroskaþjálfi afleysing - Hæfingarstöðin Bæjarhrauni

**Grunnskólar**
- » Frístundaleiðbeinandi - Áslandsskóli
- » Grunnskólakennari í móttökudeild - Hvaleyrarskóli
- » Faggreinakennari - Lækjarskóli
- » Skólaliði - Lækjarskóli
- » Stuðningsfulltrúi - Lækjarskóli
- » Frístundaleiðbeinandi í Krakkaberg - Setbergsskóli
- » Skólaliði í íþróttahús - Setbergsskóli
- » Stuðningsfulltrúi í Krakkaberg - Setbergsskóli
- » Frístundaleiðbeinandi - Skarðshlíðarskóli
- » Skólaliði - Víðistaðaskóli

**Leikskólar**
- » Leikskólakennari - Arnarberg
- » Leikskólakennari - Álfasteinn
- » Deildarstjóri - Hlíðarberg
- » Leikskólakennari - Hlíðarberg
- » Leikskólakennari - Hlíðarendi
- » Sérkennslustjóri - Hlíðarendi
- » Leikskólakennari - Hvammur
- » Deildarstjóri - Hörðuvellir
- » Leikskólakennari - Hörðuvellir
- » Leikskólakennari - Leikskólinn Tjarnarás
- » Leikskólakennari - Vesturkot
- » Leikskólakennari - Víðivellir
- » Þroskaþjálfi - Víðivellir
- » Þroskaþjálfi hlutastarf - Víðivellir

JAFNRÉTTISVIÐURKENNING JAFNRÉTTISRÁÐ 2017

*Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.*

Nánar á **hafnarfjordur.is**

JAFNLAUNAMERKIÐ

HAFNARFJÖRÐUR

**HAFNARFJARÐARBÆR**
**585 5500**
hafnarfjordur.is

ALÞINGI

Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir sérfræðingi í útgáfu þingskjala.
Sjá nánar á starfatorg.is.

# MótX leitar að vönum mótamönnum

MótX óskar eftir því að ráða vana mótamenn í öflugt mælingargengi til starfa sem fyrst.

Mikil vinna og góður starfsandi.

Hægt er að senda inn umsókn á tölvupóstfangið **motx@motx.is** eða hafa samband við Guðmund í síma **861 2736**

MótX

*Við erum uppbyggjandi*

Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogur | sími 898 8872 | www.motx.is

IVF-klíníkinReykjavík

## Ljósmóðir eða hjúkrunarfræðingur

Við viljum bæta við okkur ljósmóður eða hjúkrunarfræðingi á IVF klíníkina Reykjavík. IVF klíníkin Reykjavík er einkarekin deild sérhæfð í rannsóknum og meðferðum á ófrjósemi. Við framkvæmum til dæmis tæknisæðingar, glasafrjóvganir og smásjárfrjóvganir. Við vitum að meðferð sem mætir þörfum sjúklinganna og tekur tillit til bæði líkamlegra og sálrænna þátta er forsenda þess að ná besta mögulega árangri.

IVF klíníkin Reykjavík er rekin af IVF Sverige sem er stærsti aðilinn í meðferðum á ófrjósemi á Norðurlöndunum. Fyrirtækið er samsett af 8 tæknifrjóvgunardeildum í Svíþjóð, Noregi og Íslandi með 150 starfsmenn.

### Verkefni

IVF klíníkin er að leita að starfsmanni til að sinna fjölbreyttum verkefnum í þverfaglegu teymi. Verkefnin sem tilheyra starfinu eru samskipti við sjúklinga á staðnum, í síma og tölvu, vinna við eggheimtur, fósturfærslur og tæknisæðingar.

### Ert það þú sem við erum að leita að?

Við erum að leita að þér sem ert með ljósmóður- eða hjúkrunarfræði menntun. Það er kostur ef þú hefur reynslu af kvenskoðunum og ómskoðunum.

Vinnan okkar er teymisvinna og því er mjög mikilvægt að þú hafir mjög góða samskiptahæfileika og njótir þess að vinna með öðrum. Fyrir þér eru gæðastarf og nákvæmni sjálfsagðir hlutir og þú ræður við að vinna skilvirkt og af yfirvegun á álagstoppum. Þú hefur ríka ábyrgðartilfinningu, þjónustulund og metnað til að sinna markmiðum deildarinnar um stöðugar framfarir í þágu sjúklinganna.

### Vinnutími

80-100% starf sem unnið er frá 7-17 á virkum dögum.
Í fyrstu verður ráðið til reynslu í 6 mánuði.

### Umsóknir

Sendu okkur umsókn á brynja.karlsdottir@ivfklinikin.is og segðu okkur frá hversvegna þú sækist eftir starfinu og láttu starfsferilsskrá fylgja með. **Umsóknarfrestur er til 20. nóvember og viðtöl fara fram í desember.**

ÖSSUR®
LIFE WITHOUT LIMITATIONS



# EMBEDDED SOFTWARE DESIGNER

The embedded software designer will work on developing state of the art microcontroller controlled medical products to improve people's mobility. The embedded software designer will be part of an interdisciplinary team within R&D, working closely with other R&D units.

## RESPONSIBILITIES

- Embedded software programming with C/C++ for devices running the ARM architecture
- Participation in requirements analysis together with internal and external partners
- Documentation of code and testing activities
- Development of suitable testing equipment and methods
- Software verification according to international standards
- Participation in risk management activities

## QUALIFICATIONS

- University degree in field related to software development
- Minimum of 5 years' experience in programming of embedded systems
- Experience with feedback control systems preferred
- Experience in medical device development preferred
- Strong analytical and problem solving capabilities
- Highly proficient in spoken and written English

# ELECTRONICS DESIGNER

The electronics designer will work on developing state of the art microcontroller controlled medical products to improve people's mobility. The electronics designer will be part of an interdisciplinary team within R&D, working closely with other R&D units.

## RESPONSIBILITIES

- Design of electronics architecture based on existing modules, including power electronics, FPGA, Arm Cortex MCU and communication channels
- PCB design
- Participation in FPGA coding
- Participation in requirements analysis together with internal and external partners
- Documentation and testing activities
- Development of suitable testing equipment and methods
- Participation in risk management activities

## QUALIFICATIONS

- University degree in field related to electronics development
- Minimum of 5 years' experience in design of electronics
- Experience in EMC/EMI compliance preferred
- Experience in FPGA preferred
- Experience in medical device development preferred
- Strong analytical and problem solving capabilities
- Highly proficient in spoken and written English

# MECHANICAL ENGINEER

The mechanical engineer will work on developing state of the art microcontroller controlled medical products to improve people's mobility. The mechanical engineer will be part of an interdisciplinary team within R&D, working closely with other R&D units.

## RESPONSIBILITIES

- Hardware design on both system- and component-levels, including molded parts, soft padding components and lightweight structural components
- Cooperation with prototyping labs and aesthetic design teams
- Optimization of hardware for manufacturing, cost and performance
- Participation in requirements analysis together with internal and external partners
- Documentation and testing activities
- Development of suitable testing equipment and methods
- Verification of mechanical parts according to international standards
- Participation in risk management activities

## QUALIFICATIONS

- University degree in mechanical engineering
- Minimum of 5 years' experience in mechanical development
- Highly proficient in SolidWorks
- Experience in injection molding preferred
- Experience in Finite Element Analysis preferred
- Experience in medical device development preferred
- Strong analytical and problem solving capabilities
- Highly proficient in spoken and written English

Application period ends November 19th, 2017.
Please apply on our website: ossur.is/mannaudur under the appropriate position.
For further information contact Human Resources +354 515 1300.

JAFNLAUNAMERKIÐ

Össur is a leading global provider of non-invasive orthopaedics with 2800 employees in over 20 countries worldwide.
The core values of the company are Honesty – Frugality – Courage.

WWW.OSSUR.COM

# Sérfræðingar í ráðningum




lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST Ráðningar

www.fastradningar.is




## Snillingur í fjármálum og rekstri

Við óskum eftir liðsauka í að efla fjármála- og rekstrarsvið fyrirtækisins auk þess sem viðkomandi mun taka að sér önnur tengd verkefni í rekstri fyrirtækisins og stoðdeildum.

Viðkomandi þarf að hafa reynslu af störfum af þessum toga auk þess að hafa ríka þjónustulund gagnvart samstarfsfólki og viðskiptavinum.

Hæfinskröfur:
- Góð reynsla af fjármálum og rekstri almennt
- Menntun á háskólasviði sem nýtist í starfinu
- Framúrskarandi tölvuþekking

Áhugasamir sendið umsókn með starfsferilsskrá merkt „Snillingur í fjármálum“ á netfangið albert@ldx.is fyrir 25. nóvember nk.

## Snillingur í útstillingum

Við leitum að jákvæðum og duglegum einstaklingi í starf útstillingarhönnuðar (e. visual merchandiser) við eina af verslunum okkar á höfuðborgarsvæðinu.

Hæfniskröfur:
- Fábærir skipulagshæfileikar
- Reynsla/menntun sem nýtist i starfi
- Brennandi áhugi á tísku

Áhugasamir sendið umsókn með starfsferilsskrá merkt „Snillingur í útstillingum“ á netfangið atvinna@ldx.is fyrir 25. nóvember nk.

***Lindex***
rekur um 500 verslanir í 16 löndum en Lindex á Íslandi er fjölskyldufyrirtæki stofnað 2011 og rekur 7 verslanir á Íslandi auk vefverslunarinnar lindex.is.

---

Umsóknarfrestur er til og með 25. nóvember nk.

LINDEX

Hagasmára 3, 201 Kópavogi, sími 591 9095

# Uppsetning og viðhald á iðnaðarhurðum

Óskum eftir að ráða öflugan starfsmann við uppsetningu og viðhald á iðnaðarhurðum.

Viðkomandi þarf að vera handlaginn, vandvirkur, með ríka þjónustulund og geta unnið sjálfstætt.

Talað og lesið íslensku og hafa bílpróf.

Umsóknir sendist á
**joi@hedinshurdir.is**

**HÉÐINS HURÐIR**

Íshella 10 • 221 Hafnarfjörður • Sími 569 2100

# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

**www.capacent.is**

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Fulltrúi á skrifstofu

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga leitar að áhugasömum og drífandi einstaklingi í starf fulltrúa á skrifstofu frá og með 1. janúar næstkomandi.

Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi framtíðarstarf í 100% starfshlutfalli.

**Starfssvið:**
- Almenn skrifstofustörf
- Umsjón með orlofsvef og úthlutun úr orlofssjóði
- Umsjón með félagaskrá félagsins
- Tengsl við stjórnir vísinda- og orlofssjóðs
- Umsjón með skjalavinnslukerfi félagsins
- Umsjón með fjarfundabúnaði félagsins
- Auglýsingaöflun fyrir Tímarit hjúkrunafræðinga
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**
- Stúdentspróf eða önnur haldbær menntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góð íslenskukunnátta í ræðu og riti
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Framúrskarandi þjónustulund og jákvæðni
- Góð almenn tölvukunnátta, t.d. í word og excel
- Skipulagshæfileikar og góð yfirsýn yfir verkefni
- Þekking á tölvukerfunum DK og Hannibal er kostur

Umsókn og ferilskrá sendist á gudbjorg@hjukrun.is.

Nánari upplýsingar veitir Guðbjörg Pálsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, í síma 540-6400 eða í tölvupósti gudbjorg@hjukrun.is.

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin.

Umsóknarfrestur er til og með 30. nóvember 2017.

## NEED A JOB?

### AÞ-Þrif is looking for people – full time and part time jobs

AÞ-Þrif is looking for people to hire, both for full time job and part time job.
Preferably between 20–40 years of age, icelandic and/or english speaking with driving license.
Clean criminal record required.

**Please apply via www.ath-thrif.is or send email: gerda@ath-thrif.is**

PROFESSIONALISM
GOOD SERVICE
HONESTY

AÞ-ÞRIF
WWW.ATH-THRIF.IS

# Starfsmaður á tæknisvið

Við leitum að rafeindafræðing, mekatróniskum hátæknifræðing eða manni með sambærilega menntun.

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal senda á **jon@velasalan.is** merkt **„Tæknisvið" fyrir 15. des. nk.**

VÉLASALAN
www.velasalan.is

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

## Starfsmaður í mötuneyti í Menntaskólanum í Kópavogi

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða starfsmann í mötuneyti skólans. Um er að ræða hlutastarf og er vinnutími frá kl. 09:00-13:00. Starfið felur í sér afgreiðslu, undirbúning málsverða og frágang. Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu af vinnu í mötuneyti og/eða menntun á þessu sviði.

Áríðandi er að viðkomandi eigi gott með samskipti og sé þjónustulipur.
Laun eru skv. samningi SFR- stéttarfélags í almannaþjónustu og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000 hjá skrifstofustjóra eða umsjónarmanni mötuneytis.

*Skólameistari*

Stofnun Árna Magnússonar
*í íslenskum fræðum*

## Öryggisvörður

Laust er til umsóknar starf öryggisvarðar við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum við Suðurgötu.

**Meginverkefni öryggisvarðar eru:**

- almenn öryggisgæsla á stofnuninni utan skrifstofutíma;
- umsjón með húsnæði stofnunarinnar.

**Um er að ræða fullt starf á vöktum í Árnagarði frá 1. janúar 2018.**

Leitað er eftir áreiðanlegum og stundvísum starfsmanni með hreint sakavottorð. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af öryggisgæslu eða tengdum störfum og sé vanur tölvupóstsamskiptum. Viðkomandi þarf að vera lipur í samskiptum. Stúdentspróf eða iðnmenntun er kostur.

Starfið heyrir undir stjórnsýslusvið stofnunarinnar. Umsóknir skulu berast til Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum á rafrænu formi á netfangið sigurborg.stefansdottir@arnastofnun.is. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Laun eru skv. kjarasamningi SFR og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs.

Við ráðningar í störf hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er tekið mið af jafnréttisstefnu stofnunarinnar.

Frekari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðunni www.arnastofnun.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir
Sigurborg Stefánsdóttir, fjármálastjóri stjórnsýslusviðs, sigurborg.stefansdottir@arnastofnun.is eða í síma 525 4010.

**Umsóknarfrestur er til 30. nóvember 2017**




## Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir laus til umsóknar störf byggingarfulltrúa og sérfræðings á sviði skipulags- og tæknimála

Hornafjörður er blómstrandi 2200 manna samfélag sem byggir á sjávarútvegi og ferðaþjónustu. Öflugt menningar- og félagslíf er í sveitarfélaginu og fjölbreytt íþróttastarf fyrir börn og ungmenni. Öll almenn þjónusta er til staðar og má þar nefna m.a. tónskóla, líkamsrækt, knatthús, sundlaug og heilbrigðisstofnun. Samgöngur til Hafnar eru greiðar, beint flug og strætó

**Byggingarfulltrúi** ber ábyrgð á byggingarmálum og hefur eftirlit með mannvirkjagerð sem fellur undir 1. og 2. mgr. 9. gr. laga um mannvirki nr.160/2010. Byggingarfulltrúi skal hafa löggildingu sem hönnuður skv. 25.gr. laga um mannvirki.

**Helstu verkefni** byggingarfulltrúa eru að annast móttöku og afgreiðslu byggingarleyfisumsókna vegna byggingarleyfisskyldra framkvæmda, stöðuleyfa og fyrirspurna auk útgáfu byggingarleyfa að skilyrðum uppfylltum. Byggingarfulltrúi annast að auki eftirlit með byggingarframkvæmdum og frágangi þeirra, sem og umhverfi lóða til samræmis við samþykkt gögn, skilmála, byggingarreglugerð og lög sem því tengjast. Hann vinnur að stefnumótun innan sviðsins, situr fundi skipulagsnefndar undir fundargerðum byggingarfulltrúa auk annarra þeirra faglegu starfa er falla til hverju sinni.

**Hæfniskröfur til starfsins** eru að umsækjendur hafi háskólamenntun á sviði byggingarmála, löggildingu í mannvirkjahönnun og haldgóða þekkingu á sviði byggingar- og umhverfismála, reynsla á umræddu sviði er jafnframt æskileg. Áhersla er lögð á lipurð í mannlegum samskiptum, fagmennsku, frumkvæði og metnað til árangurs í starfi.

**Sérfræðingur á sviði skipulags- og tæknimála** annast fjölbreytt störf á sviðinu, hann hefur m.a. yfirumsjón með tölvumálum sveitarfélagsins, annast greiningarvinnu ýmiskonar, áætlanagerð auk annarra sérhæfðra verkefna skv. beiðni skipulagsstjóra hverju sinni.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi háskólamenntun, sem nýtist í starfið. Reynsla af störfum innan stjórnsýslunnar er æskileg, auk góðrar íslensku- og enskukunnáttu í ræðu og riti. Áhersla er lögð á marktæka þekkingu og reynslu á sviði upplýsingatækni/tölvumála.

**Í boði eru** áhugaverð framtíðarstörf í barnvænu umhverfi þar sem öll nútíma þægindi eru til staðar, næg atvinnutækifæri, gott tómstundar- og félagslíf í friðsælu og framsæknu bæjarfélagi. Laun verða í samræmi við kjarasamning launanefndar sveitarfélags og viðeigandi stéttarfélaga. Sjá einnig á heimasíðu www.hornafjordur.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember nk.** Gengið verður frá ráðningum fljótlega.

**Guðný Harðardóttir hjá STRÁ ehf.** veitir nánari upplýsingar um starfið í síma: 588-3031 alla virka daga frá kl.13-15. Vinsamlegast sendið umsóknir ásamt meðfylgjandi gögnum til **stra@stra.is**, sjá nánar **www.stra.is**

Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út með vísan til 3. tölul. 2. mgr. 2. gr. reglna um auglýsingar á lausum störfum nr. 464/1996, með síðari breytingum, sem settar eru með stoð í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningar hefur verið tekin.

STRÁ

ÍSTAK

Ístak er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Starfsfólk Ístaks starfar víðsvegar um landið sem og erlendis. Ístak var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla, ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga. Ístak hefur mikla hefð fyrir samvinnu við dönsk verktakafyrirtæki og er í eigu danska verktakans Per Aarsleff, sem er með yfir 4.500 starfsmenn í ýmsum heimsálfum. Ístak leggur áherslu á verkefni á Íslandi, Færeyjum og á Grænlandi.

# Kranastjórnandi

**Ert þú kranastjórnandi sem hefur áhuga á að taka þátt í fjölbreyttum verkefnum fyrirtækisins?**
**Ístak leitar að kranamanni til að stýra mobile krana á verkefnum Ístaks á höfuðborgarsvæðinu.**

**Leitað er að aðila sem:**

- hefur gild vinnuvélaréttindi í flokki B.
- hefur gild ökuréttindi í flokki B og C.
- hefur haldgóða reynslu af stjórnun mobile krana.
- er stundvís og reglusamur.

**Ístak býður upp á:**

- Öruggt vinnuumhverfi
- Samkeppnishæf laun
- Góðan aðbúnað á vinnustað
- Reynslumikla og trausta stjórnendur

Við leitum að stundvísu og reglusömu fólki sem sýnir metnað í starfi og vill ráðast í verkefni framtíðarinnar með okkur. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.
**Allar nánari upplýsingar um starfið gefur Hörður Gunnarsson í síma 897 7446 eða í tölvupósti á hordurg@istak.is.**

**Ístak - Bugðufljóti 19 - 270 Mosfellsbær - Sími 530 2735 - www.istak.is**




## Sérfræðingur í GDS kerfum

Við óskum eftir að ráða sérfræðing til að sinna viðhaldi, breytingum og uppfærslum í GDS dreifikerfum (Global Distribution Systems).
Í boði er góður vinnustaður, fjölbreytt starf og frábærir vinnufélagar. Áhersla er lögð á jákvætt viðhorf, góða samskiptahæfni, fagmennsku og metnað í starfi. Umsækjendur þurfa að vera nákvæmir og talnaglöggir.

### Starfið:

- Ábyrgð á viðhaldi fargjalda og skilmála
- Skráning fargjalda og skilmála til ATPCO
- Eftirlit, leiðrétting og eftirfylgni gallaðra bókana
- Samskipti við ferðaskrifstofur
- Teymisvinna þvert á deildir

### Hæfniskröfur:

- Menntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi
- Góð kunnátta á Amadeus er skilyrði, þekking á öðrum GDS kerfum er kostur
- Þekking á ATPCO fargjaldaskráningu er æskileg
- Þekking á Radixx er kostur
- Góð ritfærni á ensku og íslensku er skilyrði, færni í dönsku er kostur
- Hreint sakavottorð

**Umsóknarfrestur er til og með 19. nóvember 2017.**
Þú sækir um starfið á vefnum okkar, **airicelandconnect.is/umsokn**.
Þar finnur þú líka allar upplýsingar um starfið, hæfniskröfur og fylgigögn.

*Við hlökkum til að heyra frá þér.*

Air Iceland Connect

# Verkefnisstjóri

Stjórn Hins íslenska biblíufélags auglýsir laust til umsóknar 50% starf verkefnisstjóra hjá félaginu. Miðað er við að verkefnisstjóri hefji störf 12. janúar 2018.

Verkefnisstjóri annast daglegan rekstur Biblíufélagsins og sinnir þeim störfum sem stjórnin felur honum. Starfslýsing, lög félagsins og fleiri upplýsingar má finna á vef félagsins, biblian.is.

Þekking á Biblíunni er nauðsynleg sem og áhugi á að koma henni á framfæri og efla notkun hennar og áhrif í samfélaginu. Reynsla af fjáröflun, rekstri og félagsstörfum er æskileg.

Umsækjendur geri skriflega grein fyrir persónulegum upplýsingum, menntun sinni, starfsferli, samskiptahæfileikum og öðru því sem þeir óska eftir að taka fram.

Umsóknir skulu sendar til Hins íslenska biblíufélags, Laugavegi 31, 101 Reykjavík.

***Umsóknarfrestur er til 16. nóvember n.k.***

HIÐ ÍSLENZKA BIBLÍUFÉLAG 1815

Norræna húsið

## Yfirbókavörður (100%)

**Ert þú einstaklingurinn sem við leitum að?**

Norræna húsið leitar að öflugum einstaklingi til að leiða bókasafn Norræna hússins. Viðkomandi kemur til með að hafa mótandi áhrif á starfsemi bókasafnsins, stuðla að frekari uppbyggingu þess og þróun, ásamt því að taka þátt í fjölbreyttri starfsemi hússins.

**Helstu verkefni**

- Móta markmið og stefnu bókasafnsins og fylgja þeim eftir í samstarfi við stjórn og starfsmenn hússins
- Vinna markvisst að markmiðum Norrænu ráðherranefndarinnar s.s. um v jafnrétti, börn og ung menni, sjálfbærni, tæknivæðingu og nýja norðurlandabúa
- Hafa umsjón með daglegri starfsemi og rekstri safnsins
- Hafa frumkvæði og virka aðkomu að viðburðum Norræna hússins, sér í lagi á sviði bókmennta og bókasafnsins

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun í bókasafns- og upplýsingafræði
- Reynsla af stjórnun bókasafna æskileg
- Þekking á Gegni bókasafnskerfi eða sambærilegum kerfum svo og skjalavörslu
- Góð kunnátta í a.m.k. einu norðurlandamálanna, íslensku og ensku, ásamt færni til að tjá sig á þessum málum í ræðu Qog riti
- Frumkvæði og aðlögunarhæfni til að vinna að fjölbreyttum verkefnum, skipulags- og samskiptahæfni auk hæfni til að leiðbeina og stýra verkefnum
- Færni í Office 365 og þekking á samfélagsmiðlum æskileg

Umsóknir skulu fylltar út á www.norden.org.
**Umsóknarfrestur er til og með 15. nóvember 2017** og staðan laus frá 2. apríl 2018. Með umsókninni þarf að fylgja starfsferilskrá og stutt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsókn skal vera á dönsku, sænsku eða norsku.

Ráðið er í starfið til fjögurra ára með möguleika á framlengingu ráðningarsamnings í fjögur ár í viðbót skv. reglum Norrænu ráðherranefndarinnar. Upplýsingar um starfið veitir Þórunn Stefánsdóttir thorunnst@nordichouse.is og Margrét I. Ásgeirsdóttir margret@nordichouse.is. Ekki er tekið á móti umsóknum sem berast á þessi netföng. Upplýsingar um Norræna húsið má finna á www.norraenahusid.is

*Norræna húsið í Reykjavík er norræn menningarstofnun með áherslu á bókmenntir, tungumál, arkitektúr, hönnun, börn og ungmenni og sjálfbæra þróun. Markmið hússins eru að koma norrænni menningu á framfæri og styrkja tengsl við hin Norðurlöndin.*
*Norræna húsið er leiðandi afl í íslensku menningarlífi og húsið er eitt af meistaraverkum Alvars Aalto. Árið 2018 fagnar Norræna húsið 50 ára starfsafmæli.*

## Jórukórinn leitar að kórstjóra

Jórukórinn er rúmlega 50 kvenna kór sem æfir saman á miðvikudagskvöldum á Selfossi og við leitum að öflugum kórstjóra frá janúar 2018.

**Til að fá nánari upplýsingar, sendu línu á** ***jorukor@gmail.com***

◆◆◆◆

# Okkur vantar

## Aðstoðarmann í prentsal



Hér er um framtíðarstarf að ræða.

Starfsreynsla í prentsmiðju er kostur en ekki skilyrði.

Óskum eftir jákvæðum einstakling með ríka þjónustulund, sem á auðvelt með mannleg samskipti.

Áhugasamir hafi samband við
Halldór; halldor@isafold.is sími: 664 0302 eða
Kjartan; kjartan@isafold.is sími: 664 0315

◆◆◆◆

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

Suðurhraun 1
Garðabæ
Sími: 595 0300
www.isafold.is

Ísafoldarprentsmiðja er eitt af elstu fyrirtækjum landsins, stofnuð 1877. Hjá fyrirtækinu starfa 60 manns. Ísafoldarprentsmiðja býður heildarlausnir í prentþjónustu og er leiðandi í hagkvæmum lausnum.

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Sérfræðingur | Þjóðskrá Íslands | Reykjavík | 201711/1766 |
| Samskiptastjóri | Veðurstofa Íslands | Reykjavík | 201711/1765 |
| Náms- og starfsráðgjafi | Háskóli Íslands, náms- og starfsráðgj. | Reykjavík | 201711/1764 |
| Sérfræðingur | Fjársýsla ríkisins, bókhaldssvið | Reykjavík | 201711/1763 |
| Starfsmaður | Fjársýsla ríkisins, bókhaldssvið | Reykjavík | 201711/1762 |
| Sérfræðingur | Fjársýsla ríkisins, fjárreiðusvið | Reykjavík | 201711/1761 |
| Sérfræðingur | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201711/1760 |
| Framhaldsskólakennari, íslenska | Menntaskólinn að Laugarvatni | Laugarvatn | 201711/1759 |
| Verkefnastjóri | Háskóli Íslands, Nemendaskrá | Reykjavík | 201711/1758 |
| Sálfræðingur | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201711/1757 |
| Aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar | Vatnajökulsþjóðgarður | Kirkjub.klaustur | 201711/1756 |
| Framhaldsskólakennari, spænska | Fjölbrautaskóli Vesturlands | Akranes | 201711/1755 |
| Lögfræðingur | Sjúkratryggingar Íslands | Reykjavík | 201711/1754 |
| Launafulltrúi | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201711/1753 |
| Kerfisstjóri | Fjármálaeftirlitið | Reykjavík | 201711/1752 |
| Sérfræðingur í útgáfu þingskjala | Alþingi | Reykjavík | 201711/1751 |
| Landverðir | Vatnajökulsþjóðgarður | Suðurland | 201711/1750 |
| Sérnámsstöður í heimilislækn. | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201711/1749 |
| Rekstrarstjóri | Landspítali, símaþjónusta | Reykjavík | 201711/1748 |
| Sérfræðingar í hjúkrun | Landspítali, skurðlækningasvið | Reykjavík | 201711/1747 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, svefnrannsóknir | Reykjavík | 201711/1746 |
| Yfirlæknir heilsugæslu | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Þorlákshöfn | 201711/1745 |
| Verkefnastjóri | Háskólinn á Akureyri | Akureyri | 201711/1744 |
| Embætti landlæknis | Velferðarráðuneytið | Reykjavík | 201711/1743 |
| Öryggisvörður | Stofnun Árna Magnússonar | Reykjavík | 201711/1742 |
| Kennari í stærðfræði | Fjölbrautaskólinn í Garðabæ | Garðabær | 201711/1741 |
| Þjónusturáðgjafi | Vinnumálastofnun | Reykjavík | 201711/1740 |
| Lögfræðingur | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201711/1739 |
| Lögfræðingar/sérfræðingar | Dómsmálaráðuneytið | Reykjavík | 201711/1738 |
| Starfsmaður í mötuneyti | Menntaskólinn í Kópavogi | Kópavogur | 201711/1737 |



VESTNORDISK RÅD

# VESTNORDISK RÅD SØGER GENERALSEKRETÆR (DIREKTØR)

Til tiltrædelse pr. **1. februar 2017**, eller efter nærmere aftale, søges generalsekretær til Vestnordisk Råd. Vestnordisk Råds sekretariat består til dagligt af den kommende generalsekretær samt en seniorrådgiver, ansat i en halvtidsstilling. Sekretariatet er placeret i Reykjavik i Islands parlament, Althingi.

Vestnordisk Råd er en parlamentarisk samarbejdsorganisation mellem Løgtingið i Færøerne, Inatsisartut i Grønland og Alþingi i Island, som har til formål at samarbejde om vestnordiske interesser.

Arbejdsopgaverne er hovedsagelig faglig og administrativ støtte til Vestnordisk Råd, sagsforberedelse, opfølgning af Rådets beslutninger, planlægning og forberedelse af møder og konferencer, bistand til Rådet i dets internationale virksomhed samt kontakt og informationsformidling til medier og offentlighed. Generalsekretæren udarbejder budgetforslag og styrer Rådets økonomi.

### Ansøgere skal besidde følgende kvalifikationer

// Relevant videregående uddannelse på kandidats/masters-niveau eller lignende. Uddannelse indenfor samfundsvidenskab eller jura er en fordel.
// Flydende dansk og engelskkundskaber.
// Beherskelse af et eller flere af de vestnordiske sprog.
// Gode mundtlige og skriftlige formidlingskompetencer.
// Evne til at arbejde selvstændigt, i et mindre team samt i en bredere organisatorisk forstand.
// Være arbejdsom, kreativ og initiativrig med personlig gennemslagskraft.
// Være udadvendt, servicemindet og i besiddelse af gode samarbejdsevner samt sociale og kontaktskabende egenskaber.

### Derudover vil følgende kvalifikationer være en styrke

// Erfaring med internationalt samarbejde.
// Erfaring fra parlamentarisk arbejde.

Løn og arbejdsvilkår fastsættes i henhold til gældende overenskomst. Stillingen besættes som åremålsansættelse med muligheder for forlængelse.

Eventuelle spørgsmål rettes til Generalsekretær Inga Dora Markussen på telefon nummer +354 56 30 731. Yderligere information om Vestnordisk Råd findes på www.vestnordisk.is

Ansøgninger skal være på Vestnordisk Råds arbejdssprog som er dansk. Eventuelle jobinterviews vil foregå på dansk.

**Ansøgningsfrist** >> Ansøgning vedhæftet CV og relevante dokumenter, sendes pr. mail til Altingets personalekontor **jobvnr@althingi.is** senest onsdag den 29. november 2017.

Hver íbúð er um 124 fermetrar, (íbúð 93 og bílskúr 31) auk manngengs þakrýmis. 2 svefnherbergi eru í íbúðunum, bæði með skápum, tvöföldum í minna herberginu og þreföldum með skúffum í því stærra. Dyr eru úr stærra herberginu út á lóðina. Í 2 íbúðanna er eldhúsinnrétting í horni stofunnar en í hinum 2 er lítið afmarkað eldhús. Baðherbergið er rúmgott með sturtu og flísum á gólfi. Góðar þiljur eru á veggjum í sturturýminu. Forstofan er rúmgóð með þreföldum fataskáp. Þvottahúsið er með innréttingu þar sem pláss er fyrir þvottavél og þurrkara. Geymsla er inn af bílskúrnum. Þar er hitakútur staðsettur. Bílskúrinn er flísalagður. Þar er op með fellistiga upp í þakrýmið sem er manngangt. Gólfhiti er í íbúðunum. Gólf í herbergjum og stofu eru með viðarparketi en flísar eru í forstofu, baðherbergi, þvottahúsi, geymslu og bílskúr.

Allar innréttingar eru frá Brúnás af vandaðri og viðhaldsléttri gerð. Húsin afhendast fullbúin að utan, lóð grófjöfnuð, jarðvegsskipt bílastæði.
**Verð á fullbúinni íbúð er 39 milljónir en 31 milljón á íbúð tilbúinni til málningar og innréttingar.**

## Við óskum landsmönnum öllum til hamingju með ný Norðfjarðargöng.

Nú er tilvalið að flytja til Neskaupstaðar þegar samgöngumálin eru komin í lag. Þar er næg atvinna fyrir alla og ýmis störf í boði. Þar er nýr leikskóli, góður grunnskóli og framhaldsskóli með mikið framboð verkgreina auk bóknámsbrauta. Umhverfið er mjög fjölskylduvænt og gott að ala þar upp börn, ekki síst vegna þess hve lítill tími fer í að skutlast á milli staða – sá tími sem sparast er hreinn gróði í samverustundum.

Á staðnum er góð sundlaug, frábær aðstaða til útivistar, margar fallegar gönguleiðir og fjölbreytt náttúrufegurð um allt Austurland. Auðvelt er að ganga í nálæga eyðifirði og aldrei að vita nema maður rekist á hreindýr á leiðinni. Í bænum er ýmislegt um að vera allan ársins hring og talsvert líflegt tónlistar- og menningarlíf. Hér fer þungarokkshátíðin Eistnaflug fram um miðjan júlí ár hvert og setur svip sinn á bæjarlífið og fjölskylduhátíðin Neistaflug er haldin um verslunarmannahelgina með Barðsneshlaupi, stanslausri skemmtidagskrá og frábærri flugeldasýningu. Eitt besta skíðasvæði landsins, gott íþróttahús, strandblakvöllur, kajakklúbbur, kórar, hestaleiga og frábær golfvöllur eru í firðinum ásamt ýmsum öðrum afþreyingarmöguleikum. Það ætti því engum að þurfa að leiðast í Neskaupstað, því þar eru spennandi verkefni bæði í vinnunni og frítímanum.

*Samvinnufélag útgerðarmanna Neskaupstað*

*Lindin fasteignir, Fjarðabyggð*



**Þórdís Pála Reynisdóttir**
Löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali
Löggiltur eignaskiptalýsandi
Löggiltur leigumiðlari
Viðurkenndur bókari

Lindin fasteignir

**Fasteignasala í Fjarðabyggð | Sími 893 1319 | Netfang: thordis@lindinfasteignir.is | www.lindinfasteignir.is**



**TILBOÐ ÓSKAST**

## Skrifstofuhæð í 101 Reykjavík

# Austurstræti

Glæsileg 286 fm skrifstofuhæð við Austurstræti í miðbæ Reykjavíkur til sölu. Ný lyfta er húsinu og inngangur er frá Austurstræti. Um er að ræða 4. hæð og skiptist hæðin í stórt opið rými, 13 skrifstofur, eldhús og salerni. Möguleiki er að setja afgreiðslu og fundarsal í opna rýmið. Fallegt útsýni er úr hæðinni yfir Austurvöll.

**Eignin er laus til afhendingar strax.**









**SPENNANDI EIGN Í MIÐBÆNUM**

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR



**Guðlaugur Ingi Guðlaugsson**
*Löggiltur fasteignasali*
gudlaugur@eignamidlun.is
864 5464

EIGNAMIÐLUN
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

60 ÁRA
FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957



## Vitsmunaleg munúð í Gátt

Í dag klukkan þrjú verður opnuð myndlistarsýningin Vitsmunaleg munúð í Gallerí Gátt í Hamraborg 3a í Kópavogi. Þar verða sýnd verk eftir myndlistarkonuna Ólöfu Björgu Björnsdóttur sem útskrifaðist úr máladeild LHÍ 2001 eftir að hafa numið bæði í Kóreu og í Granada á Spáni. Sýningin er tvískipt. Annars vegar fjallar hún um þroskaþrep út frá ákveðnu kerfi sem snýst um það að breyta og bæta sjálfan sig og gefa áfram þær gjafir í einhverju formi til heimsins. Hins vegar gerir myndlistarkonan dulúðlegar tilraunir til að kalla fram kynorku. Málverk & nuddbekkur er í aðalrýminu og má segja að erótísk tilraunavinnustofa verði í hliðarrými. Sá hluti sýningarinnar verður breytilegur á meðan á sýningartímabilinu stendur, allt eftir dagsformi listakonunnar. Sýningin verður opin miðvikudaga til sunnudaga milli 15 og 18 og stendur til 3. desember.



## Jólahlaðborð á undanhaldi

Jólahlaðborð á vegum vinnuveitenda er á undanhaldi í Noregi. Jólahlaðborðið hefur verið ein aðalhátíð starfsmanna í áratugi. Stórfyrirtæki í iðnaði þar í landi eru hætt að bjóða starfsmönnum á jólahlaðborð en bjóða þeim til útlanda í árshátíðarferð þriðja hvert ár. Eigendur fyrirtækisins taka á hverju ári peninginn sem færi í jólahlaðborð til hliðar fyrir utanlandsferð, að því er NRK vefmiðill greinir frá. „Enginn saknar jólahlaðborðsins," segir forstjórinn. Annað fyrirtæki býður starfsfólki frekar á jólasýningu í leikhúsi þar sem léleg mæting var á jólahlaðborðið undanfarin ár.

Skoðanakönnun sem gerð var á síðasta ári í Noregi upplýsti að sex af hverjum tíu fara í einhvers konar jólamat. Einnig kom fram að færri og færri kjósa hefðbundið jólahlaðborð. Þá hafa hótel og veitingastaðir fundið fyrir minni áhuga á jólahlaðborðum á undanförnum árum. „Það hafa orðið breytingar í þá átt að mörg fyrirtæki bjóða frekar jólamat í hádegi á virkum degi án áfengis," segir framkvæmdastjóri NHO Reiseliv í samtali við NRK.

Hið hefðbundna jólahlaðborð hefur verið eins frá síðari heimsstyrjöldinni í Noregi. Í dag er margt nýtt í boði og fólk er mjög upptekið í desember. „Fólk er orðið leitt á þessum hefðbundnu jólahlaðborðum þar sem eru mismunandi kræsingar og öllu blandað saman."

## Jólabasar Grensáss í dag

Hinn árlegi jólabasar Grensáss verður haldinn í safnaðarheimili Neskirkju frá kl. 13-17. Tilvalið er að mæta með fjölskylduna, eiga góða stund og styðja gott málefni í leiðinni. Að þessu sinni verður sérstakur viðburður á jólabasarnum þar sem landsliðstreyja forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessonar, verður boðin upp en hann gaf Hollvinum Grensásdeildar treyjuna sína áritaða til styrktar félaginu. Einnig er hægt að bjóða í treyjuna á vefnum www.grensas.is.

Á basarnum verður hægt að fá margs konar handunna listmuni, ullarvörur, skinnavörur, kransa og jólaljós, sem og nýbakaðar tertur og brauð. Mörg fyrirtæki gefa veglega happdrættisvinninga og liðsmenn Sniglanna, vélhjólasamtaka lýðveldisins, baka vöfflur og hita súkkulaði. Allur ágóði af jólabasarnum fer í kaup á nauðsynlegum búnaði og endurbætur á allir aðstöðu fyrir skjólstæðinga og starfsfólk Grensáss.



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, gaf Hollvinum Grensás landsliðstreyjuna frægu sem verður boðin upp í dag. MYND/VILHELM



# Mjög aðkallandi áhugamál

Karl Jóhann Jóhannsson hefur spilað á gítar síðan hann var barn en fyrir þremur árum setti hann aukinn kraft í tónlistina og stofnaði hljómsveitina Óværu, sem stefnir á útgáfu nú í vetur.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@365.is



Karl Jóhann Jóhannsson er gítarleikari þungarokkssveitarinnar Óværu, tveggja barna faðir og forritari hjá hugbúnaðarfyrirtækinu Men & Mice. Karl hefur spilað á gítar síðan hann var níu ára gamall og verið í ýmsum hljómsveitum í gegnum tíðina. Á tímabili tóku vinnan og fjölskyldulífið allan hans tíma, en fyrir þremur árum stofnaði hann hljómsveitina Óværu með félaga sínum. Sveitin stefnir á fyrstu útgáfuna í vetur og hefur verið dugleg að spila á tónleikum undanfarið.

## Kom aftur að tónlistinni

„Ég byrjaði að læra á gítar níu ára og fór fljótlega í klassískt nám, en hætti því svo á menntaskólaárunum," segir Karl. „Klassíkin átti ekki við mig þegar ég var bara að spila á rafmagnsgítar í hljómsveitum mér til gamans. Ég gerði það í nokkur ár, en svo datt þetta aðeins niður þegar maður eignaðist krakka og fór að vinna og búa og svona."

Karl segist hálfpartinn hafa komið aftur að tónlistinni í seinni tíð. „Ég eignaðist tvö börn og áður en maður vissi af var maður hættur að gera það sem maður var að gera áður og var bara að vinna og sinna heimilinu," segir Karl. „En síðan fær maður löngun til að byrja aftur. Þetta er mjög aðkallandi áhugamál."

Árið 2014 stofnaði Karl Óværu með hinum gítarleikara sveitarinnar. „Það er svo rosalega gaman að semja, æfa og spila tónlist og spila á tónleikum," segir hann. „Við erum bara fyrst og fremst að reyna að gera góða tónlist.

Ég er svo búinn að vera í djassgítarnámi í þrjú ár hjá FÍH," segir Karl. „Ég er í rauninni að byrja frá grunni, því það er allt annað en klassíkin og rokkið. Ég eyði sífellt meiri tíma í að æfa fyrir það, sem er mjög skemmtilegt."

## Alltaf verið þungarokkari

Karl hefur alltaf verið þungarokkari inn við beinið. „Á tíunda áratugnum hlustaði ég á Pantera, Sepultura, Metallica og allt það og svo fór maður yfir í harðkjarna pönk og dauðarokk," segir hann. „Í dag hlusta ég á alls konar tónlist, en í rokkinu finnst mér til dæmis Deafheaven, Full of Hell, Nails og Converge vera að gera áhugaverða hluti. Ég hef alltaf haldið mig við blöndu af pönki og þungarokki. Ég hef aldrei spilað neitt sem er mjög áhlustanlegt," segir hann og hlær.

Karl hefur samið lög síðan hann var fimmtán ára og hann semur hluta af lögum Óværu á móti hinum gítarleikaranum. Söngvarinn sér svo um textana. „Ég hef ekki fengið að lesa textana hjá okkur, en þetta er örugglega ekkert allt neitt voðalega fallegt, ef ég þekki hann rétt," segir Karl léttur.



Karl Jóhann Jóhannsson stofnaði Óværu með félaga sínum árið 2014. MYND/EYÞÓR




Óværa á sviði. MYND/KRISTÍN UNA SIGURÐARDÓTTIR

> Við erum bara fyrst og fremst að reyna að gera góða tónlist.
>
> Karl Jóhann Jóhannsson

## Spila ánægjunnar vegna

Óværa hefur verið dugleg við að spila á tónleikum upp á síðkastið. „Okkur finnst bara svo gaman að spila á tónleikum. Við ætluðum að vera að taka upp núna en svo kom Airwaves og maður vill ekki missa af því. Við spiluðum á fernum tónleikum á einni viku í kringum Airwaves. Það var töluverð keyrsla en gekk bara mjög vel og við fengum góðar móttökur.

Við erum komnir með fínt prógramm núna og höfum spilað meirihlutann af því á tónleikum í svona ár. Það er alltaf að pússast meira til og meðfram því æfum við ný lög," segir Karl. „Við ætlum svo að taka þetta upp og gefa út stuttskífu með 4-5 lögum í vetur."

Öðruvísi Jólahlaðborð fyrir hópa

Forréttir
Rjómalöguð sjávarréttasúpa
Karrísíld
Rússnesk rauðrófusíld
Grafinn lax og karfi
Tvíreykt sauðahangikjöt

Aðeins 3.900 kr. á mann!

Ath! Eingöngu afgreitt fyrir hópa
Nánari upplýsingar á sjavarbarinn.is

Aðalréttir
Jólalambakótilettur í raspi
Grillsteikt lambalæri bernaise
Dönsk purusteik
Allt góða og hefðbundna meðlætið

Eftirréttir
Hjónabandssæla
Ís og ávextir



SJÁVARBARINN
SEAFOOD RESTAURANT
Grandagarði 9 - Sími 517 3131 - sjavarbarinn.is

JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Stóra jólablaðið frá Fréttablaðinu kemur út þriðjudaginn 28. nóvember.

Blaðið er stútfullt af allskonar skemmtilegu efni tengdu jólunum.

Áhugasamir auglýsendur hafið samband við auglýsingadeild sérblaða í síma 512 5402



# FYRSTA BLANDA NIVEA
## AF Q10 & HREINU C-VÍTAMÍNI




**ÞESSIR TVEIR KRAFTMIKLU SINDURVARAR GERA HÚÐFRUMUNUM KLEIFT AÐ TAKA UPP 50% MEIRA SÚREFNI* SEM GEFUR HÚÐINNI MEIRI ORKU.**
NÝJA FORMÚLAN ER SÉRSTAKLEGA VERNDUÐ Í LOFTÞÉTTRI PAKKNINGU.

**NIVEA.co.uk**

* prófað í tilraunaglasi



## Skreytum hús!

Með nýfallinni mjöll er orðið jólalegt um að litast þótt enn séu sex vikur til jóla. Þó er ekki ráð nema í tíma sé tekið að huga að jólabakstrinum. Kökubakstri fylgir ómótstæðileg angan og hlýja sem gerir heimilislífið svo yndislega ljúft og notalegt. Því er tilvalið að hefja smákökubakstur jólanna um helgina með einni eða tveimur smákökusortum eða þá að skreyta piparkökuhús, sem kætir ekki síst blessuð börnin í aðdraganda jóla. Það þarf heldur ekki að vera neitt flókið. Hægt er að kaupa tilbúin piparkökuhús í verslunum, sem auðvelt er að setja saman og skreyta síðan af hjartans list með glassúr, litríku sælgæti, brjóstsykri, sykurpúðum, karamellum, smartís eða hverju sem hugurinn girnist. Afraksturinn mun gleðja hug og hjarta, og færa okkur örlítið nær jólum.



## Risaeðlur hefðu getað lifað loftsteininn af

Ný kenning heldur því fram að ef loftsteinninn sem skall á jörðinni og útrýmdi risaeðlunum hefði lent annars staðar á jörðinni gætu þær hugsanlega hafa lifað náttúruhamfarirnar af.

Samkvæmt nýrri rannsókn japanskra vísindamanna hefði loftsteinninn ekki valdið útrýmingu 75% af öllu lífi á jörðinni ef hann hefði ekki skollið á Yucatan-skaga við Mexíkóflóa. Vísindamennirnir halda því fram að loftsteinninn hafi varpað hráolíu og vetniskolefni út í grunnan sjó, sem hefði svo kviknað í. Við það hafi gríðarlegt magn af sóti farið út í andrúmsloftið, sem hafi valdið mikilli kólnun og leitt til útrýmingarinnar.

Rannsakendur komust að þeirri niðurstöðu að á þessum tíma hafi um 13 prósent af yfirborði jarðar haft nægilegt magn af lífrænu efni til að framleiða nægilega mikið sót til að útrýma 75 prósentum af öllu lífi.

Því segja rannsakendur að ef loftsteinninn hefði lent á hinum 87 prósentunum af yfirborði jarðar gætu risaeðlurnar enn verið á lífi í dag.

Eðlilega eru ekki allir vísindamenn sammála þessu. Sumir þeirra telja að sótið hafi ekki verið lykillinn að útrýmingu risaeðlanna, né að það séu nægilegar sannanir fyrir því að það hafi verið svo mikið lífrænt efni þar sem loftsteinninn lenti að það hafi framleitt svona mikið sót.

Það eru ýmsar aðrar kenningar til um hvað olli útrýmingunni í raun og veru, en flestir vísindamenn eru sammála um að lendingarstaður loftsteinsins hafi ráðið miklu um hve mikilli eyðileggingu hann olli.

## Skipt á leikföngum og fatnaði

Skiptimarkaður verður haldinn í Iðnó á sunnudaginn milli klukkan 12 og 14 með leikföng og barnaföt. Andrými stendur fyrir markaðnum. Á Facebook-síðu Andrýmis segir:

„Hugmyndin er sú að þú leggir til þá hluti sem börnin þín þurfa ekki lengur og þú getur í staðinn tekið með þér heim það sem þú og börnin þín getið nýtt ykkur.

**Reglurnar eru einfaldar:**

1. Átt þú bækur, skó, föt, leikföng eða eitthvað annað sem börnin þín þurfa ekki lengur? Vinsamlegast komdu með það/þessa hluti, helst flokkaða eftir stærð.
2. Fannst þú eitthvað sem þú vilt fyrir börnin þín? Þér er velkomið að taka það heim!
3. Eigðu góðar stundir með góðum félagsskap!

Með því að mæta með föt eða leikföng til skiptanna tryggjum við að gömlu hlutirnir þínir komist til nýrra eigenda, annaðhvort hjá öðrum gestum eða Rauða krossinum. Við athugum ekki eða teljum það sem þú tekur með. Þér er frjálst að koma með eins mikið eða lítið og þú vilt.

Upplýsingar um aðgengi er að finna á www.andrymi.org.



Það er gaman að fara á skiptimarkað með dótið sitt.

VANDAÐAR YFIRHAFNIR
FRÁ HEIMSÞEKKTUM FRAMLEIÐENDUM
CINZIA ROCCA - CREENSTONE OG FL.
skoðið laxdal.is/yfirhafnir




Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

# Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.000,-

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**



**TOYOTA COROLLA ÚTSALA**

Nýr 2017 Active Diesel. Álfelgur. Bakkmyndavél. Leiðsögubúnaður ofl lúxus. Á aðeins 2.990.000,-

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

## Bílar til sölu



SsangYong Tivoli XDI, 2016, Diesel 4x4, ekin 6.000Km, Sjáfskiptur, mikið af aukabúnað. verð:2.690.000. S:8214940



Lincoln Aviator 2004 í góðu standi. Mjög vel útbúinn bíll. Ek. 163.000 Km. Verð kr. 700.000. Uppl. í s. 8980118



Land Cruiser 150 Gx, árg.2012, ekin.147þ, Sjálfskiptur, dráttarkrókur, skoða skipti, Verð: Tilboð. Simi:8990675



Hyundai Tucson árg 2007 ek. 141,000 km.sjálskiptur,nytt í bremsum og margt fl.verð 890,000 góður staðgr afsláttur S: 7746058



Mitsubishi Pajero Sport 2004 ek. 219,000 km sjálfskiptur, nýtt í bremsum og fl. Bíll í topp standi verð 550,000 góður staðgreiðslu afsláttur. S: 6616416

## 250-499 þús.



**TILBOÐ 490.000 - 100% LÁN**

HONDA CRV 4WD 2003 ek.211 þús, sjálfskiptur, 2 eigendur, smurbók, sk.18 sumar og vetrardekk á felgum, ryðlaus, ásett verð 690 þús TILBOÐ 490 ÞÚS möguleiki á 100% láni s.841 8955

## 500-999 þús.



**4X4 DIESEL - TILBOÐ 890 ÞÚS.**

SSANGYONG KYRON M-200 TDI 8/2007 ek.176 þús, sjálfskiptur, með hátt og lágt drif, leður lúga, krókur, eyðsla 8,7ltr/100, ásett verð 1390 þús TILBOÐ 890 ÞÚS möguleiki á 100% láni, s.841 8955

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Ráðgjöf

**REKSTRARRÁÐGJÖF**

Sölu og markaðsráðgjöf.

Viðsnúningur í rekstri.

Mikil reynsla.

Trúnaði heitið.

Hafðu samband á:

gkradgjof@gmail.com

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLARI**

Get bætt við mig verkum fyrir veturinn í allri almennri málningavinnu. S:841-0490

**REGNBOGALITIR**

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Nýmálun, endurmálun, spörtlun, lökkun og fl. Vönduð vinnubrögð og snyrtileg umgengni. Hrólfur Ingi Skagfjörð löggiltur málarameistari Upplýs, malarar@simnet.is, Sími 891 9890

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD**

- MÚRVINNA
- FLÍSALAGNIR
- SMÍÐAVINNA
- MÁLNINGARVINNA

TILBOÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU !

Uppl. í s: 788 8870 eða verk@murumogsmidum.is

Múrum og smíðum ehf

K2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

## Nudd

Unaðsnudd 105 Reykjavik. S. 781 2666 Natalia

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

Nánari upplýsingar í síma 1817



HEILL HEIMUR ÁN MYNDLYKILS

Þú þarft ekki myndlykil til þess að horfa á fjölbreytta dagskrá allra sjónvarpsstöðva 365, tímaflakkið, Frelsið og Stöð 2 Maraþon Now.

Þú getur horft í snjallsíma, spjaldtölvu eða fartölvu hvenær sem þér hentar.

Nánari upplýsingar í síma 1817 eða á 365.is
365

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

viftur.is
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



LOK Á HEITA POTTA



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.
www.fjardarbolstrun.is
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Heilsa

## Nudd

**FERÐANUDD**
Menntaður nuddsérfræðingur. Karlmaður. Kemur á staðinn. Nánari upplýsingar á heimasíðu: www.mobile-massages.com eða í síma: 7612295

# Skólar & Námskeið

## Námskeið



**ICELANDIC & ENGLISH F. FOREIGNERS - ENSKA: L, LL, LLLL**
ÍSLENSKA f. útlendinga. ENGLISH f. Adults/ ENSKA f. Fullorðna. NORWEGIAN/NORSKA. Start/Byrja: 27/11 - 2018: 8/1, 5/2, 5/3. 2/4, 30/4. 28/5, 25/6: 4 weeks/vikur x 5 days/daga. 2 - 5 students/nem. Morn/Aftern/Evening. Morgna/Síð/Kvölds: www.iceschool.is - ff@icetrans.is - Fulloðinsfræðslan- IceSchool, Ármúli 5. s. 5571155 / 8981175.




# Heimilið

## Barnavörur




**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Húsnæði óskast

Óska eftir 2 - 3 herb., íbúð á höfuðborgarsv. Uppl. í s. 771 6901

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Hönnun

HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com




## Atvinna







## Skemmtanir












Kristján Erlendsson Deildarstjóri Gólfefni Timbur Bauhaus

# Langmesta parketúrval landsins

Bauhaus býður upp á langmesta parketúrval landsins. Þar fæst parketið í öllum verð- og gæðaflokkum og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Sjón er sögu ríkari.

Við erum með harðparket, viðarparket, korkparket og vínylparket í miklu úrvali og eigum í heildina hátt í 150 ólíkar parkettegundir. Þá er von á um fimmtíu tegundum til viðbótar á næstu vikum og af því eru rúmlega tíu tegundir af vínylefnum,“ segir Kristján Erlendsson, deildarstjóri í gólfefna- og timburdeild Bauhaus. Hann segir harðparketið vinsælast og hefur það aðallega að gera með góða endingu og hagstætt verð. Aðspurður segir hann það gert úr svokölluðum hdf-kjarna. Efsta lagið er svo plasthúðuð mynd sem er pressuð á kjarnann og fæst í hinum ýmsu litbrigðum.

Viðarparketið þykir að sögn Kristjáns fínast en það er eins og nafnið gefur til kynna úr gegnheilum við. „Þá erum við að tala um lifandi efni sem hefur sinn sjarma.“

Vínylparketið er hins vegar slitþolnast. „Það er hundrað prósent vatnshelt og slitþolnara en bæði harð- og viðarparket til samans. Það fæst bæði með viðar- og flísaútliti og hentar til að mynda vel á bað, eldhús og önnur votrými. Það hefur auk þess þann kost að vera mjúkt undir fæti og er hlýlegt að ganga á því,“ útskýrir Kristján. Hann segir vínylparketið sérstaklega vinsælt hjá fólki í hótel- og fyrirtækjarekstri enda hentar það vel þar sem umgangur er mikill en það er auk þess talsvert tekið inn á almenn heimili.

Í ljósi þess mikla úrvals sem boðið er upp á segir Kristján marga upplifa valkvíða þegar þeir koma á staðinn. Flestir eru þó ánægðir með að geta lagað valið nákvæmlega að smekk. „Við reynum líka að leiðbeina eftir bestu getu bæði við val á parketi og tilheyrandi undirlagi og fylgihlutum."

Aðspurður segir Kristján parketið koma frá viðurkenndum framleiðendum víðsvegar að. „Harðparketið er frá þýsku framleiðendunum Logoclic og Parador en auk þess eigum við von á nýjum týpum frá Egger. Viðarparketið er frá Parador og Timberman sem einnig er með korkparket og vínyllinn er frá Parador, b!design og Timberman. „Þá erum við búin að fá inn 3D viðarklæðningar frá Wodewa í Þýskalandi sem koma einstaklega vel út. Þær fást í ýmsum viðartegundum eins og hnotu, kirsuberjavið, furu og nokkrum eikarútfærslum. Kristján segir sjón sögu ríkari og býður alla velkomna í timburdeild Bauhaus.



Harðparketið er vinsælast.



**Í versluninni er mikið úrval í ýmsum þykktum og styrkleikaflokkum.**




Hér má sjá Wodewa 3D viðarklæðningar á veggi.



Hér getur að líta 12 mm harðparket frá Logoclic.

# EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF PARKETI TIL AFGREIÐSLU STRAX




EIK CRISP MATTLAKKAÐ




EIK YDRE OLÍUBORIÐ




D3669 - 10mm AC5




HÖRKU PLANKA
HARÐPARKET &
VÖNDUÐ OG
VISTVÆN VIÐARGÓLF
BORÐLEGGJANDI GÆÐI OG GOTT VERÐ
kronotex
FLOORS FOR LIVING
R1009 - 10mm AC5
Birgisson
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is

# Mjúkir og notalegir sokkar á parketgólfið á köldum vetrardögum

Á fjölmörgum heimilum er parket á gólfum, enda er það sígilt og fallegt gólfefni. Ef það er ekki hiti í gólfinu getur parketgólf orðið dálítið svalt á köldum vetrardögum og þá er fátt betra en að eiga hnausþykka, mjúka og hlýja ullarsokka svo kuldaboli bíti mann ekki í tærnar. Bæði er hægt að prjóna sokkana sjálfur eða kaupa í næstu verslun en gott er að hafa í huga að sokkarnir séu ekki hálir. Hægt er að fá sokka sem eru með sérstöku efni til að varna því að þeir renni til á parketinu.



Ullarsokkar eru mikið þarfaþing þegar kólnar í veðri og gólfin verða köld.



Gott er að ryksuga parketið.

## Vatn er óvinur parkets

Parketgólf er fallegt og varanlegt. Það passar auk þess alls staðar, hvort sem er á heimili, í sumarhúsi eða fyrirtæki. Gæta þarf að því að halda gólfinu hreinu en ekki má nota mikið vatn á það. Best er að ryksuga gólfið með þar til gerðum parketbursta. Gætið að því að ekki liggi sandur á trégólfi, hann rispar gólfið. Einnig þarf að setja tappa undir húsgögn svo þau skemmi ekki viðinn. Þurrkið allt vatn sem lekur á gólfið strax upp. Notið rakan klút þegar skúrað er yfir gólfið en ekki blautan. Setjið nokkra dropa af uppþvottalegi í vatnið, ekki nota sterk hreingerningarefni. Einnig má nota sérstaka parketsápu.

Þegar parketið slitnar er alltaf hægt að slípa það. Til að koma í veg fyrir mistök er best að fá fagmenn til að slípa. Fagmenn er með sérstakar ryklausar slípivélar sem lífga upp á gamalt og slitið trégólf. Einnig er hægt að laga rispur. Oft er hægt að slípa parket tvisvar sinnum, stundum þrisvar.



Sítrónuvatn er til margra hluta nytsamlegt auk þess að drekka það.

## Betri lykt í húsið

Stundum er svo kalt úti að erfitt getur reynst að opna glugga. Þá finnst manni koma þungt loft og jafnvel lykt sem best væri að losna við. Það er hægt að fríska upp á heimilið með einföldu ráði. Settu sítrónusafa og báta í krukku ásamt vatni, vanilludropum og stilk af fersku rósmaríni. Láttu krukkuna standa á borði og húsið fer að anga af góðum ilmi. Þetta er náttúruleg og heilnæm aðferð til að fá betri ilm í húsið.

Svo er auðvitað kominn tími á kerti. Ilmkerti geta gefið góðan ilm í húsið en nota skal þau í hófi. Stundum nægir að setja smá ilmolíu út í kertavax á venjulegu sprittkerti. Fyrir jólin er hægt að fá olíu með jólailmi sem skapar ótrúlega skemmtilega stemmingu þegar búið er að taka til og þrífa.

Kertatíminn er skemmtilegur og um að gera að hafa kveikt á þeim á kvöldin nú þegar skammdegið fer að vera yfirþyrmandi.




# EINRÓMA LOF

*Virkilega vel skrifuð saga og grípandi.*
*Einlæglega miskunnarlaus*
*en samt svo full af hlýju.*
*Takk fyrir allan kærleikann og hugrekkið*
*sem þarf til að segja svona sögu.*
**Jón Gnarr**

*Efni syndafallsins er mergjað*
*og mannlýsingarnar með.*
*Bók sem heldur lesandanum*
*við efnið frá upphafi til enda.*
**Steinunn Sigurðardóttir**

*Bók sem ekki er hægt að leggja*
*frá sér fyrr en hún er búin.*
*Það sem er svo heillandi*
*við frásögnina er hvað hún er*
*hreinskilin og heiðarleg.*
**Marta María Jónasdóttir**

*Með því besta og fallegasta*
*sem ég hef lesið lengi.*
**Thelma Ásdísardóttir**

★ ★ ★ ★ ★
*Mikael er einlægur, opinn og kemur*
*hreint fram í þessari fantagóðu bók!*
*Hann fékk mig til að gráta, hlægja, reiðast*
*og stundum allt í sama kaflanum.*
**Kolbrún Ósk Skaftadóttir**
**Kollster's review**

★ ★ ★ ★ ½
*Sagan sem Mikael*
*er að segja okkur*
*er mikilvæg og hana*
*ættu allir að lesa.*
**Hildigunnur Þráinsdóttir**
**Morgunblaðið**

*Syndafallið er áleitin saga föður höfundar,*
*falleg og nærgöngul þannig að lesandinn*
*sogast inn í skrautlega en elskulega*
*fjölskyldusögu sem lætur engan ósnortinn.*
*Saga um að skilja og elska fjölbreytileikann.*
**Katrín Jakobsdóttir**

*Saga um dauða full af lífskrafti,*
*ást og mögnuðum mannlýsingum.*
*Stundum er lífið mesti skáldskapurinn*
*og þessi saga er vitnisburður um það.*
**Auður Jónsdóttir**

*Frásögnin smýgur gegnum merg og bein.*
*Hún er ógnandi og fögur í senn.*
**Vigdís Grímsdóttir**

*Stórkostlega skrifuð bók.*
**Sigmundur Ernir Rúnarsson**






Sögur ÚTGÁFA

# Belginn sem er sá fjórði besti

Kevin De Bruyne hefur verið stórkostlegur það sem af er tímabili með Manchester City. Trúlega er hann fjórði besti leikmaður heims, sem í eðlilegu árferði væri sá besti en hann er enn á eftir Messi, Ronaldo og Neymar.

Benedikt Bóas
Benediktboas@365.is




Kevin de Bruyne hefur þegar gefið sex stoðsendingar í ensku úrvalsdeildinni og af 752 sendingum hans hafa ófáar splundrað vörn andstæðinganna. Belginn er enginn David Beckham og er frekar hlédrægur að eðlisfari en þegar hann stígur inn á völlinn stenst honum enginn snúning. Ekki það sem af er tímabilinu.

De Bruyne er fæddur í Drongen í Belgíu, sem er úthverfi Gent en mamma hans er fædd í Búrúndí og flutti til Ealing í Englandi um stund. „Mamma hefur þetta enska element í sér en ég er Belgi,“ sagði kappinn í viðtali við BBC árið 2013.

Hann byrjaði með KVV Drongen árið 2003 og það var ljóst snemma að þarna fór afburðafótboltamaður. Sjö árum síðar spilaði hann sinn fyrsta landsleik en þeir eru orðnir 53 og hefur hann skorað 12 mörk.

Hann færði sig til Gent og þaðan til Genk þar sem hann kom í gegnum unglingastarfið og spilaði sinn fyrsta leik árið 2009 í tapleik gegn Charleroi. Tímabilið á eftir var hann kominn með byrjunarliðssæti og var lykilmaður þegar Genk tryggði sér sinn þriðja titil tímabilið 2010-2011.

Á síðasta degi félagaskiptagluggans árið 2012 var hann keyptur til Chelsea en lánaður strax til Genk aftur. Hann kostaði sjö milljónir punda.

Hann var uppgötvaður í leik Genk og Chelsea í Meistaradeildinni í október 2011 af Michael Emenalo, njósnara félagsins, sem benti á að þarna færi góður fótboltamaður. Emenalo átti einnig hlut að máli þegar kom að kaupum á Thibaut Courtois og Romelo Lukaku en allir eru þeir Belgar.

Genk tapaði þessum leik 5-0 og de Bruyne sýndi lítið en það var greinilega eitthvað sem vakti áhuga Emenalo. Andre Villas-Boas var þá stjóri Chelsea og de Bruyne vakti litla lukku hjá kauða sem lánaði hann til Werder Bremen. Það reyndust vera góð skipti því þrátt fyrir að Bremen væri frekar slakt þetta tímabil stóð de Bruyne sig vel og skoraði 10 mörk í 33 leikjum auk þess sem hann lagði upp önnur níu mörk.

José Mourinho tók við Chelsea og sagði strax að Belginn væri í sínum plönum. Hann sneri því aftur til Lundúna en það fóru strax að berast sögur um að Mourinho og de Bruyne væru ekki líklegir til að senda hvor öðrum jólakort. Hann byrjaði reyndar fyrsta leik tímabilsins 2013-2014 gegn Hull og bjó til eitt mark í 2:0 sigri. En hann var fljótur að missa sæti sitt í liðinu og í janúar var hann seldur til Þýskalands til Wolfsburg sem borgaði um 18 milljónir punda. Chelsea keypti Nemanja Matic í staðinn. Belginn ungi spilaði aðeins fimm leiki með Chelsea og kom fjórum sinnum inn á sem varamaður.

De Bruyne var ekki lengi að láta til sín taka í Þýskalandi og var algjörlega magnaður í framsóknargrænum búningi Wolfsburg. „Þeir hjá Chelsea hafa fylgst með Kevin og sjá núna hvernig leikmaður hann er. Þeir sjá eftir að hafa selt hann,“ sagði Klaus Allofs, framkvæmdastjóri Wolfsburg, eitt sinn árið 2015. Þannig hefur sagan verið. Hvernig í ósköpunum gat hann ekki komist í byrjunarlið Chelsea? Mikið hefur verið rætt og ritað um þá ástæðu. De Bruyne sagði eitt sinn að ef hann hefði kostað meira hefði hann fengið að spila meira. Þegar ljóst var að hann væri of góður fyrir Wolfsburg var hann orðaður við flest stærstu lið Evrópu. Þá lét hann hafa eftir sér að hann færi allavega ekki til Chelsea á meðan Mourinho væri þar.

Það fór illa í Portúgalann sem svaraði: „Ég hefði viljað hafa hann áfram en hann var ekki tilbúinn andlega til að berjast fyrir sæti sínu í byrjunarliðinu. Hann sagði að það væri ekki hans stíll að þurfa að berjast fyrir byrjunarliðssæti, hann vildi fara til liðs þar sem hann gæti spilað alla leiki,“ sagði Mourinho á blaðamannafundi í júlí. Skömmu síðar var de Bruyne seldur til Manchester City á 54 milljónir punda eftir að hafa skorað 10 mörk og lagt upp heil 20. Þá sagði Mourinho: „Þegar leikmaður bankar grátandi á dyrnar hjá þér á hverjum degi og vill fara, þarf að taka ákvörðun.“

Þá var komið að Belganum að svara og benti hann á að Mourinho hefði talað tvisvar sinnum við sig allan þann tíma sem hann var hjá Chelsea.

„Ég er allt annar maður en þegar ég var hjá Chelsea. Ég var yngri og fékk ekki að spila mikið, ég var ekki einu sinni á bekknum.

Ég fékk enga útskýringu. Mourinho talaði bara tvisvar sinnum við mig – einu sinni fyrir leik gegn Basel í nóvember, þar sem hann sagði að ég væri að gera góða hluti og fengi bráðum tækifæri, og aftur síðustu vikuna fyrir félagaskiptagluggann í janúar, þar sem ég sagðist vilja fara annað til að fá meiri spilatíma.“

Síðan þá hefur lítið farið fyrir þeim vangaveltum, af hverju hann komst ekki í byrjunarliðið. Allt þar til hann skoraði sigurmarkið gegn Chelsea í upphafi tímabilsins. Þá var þetta rifjað upp og Antonio Conte, núverandi stjóri Chelsea, var spurður. Ítalinn sagðist hreinlega ekki vita það. Þar með lauk málinu í enskum fjölmiðlum.

De Bruyne hefur sett Chelsea tímann á ís og er ekki mikið að velta honum fyrir sér. Hann einbeitir sér að Manchester City sem er búið að vera öðrum liðum fremra það sem af er tímabili. Liðið skorar mikið af mörkum og getur nú haldið markinu hreinu. Í stórkostlegu liði Pep Guardiola er de Bruyne trúlega fyrstur á blað þegar hann velur liðið enda langbesti fjórði besti leikmaður heims. Sem gerir hann eiginlega þann besta – enda er varla hægt að snerta þá Neymar, Ronaldo og sjálfan Lionel Messi.

## Kevin de Bruyne

**28 júní 1991**
**Hæð:** 181 cm
**Þyngd:** 68 kíló

**Manchester City**
**Leikir:** 75
**Mörk:** 15
**Stoðsendingar:** 34

**Mörk með hægri:** 12
**Mörk með vinstri:** 3

**Skot í tréverkið:** 10
**Stoðsendingar:** 34
**Tækifæri sköpuð:** 40

**Fyrri félög:** Genk, Chelsea, Werder Bremen, Wolfsburg.

**Landsleikir:** 53
**Heimild: Premierleague.com**

**Tímabilið 2017/2018**
**Leikir:** 11
**Mörk:** 2
**Stoðsendingar:** 6
**Sendingar:** 809
**Stungusendingar:** 14













**Kevin de Bruyne er feikilega vinsæll í heimalandinu enda þekktur fyrir að vera á réttum stað í lífinu. Hann talar flæmsku, frönsku, þýsku og ensku reiprennandi, er í sambandi við Michèle Lacroix og eiga þau einn lítinn gutta, Mason Milian De Bruyne.** NORDICPHOTOS/GETTY




KÚNÍGÚND

SÉRVERSLUN MEÐ VANDAÐAR GJAFAVÖRUR

Laugavegur - Kringlan - Glerártorg - kunigund.is




**Stefán Pálsson**
skrifar um æsilega atburði úr Íslandssögunni.



# Sjórán og geirfugladráp

Sumarið 1809 rændi danski ævintýramaðurinn Jørgen Jørgensen völdum á Íslandi og útnefndi sig verndara landsmanna og hæstráðanda til sjós og lands. Þótt valdatími hans yrði ekki nema fáeinar vikur var saga Jörundar hundadagakonungs svo reyfarakennd að hvert mannsbarn hefur heyrt á hann minnst. Fjölmargar bækur hafa verið ritaðar um Jörund, doktorsritgerðir og jafnvel leikrit.

Byltingin árið 1809 hefur öðlast svo stóran sess í hugum Íslendinga að aðrir og ekki síður magnaðir atburðir, sem áttu sér stað ári fyrr, hafa gjörsamlega fallið í skuggann. Nú um stundir kannast fáir við Gilpinsránið 1808, en ætla má að það væri fyrirferðarmikið í sögubókum ef ekki hefðu komið til hin safaríku ævintýri hundadagakonungsins.

Báðir þessir atburðir voru af sömu rót runnir. Danir höfðu dregist inn í stríð Frakka og Breta, en eftir árás þeirra síðarnefndu á Kaupmannahöfn árið 1807 lýsti Danmörk stríði á hendur Bretlandi. Þar með voru öll dönsk skip orðin lögmæt skotmörk breska flotans, sem átti eftir að reynast hjálendum Dana í Norður-Atlantshafi dýrkeypt.

En það voru ekki aðeins bresk herskip sem hlönduðu sér í málið, því sjóhernaður var að talsverðu leyti einkavæddur á þessum árum. Einstaklingar gátu fengið leyfi til sjórána frá ríkisstjórnum og hirt að launum hluta herfangsins. Sjórán þessi fylgdu þó flóknum reglum og voru jafnvel starfræktir sérstakir dómstólar sem höfðu það hlutverk að meta hvort rétt væri að þeim staðið.

Meðal þeirra, sem sóttu um leyfi bresku krúnunnar til að herja á dönsk skip, var þýskur maður með barónstign, Karl von Hompesch að nafni. Í júníbyrjun 1808 stýrði hann skipi sínu, Salamine, til hafnar í Færeyjum og rændi þar og rupladi. Breskt herskip hafði raunar ráðist á Þórshöfn skömmu áður og látið þar greipar sópa, en ekki náð að flytja allt herfangið með sér úr landi. Von Hompesch, sem mun hafa borið gleraugu og hefur því fengið hið sérkennilega viðurnefni „brillumaðurinn“ í færeyskri sögu, sló eign sinni á afganginn af góssi Bretanna og hóf að flytja til Skotlands. Jafnframt lét hann taka til fanga færeyskan sæfara, Peter Hansen. Ástæðan var sú að Hansen þessi hafði í tvígang siglt til Íslands og var honum nú skipað að gerast leiðsögumaður í herleiðangri þangað. Ekki tók von Hompesch sjálfur þátt í Íslandsförinni, heldur fól skipstjóra sínum, Thomasi Gilpin, stjórn ferðarinnar.

## Ójafn leikur

Gilpin og menn hans komu til Íslands í seinni hluta júlímánaðar og höfu þegar leit að mögulegum ránsfeng. Þeir tóku land í Hafnarfirði og héldu því næst að Bessastöðum, en á hvorugum staðnum fundu þeir neitt fémætt sem telja mætti eign dönsku krúnunnar. Að lokum lá leið þeirra til Reykjavíkur þar sem helstu embættismenn landsins höfðu komið saman til neyðarfundar.

Þótt sjóræningjaflokkurinn teldi ekki nema 25 manns, reyndust þeir algjörir ofjarlar Íslendinga. Reykjavík mátti heita vopnlaus og flestir fullfrískir karlmenn þess utan fjarverandi vegna heyskapar. Komust embættismennirnir að þeirri niðurstöðu að mótspyrna væri tilgangslaus og létu undan kröfum aðkomumannanna. Þótti það ekki til marks um mikla hetjulund.

Gilpin fékk því í hendur lykilinn að fjárhirslu konungs í landinu. Það var í raun verkleg kista sem hafði að geyma Jarðabókasjóð, auk þess sem einstaklingar gátu geymt í henni fé sitt. Jarðabókasjóður samanstóð af tekjum konungs af eignum sínum á Íslandi og ýmsum sköttum og gjöldum, svo sem sakeyri. Sjóðurinn stóð undir ýmsum launagreiðslum, eftirlaunum og kostnaði við skólarekstur og kirkjur.

Ekki þótti bresku sjóræningjunum mikið til uppskerunnar koma, enda sjóðurinn rýr og ekkert viðbótarfé borist til hans frá Danmörku vegna stríðsátakanna. Þá olli það þeim vonbrigðum að meginhluti upphæðarinnar var í íslenskum peningaseðlum, en ekki í silfri. Ekkert væri á slíkum ránsfeng að græða. Krafðist Gilpin þess af kaupmönnum að þeir skiptu á seðlunum og silfri, en annars yrði honum nauðugur einn kostur að hirða frá þeim varning sem næmi andvirði þeirra.

Næstu daga fóru ræningjarnir um sveitir í dauðaleit að verðmætum í eigu krúnunnar á meðan þess var beðið að kaupmönnum tækist að skrapa silfrið saman. Miðað við ræningjaflokk var hópurinn þó afar kurteis. Þannig var slegið upp tveimur dansleikjum í Reykjavík þar sem bæjarbúar skemmtu sér við dans með sjóræningjunum. Gilpin gætti þess sömuleiðis að greiða þeim landsmönnum sem skikkaðir voru til hjálpar fyrir veitta aðstoð og voru kaffibaunir algengasti gjaldmiðillinn. Þá refsaði hann harðlega þeim skipverjum sem uppvísir urðu að ránstilraunum.

Að lokum hélt Salamine aftur frá Reykjavík með allt það silfur sem tekist hafði að afla. Urðu ræningjarnir þó að sætta sig við að hirða talsvert af verðlitlum peningaseðlum og gerðu þeir ekki alvöru úr þeirri hótun sinni að taka varning kaupmanna í staðinn. Voru landfógeti og staðgengill stiftamtmanns látnir skrifa undir kvittun fyrir upptöku fjárins og vottorð fyrir góðri framkomu sjóræningjanna í landi.

## Lögmæt sjórán

Lýsingarnar á formfestu og nákvæmni ræningjaflokksins í Reykjavík kunna að stangast á við staðalmyndir flestra af sjóránum fyrri alda, en sjórán í umboði hins opinbera voru heldur ekkert gamanmál. Sem fyrr segir þurftu sjálfstætt starfandi sjóræningjar að fá formlega staðfestingu á réttmæti ránsfengs síns og máttu búast við að þurfa að verja hann fyrir dómi.

Sú varð enda raunin varðandi Gilpins-ránið, sem átti eftir að velkjast í breska dómskerfinu næstu misserin. Tekist var á um ýmis álitaefni, svo sem hvort heimildin til sjórána næði einnig til ránsleiðangra í landi. Í því samhengi var talið skipta máli hvort um hefði verið að ræða árás á virki eða víggirta borg, en Reykjavík gat ekki fallið undir þá skilgreiningu.

**...BÆJARBÚAR SKEMMTU SÉR VIÐ DANS MEÐ SJÓRÆNINGJUNUM**

Aðalágreiningsefnið var þó hvort líta bæri á ránsfenginn sem fjármuni krúnunnar. Sannað þótti að í Færeyjum hefðu ræningjarnir hirt eignir einstaklinga, sem var stranglega bannað í sjóránum af þessu tagi. Varðandi Jarðabókasjóðinn féllst dómarinn á þau rök Íslendinga að líta bæri á hann sem eign kirkjunnar en ekki konungsins. Að ræna kirkjur var talið svívirðilegt athæfi og voru sjóræningjarnir því skikkaðir til að skila sjóðnum, sem og þeir gerðu.

Hin prúðmannlega ránsför Gilpins til Íslands árið 1808 hefur að mestu fallið í gleymskunnar dá, enda saga hennar – þótt kúnstug sé – ekki jafn dramatísk og Íslandsævintýri Jörundar sumarið eftir. Þó kann svo að vera að leiðangurinn hafi haft önnur og afdrifaríkari áhrif á náttúrusögu heimsins en flesta rennir í grun.

## Síðasta athvarfið

Skipverjarnir á Salamine gerðu nefnilega fleira en að leita uppi konungssilfur á Íslandi. Á leiðinni staðnæmdust þeir við smáeyjuna Geirfuglasker, suðvestur af Eldey. Geirfuglasker var heimkynni aragrúa sjófugla. Íslendingum var vel kunnugt um eyjuna og höfðu fyrr á tíð sótt þangað fugl og egg, en almennt var ferðin þangað og lendingin talin af hættuleg til að vera áhættunnar virði. Nokkrir sjóræningjanna létu það þó ekki stöðva sig, heldur stigu á land og drápu fugla í gríð og erg.

Samkvæmt sumum heimildum var það öðru fremur skemmdarfýsn sem réð framferði mannanna, sem hafi viljað spilla fuglavarpinu fyrir Íslendingum. Líklegra verður þó að telja – og fremur í takt við framgöngu Gilpins og hans manna – að tilgangurinn hafi frekar verið sá að afla sér matar.

Ekki er alveg víst að sjóræningjarnir hafi hitt fyrir marga geirfugla í þessari ferð sinni. Eyjan var að sönnu kennd við þessa merku fugla, sem voru bæði gómsætir og auðveiddir enda ófleygir. Hins vegar var hópurinn svo seint á ferðinni að mögulegt er að fuglinn hafi verið búinn að koma ungunum á legg og haldið til hafs. Hafi geirfugl verið að finna á skerinu, má þó telja víst að hann hafi ratað á matseðil Gilpins og félaga.

Hvort hinn færeyski Peter Hansen fór í eyna er heldur ekki vitað, en hann hefur þó vafalítið fylgst með af athygli. Fimm árum síðar var Hansen skipstjóri á skonnortu sem send var til Íslands í örvæningarfullri leit að vistum, eftir að átök Napóleonsstyrjaldanna voru nærri búin að valda hungursneyð í Færeyjum. Minnugur ferðarinnar með Gilpin, vissi Peter Hansen að afla mætti gnóttar fuglakjöts á Geirfuglaskeri. Þangað lagði áhöfnin leið sína og hirti ókjörin öll af fugli, þar á meðal fjölda geirfugla.

Það sem Hansen vissi ekki (og stóð líklega á sama um, hvort sem er) var að Geirfuglasker var um þessar mundir eitt allra síðasta athvarf þessara stórvöxnu fugla við Ísland og raunar í heiminum öllum. Í aldir og árþúsund hafði ágangur manna orðið til að útrýma stofnum fuglsins og hrekja hann á sífellt afskekktari slóðir. Fuglinn gat í raun aðeins þrifist á smáskerjum og eyjum sem voru nógu lágar til að hann kæmist upp á þær, en þó það torfærar að menn kæmust illa að.

Dauðadómur tegundarinnar var í raun undirritaður þegar Geirfuglasker sökk að mestu í eldsumbrotum árið 1830. Fuglarnir sem eftir voru hröktust þá til Eldeyjar, þar sem þeir síðustu voru drepnir og seldir náttúrugripasöfnum fáeinum árum síðar. En velta má því fyrir sér hvort stofninn hafi í raun átt sér viðreisnar von eftir slátranirnar 1813 og mögulega 1808 líka? Sjóræninginn Gilpin var ekki sama prúðmennið í samskiptum við dýr og menn.

**ERTU LÖNGU HÆTT/UR AÐ REYKJA EN SITUR UPPI MEÐ SKEMMDIRNAR!**




**Supreme Demantshúðslípun + Intraceuticals "Hollywood-meðferð"**

Fyrir þá sem gera kröfur um gæði og árangur

Jólagjöfin í ár

Snyrtistofan Hafblik

Hlíðasmára 9 • Kópavogi • S. 893 0098 • snyrt@snyrt.is • www.snyrt.is

ego dekor

# 10-30% AFSLÁTTUR
## AF ÖLLUM BORÐSTOFUBORÐUM OG STÓLUM



HRINGBORÐ -hvítt háglans
Stærð: 120X120cm
~~Verð: 59.900,-~~
TILBOÐSVERÐ: 47.920,-



ADRIANA
STÆKKANLEGT BORÐ – hnota
Stærð: 180(240)X100cm
~~Verð: 169.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 118.300,-



STÆKKANLEGT BORÐ
Hvítt háglans
Stærð: 160(248)X100cm
~~Verð: 199.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 179.100,-
Stærð: 200(288)X110cm
~~Verð: 219.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 197.100,-



NOTTINGHAM BORÐ
Gegnheill akasíuviður
Stærð: 200X100cm
~~Verð: 158.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 142.200,



DEVON-X STÓLL
~~Verð: 19.800,-~~
TILBOÐSVERÐ: 16.830,--



DELTA STÓLL
~~Verð: 19.900,-~~
TILBOÐSVERÐ: 15.920,-



LOGAN STÓLL
~~Verð: 19.500,-~~
TILBOÐSVERÐ: 15.600,-



PORTO STÓLL
~~Verð: 19.900,-~~
TILBOÐSVERÐ: 17.910,-



MONET STÓLL
~~Verð: 19.900,-~~
TILBOÐSVERÐ: 17.910,-



CALE STÓLL
~~Verð: 15.900,-~~
TILBOÐSVERÐ: 10.335,-



TYLER SM STÓLL
~~Verð: 17.800,-~~
TILBOÐSVERÐ: 16.020,-



HUGO STÓLL
~~Verð: 17.900,-~~
TILBOÐSVERÐ: 14.320,-

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau: 10.00 - 16.00 Sun: 13.00 - 16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sæberg Guðlaugsson**

er látinn. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Alzheimersamtök Íslands njóta þess.

**Matthildur Kristensdóttir**
**Viðar Sæbergsson**
**Hjálmar Sæbergsson** — **Heiða Rúnarsdóttir**
**Sólveig R. Sæbergsdóttir** — **Hrólfur A. Sumarliðason**
**Kristín R. Sæbergsdóttir** — **Arnold Björnsson**
**Arnar Sæbergsson** — **Yrsa Eleonora Gylfadóttir**
**Súsanna R. Sæbergsdóttir** — **Sævar Jósep Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Okkar hjartkæri

**Vernharður Jónsson**

Austurbyggð 17 (Hlíð), Akureyri

lést 2. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Sigtryggur Guðlaugs** — **Hulda Jóhannesdóttir**
**Rúnar, Dóra Sif, Árni Þór**
**og fjölskyldur.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**
Auðbrekku 1, Kópavogi — SÍÐAN 1996

**ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA**



Kristín Ingólfsdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

**Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is**
**Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.**

**ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR**
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242




*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

**Útfararstofa kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



Rán er með aðsetur og teiknistofu í bílskúrnum hjá mömmu sinni. Svo teiknar hún úti um víða veröld. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

# Mannlífssögur um fugla

**Bókaforlagið Angústúra hefur nýlega gefið út dálítið sérstaka fuglabók. Höfundarnir eru Hjörleifur Hjartarson, skáld og skemmtikraftur, og Rán Flygenring teiknari.**

Fuglar er fyndin og fræðandi fjölskyldubók. Hún er eiginlega mannlífssögur um fugla. Við sögu koma allir íslensku varpfuglarnir og það er sagt frá þeim á spaugilegan hátt, þó er ekki farið með fleipur.“ Þannig byrjar Rán Flygenring teiknari að lýsa bókinni Fuglar sem hún og Svarfdælingurinn Hjörleifur Hjartarson hafa skapað saman, hún myndirnar, hann textann.

„Hjörleifur var verkefnastjóri við Náttúrusetur á Húsabakka í Svarfaðardal í nokkur ár og setti þar meðal annars upp fuglasýningu, enda Húsabakki staðsettur í fuglafriðland. Náttúrusetrið og fuglasýningin urðu heimilislaus þegar sveitarfélagið seldi húsið fyrir fáum árum en mikið af efninu lifir í bókinni okkar. Sýningin var grunnurinn að henni – eggið sem við unguðum út. Þar er sagt frá því hvar fuglarnir lifa, hátterni þeirra lýst almennt en líka fjallað um hvar þeir koma fyrir í þjóðsögum og hindurvitnum. Svo eru uppskriftir og allskonar litlar sögur. Skemmtileg lesning fyrir fólk á öllum aldri.“

Rán segir teikningar hennar gerðar með það í huga að draga fram einkenni hvers fugls og ýkja þau í stað þess að vera mjög fræðileg. „Þarna er stelkurinn með sínar rauðu og rosalöngu lappir og brandöndin sem finnur sér drasl og dót til að verpa undir,“ nefnir hún sem dæmi. Hún segir bókina Fugla í meðalstóru broti en þó þannig að hægt sé að fara með hana í ferðalög. „Hún er mjúk og opnast almennilega og maður getur hæglega tekið hana með sér í fuglaskoðunarleiðangra,“ segir hún.

Sjálf kveðst Rán vera farfugl sem fer á óskipulögðum tímum milli heimshluta. Maðurinn hennar er kvikmyndatökumaðurinn Sebastian Ziegler, sá sem tók myndina Vopnafjörður sem var frumsýnd nýlega og þau eiga soninn Felix sem er tíu mánaða.

„Ég hef verið á flakki í nokkur ár, fyrst með eiginmanninum og nú þeim feðgum. Er akkúrat núna á landinu en á leiðinni aftur út um helgina og er svolítið fram og til baka og hér og þar. Vinnan leyfir mér það. Ég get teiknað hvar sem er, þess vegna í flugvélum. Ég held að Fuglabókin hafi verið teiknuð í fjórum löndum.“

Núna er Rán að fara til Frakklands. „Við búum nokkra mánuði í senn í hverju landi og erum svo reglulega hér heima á milli.“

**gun@frettabladid.is**

# 40 ára útgáfuafmæli Út um græna grundu

Lögin af vísnaplötunum Einu sinni var og Út um græna grundu munu hljóma í Salnum í kvöld. Tilefnið er 40 ára útgáfuafmæli síðarnefndu plötunnar.

„Vísnaplöturnar seldust í bílförmum á sínum tíma og voru til á öllum heimilum. Við viljum halda heiðri þeirra á lofti því útgáfan var vönduð og útsetningar Gunnars Þórðarsonar sérstakar.“ Þetta segir Guðni Bragason, tónlistarmaður á Húsavík, einn þeirra sem að tónleikunum standa.

Kristján Gíslason og Alma Rut Kristjánsdóttir verða aðalsöngvararnir, einnig syngur Stúlknakór Reykjavíkur undir stjórn Margrétar Pálmadóttur. „Við erum með sex eða sjö manna hljómsveit. Það eru um 30 manns á sviðinu þegar mest er og þetta er tveggja tíma prógramm með öllu,“ segir Guðni og tekur fram að tónleikarnir hefjist klukkan 20.



**Guðni Bragason er í hljómsveitinni.**



✝

Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Klara Sigríður Randversdóttir**

Skarðshlíð 15f, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð föstudaginn 1. nóvember. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 17. nóvember kl. 10.30.

**Randver Víkingur Rafnsson**
**Geirlaug Jóna Rafnsdóttir** — **Hörður Hallgrímsson**
**Klara Árný Harðardóttir, Guðni Rafn Harðarson,**
**Davíð Örn Harðarson**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Óskar Haraldsson**

Bogatúni 38, Hellu,

andaðist á Dvalarheimilinu Lundi 31. október. Jarðsett verður í kyrrþey að ósk hins látna.

**Kolbrún Óskarsdóttir** — **Óttar Guðlaugsson**
**Hugrún Óskarsdóttir**
**Sævar Óskarsson** — **Margrét Bjarnadóttir**
**Áslaug Óskarsdóttir** — **Ólafur Ásmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

tl.is

NETSPRENGJA 11.11 · AÐEINS Í DAG

# 10.000 - 50.000

KRÓNA AFSLÁTTUR AF FARTÖLVUM Í DAG!



acer

14" INTEL PENTIUM FARTÖLVA

## ÓTRÚLEGT VERÐ!

EINSTAKT VERÐ Í AÐEINS 24 TÍMA. FJÖGURRA KJARNA INTEL ÖRGJÖRVI OG OFFICE ÁSKRIFT SEM FYLGIR Í 1 ÁR.

**44.995**

-10.000 LÆKKUN

ÁÐUR 54.995



acer

ÖFLUG 15,6" NITRO LEIKJAFARTÖLVA

## INTEL i5 OG GTX1050 Ti

FIMM STJÖRNU FARTÖLVA MEÐ i5 HQ ÖRGJÖRVA, LEIKJASKJÁKORTI, 256GB SSD OG FULLHD IPS SKJÁ.

**159.995**

ÁÐUR 189.995

-30.000 LÆKKUN

acer

17,3" FULL HD MEÐ IPS

## INTEL i5 HQ OG GTX1060

SÉRSTAKLEGA ÖFLUG Í VINNSLU OG LEIKJUM. QUAD CORE ÖRGJÖRVI, 256GB SSD OG 8GB VINNSLUMINNI

**159.995**

ÁÐUR 199.995

-40.000 LÆKKUN





acer

17,3" HÁGÆÐA PREDATOR LEIKJAFARTÖLVA

## GTX1070 LEIKJASKJÁKORT

SÉRHÖNNUÐ LEIKJAFARTÖLVA ÚR PREDATOR LÍNUNNI FRÁ ACER. i5 HQ ÖRGJÖRVI, AEROBLADE KÆLING OG STÓR FULLHD IPS LEIKJASKJÁR.

**299.995**

ÁÐUR 349.995

-50.000 LÆKKUN



acer

15,6" PREDATOR HELIOS 300

## GTX1060 LEIKJASKJÁKORT

MAGNAÐUR KRAFTUR MEÐ INTEL i5 HQ OG 512GB PCIE SSD DISKI, FULLHD IPS SKJÁ OG BAKLÝSTU LYKLABORÐI. FULLKOMIN Í LEIKJASPILUN.

**189.995**

ÁÐUR 209.995

-20.000 LÆKKUN

YFIR 40 FARTÖLVUR Á 10-50.000 KRÓNA AFSLÆTTI Á TL.IS

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | REYKJANESBÆR | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRTORG | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |

# Minningin er brennd inn í barnssálina

**Háski, fjöllin rumska, ný mynd um snjóflóðin í Neskaupstað árið 1974, verður frumsýnd í Egilsbúð á morgun. Þórarinn Hávarðsson og Eiríkur Þór Hafdal eru mennirnir á bak við hana. Þeir feðgar tóku upp 18 klukkutíma af viðtölum en myndin er um tveir tímar að lengd.**

Myndin er átakanleg og áfallateymi fjórðungssjúkrahússins verður viðstatt frumsýninguna, enda mæta þar þeir sem koma fram í henni, fólk sem lenti í flóðinu eða missti ættmenni þar,“ segir Þórarinn Hávarðsson sem ásamt syni sínum, Eiríki Þór Hafdal, hefur gert mynd um snjóflóðin í Neskaupstað í desember 1974. Þar fórust tólf manns og atvinnulífið lamaðist. Myndin nefnist Háski, fjöllin rumska og verður frumsýnd í Egilsbúð í Neskaupstað á morgun klukkan 17.

Þórarinn tók viðtölin og Eiríkur Þór var tökumaður og klippari. Hvernig gekk efnisöflun? „Ég hefði ekki trúað því að óreyndu hversu auðveldlega gekk að fá fólk til rifja þessa atburði upp, þrátt fyrir að það tæki gífurlega á því sumir bara grétu eins og börn fyrir framan vélina. Samt eru liðin 43 ár.“

*Var myndefni til?* „RÚV átti talsvert af fréttamyndum sem Ómar Ragnarsson og fleiri tóku dagana eftir flóðin og sýndu afleiðingarnar. Við byrjum á að segja frá og sýna Neskaupstað eins og hann var fyrir flóð, síðan fjöllum við um snjóflóðið og björgunaraðgerðirnar og svo tökum við eftirmála um uppbyggingu snjóflóðavarnagarðanna sem nær alveg til dagsins í dag.“

> **Ég hefði ekki trúað því að óreyndu hversu auðveldlega gekk að fá fólk til rifja þessa atburði upp, þrátt fyrir að það tæki gífurlega á því sumir bara grétu eins og börn fyrir framan vélina. Samt eru liðin 43 ár.**
>
> Þórarinn Hávarðsson

Þeir feðgar tóku upp 18 klukkutíma af viðtölum en myndin er 2,08 tímar, að sögn Þórarins. „Fyrsta útgáfa okkar af myndinni, þegar við vorum orðnir ánægðir, var upp á fimm klukkutíma, svo þurftum við að klippa hana niður í tvo, það var erfitt. Á móti kemur að við munum vinna þrjá til fjóra þætti fyrir sjónvarpið úr efninu, þeir verða sennilega á dagskrá að ári liðnu.“

Þórarinn átti heima á Norðfirði sem barn. „Ég var tólf ára gutti þegar flóðin féllu og man vel eftir þeim, minningin um þau er eins og brennd inn í barnssálina,“ segir hann. „Tveir í mínum bekk misstu þar foreldri. Þetta var erfiður tími, vægast sagt.“

gun@frettabladid.is



Feðgarnir Eiríkur og Þórarinn stilltu sér upp í snjónum í höfuðborginni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

---



✝

Ástkær eiginkona mín, dóttir, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Hafalda Elín Kristinsdóttir**

frá Rifi í Snæfellsbæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum mánudaginn 6. nóvember. Útförin fer fram í Ólafsvíkurkirkju 18. nóvember klukkan 13.

**Gústaf Geir Egilsson**
**Kristný Rós Gústafsdóttir — Ingvi Rafn Guðmundsson**
**Adam Geir Gústafsson — Lísa Dögg Davíðsdóttir**
**Leví Geir Gústafsson**
**Ester Úranía Friðþjófsdóttir**
**barnabörn, systkini og aðrir aðstandendur.**

---



✝

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar dóttur okkar og dótturdóttur,

**Ingunnar Birtu Hinriksdóttur**

Garðsenda 21, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk kvennadeildar og líknardeildar Landspítalans fyrir einstaklega góða umönnun, hlýju og stuðning.

**Fyrir hönd annarra aðstandenda,**
**Erna Norðdahl — Edward Finnsson**
**Hinrik Þórhallsson**
**Ingunn Norðdahl**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Elín Sigurjónsdóttir**

Vesturtúni 28, Álftanesi,

lést 2. nóvember. Útför hennar fer fram frá Garðakirkju mánudaginn 13. nóvember klukkan 13.

**Guðný Lára Petersen**
**Selma Björk Petersen — Ellert Gissurarson**
**Styrmir Petersen — Margrét Gilsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar

**Kristins Breiðfjörð Eiríkssonar**

Árskógum 6, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Skógarbæjar fyrir umönnun og umhyggju.

**Sigurlaug Sigurfinnsdóttir**
**Kristín Breiðfjörð Kristinsdóttir — Ársæll Már Gunnarsson**
**Kristinn Már Ársælsson — Sólveig Alda Halldórsd.**
**Birgir Smári Ársælsson — Sesselía Dögg Kristleifsd.**
**Gunnlaugur Helgi Ársælsson — Eydís Ólafsdóttir**
**og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Magnús Magnússon**

verkfræðingur,
Deildarási 6,

lést þriðjudaginn 7. nóvember. Útförin fer fram í Grafarvogskirkju föstudaginn 17. nóvember klukkan 11. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á MS félag Íslands.

**Kristrún Guðbergsdóttir**
**Magnús Bergur Magnússon — Ingunn Eyjólfsdóttir**
**Jónína Guðný Magnúsdóttir — Bjarni Þór Árnason**
**Súsanna Hrund Magnúsdóttir — Daníel Harðarson**
**og Magnús Orri Magnússon**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Elsa Sigurðardóttir Lorange**

Dalbraut 16, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 24. október. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Sendum ykkur innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug.

**Magnús Jón Sigurðsson — Sigríður Edda Ólafsdóttir**
**Alda Björk Sigurðardóttir — Hans Pétur Jónsson**
**Ásta Kristín Lorange — Pétur Jónsson**
**Linda Guðrún Lorange — Egill Hilmar Jensson**
**Kjartan Ingi Lorange — Ingibjörg Svansdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Okkar besti vinur,

**Heiðar Bergmann Baldursson**

varð bráðkvaddur þann 1. nóvember 2017. Útförin fer fram í Stykkishólmskirkju þann 18. nóvember klukkan 14.00.

**Helga Jóhannesdóttir**
**Stefán Bergmann Heiðarsson**
**Baldur Bergmann Heiðarsson — Sigríður Elka Guðmundsd.**
**Helena Helga Bergmann Baldursd. — Haukur Freysson**
**Kristrós Erla Baldursdóttir — Kristófer Már Gíslason**
**Díana Dóra Bergmann Baldursdóttir**
**Baldur Ásgeirsson**

---



✝

Móðir okkar,

**Ásta Kristín Guðvarðardóttir**

Fróðengi 1,

sem lést þann 28. október, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju mánudaginn 13. nóvember kl. 13.00.

**Aðalheiður Úlfsdóttir — Eggert Jónsson**
**Lilja María Úlfsdóttir — Georg Halldórsson**
**Sigrún Ragna Úlfsdóttir**
**Eva Sólveig Úlfsdóttir — Einar Ingi Einarsson**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Laufey Karlsdóttir**

lést á Grund við Hringbraut fimmtudaginn 2. nóvember. Hún verður jarðsungin frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 15. nóvember klukkan 15.00.

**Aðalheiður Jónsdóttir**
**Hjálmar Diego Jónsson — Anne Crespin Jónsson**
**Sigríður Erla Jónsdóttir — Emil Emilsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

## 10% AFSLÁTTUR AF SJÓNVÖRPUM OG KITCHENAID

# 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLU ÖÐRU




# AÐEINS Í DAG Á RAFLAND.IS

**BETRA BORGAR SIG**

Opið virka daga 10 – 18 | Laugardaga 11 – 16

RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

**M J Ó L K U R B R Ú S I**



**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtast. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 16. nóvember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „11. nóvember“.



FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Camille** eftir **Pierre Lemaitre** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Ása Guðmundsdóttir, Reykjavík.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

**1** Mat er lagt á skammir áður en þær hefjast (11)
**10** Gleypti matarboðið og alla sem í því voru (10)
**11** Talið óheft um agaleysið (11)
**13** Kostur skin á nesti (10)
**14** Höfum aftur sigur í stríði, enda fáum við borgað fyrir það (11)
**15** Fanga herrar fleiri fiska en aðrir? Já! (10)
**16** Dettirðu í drullu er ekki skrítið að þú skrópir (9)
**17** Kusan rengir ruglaðan Skagamann (10)
**18** Þar sem er marijúana eru alltaf háar blokkir, segir vegan-liðið (11)
**20** Hey gaur, fæ ég að fljóta með? spyr sjóari (8)
**23** Leita að flökkusögum um kukl (10)
**29** Forða reglur brauðinu frá þessari kæru? (11)
**30** Þau sem búa á vistinni eru í klíkunni (10)
**31** Reynið fleira á borð við hin auknu réttindi (11)
**33** Rek höfðingja á hol einsog flatfiskur (10)
**35** Nudd hins falska er afbökun hins sanna (13)
**39** Urpt hins ógelda fiðurfjár (11)
**40** Þessi á að seiða og svíða töfrandi fólk (12)
**41** Þessi form eru í lagi þótt þú viljir hunsa þau (9)
**42** Veit af stokkasnæri sem heldur uppi bunustokki (10)

### LÓÐRÉTT

**1** Trúðatölt og annað sprell (11)
**2** Ræfilstuska í voð og röggvarteppi (11)
**3** Séns á fjölgun nema kynfæri klikki (11)
**4** Hik hugans – er það öll bilunin? (9)
**5** Stjórn fangar fljótráðar (9)
**6** Þrjósk blístra þá hljóðfæri klikkar (10)
**7** Segja árangurinn fjársterkum frúm að þakka (10)
**8** Steggjatáin geymir auðmenn á Araoddanum (10)
**9** Hinn skúrar ef örðurnar komast í uppnám (10)
**12** Gremjuglyrna grætur sorg (9)
**19** Leita jarla meðal guma og greifa (10)
**20** Leita rammans innan þessarar tilteknu iðnar (7)
**21** Úrvalsbær lögðust af með mjólkurbúum (7)
**22** Elskar arg, bara ekki á þessari tíðni (7)
**24** Jafn göfug og sú sem þræðir þrengslin (9)
**25** Næra meginhugsun, enda er hún bráðholl (10)
**26** Rekjum feril kjaftasögu (10)
**27** Digurmæli Þjóðleikhússtjóra minna á versta grobbhænsn (7)
**28** Finna hvorki vægð né værð (10)
**32** Færa hesti það sem fegrar (7)
**34** Tær leita tóls (6)
**36** Víst er hún lagin, en líka illa rugluð (5)
**37** Kemst þú í samband við þau sem gáfu þér mat? (5)
**38** Í dag sóða þau út það sem áður var Afríkuríki (5)

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 2 | 9 | | | | 7 | 5 |
| 6 | | | | 7 | 5 | | 3 | |
| | 7 | 9 | 1 | | 6 | | | |
| | | | | 9 | | | | 6 |
| 9 | 3 | 6 | | | | 2 | | |
| | 8 | 1 | 5 | | | 3 | | |
| | 5 | | | 2 | 9 | | | 7 |
| 8 | | | 6 | 4 | | | 2 | |
| | | | | | | 1 | 4 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 8 | | 7 | | | | 2 |
| | | | 5 | | 2 | 6 | | 8 |
| | 4 | 5 | | | 1 | | | 3 |
| | | | | 6 | | | 8 | |
| | | | | 1 | 5 | | | |
| | | 7 | 2 | 9 | | | 3 | |
| | | | 9 | | 7 | | | |
| | | 4 | 3 | 5 | | 2 | 7 | |
| | 8 | | | 2 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 2 | | | | 8 |
| | | 5 | | | | 9 | | |
| | 8 | | 3 | | | | 4 | |
| | 4 | 8 | 7 | | | | 6 | 3 |
| | | | 2 | | | | | 1 |
| | | | | | 6 | | 8 | |
| 2 | | 3 | 5 | | | | | 4 |
| | | | | 7 | | | | 2 |
| | 1 | | 9 | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | 8 | 5 | 6 | 1 | 9 | 7 | 4 |
| 9 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 | 5 | 3 | 1 |
| 7 | 5 | 1 | 9 | 3 | 4 | 6 | 2 | 8 |
| 3 | 1 | 9 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 2 |
| 4 | 7 | 5 | 2 | 8 | 3 | 1 | 9 | 6 |
| 6 | 8 | 2 | 1 | 7 | 9 | 3 | 4 | 5 |
| 5 | 9 | 3 | 6 | 4 | 2 | 8 | 1 | 7 |
| 8 | 6 | 4 | 3 | 1 | 7 | 2 | 5 | 9 |
| 1 | 2 | 7 | 8 | 9 | 5 | 4 | 6 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 5 | 8 | 1 | 6 | 3 | 4 | 7 |
| 7 | 1 | 8 | 9 | 4 | 3 | 6 | 2 | 5 |
| 3 | 4 | 6 | 2 | 7 | 5 | 8 | 9 | 1 |
| 5 | 7 | 4 | 1 | 8 | 2 | 9 | 3 | 6 |
| 8 | 6 | 9 | 3 | 5 | 4 | 7 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 3 | 6 | 9 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 6 | 5 | 7 | 4 | 2 | 9 | 1 | 8 | 3 |
| 9 | 3 | 1 | 5 | 6 | 8 | 2 | 7 | 4 |
| 4 | 8 | 2 | 7 | 3 | 1 | 5 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 9 | 5 | 4 | 1 | 6 | 7 | 2 | 8 |
| 8 | 4 | 2 | 7 | 9 | 3 | 6 | 1 | 5 |
| 1 | 6 | 7 | 8 | 2 | 5 | 9 | 3 | 4 |
| 9 | 2 | 3 | 1 | 7 | 4 | 8 | 5 | 6 |
| 4 | 8 | 6 | 9 | 5 | 2 | 1 | 7 | 3 |
| 5 | 7 | 1 | 3 | 6 | 8 | 2 | 4 | 9 |
| 6 | 5 | 4 | 2 | 8 | 7 | 3 | 9 | 1 |
| 2 | 1 | 8 | 5 | 3 | 9 | 4 | 6 | 7 |
| 7 | 3 | 9 | 6 | 4 | 1 | 5 | 8 | 2 |

## Skák

Gunnar Björnsson



Við höldum áfram með skák Ding Liren (2774) og Jinshi Bai (2553) frá í gær.

**Svartur á leik**

**23...Hd2! 24. Db3** (24. Dxd2 Re4+). **24...Re4+ 25. Kh4 Be7+! 26. Kxh5 Kg7 27. Bf4 Bf5 28. Bh6 Kh7´29. Dxb7 Hxf2! 30. Bg5 Hh8! 31. Rxf7 Bg6+ 32. Kxg4.** Við ljúkum umfjöllun um þessa skák á mánudaginn.

**www.skak.is.** Norðurljósamótið í gangi.

## Bridge

Ísak Örn Sigurðsson

### Taka slagina sína

Alþjóðlega Madeira mótið er sífellt að verða vinsælla meðal Íslendinga. Í síðasta bridgeþætti var því ranglega haldið fram að landar okkar væru í þriðja tuginn á þessari fallegu eyju. Hið rétta er að íslenskir keppendur eru á sjötta tuginn. Mótið er í meginatriðum þriggja daga tvímenningskeppni og þriggja daga sveitakeppni. Á undan eru spilaði nokkrir upphitunartvímenningar. Þátttakan í aðal tvímenningnum var með miklum ágætum og öttu þar kappi 193 pör. Spilað var í 3 lotum og parið Jón Ingþórsson og Kristinn Ólafsson virtist „heitast“ í verðlaunasæti að loknum 2 umferðum af 3, vermdi þriðja sætið með 62,67% skor. Eitt besta íslenska parið, Sveinn Rúnar Eiríksson og Magnús Eiður Magnússon vermdi 20. sætið. Þeim gekk, hins vegar, mjög vel í síðustu lotunni, Sveinn Rúnar og Magnús fengu 68,93% skor í þeirri lotu sem nægði til að vinna þetta mót samanlagt. Verðlaunin voru ekki af verra taginu, 2100 evrur á parið í efsta sæti. Þeir félagar fengu jákvætt skor í þessu spil í síðustu lotunni, 108 stig af 168 mögulegum. Þeir sátu í NS í vörn gegn 4 hjörtum andstæðinganna í AV í þessu spili úr þriðju lotunni:

**Norður**
♠ K10874
♥ K8
♦ DG6
♣ 1098

**Vestur**
♠ Á9
♥ A5432
♦ 10983
♣ K5

**Austur**
♠ G5
♥ DG976
♦ K5
♣ Á743

**Suður**
♠ D632
♥ 10
♦ Á742
♣ DG62

Þeir létu andstæðingana um að spila spilið þó að þeir ættu spaðasamlegu. Það er ekki alltaf rétt að yfirbjóða andstæðingana í sögnum, enda eiga 4♠ ekki séns þó að margir hafi spilað þann samning. Þeir félagar áttu ágæta vörn og miklu máli skipti fyrir þá að taka varnarslagina sína, en ekki gefa hjartageimið eins og margir gerðu. Fyrsta skrefið var tekið með útspilinu hjá suðri sem spilaði út spaða og tryggði slag á þann lit. Til viðbótar fengust tveir á tígul og að sjálfsögðu á trompkónginn. Á föstudaginn hófst sveitakeppni sem eru 12. umferðir og aðeins 8 spila leikir. Sveitakeppninni lýkur á morgun og jafnframt alþjóðlega mótinu í Madeira. Vonandi verður gengi íslendinga jafn gott þar og í tvímenningskeppninni.




**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **12. nóvember** eða meðan birgðir endast.

# KRAKKAR



## Konráð og félagar á ferð og flugi

275



„Þar fór í ver,“ sagði Konráð. „Okkur liggur á en þurfum að komast í gegnum þetta völundarhús fyrst.“ Hann dæsti og bætti við vonsvikinn, „við verðum of sein.“ „Of sein, of sein,“ sagði Kata pirruð. „Hvað gerir til að vera aðeins of sein?“ bætti hún við. En Lísaloppa og Konráð voru ekki sammála. Þau vildu mæta á réttum tíma.

**Getur þú hjálpað þeim að komast í gegnum völundarhúsið?**

## Listaverkið

Hann **Almar Hólm Skúlason** í 3. bekk sendi okkur þessa mynd.



## Spilið



### Hæ gosi

Spilararnir eru tveir. Þeir stokka spilin, skipta þeim til helminga á milli sín og hafa bunkana á hvolfi fyrir framan sig. Síðan skiptast þeir á að fletta upp einu spili í einu hvor af sínum bunka og leggja í kastbunka á mitt borðið. Sá sem ekki gaf, byrjar.
Þegar spilin tía til ás koma upp hjá öðrum hvorum spilaranum gefa þeir eftirfarandi merki.
Tía: Skella flötum lófa ofan á bunkann.
Gosi: Hrópa Hæ, gosi!
Drottning: Blístra
Kóngur: Bera hönd að enni að hermannasið.
Ás: Standa upp
Sá tekur bunkann sem er fyrri til að gefa merki og vinningsspilin eru sett neðst í bunkann sem spilarinn hafði fyrir framan sig. Ef báðir spilararnir eru alveg jafn fljótir að gefa merki er bunkinn látinn liggja áfram á borðinu.
Sá vinnur sem endar með bunkann allan í lokin.



Aldís með hrafninn Íó og Hafrúnu. Þau eru aðalsöguhetjur í Íó sem sýnd er í Tjarnarbíói og ætluð börnum á grunnskólaaldri. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Draumar eru uppáhaldið mitt

Aldís Gyða Davíðsdóttir er söngkona, brúðugerðarkona, leikkona og textahöfundur. **Hvað skyldi vera skemmtilegast?** Það er bara svo dásamlega gaman að skapa og ég er alltaf að uppgötva eitthvað nýtt sem ég get gert. Get ómögulega valið á milli.

**Hvað finnst þér heillandi við brúðugerð?** Þegar ég held ég sé að fara að búa til einhvers konar brúðu en enda svo með allt öðruvísi brúðu, svolítið eins og brúðurnar hjálpi til með hvernig þær koma út á endanum

**En erfiðast?** Þegar ég þarf að vinna með eitthvað mjög tæknilegt eins og vængina hjá hrafninum Íó sem ég þurfti að endurgera sex sinnum.

**Hafðir þú áhuga á að búa til brúður þegar þú varst lítil?** Ég var alltaf að föndra eitthvað þegar ég var lítil og gera ýmiskonar föndurtilraunir: Brúður og önnur listaverk.

**Á hverju byrjar þú þegar þú býrð til brúðu?** Fyrst finn ég út hvernig tegund af brúðu ég vil gera, stangarbrúðu, strengjabrúðu, handbrúðu, bland af þessu öllu eða eitthvað alveg nýtt.

**Býrðu til grímur?** Ég er mikil grímukona og hef búið til margar grímur, fólks- og dýragrímur.

**ÉG VAR ALLTAF AÐ FÖNDRA EITTHVAÐ ÞEGAR ÉG VAR LÍTIL OG GERA ÝMISKONAR FÖNDUR TILRAUNIR. BRÚÐUR OG ÖNNUR LISTAVERK.**

**Hvaða efni notar þú?** Ég vinn mest með pappamassa því hann er svo léttur og þægilegur.

**Hefur þú stjórnað brúðum á sýningum?** Ég hef stjórnað mörgum brúðum í ennþá fleiri sýningum. Ég var í Brúðubílnum og Leikbrúðulandi fyrst, svo setti ég sjálf upp brúðu- og grímusýningu fyrir börn sem hét Fiskabúrið, svo brúðusýninguna Tröll síðasta vor og núna Íó sem sýnd er í Tjarnarbíói.

**Átt þú börn?** Já, ég á tvær stelpur, Iðunni þriggja ára og Emblu átta ára.

**Hafa draumar þínir ræst?** Draumar eru uppáhaldið mitt. Sumir hafa ræst en ég á eftir að læra á básúnu og eiga risastóran hund og lita hárið á mér blátt og dansa með górillum og eignast ofurhetjuskikkju og milljón aðra drauma.


ÚLPUDAGAR
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM ÚLPUM FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
TIL MÁNUDAGS*
Kuldafatnaður frá:
DIDRIKSONS1913
Grundsund SWEDEN
WHISTLER
ZIGZAG
HH
HELLY HANSEN
hummel
THE NORTH FACE
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI • SMÁRALIND
utilif.is
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Í dag verður norðlæg eða breytileg átt, 3-10 m/s. Snjókoma með köflum og síðar él norðan til á landinu og einnig él síðdegis við vesturströndina en léttskýjað á Suðurlandi. Frost 1 til 6 stig.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 7° | Oslo 5° | Stokkhólmur 6° | Gautaborg 8° | Helsinki 6° | Þórshöfn 6° | Nuuk -6° |
| London 9° | Amsterdam 9° | Paris 11° | Berlín 7° | Madríd 15° | Brussel 8° | Róm 17° |
| Boston -4° | New York -3° | Orlando 19° | Moskva 5° | Singapúr 28° | Tókýó 9° | Sydney 17° |

## Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -0° ↖8 | 4° ↗9 | 3° ↗12 | 2° ↗5 | 0° ←4 |

## Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -2° ↗4 | 1° ↗10 | -2° ↗11 | -2° ↗7 | -4° ←5 |

## Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -5° ↑5 | 1° ↑5 | -3° ↗9 | -3° ↗9 | -5° ↘3 |

## Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -5° →2 | 1° →3 | -3° ↑5 | -4° ↑7 | -1° ↓14 |

## Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -2° ↙4 | 1° →4 | -1° ↙1 | -1° ↘1 | -2° ↓10 |




KVIKA







## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Sjá nánar á pampers.is.
250 kr. af hverjum Pampers bleiupakka renna til Líf.
Í október og nóvember renna 250 kr. af hverjum seldum Pampers bleiupakka til Líf Styrktarfélags Kvennadeildar Landspítalans. Styrkurinn mun bæta aðbúnað kvenna á mikilvægum tímum.
Meðganga - Fæðing - Sængurlega.
LÍF
Styrktarfélag
Pampers

FRÉTTABLAÐIÐ
MENNING

# Þarf að vökva mig, hita upp og taka langa atrennu

**Dagur Hjartarson sendi nývverið frá sér ljóðabókina Heilaskurðaðgerðin sem hefur hlotið afar góðar viðtökur. Dagur segir ljóðið vera frábært mótvægi við passívt neysluform Netflixins.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Skáldið Dagur Hjartarson sendi nývverið frá sér ljóðabókina Heilaskurðaðgerðin sem hefur hlotið frábærar viðtökur enda hér á ferðinni heildstæð og ákaflega falleg bók, uppfull af rómantík, djúpum og fallegum myndum. Dagur segir að hann hafi verið með þessa bók lengi í smíðum eða allt frá árinu 2012 eftir að hann sendi frá sér sína fyrstu ljóðabók það sama ár.

„Elstu ljóðin í þessari bók eru frá því sama ári og ég ákvað að vera ekkert að flýta mér, heldur safna vel í þann bunka.“ Það hefur einmitt verið haft á orði að Heilaskurðaðgerðin er línulegri ljóðabók sem felur í sér heildstæða sögu. Skyldi Dagur geta tekið undir það? „Já, ég var kominn með mjög mörg ljóð en svo einhvern veginn inni í þeim öllum lá þessi saga og lengi vel var vinnan mín að koma auga á að það voru ljóð í bunkanum sem kölluðu á það að vera saman. Til þess að það gæti gengið þurfti ég að henda öllu öðru út og það gerðist eiginlega pínu óvart. Það var alls ekki þannig að ég hafi sest niður og hugsað að nú ætlaði ég að yrkja ljóð um þetta efni. Það bara gerðist.“

### Útsýnispallur yfir lífið

Þetta sem Dagur kallar svo eru veikindi sem ná ákveðnu hámarki í heilaskurðaðgerð en þó er rétt að hafa í huga fyrir lesendur að það er bjartur og rómantískur tónn í bókinni engu að síður. En skyldi Dagur byggja umrætt efni á persónulegri reynslu? „Já, bókin er byggð á persónulegri reynslu. Ég sæki þetta í mitt líf eins og allt sem ég yrki um. Það er auðvitað ekki algild skoðun en ég er eitt af þeim skáldum sem á erfitt með að yrkja fyrir hönd annarra. Ég er ekki að segja að þetta séu einhver játningaljóð en þannig er þetta bara fyrir mig. Ég fæ svo útrás fyrir að skrifa út frá öðrum í skáldskapnum en í ljóðinu er röddin mín alltaf til staðar.“

Krefur ljóðformið þig um einlægni? „Já, en það þarf ekki að vera í þeim skilningi að það sé sorglegt og alvarlegt. Það getur líka vel verið sniðugt og fyndið. Ljóðið er eins og útsýnispallur yfir líf manns. Það eru auðvitað mörg önnur skáld sem geta gert þetta öðruvísi og það er vel en fyrir mér þá kemur þetta nálægt einhverri trúarlegri upplifun. Slík upplifun hlýtur alltaf að vera einhver sú persónulegasta sem til er.“

### Djörfung og gleði

Um vinnuferlið segir Dagur að hann sé rómantískur þegar kemur að ljóðlist. „Ég yrki mjög sjaldan án þess að fá innblástur. Ég sest miklu frekar niður og píni mig til þess að skrifa tvö þúsund orð í skáldsagnahandriti því það finnst mér alveg ganga upp. En ef ég ætla mér að klára ljóðahandrit þá veit ég að ég get ekki bara sest niður á morgun heldur þarf einhvern veginn að vökva mig, hita upp og gefa því mjög langa atrennu.“

Með vökvun á Dagur við ljóð annarra skálda sem hann sækir mikið í að lesa og sem áhrifavalda nefnir hann fyrstan Sigurð Pálsson. „Hann kenndi mér og mörgum öðrum skáldum sem eru að stíga fram í ritlistinni í Háskólanum. Sigurður hafði svo mikil áhrif en það var ekki endilega í stíl eða formi heldur í djörfung, áræðni og gleði við ljóðformið. Þetta er það sem Sigurður stóð fyrir og þetta er besta tegundin af innblæstri. Svo má nefna Kristínu Ómarsdóttur, Steinunni Sigurðardóttir og erlend skáld, maður reynir einfaldlega að leita fanga eins víða og maður getur.“



**ÁSTARLJÓÐ**

**ást mín til þín**
**er djúp**
**eins og stígvél**

**þau standa tóm**
**í forstofunni**
**gljáandi af öllu myrkrinu**
**sem við höfum yfirstigið**

Dagur Hjartarson,
Heilaskurðaðgerðin

**Dagur Hjartarson skáld segist sækja yrkisefni Heilaskurðaðgerðarinnar í persónulega reynslu en það geri hann reyndar í öllum sínum ljóðum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Mótvægi við Netflix

Aðspurður um glímuna við tungumálið og ljóðformið segir Dagur að ljóðið sé einfaldlega drottning tungumálsins. „Það er það sem heillar mig mest og ég kemst ekkert undan því þó svo ég skrifi líka smásögur og skáldsögur en það er einhver önnur úrvinnsla. Ljóðið er kjarninn sem nær að tjá það sem að vanabundin notkun tungumáls nær ekki utan um. Ef við lítum til að mynda til listgreina á borð við dans, tónlist og myndlist þá eru það fullkomin listform. En við sem fáumst við orð erum föst í einhverju konkret sem þarf alltaf að skilja og vera röklegt fremur en að njóta. En ljóðið er nær þessum fullkomnu listformum.“

Nú kemur talsvert meira út af ljóðabókum en fyrir örfáum árum og Dagur segist finna vel fyrir þessum vaxandi vinsældum ljóðsins á meðal þjóðarinnar. „Ég gaf út mína fyrstu bók árið 2012 þegar ég var 25 ára en þá var ég eina skáldið svo ég muni að gefa út ljóð en núna eru mjög mörg skáld í yngri kantinum. Það eru mjög áhugaverð skáld að koma fram og mér finnst eins og það sem hefur verið að gerast síðustu fimm árin sé alveg ótrúlegt og það er spurning hvort við séum að ná einhverjum öldutoppi. Auk þess eru eldri höfundar að snúa aftur í ljóðið, Hallgrímur Helgason að gera mjög áhugaverða hluti og svo skáld eins og Kristín Ómarsdóttir á toppi ferilsins og Steinunn Sigurðardóttir með frábæra bók á síðasta ári.“

Dagur segir að þetta sé ekki síst merkilegt í ljósi alls þess sem er haldið að okkur í nútímasamfélagi. „Auðvitað vonar maður að það verði eitthvað viðbragð við þessum hraða og klikkun í samfélaginu. Að fólk sæki í eitthvað sem krefst jafnmikillar einbeitingar og sköpunar og ljóðalesturinn. Ég vona að fólk sæki í það sem mótvægi við hið passíva neysluform Netflixins sem er ýmist annað hvort hvíld eða dauði.“



Sýning/Smámyndir 18. nóv. - 13. des. 2017
Listhús Ófeigs - Skólavörðustíg 5

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**




# Tímaskekkja eða ekki

**TÓNLIST**

**Sinfóníutónleikar**

★★★★☆

Verk eftir Rakhmanínoff, Gliere og Þórð Magnússon. Sinfóníuhljómsveit Íslands lék, Yan Pascal Tortelier stjórnaði. Einleikari: Radek Baborák.
**Eldborg í Hörpu**
fimmtudaginn 9. nóvember

Einn var drykkjusvín, annar letingi og fitubolla, sá þriðji tímaskekkja. Þetta ruddalega orðbragð hefur verið viðhaft um þrjú tónskáld sem áttu það sameiginlegt að hafa hætt að semja á besta aldri.

Sá fyrsti hvarf ofan í viskíflösku. Annar nennti ekki lengur að semja því hann var orðinn svo ríkur, auk þess sem hann hafði meiri áhuga á mat en tónlist. Sá þriðji vildi bara skapa í gamaldags stíl sem þótti ekki spennandi. Hann var eins og „draugur sem ráfar um í framandi heimi“.

Þetta voru Sibelius, Rossini og Rakhmanínoff. Sinfónískir dansar op. 45 eftir þann síðastnefnda voru á dagskránni á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið.

Rakhmanínoff fæddist árið 1873 í Rússlandi. Hann var farinn að semja unaðsfagra, síðrómantíska tónlist strax á táningsaldri. Í byltingunni 1917 neyddist hann til að flýja land og flutti til Bandaríkjanna. Þar hafði hann í sig og á með tónleikahaldi, hann var jú einn besti píanóleikari sögunnar. Fyrir bragðið hafði hann ekki mikinn tíma til að semja og fann sig auk þess ekki í þeim straumum og stefnum sem þá voru í tísku í fagurtónlist. Hann lagði því tónsmíðar að mestu leyti á hilluna. Seint á ævinni samdi hann þó firnagott verk, téða Sinfóníska dansa. Þeir einkennast af dásamlegum laglínum, munúðarfullum hljómum og glæsilegri hljómsveitarraddsetningu.

Flutningurinn á tónleikunum var sérlega flottur. Raddir mismunandi hljóðfærahópa voru margbrotnar. Samspilið var nákvæmt, hraðar strófur nákvæmar og heildarhljómurinn breiður. Yan Pascal Tortelier stjórnaði og undir lokin líktust tilburðir hans helst því sem sjá má á hlaupabrettunum í World Class. Það héldu honum engin bönd! Hljómsveitin greinilega hreifst með, og endapunkturinn var svo spennuþrunginn að hann var nánast eins og í geimtrylli á hvíta tjaldinu.

Tvær aðrar tónsmíðar voru á dagskránni. Önnur var Námur eftir Þórð Magnússon, sem var frumflutt fyrir sjö árum síðan. Hún var heillandi, mestan partinn kyrrlát og innhverf, en þó komu fyrir fjörlegri kaflar, kannski aðallega til að brjóta upp hugleiðslukennda stemninguna.

Kaflarnir voru reyndar ekki sérlega vel spilaðir af strengjaleikurum hljómsveitarinnar. Þeir voru fullir af hnökrum. Það kom þó ekki svo mikið að sök, því seinni hluti verksins heppnaðist ágætlega. Langir og myrkir hljómar voru einkar seiðandi, ýmiss konar útflúr var afar fallegt og framvindan innblásin og full af andakt. Þetta er músík sem mann langar til að heyra aftur (og þá betur spilaða).

Hin tónsmíðin var konsert fyrir horn eftir Reinhold Gliere, sem var samlandi Rakhmanínoffs. Konsertinn er í rómantískum anda með þykkum hljómsveitarhljómi í hvívetna, sem vegur upp á móti einföldum, tærum hornleiknum. Einleikari var Radek Baborák, einn fremsti hornleikari heims. Segjast verður eins og er að sjaldan hefur heyrst eins fagur hornleikur hér á landi. Svo til hver einasti tónn var fullkomlega mótaður, hreinn og bjartur. Túlkunin var lifandi og einbeitt, rann áfram án nokkurrar mótstöðu. Endirinn var kröftug tilfinningasprengja, ánægjuleg og grípandi. Þetta var snilld. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Hljómsveitin lék ekki alltaf nægilega vel, en tónlistin var mögnuð og einleikarinn frábær.

BIEBER OG BOTNRASSA EFTIR HARALD F. GÍSLASON

# STÓRSKEMMTILEG OG HÖRKUSPENNANDI!






HLUSTAÐU Á LAGIÐ MEÐ BOTNRÖSSU Á YouTube

Tónlistarmaðurinn Haraldur F. Gíslason stekkur hér fram sem frábær barna- og unglingabókahöfundur. *Bieber og Botnrassa* er algjör smellur!

Krakkarnir í hljómsveitinni Botnrössu taka þátt í keppni um að komast á alheimstúr með sjálfum Justin Bieber. Vandamálið er að þau eru bara 12 og 13 ára, þurfa að semja algjöran hittara – og svo er ein mamman í hrikalegu veseni.

BJARTUR

**Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur**

Umsóknir fyrir jólaaðstoð verða dagana **13. 20. og 27. nóvember** á milli kl 12 og 14 í Hátúni 12b.

**Sýna þarf skattframtal 2017.**

MÆÐRASTYRKSNEFND REYKJAVÍKUR




Landssamtökin
**Þroskahjálp**
*Mannréttindi fyrir alla!*

Velferðarráðuneytið hefur samið við Landssamtökin Þroskahjálp um að hafa umsjón með því að fyrrverandi vistmönnum á Kópavogshæli og aðstandendum þeirra verði boðin sálfræðiþjónusta. Aðstoðin er veitt þeim að kostnaðarlausu og getur numið allt að 8 samtölum við sálfræðing.

Samið hefur verið við Andrés Ragnarsson og Jóhann Thoroddsen hjá Sálfræðingum Höfðabakka um að annast þjónustuna en óski fólk eftir því að nota aðra sálfræðinga er það einnig heimilt.

Landssamtökin Þroskahjálp hvetja alla þá sem dvöldu á Kópavogshæli og aðstandendur þeirra að notfæra sér þá aðstoð sem þeim stendur til boða.

Viðkomandi geta haft samband við Sálfræðinga Höfðabakka með því að hringja í 527-7600 eða senda póst á

***ritarar@shb9.is*** og láta vita af því að beiðnin sé í gegnum Landssamtökin Þroskahjálp eða haft samband við Landssamtökin Þroskahjálp í síma 588-9390, tölvupóstur ***fridrik@throskahjalp.is.***

Vissir þú að...

**Barnaheill**
Save the Children á Íslandi

börn eiga rétt á aðstoð
og hjálp ef þau lenda í ofbeldi



Hér eru strákarnir í Bendu, Snorri Sigfús, Eggert, Pétur og Steef van Oosterhout á brunandi siglingu.

# Áminning um að viðhalda hversdagslegri leikgleði

**Basl í hnasli – Benda við stofuhita er frumleg yfirskrift tónleika slagverkshópsins Bendu í Norræna húsinu á morgun, 12. nóvember. Þeir falla undir 15:15 tónleikasyrpu hússins.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Þeir Eggert Pálsson, Pétur Grétarsson, Snorri Sigfús Birgisson og Steef van Oosterhout skipa slagverkshópinn Bendu sem ætlar að brillera í Norræna húsinu á morgun og hefja leik klukkan 15.15. „Við munum flytja verk eftir John Cage. Höfum gert það áður og fáum aldrei of mikið af því. Cage á líka marga fleiri aðdáendur,“ segir Snorri Sigfús. „Hann var svo langt á undan sínum samtíma að slagverksmúsíkinni hans frá því fyrir miðja 20. öldina hefur stundum verið lýst sem undanfara tónlistar hippatímans. Kannski var það frekar lífsstíll listafólksins sem átt er við. Hvernig svo sem það var er músíkin hans stöðug áminning um að viðhalda hversdagslegri leikgleði.“

Sjálfur á Snorri Sigfús líka verk á dagskrá hópsins á morgun. Það eru annars vegar tveir kaflar úr tónverkinu Caputkonsert nr. 2 sem hann samdi árið 2002 og tileinkaði félögum slagverkshópsins Bendu – sem þá voru hinir þrír í bandinu. Hins vegar Fimm kvæði. „Fimm kvæði eru þjóðlagaútsetningar,“ útskýrir Snorri. „Það verk er byggt á lögum sem sungin hafa verið við kvæðin fimm, Stúlkurnar ganga sunnan með sjá, Ása gekk um stræti, Katrínarkvæði, Státsmey sat í sorgum og Eg veit eina baugalínu.“ Hann kveðst hafa tileinkað Pétri Grétarssyni slagverksleikara þetta verk og þeir hafi frumflutt það saman í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar í ágúst 2009. „Sum lögin eru prentuð í Þjóðlagasafni Bjarna Þorsteinssonar en önnur eru varðveitt í hljóðritasafni Árnastofnunar og eru aðgengileg á netinu.“

Miðasala er við innganginn í Norræna húsið. Verðið er 2.000 krónur en 1.000 krónur fyrir eldri borgara, öryrkja og námsmenn.

# Ágætisarnaldur

**BÆKUR**

**Myrkrið veit**

★★★☆☆

**Arnaldur Indriðason**

Vaka Helgafell
283 bls
Kápa: Halla Sigga
Prentuð í Odda

Það er hreinn óþarfi að ræða Arnald Indriðason, velgengni hans sem rithöfundar bæði hérlendis og um allan heim, áhrif hans á bókmenntasögu Íslands þar sem bækur hans ruddu íslensku glæpasögunni leið til vegs og virðingar og öllum höfundum sem komu í kjölfarið og hafa síðan slegið í gegn um allan heim. Mýrin var sprengja inn í íslenskan bókmenntaveruleika og Grafarþögn tókst að vera ekki síður áhrifamikil og þannig tryggði endurtekningin að eitthvað var orðið til.

Núna er nóg að segja: Ertu búin að lesa Arnald? Og allir vita hvað við er átt.

Myrkrið veit er tuttugasta og fyrsta bók Arnaldar á um það bil jafnmörgum árum og hér er nýr lögreglumaður á ferð, Konráð, sem er kominn hátt á áttræðisaldur og hættur í löggunni. Þegar þrjátíu ára gamalt sakamál skýtur upp kollinum í formi líks sem finnst heillegt enda frosið í Langjökli er hann kallaður til starfa að nýju, reyndar ekki af lögreglunni heldur ættingja ungs manns sem lést í bílslysi. Konráð kannar málið, fylgir vísbendingum, leitar lausna og finnur að lokum eins og sannri glæpasagnahetju sæmir þó lausnin skilji kannski eftir sig óbragð í munni.

Arnaldur gerir aukapersónum sögunnar hátt undir höfði eins og endranær, allar fá þær nafn, starfsvettvang, bakgrunn og persónueinkenni, jafnvel kæki. Þrátt fyrir þetta er erfitt að henda reiður á þeim öllum og stundum er eins og lesandinn sé að horfa á þátt af Bílastæðavörðunum: vissu Linda og Eygló af samskiptum Friðgeirs og Helenar? Hver átti peningana sem Bárður og Gunni fundu í bílnum? (nöfn og persónur uppdiktaðar til að spilla ekki lestrargleði neins).

Löggan Konráð er kominn á eftirlaun og í sjálfu sér er skemmtilegast að lesa um hans lífshlaup sem er rakið meðfram sakamálunum tveimur. Það er þó ekkert sérstaklega rishátt eða fjölbreytilegt en lýsingarnar á því hvernig allar vörður í tímans nið hafa horfið og engu máli skiptir hvort er laugardagur þegar ekkert ytra áreiti rammar tímann inn eru vel skrifaðar af næmni.

Lýsingarnar á Reykjavík sem var, eru líka skemmtilegar eins og endranær hjá Arnaldi, hvort sem um ræðir Skuggahverfið á sjötta áratugnum eða Öskjuhlíðina í upphafi þess níunda. Glæpurinn sjálfur, fórnarlömb og fremjendur eru hinsvegar ekkert sérstaklega grípandi en það gerir ekkert til, því eins og títt er í bókum Arnaldar er persónuleiki rannsakandans í forgrunni frekar en þess sem er rannsakaður og í þessu tilfelli er hvorki samúð né beint áhugi á fórnarlömbunum eða örlögum þeirra fyrir hendi.

Í stuttu máli má segja að þetta sé frekar dæmigerður Arnaldur. Þeir sem lesa bækur hans af því sjálfsmynd þeirra byggir að einhverju leyti á því að þeir vita að þeim finnst þær skemmtilegar eiga eftir að njóta þessarar bókar. Við hin, sem fengum einhverskonar hugljómun yfir Dauðarósum, Mýrinni og Grafarþögn og langar í svoleiðis upplifun aftur, finnum hana ekki hér. Sem dregur ekkert úr því að hér er ágætisarnaldur á ferð.

**Brynhildur Björnsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Frekar hefðbundin en ágæt glæpasaga sem sver sig í höfundarverkið án þess að valda straumhvörfum.

# MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS




## Vilt þú að auglýsingar þínar skili árangri?

Stærstu og mikilvægustu mánuðir ársins í auglýsingum eru framundan og því skiptir máli að ná til sem flestra og ná hámarks árangri.

Hafðu samband í síma **512 5401** eða sendu tölvupóst á **auglysingar@frettabladid.is** og við aðstoðum þig við að finna lausn sem hentar þínum þörfum.




FRÉTTABLAÐIÐ

... allt sem þú þarft

Heimild: Blaðakönnun Gallup, júl-sep. 2017. Meðallestur á tölublað, 35-65 ára hbsv.

ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI
LAUGARÁS BÍÓ – bara lúxus –
AUKAKRÓNUR 5%
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

A BAD MOMS CHRISTMAS – SÝND KL. 5.50, 8, 10.15
Litla Vampíran – SÝND KL. 1.50, 3.50
MURDER ON THE ORIENT EXPRESS – SÝND KL. 5
THE FOREIGNER – SÝND KL. 8, 10.25
Hnetuánið 2 – SÝND KL. 2
HAPPY DEATH DAY – SÝND KL. 10
UNDIR TRÉNU – SÝND KL. 6, 8
MY LITTLE PONY – SÝND KL. 1.50
SONUR STÓRFÓTAR – SÝND KL. 4

SAMBÍÓIN SAMbio.is
THANK YOU FOR YOUR SERVICE – FROM THE WRITER OF AMERICAN SNIPER
MURDER ON THE ORIENT EXPRESS
THOR RAGNAROK
GEOSTORM
ONLY THE BRAVE

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA
MURDER ON THE ORIENT EXPRESS KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30
THOR:RAGNAROK 3D KL. 3:10 - 6 - 9
THOR:RAGNAROK 2D KL. 2 - 5 - 8 - 10:50
THOR:RAGNAROK 2D VIP KL. 2 - 5 - 8 - 10:50
ONLY THE BRAVE KL. 5 - 8 - 10:50
HOME AGAIN KL. 8
THE SNOWMAN KL. 10:10
LEGO NINJAGO ÍSL TAL KL. 1 - 3:20 - 5:40
SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL KL. 1 - 3
BÍLAR 3 ÍSL TAL KL. 1
SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU KR.950

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
THANK YOU FOR YOUR SERVICE KL. 5:40 - 8 - 10:20
THOR:RAGNAROK 2D KL. 3 - 5:15 - 8 - 9 - 10:40
ONLY THE BRAVE KL. 3 - 6 - 7:45
GEOSTORM KL. 5:30 - 10:30
LEGO NINJAGO ÍSL TAL KL. 3
SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL KL. 3

SAMBÍÓIN AKUREYRI
THANK YOU FOR YOUR SERVICE KL. 8
THOR:RAGNAROK 3D KL. 4:45 - 7:30 - 10:15
THOR:RAGNAROK 2D KL. 2
ONLY THE BRAVE KL. 10:20
SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL KL. 2
LEGO NINJAGO ÍSL TAL KL. 4:10

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI
THANK YOU FOR YOUR SERVICE KL. 5:40 - 8 - 10:20
THOR:RAGNAROK 3D KL. 2 - 5 - 7:45 - 10:30
ONLY THE BRAVE KL. 6 - 9
LEGO NINJAGO ÍSL TAL KL. 1:30 - 3:45
SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL KL. 1:30 - 3:40

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK
THANK YOU FOR YOUR SERVICE KL. 10:30
MURDER ON THE ORIENT EXPRESS KL. 8
THOR:RAGNAROK 3D KL. 4:45 - 7:30 - 10:15
THOR:RAGNAROK 2D KL. 2
A BAD MOMS CHRISTMAS KL. 5:40
MY LITTLE PONY ÍSL TAL KL. 1:20
LEGO NINJAGO ÍSL TAL KL. 3:30


# Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

## 11. NÓVEMBER 2017

### Tónlist

**Hvað?** Á móti sól á Spot
**Hvenær?** 23.00
**Hvar?** Spot, Kópavogi
Hljómsveitin Á móti sól spilar sitt eina ball á höfuðborgarsvæðinu þetta árið í kvöld. Sérfræðingar í bransanum eru sammála um að það séu yfirgnæfandi líkur á að þetta verði besta ball í heimi. SPOT mun nötra af gleði fram eftir öllu enda Magni og félagar í toppformi þessa dagana.

### Viðburðir

**Hvað?** Skissur, ljósrit og málverk á fjölskyldustund í Gerðarsafni
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Gerðarsafn, Kópavogi
Í dag verða tengslin á milli myndlistar og vísinda könnuð á fjölskyldustund í Gerðarsafni. Skissur, ljósrit, skrif og efni sem flæða um sýningarsali Gerðarsafns ásamt fullunnum málverkum þeirra Einars Garibalda og Kristjáns Steingríms verða skoðuð og þátttakendur útbúa skissubók. Þá tekur vísindamaður á móti hópnum á Náttúrufræðistofu en fjölskyldustundin er liður í dagskrá Menningarhúsanna í Kópavogi.

**Hvað?** Opnun – Color Me Happy
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Deiglan, Akureyri
Myndlistarsýningin Color Me Happy eftir Maureen Patricia Clark opnuð í Deiglunni í dag - stendur aðeins þessa einu helgi.

**Hvað?** Opnun – Tenging landa og lita
**Hvenær?** 14.50
**Hvar?** Norræna húsinu
Norræna vatnslitafélagið og konunglega vatnslitafélagið í Wales opna vatnslitasýningu í Norræna húsinu. Sýningin ber heitið Tenging landa og lita og samanstendur af 95 vatnslitaverkum eftir 72 listamenn. Eftir opnunina mun þekktur hörpuleikari frá Wales, Eira Lynn Jones flytja tónverk sem lýsir hughrifum hennar af sýningunni.


Á móti sól leika fyrir dansi á Spot.

**Hvað?** Opnun – Ég er hestur Málverkasýning Maggý Mýrdal
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Reiðhöllin Víðidal
Opnun málverkasýningarinnar Ég er hestur í reiðhöllinni Víðidal þar sem andi hestsins ræður ríkjum.

**Hvað?** Jólabasar kvennadeildar Rauða krossins
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Hús Rauða krossins, Efstaleiti
Á boðstólum er handgerð prjónavara, munir er tengjast jólum og gómsætar heimabakaðar tertur. Allir hjartanlega velkomnir og hvattir til að taka með sér gesti.


**Í dag mun Soffía Auður Birgisdóttir segja frá tilurð skáldsögunnar Orlandó eftir Virginiu Wolf sem hún gefur út í íslenskri þýðingu.**

**Hvað?** Bókakaffi – Orlando eftir Virginiu Woolf
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Hin skemmtilega og nútímalega skáldsaga Virginiu Woolf, Orlandó, er komin út í íslenskri þýðingu Soffíu Auðar Birgisdóttur bókmenntafræðings. Í bókakaffinu mun Soffía Auður segja frá tilurð verksins sem kom fyrst út árið 1928, og vakti gríðarlega athygli, enda segir það frá persónu sem lifir í meira en þrjár aldir og skiptir um kyn í miðri bók. Soffía Auður les valda kafla úr bókinni og svarar spurningum gesta.

# Sunnudagur

### Viðburðir

**Hvað?** Maístjarnan og fleiri ljóð
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Dúóið Anna Sigríður Helgadóttir og Gerrit Schuil halda tónleika í Hljóðbergi, tónleikasal Hannesarholts. Fluttur verður lagaflokkur Jóns Ásgeirssonar við ljóð Halldórs Laxness úr skáldsögunni Heimsljós ásamt fleiri íslenskum ljóðum og lögum eftir aðra höfunda.

**Hvað?** Leiðsögn – Anna Líndal í samtali við Bjarka Bragason
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Leiðsögn um sýninguna Leiðangur með Önnu Líndal og Bjarka Bragasyni lektor við myndlistadeild Listaháskóla Íslands. Í bók sem Listasafn Reykjavíkur gefur út samhliða sýningunni má einmitt finna viðtal Bjarka við Önnu.

**Hvað?** Erró – Leiðsögn og smiðja fyrir fjölskyldur
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Spennandi smiðja fyrir alla fjölskylduna og leiðsögn um sýninguna Því meira því fegurra. Sýningin er sett upp með tilliti til yngri kynslóðarinnar. Boðið er upp á skemmtilegar leiðir til að skoða listaverkin. Þátttakendur í smiðjunni fá tækifæri til þess að bæta við sýninguna þar sem unnin verður klippimynd með aðferðum sem Erró notar í sinni listsköpun. Afraksturinn verður látinn mynda bókstafinn R, sem límdur verður í næsta auða glugga Hafnarhússins. Á endanum mynda klippimyndirnar nafn listamannsins, ERRÓ.

**Hvað?** Kvikmyndasýning og síðasta sýningarhelgi á Tvöföldun
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Nú eru síðustu forvöð að sjá sýninguna Tvöföldun í Hafnarhúsi en síðasti sýningardagur er sunnudagur. Þá verður sérsýning á kvikmyndinni Doctor Fabre Will Cure You (2013/60 mín) eftir Coulibeuf í Hafnarhúsi kl. 15.00. Í myndinni, sem er nútíma ævintýri, er Jan Fabre varpað inn í eigin ímyndaða heim þar sem hann skapar karaktersem breytir sífellt um sjálfsmynd og leikur fjölda hlutverka í hinum ýmsu gervum. Kvenpersónan, líkt og illi andi manndómsvígslunnar, notar ýmis andlit til að ásækja karlpersónuna og hvetur til ummyndana, að eilífu.


SAMBÍÓIN SAMbio.is
LEGO NINJAGO MOVIE
SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN
Disney PIXAR Bílar 3
SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓANNA KR. 950

LAUGARÁS BÍÓ – bara lúxus –
Ódýrt í bíó
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
ÆVINTÝRI SEM BÍTUR Í – SÝND Í 2D – Litla Vampíran – SÝND KL. 1.50
SÝND Í 2D – SÝND KL. 2 – Hneturánið 2
ÍSLENSKT TAL – ALLT ÖNNUR TEGUND AF HETJUM – my LITTLE PONY BÍÓMYNDIN – SÝND KL. 1.50 – SÝND Í 2D
TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
Atvikið á Nile Hilton hótelinu ... 18:00
Rúmenskir dagar: Tuesday After Christmas ENG SUB ... 18:00
Sumarbörn ... 18:00
Back To The Future ... 20:00
Rúmenskir dagar: 4 Months, 3 Weeks and 2 Days ENG SUB ... 20:00
Blindrahundur ENG SUB ... 20:00
The Party ... 22:30
Circle ... 22:30
Island Songs ENG SUB ... 22:00
BÍÓ PARADÍS – ATVIKIÐ Á NILE HILTON HÓTELINU

bauhaus.is

# BAUHAUS®






# 20%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM AKRÝL JÓLALJÓSUM

**MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ**









Verð gildir helgina 10. og 12. nóvember 2017.
Afgreiðslutímar: mánudaga til föstudaga 8-19 * laugardaga og sunnudaga 10-18






# DAGSKRÁ

## Laugardagur

### STÖÐ 2

**07.00 Strumparnir**
**07.25 Waybuloo**
**07.45 Mæja býfluga**
**08.00 Með afa**
**08.10 Nilli Hólmgeirsson**
**08.25 Billi Blikk**
**08.40 Dagur Diðrik**
**09.05 Dóra og vinir**
**09.30 Gulla og grænjaxlarnir**
**09.40 K3**
**09.50 Beware the Batman**
**10.10 Ævintýri Tinna**
**10.35 Friends**
**11.00 Grey's Anatomy**
**12.20 Víglínan**
**13.05 Bold and the Beautiful**
**13.25 Bold and the Beautiful**
**13.45 Bold and the Beautiful**
**14.05 Bold and the Beautiful**
**14.25 Bold and the Beautiful**
**14.50 Friends**
**15.15 Um land allt**
**15.50 Leitin að upprunanum**
**16.35 Kórar Íslands**
**18.00 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Sportpakkinn**
**19.05 Lottó**
**19.10 Top 20 Funniest**
**19.55 Steinaldarmennirnir** Frábær gamanmynd fyrir alla fjölskylduna sem gerist árið 2.000 fyrir Krist þegar menn óku um á fótknúnum bílum og svínin sáu um sorpeyðinguna. Myndin er byggð á sívinsælum teiknimyndasögum eftir William Hanna og Joseph Barbera.
**21.25 Masterminds** Gamanmynd frá 2016 með Zach Galdifianakis og Kristen Wiig og fjallar um David Ghantt sem er næturvörður hjá fyrirtæki sem sérhæfir sig í flutningum í brynvörðum bílum. Honum finnst líf sitt frekar tilgangslaust en hann keyrir um göturnar dag eftir dag, með milljarða af peningum annarra og sér enga undankomuleið frá þessu leiðindalífi. Hann er hrifinn af samstarfsaðila sínum, Kelly Campbell, sem fær hann til að taka þátt í ótrúlegu ævintýri sem honum sjálfum hefði aldrei getað dottið í hug. Þau og hópur vitgranna glæpamanna skipuleggja eitt stærsta bankarán sögunnar.
**23.05 Elizabeth**
**02.55 When the Bough Breaks**
**04.40 99 Homes**

### STÖÐ 2 SPORT

**08.50 Domino's körfuboltakvöld**
**10.30 Króatía - Grikkland**
**12.15 1 á 1**
**12.55 Formúla 1 - Æfing**
**14.00 Keflavík - Tindastóll**
**15.50 Formúla 1 - Tímataka**
**17.30 Gary Neville's Soccerbox**
**17.55 Svíþjóð - Ítalía**
**19.35 Danmörk - Írland**
**21.45 Domino's körfuboltakvöld**
**03.00 Box: Jacobs vs Arias**

### STÖÐ 2 SPORT 2

**08.50 Svíþjóð - Ítalía**
**10.30 Grindavík - KR**
**12.10 Domino's körfuboltakvöld**
**13.50 Norður-Írland - Sviss**
**17.10 NFL Gameday**
**19.30 Formúla 1 - Æfing**
**20.30 Formúla 1 - Tímataka**
**21.50 UFC Fight Night: Cerrone vs Till**

### STÖÐ 3

**15.35 Friends**
**15.55 Friends**
**16.20 Friends**
**16.40 Friends**
**17.05 Friends**
**17.25 Gilmore Girls**
**18.10 The New Girl**
**18.35 Fresh Off the Boat**
**19.00 Modern Family**
**19.25 Brother vs. Brother**
**20.10 Restaurant Startup**
**20.55 Unreal**
**21.40 Smallville**
**22.25 NCIS Los Angeles**
**23.10 Mildred Pierce**
**01.00 The New Girl**
**01.25 Fresh Off the Boat**
**01.45 Modern Family**
**02.10 Tónlist**

### STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.25 Svampur Sveins**
**07.50 Lalli**
**07.56 Rasmus Klumpur og félagar**
**08.01 Strumparnir**
**08.26 Ævintýraferðin**
**08.38 Hvellur keppnisbíll**
**08.50 Gulla og grænjaxlarnir**
**09.01 K3**
**09.14 Víkingurinn Viggó**
**09.28 Tindur**
**09.39 Mæja býfluga**
**09.50 Elías**
**10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**11.00 Áfram Diego, áfram!**
**11.24 Svampur Sveins**
**11.49 Lalli**
**11.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**12.00 Strumparnir**
**12.25 Ævintýraferðin**
**12.37 Hvellur keppnisbíll**
**12.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**13.00 K3**
**13.11 Víkingurinn Viggó**
**13.25 Tindur**
**13.36 Mæja býfluga**
**13.48 Elías**
**14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**14.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**15.00 Áfram Diego, áfram!**
**15.24 Svampur Sveins**
**15.49 Lalli**
**15.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**16.00 Strumparnir**
**16.25 Ævintýraferðin**
**16.37 Hvellur keppnisbíll**
**16.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**17.00 K3**
**17.11 Víkingurinn Viggó**
**17.25 Tindur**
**17.36 Mæja býfluga**
**17.48 Elías**
**18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**18.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**19.00 Hrúturinn Hreinn**



Mörgæsirnar frá Madagaskar kl. 10.24, 14.24 og 18.24

### GOLFSTÖÐIN

**08.00 Nedbank Golf Challenge**
**14.00 Blue Bay LPGA**
**18.00 OHL Classic at Mayakoba**
**21.10 Nedbank Golf Challenge**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**08.30 Elsa & Fred**
**10.05 High Strung**
**11.45 Step Brothers**
**13.35 A Royal Night Out**
**15.10 Elsa & Fred** Rómantísk gamanmynd frá 2014 með Shirley MacLaine og Christopher Plummer. Þegar Fred flytur inn í nýja íbúð eftir að eiginkona hans deyr kynnist hann hinni lífsglöðu, uppátækjasömu og dreymnu Elsu sem er ákveðin í að njóta lífsins til fulls. Fred er í sárum eftir að eiginkona hans deyr og ákveður að fara að ráðum dóttur sinnar um að flytja í minni íbúð.
**16.50 High Strung**
**18.30 Step Brothers**
**20.20 A Royal Night Out**
**22.00 Turks & Caicos** Hörkuspennandi bresk mynd frá 2014 með Bill Nighy, Helenu Bonham Carter, Winonu Ryder og Christopher Walken. Myndin fjallar um fyrrverandi leyniþjónustumanninn Johnny Worricker sem hrökklaðist frá starfi eftir að hafa uppgötvað spillingu í bresku ríkisstjórninni. Nú fer hann huldu höfði og lifir áhyggjulausu lífi í skattaparadísinni Turks op Caicos þar til CIA-fulltrúinn Curtis Plissier ber kennsl á hann.
**23.40 Knock Knock**
**06.25 The Lady in the Van**

### RÚV

**07.00 KrakkaRÚV**
**10.20 Útsvar**
**11.30 Vikan með Gísla Marteini**
**12.10 Hæpið**
**12.40 Sagan bak við smellinn - The Time of My Life**
**13.10 Siðbótin**
**13.40 Venjulegt brjálæði**
**14.20 Morgan Freeman: Saga guðstrúar**
**15.10 Best í Brooklyn**
**15.40 Ísland - Svartfjallaland**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Kioka**
**18.07 Róbert bangsi**
**18.17 Alvin og íkornarnir**
**18.28 Letibjörn og læmingjarnir**
**18.35 Krakkafréttir vikunnar**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.45 Fjörskyldan**
**20.25 Bíóást - The Party**
**22.05 Atonement**
**00.05 Kill Me Three Times**
**01.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### SJÓNVARP SÍMANS

**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.20 King of Queens**
**08.45 King of Queens**
**09.05 How I Met Your Mother**
**09.30 How I Met Your Mother**
**09.50 American Housewife**
**10.15 Parks & Recreation**
**10.35 The Great Indoors**
**11.00 The Voice USA**
**12.30 The Bachelor**
**14.00 Top Gear**
**14.50 Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course**
**15.20 The Muppets**
**15.45 Rules of Engagement**
**16.10 The Grinder**
**16.35 Everybody Loves Raymond**
**17.00 King of Queens**
**17.25 How I Met Your Mother**
**17.50 Old House, New Home**
**18.45 Glee**
**19.30 The Voice USA**
**20.15 The Color of Money**
**22.15 Oz the Great and the Powerful**

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# FÁÐU MEIRA FYRIR MINNA

365

11GB + SMS

2.590 KR.

Á mánuði

Veldu GSM hjá 365 og fáðu **11 GB** af neti í símann ásamt **endalausum símtölum** og **sms** á **2.590 kr.**

365.is | 1817

365




**KÓRAR ÍSLANDS**
KL. 19:10
Það verður hörkuspennandi lokaþáttur þegar kórarnir sem hafa valist í úrslitaþáttinn á Stöð 2 berjast um titilinn Kór Íslands. Kórarnir sem keppa til sigurs í þessum úrslitaþætti eru Vox Felix, Karlakór Bólstaðarhlíðarhrepps, Gospelkór Jóns Vídalíns, Spectrum, Kór Lindakirkju og Karlakórinn Esja.

Spennandi
**Sunnudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**



**LEITIN AÐ UPPRUNANUM**
KL. 20:55
Frábær þáttaröð þar sem Sigrún Ósk Kristjánsdóttir aðstoðar fjóra viðmælendur sína við að leita uppruna síns víða um heim. Leitin er ekki einföld og berst meðal annars til sveita Rúmeníu, hafnarborgar í Bretlandi og strandbæja í Sri Lanka.

**SPRINGFLODEN**
KL. 21:40
Olivia Rönning fær til rannsóknar 25 ára gamalt óleyst sakamál sem faðir hennar rannsakaði á sínum tíma. Hún verður heltekin af málinu og einsetur sér að leysa það með öllum mögulegum ráðum.




**ABSENTIA**
KL. 22:25
Hörkuspennandi sakamálasería um FBI-konuna Emily Byrne sem snýr aftur eftir að hafa horfið sporlaust og verið talin af í leit sinni að raðmorðingja sex árum fyrr.






**SHAMELESS**
KL. 23:10
Ný sería af þessum bráðskemmtilegu þáttum um afar skrautlega fjölskyldu þar sem allt er á öðrum endanum á heimilinu.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum
á aðeins 333 kr. á dag.
365.is


# DAGSKRÁ

# Sunnudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Strumparnir
**07.25** Waybuloo
**07.45** Ævintýraferðin
**07.55** Kormákur
**08.05** Heiða
**08.30** Skógardýrið Húgó
**08.55** Ljóti andarunginn og ég
**09.20** Pingu
**09.25** Grettir
**09.40** Tommi og Jenni
**10.00** Lukku-Láki
**10.25** Ninja-skjaldbökurnar
**10.50** Friends
**12.00** Nágrannar
**12.20** Nágrannar
**12.40** Nágrannar
**13.00** Nágrannar
**13.20** Nágrannar
**13.45** Vinir
**14.10** The X Factor 2017
**15.20** Ísskápastríð
**16.00** Fósturbörn
**16.30** PJ Karsjó
**17.05** Gulli byggir
**17.40** 60 Minutes
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Sportpakkinn
**19.10** Kórar Íslands Skemmtilegur þáttur í beinni útsendingu þar sem kórar keppa um hylli dómara.
**20.55** Leitin að upprunanum Önnur þáttaröð af þessum geysivinsælu þáttum sem slógu í gegn á síðasta ári og fengu bæði Edduverðlaun og Blaðamannaverðlaun BÍ. Enn aðstoðar sjónvarpskonan Sigrún Ósk Kristjánsdóttir viðmælendur sína við að leita uppruna síns víða um heim. Þrír þeirra voru ættleiddir til Íslands barnungir en sá fjórði hefur í yfir áratug leitað að breskum föður sem hvarf sporlaust frá Íslandi fyrir tæpum þremur áratugum.
**21.30** Springfloden Sænskir spennuþættir af bestu gerð og fjalla um lögreglunemann Oliviu Rönning sem fær til rannsóknar 25 ára gamalt mál og kemst að því að faðir hennar heitinn var einn rannsakenda málsins. Hún verður heltekin af málinu og einsetur sér að leysa það með öllum mögulegum ráðum en fórnarlambið var ófrísk kona sem hlaut ömurlegan dauðdaga, Olivia telur að morðinginn sé enn þarna úti og muni láta til skarar skríða á ný.
**22.20** Absentia
**23.05** Shameless
**00.50** The Brave
**01.35** S.W.A.T.
**02.20** Bernard og Doris
**04.00** Loch Ness
**04.45** Loch Ness

## STÖÐ 2 SPORT

**07.10** Grótta - Selfoss
**08.40** Seinni bylgjan
**10.10** Ítalía - Svíþjóð
**11.50** Grindavík - KR
**13.30** Domino's körfuboltakvöld
**16.50** Katar - Ísland
**19.05** 1 á 1
**22.00** Atlanta Falcons - Dallas Cowboys

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.15** Danmörk - Írland
**08.55** Valur - Haukar
**10.20** Manchester City - Arsenal
**12.00** Premier League World
**12.30** 1 á 1
**13.05** Ísland - Tékkland
**14.45** Gary Neville's Soccerbox
**15.10** NBA - Charles Barkley
**15.55** Domino's körfuboltakvöld
**17.35** Svíþjóð - Ítalía
**19.15** Fjölnir - Afturelding
**21.00** Formúla 1 2017 - Keppni
**23.20** Grikkland - Króatía

## STÖÐ 3

**14.00** Mayday: Disasters
**14.45** Seinfeld
**15.05** Seinfeld
**15.30** Seinfeld
**15.50** Seinfeld
**16.15** Seinfeld
**16.35** Gilmore Girls
**17.20** The New Girl
**17.45** The Last Man on Earth
**18.10** Fresh Off the Boat
**18.35** The Goldbergs
**19.00** Modern Family
**19.25** Olive Kitteridge
**20.30** Little Britain USA
**21.00** Rome
**21.55** Generation Kill
**23.05** Time After Time
**23.50** The Last Man on Earth
**00.35** The Goldbergs
**01.00** Modern Family
**01.20** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** K3
**07.13** Víkingurinn Viggó
**07.27** Tindur
**07.38** Mæja býfluga
**07.50** Elías
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveins
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur
**10.00** Strumparnir
**10.25** Ævintýraferðin
**10.37** Hvellur keppnisbíll
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** K3
**11.11** Víkingurinn Viggó
**11.25** Tindur
**11.36** Mæja býfluga
**11.48** Elías
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveins
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur
**14.00** Strumparnir
**14.25** Ævintýraferðin
**14.37** Hvellur keppnisbíll
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** K3
**15.11** Víkingurinn Viggó
**15.25** Tindur
**15.36** Mæja býfluga
**15.48** Elías
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveins
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur
**18.00** Strumparnir
**18.25** Ævintýraferðin
**18.37** Hvellur keppnisbíll
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Emil í Kattholti



**Doddi litli og Eyrnastór kl. 08.47, 12.47 og 16.47**

## GOLFSTÖÐIN

**07.35** Inside the PGA Tour
**08.00** Nedbank Golf Challenge
**14.00** Blue Bay LPGA
**18.00** OHL Classic at Mayakoba
**Bein útsending frá lokadegi OHL Classic at Mayakoba á PGA mótaröðinni.**
**21.00** Nedbank Golf Challenge

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.25** The Lady in the Van
**08.10** Warm Springs
**10.10** Notting Hill
**12.10** Hitch
**14.10** The Lady in the Van Gamanmynd frá 2015 með Maggie Smith í aðalhlutverki. Sönn saga um kynni Alans Bennet af hinni heimilislausu Mary Shepherd sem í fimmtán ár bjó í sendibíl í innkeyrslunni við hús hans og átti sér merka sögu. Shepherd, sem var fyrrverandi píanósnillingur, strauk af geðveikrahæli, lenti í umferðarslysi sem hún kenndi sjálfri sér um að hafa valdið og lifði síðan í stöðugum ótta við að verða handtekin fyrir þá sök.
**15.55** Warm Springs
**17.55** Notting Hill
**20.00** Hitch Vinsæl gamanmynd með Will Smith. Í myndinni leikur hann kvennabósann og stefnumótasérfræðinginn Hitch sem tekur að sér að ráðleggja kynbræðrum sínum hvernig eigi að bera sig að á stefnumótum. En svo kemur að því að hann hittir stelpuna sem engin af hans skotheldu brögðum virka á.
**22.00** Palo Alto
**23.40** Taken 3

## RÚV

**16.05** Silfrið
**17.05** Séra Brown
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Háværa ljónið Urri
**18.11** Elías
**18.24** Skógargengið
**18.35** Letibjörn og læmingjarnir
**18.40** Millý spyr
**18.46** Gula treyjan
**18.48** Kóðinn - Saga tölvunnar
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Kastljós og Menningin
**20.10** Skrekkur 2017
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Vegir Drottins
**23.20** Bonnie með þúsund mönnum
**00.20** Kastljós og Menningin
**00.45** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** The Tonight Show
**09.45** The Late Late Show
**10.25** Royal Pains
**11.10** Síminn + Spotify
**13.10** Dr. Phil
**13.50** Top Gear
**14.40** Scorpion
**15.25** Will & Grace
**15.55** Ný sýn - Tómas A. Tómasson
**16.35** Everybody Loves Raymond
**17.00** King of Queens
**17.25** How I Met Your Mother
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Late Late Show
**19.50** Extra Gear
**20.15** Top Chef
**21.00** Hawaii Five-0
**21.45** Blue Bloods
**22.30** Dice
**23.00** The Tonight Show
**23.40** The Late Late Show
**01.05** Hawaii Five-0
**01.50** This is Us
**02.35** Salvation
**03.20** Difficult People
**03.50** Hawaii Five-0
**04.35** Blue Bloods
**05.20** Dice
**05.50** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# ÚLPUDAGAR ELLINGSEN

1–12 NÓVEMBER

# 20%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚLPUM

ÓTRÚLEGT ÚRVAL Á DÖMUR, HERRA OG BÖRN

**COLUMBIA SYLVAN LAKE 630**
DÖMU / STÆRÐIR XS–L
VERÐ NÚNA 23.996.–
ÁÐUR 29.995.–

**COLUMBIA LAKE LONG HOODED**
DÖMU / STÆRÐIR XS–XL
VERÐ NÚNA 18.396.–
ÁÐUR 22.995.–

**COLUMBIA POWDER LITE HOODED**
DÖMU / STÆRÐIR S–XL
VERÐ NÚNA 15.996.–
ÁÐUR 19.995.–

**DIDRIKSONS TANJA PARKA**
DÖMU / STÆRÐIR 34–46
VERÐ NÚNA 15.996.–
ÁÐUR 19.995.–

**COLUMBIA GRANDEUR PEAK**
DÖMU / STÆRÐIR XS–XL
VERÐ NÚNA 21.596.–
ÁÐUR 26.995.–

**MILLET TRILOGY SYNTH**
DÖMU/HERRA / STÆRÐIR S–XL
VERÐ NÚNA 35.996.–
ÁÐUR 44.995.–

**COLUMBIA SUNDIAL PEAK**
HERRA / STÆRÐIR S–XXL
VERÐ NÚNA 47.996.–
ÁÐUR 59.995.–

**MILLET TRILOGY SYNTH X DOWN HOODIE**
DÖMU/HERRA / STÆRÐIR S–XL
VERÐ NÚNA 35.996.–
ÁÐUR 44.995.–

**WHSITLER PARKA**
STÆRÐIR S–XXL
VERÐ NÚNA 10.396.–
ÁÐUR 12.995.–

**COLUMBIA ANORAKKUR**
HERRA / STÆRÐIR XS–L
VERÐ NÚNA 15.996.–
ÁÐUR 19.995.–

**DIDRIKSONS DREW PARKA**
HERRAÚLPA
VERÐ NÚNA 19.996.–
ÁÐUR 24.995.–

**DIDRIKSONS MATT PARKA**
STRÁKA / STÆRÐIR 130–170
VERÐ NÚNA 13.596.–
ÁÐUR 16.995.–

**COLUMBIA GYROSLOBE**
BARNA / STÆRÐIR 104–164
VERÐ NÚNA 12.995.–
ÁÐUR 10.396.–

**WHSITLER PARKA**
BARNA / STÆRÐIR 8–16
VERÐ NÚNA 7.996.–
ÁÐUR 9.995.–

**DIDRIKSONS ZOE PARKA**
STELPU / STÆRÐIR 130–170
VERÐ NÚNA 13.596.–
ÁÐUR 16.995.–

**COLUMBIA NORDIC STRIDER**
BARNA / STÆRÐIR 104–164
VERÐ NÚNA 11.996.–
ÁÐUR 13.995.–

**ZIGZAG AUGUSTUS**
SNJÓGALLI / STÆRÐIR 98–146
VERÐ NÚNA 7.996.–
ÁÐUR 9.995.–

**DIDRIKSONS BJÖRNEN**
SNJÓGALLI / STÆRÐIR 80–140
VERÐ NÚNA 13.596.–
ÁÐUR 16.995.–

# ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVAGÖTU 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916

Columbia · NIKE · SKECHERS · TRESPASS · DIDRIKSONS 1913 · Millet · Champion · CAMPINGAZ · MERIDA · adidas · Coleman · DEVOLD · ecco · SOREL · TATONKA


Saga og Nína kynntu sér úrvalið í kvenfataversluninni.


Melkorka Kormáksdóttir, Kormákur, Brynja Skjaldardóttir og Skjöldur eru ánægð með nýju búðina sína á Skólavörðustíg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


Kristín Linda og Nótt Aradóttir.


Ingunn, Unnsteinn Kári og Elín Edda létu sig ekki vanta.


Una og Sandra settu upp sparibrosið.


Linda, Vigdís og Lilja voru hressar.


Ingibjörg og Sibba skoðuðu sig um.

# Hafa opnað kvenfataverslun

Herrafataverzlun Kormáks & Skjaldar hefur notið mikilla vinsælda í gegnum tíðina og nú er loks komið að konunum. Í tilefni þess að Kvenfataverzlun Kormáks & Skjaldar er nýopnuð var haldinn gleðskapur í versluninni á fimmtudaginn. Margir lögðu leið sína í verslunina, skoðuðu úrvalið og skáluðu í freyðivíni.



# DORMA

Láttu drauminn rætast

# TILBOÐSDAGAR 9.–15. NÓVEMBER







## SAGA

tungusófi

Ljós- og dökkgrátt slitsterkt áklæði.

**Fullt verð: 119.900 kr.**




Aðeins **83.930 kr.**




## DAGMAR

2,5 og 3ja sæta

Ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði.

2,5 sæta: 169 x 89 x 87 cm — **Fullt verð: 69.900 kr.**

3ja sæta: 200 x 89 x 87 cm — **Fullt verð: 79.900 kr.**

Aðeins **45.435 kr.** **51.935 kr.**




## BRANFORD

hægindastóll með skemli

Stillanlegur hægindastóll með skemli. Svart PU leður.

**Fullt verð: 39.900 kr.**

Aðeins **27.930 kr.**

## SILKEBORG

hægindastóll með skemli




Stillanlegur hægindastóll. með skemli. Svart PVC leður.

**Fullt verð: 99.900 kr.**

Aðeins **59.940 kr.**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

# DORMA

Láttu drauminn rætast

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

# Skotheld kaffihúsaráð fyrir hundaeigendur



Heiðrún gefur þeim sem vilja fara á kaffihús með hundinn sinn góð ráð.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Í tilefni þess að veitinga- og kaffihúsum á Íslandi, sem uppfylla ákveðin skilyrði, er nú heimilt að bjóða hunda og ketti velkomna í heimsókn setti Heiðrún Klara Johansen, hundaþjálfari og hundaatferlisfræðingur hjá HundaAkademíunni nokkur góð ráð saman fyrir lesendur. Hún segir mikilvægt að fólk undirbúi hundana sína vel áður en það fer með þá af stað í kaffihúsaferð.

**1. MIKILVÆGI UMHVERFISÞJÁLFUNAR**
Hundurinn þarf að vera vel umhverfisþjálfaður. Það þýðir að hann þarf að vera vanur að fara á nýja staði og hann þarf að geta verið rólegur í þeim aðstæðum. Ef hann er ekki vanur er gott að venja hann við með því að fara í heimsóknir til vina og ættingja.

**2. SLÖKUN**
Hundurinn á að vera í slökun á kaffihúsi. Kaffihús er ekki leiksvæði fyrir hundinn og á hann því að vera rólegur og slappa af. Fín leið til þess að ná slökun er að halda um axlir og tala rólega til hans. Hægt er að strjúka eða nudda axlir til að losa um spennu. Mikilvægt er að vera róleg/ur sjálf/ur til þess að smita frá sér ró í hundinn. (sjá slökunaræfingu til hliðar)

**3. VÆNTINGASTJÓRNUN**
Þeir sem hafa séð hunda í útlöndum, á kaffihúsum, í verslunarmiðstöðvum og í strætó/lest sjá að þar eru hundarnir rólegir og allir láta þá vera. Þetta er ákveðin væntingastjórnun, hundarnir læra að í þessum aðstæðum fái þeir enga athygli og þá fara þeir að slappa af. Venjum því hundinn á að hann fái litla sem enga athygli á kaffihúsum. Hann fái ekki að heilsa öllum og ekki leyfa öllum að klappa hundinum, því það gæti mögulega verið erfiðara fyrir hann. Þá getur verið sniðugt að staðsetja hundinn undir eða á bak við stólinn þinn þannig að fólk komist ekki eins auðveldlega að honum. Athugið að ekki vilja allir hundar fá klapp frá ókunnugum.

**4. TAKTU ÁBYRGÐ Á HUNDINUM**
Hundurinn má ekki merkja (pissa). Þeir hundar sem eru líklegir til þess þurfa að vera með svokallað rakkabindi um mittið (ef slys verður þarft þú strax þrífa upp, ekki ætlast til þess að starfsfólk þrífi eftir þig). Athugið að algengt stress-merki er að hundar pissi/kúki. Ef hundurinn er að væla mikið, gelta eða er órólegur, þá er best að fara með hann burt af staðnum og æfa hann svo betur í umhverfisþjálfun, kenna honum að vera rólegur í svona aðstæðum áður en þið reynið aftur.

**5. MERKJAMÁL HUNDA**
Kynntu þér merkjamál hunda til að geta lesið hundinn og vitað hvort honum líður vel í þessum aðstæðum. Virtu persónulegt rými hundsins og ef honum virðist ekki líka að vera nálægt ókunnugu fólki þá skaltu staðsetja hann þannig að þú sért á milli.

## Algeng merki sem gefa til kynna að hundinum líði ekki vel

**Hundurinn er órólegur, hlustar ekki á þig, másandi út að eyrum, vælinn, stífur í líkamanum, geispar mikið, augun stærri en venjulega, hrukkur í andlitinu, virðist „þreytulegur í andlitinu“.**
**Sumir hundar geta virkað mjög rólegir þegar þeim líður ekki vel, þeir geta reynt að fela sig undir stól eða bak við þig, vera stirðir, titra, líta undan, snúa höfðinu eða sleikja mikið út um ef reynt er að tala við þá eða klappa. Aðrir hundar gelta meira þegar þeir eru hræddir eða stressaðir.**
**Það er mikilvægt að hundaeigandi viti hvað þeirra hundur getur og það eru því miður ekki allir hundar tilbúnir að fara á kaffihús. Ef þig grunar að honum líði ekki vel þarftu að fara með hann heim. Hægt er að koma á Merkjamál og stress fyrirlestur hjá okkur í HundaAkademíunni.**

**» KAFFIHÚS ER EKKI LEIKSVÆÐI FYRIR HUNDINN OG Á HANN ÞVÍ AÐ VERA RÓLEGUR OG SLAPPA AF.**

## SLÖKUNARÆFING MEÐ NAMMI

Það er hægt að móta hundinn til að slaka á með því að nota nammi. En þá skiptir það miklu máli hvernig þú notar nammið svo hann sé ekki bara að stara á þig og bíða eftir næsta nammibita. Hér er dæmi um slökunaræfingu. Athugið að þessi æfing er hljóðlaus, fyrir utan rólegt hrósorð þegar þú gefur nammið. Ekki ná augnsambandi við hundinn, heldur horfðu aðeins til hliðar við hundinn.

- Sittu á stól. Hafðu hundinn í taumi. Vertu með nammi í hendi. Nú er hundurinn alveg örugglega kominn til þín og er að bíða eftir að fá nammið.
- Ef hann sýnir óæskilega hegðun, sem við oft köllum „frekjuhegðun“, vælir, krafsar eða heimtar nammið þarftu að bíða þangað til hann hættir því. Um leið og hann þegir gefur þú honum nammi. Þannig kennir þú honum að bíða þolinmóður áður en æfingin byrjar.
- Þegar hann situr fyrir framan þig og bíður eftir nammi, bíður þú eftir því að hann horfi ekki á þig. Þegar hann lítur til hliðar eða niður setur þú nammi á gólfið milli framfóta hans. Það er fínt að hrósa mjög rólega í þessari æfingu og gefa nammi með rólegri hreyfingu. Ástæðan fyrir því að við setjum nammið á milli framfóta hans er að við erum að móta hann í að liggja og þá er sniðugt að gefa nammið þar sem við viljum hafa hundinn. Hundar átta sig á þessu og vilja þá vera þar sem nammið birtist. Þetta er endurtekið oft.
- Vonin er sú að fljótlega fari hann að liggja og bíða eftir namminu á gólfinu þar sem það birtist alltaf. Við erum að leyfa honum að uppgötva sjálfur að það borgi sig að leggjast og slappa af þegar ekkert er að gerast.
- Þegar hann er farinn að skilja að það borgar sig að vera rólegur máttu byrja að lengja á milli þess sem hann fær nammið.
- Þessa slökunaræfingu er gott að æfa á stól við borð svo það líkist kaffihúsi.
- Ég mæli með að æfa í 10 mínútur í senn, einu sinni, tvisvar eða þrisvar á dag þar til hann skilur æfinguna.
- Það getur verið að hundurinn þurfi marga nammibita á stuttum tíma til að byrja með, þess vegna þurfa bitarnir að vera mjög litlir og auðveldir að tyggja eða helst gleypa.
- Síðan má minnka nammið þegar hundurinn er orðinn vanur því að liggja slakur. Þá er best að gefa nammi stundum og stundum ekki.

HOLLVINIR GRENSÁSS

Í dag
kl 13:00 - 17:00
Jóla- og kökubasar Hollvina Grensáss
Safnaðarheimili Neskirkju við Hagatorg
Heitt kakó - vöfflur m/rjóma
(frítt fyrir börnin)
Tertur - Jólaskraut - prjónavörur
Happdrætti - Stórkostlegir vinningar -
Söngur á sviði

# SPORTS DIRECT

**NÝ SENDING Í HVERRI VIKU**

NIKE BARNASKÓR



MEGA VALUE
TIL Í STÆRÐUM 35,5-38,5
9.590 KR.

SOUL CAL BARNAÚLPUR



MEGA VALUE
EINNIG TIL FYRIR 1-5 ÁRA
6.390 KR.

KARRIMOR BARNA REGNJAKKI



MEGA VALUE
6.790 KR.

LONSDALE BARNASKÓR



MEGA VALUE
TIL Í STÆRÐUM 28-34
4.390 KR.

KARRIMOR BARNA FLÍSPEYSA



MEGA VALUE
3.990 KR.

EVERLAST HERRAÚLPA



MEGA VALUE
8.390 KR.

KARRIMOR HOT ROCK GÖNGUSKÓR



MEGA VALUE
TIL Í STÆRÐUM 41-47
11.490KR.

SOUL CAL HERRAÚLPA



MEGA VALUE
EINNIG TIL Í KVENNASTÆRÐUM
7.790 KR.

LA GEAR KVENNA HETTUPEYSA



2 FYRIR 5.190 KR.
3.590 KR.

SKECHERS KVENNASKÓR



MEGA VALUE
TIL Í STÆRÐUM 37-40
11.290 KR.

PIERRE CARDIN HETTUPEYSA



MEGA VALUE
3.590 KR.

PIERRE CARDIN PEYSA



MEGA VALUE
2.590 KR.

GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST. BIRT MEÐ FYRIRVARA UM INNSLÁTTAR- OG PRENTVILLUR.

**SPORTS DIRECT**
Skógarlind 2

***Opnunartími***
*Mán-mið: 10-19*
*Fim: 10-21*
*Fös: 10-20*
*Lau-Sun: 10-18*

LONSDALE LONDON · karrimor · PUMA · Slazenger · adidas




Hin
**Fullkomna**
Gjöf

*Gildir í verslunum Sportsdirect á íslandi!*



## Lífið í vikunni

05.11.17 - 11.11.17



### ÚR RÁÐHERRASTÓL Í UPPISTAND

Guðni Ágústsson er einn vinsælasti stjórnmálamaður sem þjóðin hefur átt og það að öðrum ólöstuðum. Hann var einkum vinsæll vegna orðheppni sinnar og skemmtilegar tilvitnanir hans um menn og málefni hafa fyrir löngu öðlast sjálfstæða tilveru.



### STRESSANDI EINS OG AÐ FRUMSÝNA LEIKRIT

Laddi, opnaði sína fyrstu einkasýningu á dögunum. Hann líkir því að setja saman sýningu á listaverkum við að frumsýna leikrit.

### SMITANDI KATTAFÁR Á FACEBOOK



Einn skemmtilegasti Facebook-hópur á Íslandi er án efa hópurinn Spottaði kött. Markmið hópsins er að kattavinir setji inn myndir af köttum sem þeir hitta á förnum vegi. Kötturinn Púki hefur slegið í gegn á síðunni og fjölmargir meðlimir hópsins hafa náð mynd af honum



### MINNAST DÍÖNU PRINSESSU MEÐ LISTASÝNINGU

Tólf listamenn opnuðu á föstudaginn sýninguna Díana, að eilífu, þar sem þess er minnst að 20 ár eru liðin frá því að Díana prinsessa lést. Þar er minnst goðsagnarinnar Díönu og horfinna tíma, en Díana var að vissu leyti táknmynd fyrir þá.





AÐ SOFA BETUR OG LÍÐA BETUR ER OKKUR ÖLLUM DÝRMÆTT

STILLANLEGIR DAGAR



STILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ C&J:

· Inndraganlegur botn
· Lyftigeta yfir 2 x 450 kg per botn
· Mótor þarfnast ekki viðhalds
· Tvíhert stálgrind undir botni
· Tveir nuddmótorar með tímarofa
· Þráðlaus fjarstýring með klukku, vekjara og vasaljósi
· LED lýsing undir rúmi
· Hliðar og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur

DÝPRI OG BETRI SVEFN

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er og með öðrum færð þú nudd. Saman hjálpa rúmið og dýnan þér að ná hámarksslökun og dýpri og betri svefni. Svo vaknar þú endurnærð/ur og tilbúin/n í átök dagsins.

STILLANLEG RÚM – VERÐDÆMI

Með tveimur Serta Therapist heilsudýnum, 2 x 90 x 200 cm. Fullt verð: 569.800

Tilboð 427.350 kr.

Með Tempur Micro Tech Hybrid heilsudýnum, 2 x 90 x 200 cm. Fullt verð: 629.800

Tilboð 472.350 kr.

ÞRÁÐLAUS FJARSTÝRING




FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
Betra BAK


# Hrós á ekki að vera neitt feimnismál

**Örn Árnason** fer í skammdeginu á milli fyrirtækja og vekur upp hrósdrauginn sem oft er við lýði innan veggja. Hann kallar þetta hugvekju og segir að Íslendingar séu of latir við að hrósa.



Örn segir að klúðra megi hrósi með glans með því að lauma inn gagnrýni í leiðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Það er þörf að hækka og auka þjónustustig víða. Einn af þessum þáttum er að vera ófeiminn við að hrósa því sem vel er gert. Það er allajafna gert of lítið af því. Hrós er nánast eins og feimnismál,“ segir Örn Árnason sem skundar nú á milli fyrirtækja og vekur fólk til umhugsunar um að hrós getur skipt máli.

Örn kallar þetta hugvekju en ekki námskeið og er hluti af gerumbetur.is. Hugvekjan kallast Hrós er sólskin í orðum. Hann segir að hrós og hvatning á vinnustöðum geti virkað eins og eldsneyti á starfsfólk.

„Það kunna allir að meta það að fá klapp á bakið. Fyrir marga er erfitt að byrja að hrósa. Klapp á bakið með góðu og fallegu hrósyrði er dýrmætt. Stundum lendir maður í því að hrósa og fólk tekur því þannig að það sé hálf dónalegt að taka allt í einu eftir vinnu þess. Það sé jú búið að vinna hana áður. Það er vandi að hrósa og enn meiri vandi að taka við því.“

Örn segir að það sé alveg til í dæminu að fólk ofhrósi og þá missi það marks. Það er sem sagt hægt að vera vondur hrósari. „Allt á sín takmörk, líka hrós.

Það hefur komið fram í starfsánægjukönnunum að fólki finnst almennt of lítið af hrósi frá yfirmönnum fyrir það sem vel er gert. Neikvæða hliðin heyrist oftar.

Við Íslendingar erum ekki mikið að dreifa hrósinu. Ameríkanar geta ofhrósað og fundist allt yndislegt. En það þarf að æfa sig í þessu.“

Hann hefur fengið góðar viðtökur frá fyrirtækjum og ætlar ekkert að slá af enda skammdegið að hellast yfir og þá geti verið gott að fá klapp á bakið. „Þetta ség er að gera er ekki innræting. Ég er að vekja starfsfólkið til umhugsunar og bið fólk að velta hrósinu fyrir sér.“

**Hrósið sem gleymist ekki.**

„Ég man eftir góðu hrósi sem ég fékk einu sinni inni í Básum í Þórsmörk. Hálfskammaðist mín fyrir að hafa ekki komið þangað áður. Sem ég er að vafra um svæðið þá spyr ég mann um salernið. Maðurinn sagði mér að klósettið væri þar sem það hefði alltaf verið. Ég sagði að þetta væri í fyrsta sinn sem ég væri staddur þarna og þá sagði hann mér að ég væri heppinn. Ég ætti svo mikið eftir að uppgötva.

Mér fannst þetta svo flott hvernig hann tók þann pólinn í staðinn fyrir að segja að ég væri ekki Íslendingur því ég hefði ekki komið í Bása. Hrósið er enn ljóslifandi í minningunni og ég held að þeir sem fá fallegt og gott hrós muni það ævilangt.“

**benediktboas@365.is**

> **ÞAÐ KUNNA ALLIR AÐ META ÞAÐ AÐ FÁ KLAPP Á BAKIÐ. FYRIR MARGA ER ERFITT AÐ BYRJA AÐ HRÓSA.**

### NOKKUR HRÓSRÁÐ

- Hrós er skilaboð um að viðkomandi hafi staðið sig vel og skapar öryggi og vellíðan
- Hrós gefur starfsfólki líka reglulega skýr skilaboð um að það sé á réttri leið og því er ekki ástæða til að geyma það
- Best er að hrósa um leið og góður árangur er í höfn
- Einlægt hrós frá hjartanu eykur sjálfstraust
- Það er ekki bara hlutverk yfirmanna að hrósa fyrir vel unnið verk
- Það þarf líka að vera innistæða fyrir hrósinu

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# 20%

**AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HÚS-GÖGNUM FRÁ ETHNICRAFT**



habitat

SÍÐAN 1964

TEKK COMPANY

TEKK COMPANY OG HABITAT
SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI
SÍMI 564 4400 | OPIÐ MÁN-FÖS 10-18
LAU 11-17 OG SUN 13-17
VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS

# VETURINN
## ER KOMINN!

Aðeins í **BYKO** BREIDD

# Tilboð!




**SAILUN**
- Grip og gæði með þér í hverri beygju!

**Kaupauki**
umfelgun fylgir hverjum seldum umgangi af fólksbíladekkjum
Dekkjahúsið
Dalbrekku 17, Kópavogi
Gildir aðeins um helgina

## Heilsársdekk
### Sailun Ice Blazer WST1
VNR. 49980487 - 195/60HR15

Verð frá: **9.495** kr./stk.

Almennt verð 13.995 kr./stk.

**37.980** kr./umgangur

Aðrar stærðir

| VNR. | STÆRÐ | VERÐ ÁÐUR | TILBOÐ/STK | UMGANGUR |
|---|---|---|---|---|
| 49980473 | 185/65TR15 | 13.995 | 11.995 | 47.980 |
| 49980487 | 195/60HR15 | 13.995 | 9.495 | 37.980 |
| 49980488 | 195/65TR15 | 13.995 | 9.695 | 38.780 |
| 49980491 | 205/55HR16 | 14.195 | 10.695 | 43.860 |
| 49980505 | 265/70TR17 | 27.695 | 19.595 | 78.380 |
| 49980508 | 215/50TR17 | 17.995 | 12.595 | 50.380 |
| 49980509 | 215/60TR17 | 19.595 | 13.795 | 55.180 |
| 49980512 | 235/60TR18 | 24.295 | 17.195 | 68.780 |

**Komdu og skoðaðu úrvalið hjá okkur í BYKO Breidd**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Öll tilboð gilda til 15.nóvember eða á meðan birgðir endast. Felgur fylgja ekki með dekkjum.




**25%** AFSLÁTTUR

**Af öllum bílstólum um helgina!**
Gildir til 15. nóvember.




# Sjáðu verðið!

**RÚÐUVÖKVI**
3L -21°
**595** kr.
42356587



Fram-lengjanlegt skaft

**RÚÐUSKAFA**
90 -112 cm með kústi
**2.695** kr.
84589046



Netgíró
Hátíð í bæ
Þú færð allt fyrir jólin hjá okkur.
BYKO
GILDIR TIL 15.NÓVEMBER
GEYMDU BLAÐIÐ
Jól í BYKO
NÝTT BLAÐ
Stútfullt af jóla- og gjafavöru
ásamt frábærum tilboðum
Skoðaðu tilboðin á byko.is
25% AFSLÁTTUR af glösum
LED BORÐI
1m, má vera úti IP65, hægt að stilla á tónlistar-stillingu, stýrt með fjarstýringu.
2.995 kr.
52269444
Almennt verð: 4.995 kr.
40% AFSLÁTTUR
1m
Tilboð!
RYKSUGU-VÉLMENNI
iRobot Roomba
64.995 kr.
65103465
Almennt verð 74.995 kr.
Sjáðu verðið!
Jólaljós í öllum stærðum og gerðum
KOMDU OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ
Tilboð!
BOSCH
RAFHLÖÐUBORVÉL
PSR 18 LI-2. Snúningshraði 0-400/1340 sn/mín, hersla 46 Nm, 10 herslustillingar, 10mm patróna, skrúfar allt að 10mm skrúfur, borar allt að 10mm í stál og 35mm í tré. Kemur með 2x2,5Ah rafhlöðum og hleðslutæki.
25.995 kr.
74864131
Almennt verð: 29.995 kr.
Tvær rafhlöður fylgja!
Tilboð!
HARÐPARKET
Nevada Eik, planka, 192x1285 mm, 8 mm.
1.695 kr/m²
0113475
Almennt verð: 2.695 kr./m²
Krono Original High Quality
Auðvelt að versla á byko.is
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is

**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Óttars Guðmundssonar




## Jákvæðni, já takk!

Með aukinni færni þjóðarinnar á samfélagsmiðlum hefur neikvæðni aukist til muna. Menn hafa allt á hornum sér í kommentakerfunum og reglulega „logar netið“ af sameiginlegri hneykslun og reiði. Margir hafa auglýst eftir aukinni jákvæðni og bjartsýni þjóðarinnar. Stöðugt er boðið upp á námskeið til að efla jákvæða hugsun og sjálfshjálparbækur fyrir fólk í hamingjuleit njóta vinsælda. Þetta virðist þó ekki skila neinum árangri.

Það var mér mikið gleðiefni hvernig flokkarnir tóku kosningaúrslitunum um nýliðna helgi. Viðbrögð þeirra allra einkenndust af bjartsýni og jákvæðni. Allir stóðu uppi sem sigurvegarar. Björt framtíð sem þurrkaðist út en vann stóran siðferðislegan sigur. Framsókn og Sjálfstæðis hlutu einhverjar verstu kosningar í sögu flokkana en unnu frækna varnarsigra. Samfylking fagnaði glæstum sigri þótt óralangt væri í gömul kosningaúrslit. VG missti niður forskot og fyrirheit um mikla fylgisaukningu en fagnaði samt sigri. Sigmundur D. og Flokkur fólksins töldu sig með réttu raunverulega sigurvegara. Enginn kenndi neinum um neitt enda unnu allir.

Þetta boðar gott fyrir framtíðina. Nú hætta menn öllu kvarti og kveini og snúa vörn í sókn. Enginn bíður lengur lægri hlut í neinum slag heldur stendur uppi sem sigurvegari sama hver útkoman í raun er. Nú hættir netið að fara hliðina yfir einhverjum klaufalegum ummælum heldur túlkar allt á besta veg af jákvæðni og mennsku. Menn hneykslast ekki lengur fyrir hönd sjálfra sín og annarra heldur láta sér fátt um finnast þótt einhver bulli eitthvað sem hægt er að misskilja. Bjartir tímar eru í vændum í boði okkar skynsömu pólitísku leiðtoga.


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAKKA, GLÆSIBÆ OG STAÐARBERGI

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

HUMAR

3.900 kr.kg

STÆRÐ 30/40

Fiskikóngurinn

Sogavegi 3

Höfðabakka 1


